# FRÉTTABLAÐIÐ

107. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 7. MAÍ 2016





# SVARTUR MARKAÐUR Á FACEBOOK

→24



Yrði aldrei forseti lengur en í 12 ár →34



Snjalltæknilaus ferðamennska →32



Leicester City

Ótrúleg sigurganga →36

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK ● FERÐIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Minnkandi norðanátt og léttir smám saman til í dag, en stöku skúrir eða él við norðausturströndina fram eftir degi. Einnig stöku skúrir sunnanlands síðdegis. Heldur hlýnandi veður.

SJÁ SÍÐU 50



Árni Páll Árnason er hættur við formannsframboð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Þingflokkur í myrkrinu um ákvörðun Árna

**STJÓRNMÁL** Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, greindi þingflokki sínum ekki frá þeirri ákvörðun sinni að hætta við að bjóða sig fram til formanns flokksins áður en hann sendi bréf þess efnis á flokksmenn í gær. Þetta staðfestir Oddný Harðardóttir, þingmaður og frambjóðandi til formanns, í samtali við Fréttablaðið.

Árni sendi bréf á flokksmenn í gær, föstudag, átta dögum eftir að hann tilkynnti um framboð, og dró framboðið til baka. Í yfirlýsingunni segir: „Staða flokksins er óásættanleg. Sem fyrr vara ég flokksfólk við að halda að á henni séu einfaldar lausnir.“

Þingmennirnir Helgi Hjörvar og Oddný Harðardóttir eru í framboði til formanns, þá er varaþingmaðurinn Magnús Orri Schram í framboði og Guðmundur Ari Sigurjónsson, bæjarfulltrúi flokksins á Seltjarnarnesi. – snæ

> Staða flokksins er óásættanleg. Sem fyrr vara ég flokksfólk við að halda að á henni séu einfaldar lausnir.
>
> Árni Páll Árnason

# Gjaldmælarnir í gang á Þingvöllum



Fyrirhugaðri gjaldtöku á bílastæðum í Þingvallaþjóðgarði sem hefjast átti 1. maí verður frestað til 16. maí. Fyrirtækið Bergrisi setti í gær upp fyrsta gjaldstaurinn af fimm á Hakinu við Þingvallaþjóðgarð. Staurar verða á fleiri stöðum í þjóðgarðinum.Samkvæmt gjaldskránni er gjald fyrir hvern einkabíl fimm hundruð krónur. Gert er ráð fyrir að heildartekjur þjóðgarðsins verði um 40 til 50 milljónir króna á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Lögreglumaður gafst upp eftir tvær skotárásir

**BANDARÍKIN** Lögreglumaður var handtekinn í gær í Marylandfylki í Bandaríkjunum grunaður um að hafa skotið fyrrverandi eiginkonu sína til bana á fimmtudaginn fyrir utan skóla barna þeirra þegar konan var að sækja börnin.

Lögreglumaðurinn lét aftur til skarar skríða í gær og skaut aðra manneskju til bana og særði þrjá í verslunarmiðstöð í Maryland. Skólum og spítölum var lokað tímabundið á meðan lögreglan leitaði árásarmannsins.

Lögreglumaðurinn, Eulalio Tordil, er 62 ára. Hann starfaði aðallega við að vakta opinberar byggingar í eigu ríkisins.

Tordil gafst upp á vettvangi, í verslunarmiðstöðinni, án þess að til átaka kæmi. – srs

# Kurr í Borgarholtsskóla

**Dregist hefur að ráða nýjan skólameistara. Umsóknarfrestur rann út fyrir þremur mánuðum. Kennurum skólans finnst þeir lítilsvirtir af stjórnvöldum.**

**STJÓRNSÝSLA** Dregist hefur að ráða í stöðu skólameistara Borgarholtsskóla, en fyrrverandi skólameistari lét af störfum fyrir rúmum mánuði. Einn kennara segir að kurr sé kominn í kennarahópinn, sem finnst þeir lítilsvirtir af stjórnvöldum.

„Umsóknarferlið er löngu búið og það er búið að liggja fyrir að fyrrverandi skólameistari yrði sjötugur í mars. Þannig að það er ekkert þarna sem kemur fólki á óvart. Og við kennarar erum að upplifa svolítið virðingarleysi af hálfu stjórnvalda og svona ákveðna hunsun. Skiptir starf skólameistara þá ekki meira máli en það að það sé hægt að draga það mánuð eftir mánuð að ráða?“ spyr Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, kennari við skólann.

„Þetta er lítilsvirðandi framkoma stjórnvalda við okkur. Það er það sem við upplifun. Og við erum eiginlega bara steinhissa og ég held að það séu allir steinhissa á þessu máli,“ bætir hún við.

Það sem flækir málið er að á meðal umsækjenda um starfið er starfsmaður mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Ársæll Guðmundsson. Af þeirri ástæðu var ákveðið að Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, myndi ekki ráða í starfið heldur yrði Ólöfu Nordal innanríkisráðherra falið það.

„Þetta er orðin eins og heit kartafla og komið í innanríkisráðuneytið þar sem við vitum að ráðherrann hefur verið í veikindaleyfi,“ segir Hanna Björg Vilhjálmsdóttir.

Ingi Bogi Bogason, aðstoðarskólameistari og einn umsækjenda um stafið, tekur þó ekki eins djúpt í árinni og Hanna Björg.

„Ég vil nú ekki segja að það sé kurr. En menn bíða eftir þessu og skilja ekki hvað tefur. Það er búið að fullvissa mig um að þetta muni skýrast innan tíðar og í sjálfu sér hefur þetta ekki stór áhrif á starfsemina. Við erum hérna á tiltekinni siglingu sem er samkvæmt skipulagi ársins foráкvörðuð og það gengur vel,“ segir hann.

Samkvæmt auglýsingu átti að vera búið að ráða í starfið 1. apríl síðastliðinn en Bryndís Sigurjónsdóttir, fyrrverandi skólameistari, lét af störfum um mánaðamótin mars/apríl. Hefur aðstoðarskólameistari gegnt stöðu skólameistara frá þeim tíma. Umsóknarfrestur um stöðuna rann út 2. febrúar og sóttu tíu manns um, þrjár konur og sjö karlar. jonhakon@frettabladid.is



Ráða átti í starf skólameistarans frá og með 1. apríl en enn hefur ekkert gerst í stöðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Hanna Björg Vilhjálmsdóttir



Ingi Bogi Bogason

BUMBAN BURT!
Prógastró, öflugi asídófílusinn, getur hjálpað þér!




Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# TAX FREE

## ÖLL REIÐHJÓL

**EVRÓPSKT GÆÐAMERKI Á ÓTRÚLEGA GÓÐU VERÐI!**



**AUTHOR VECTRA 26"**
18 gíra Shimano Revoshift.
3901307
TAX FREE / TAX FREE
**32.180 kr**
~~39.900 kr~~

**AUTHOR MATRIX 24"**
18 gíra Shimano Revoshift skipting.
3901305/13
TAX FREE / TAX FREE
**35.995 kr**
~~43.900 kr~~

**AUTHOR MELODY 20"**
6 gíra Shimano Revoshift skipting.
3901312
TAX FREE / TAX FREE
**30.566 kr**
~~37.900 kr~~

## 20% afsláttur

Garðáburður, grasfræ og mosaeyðir




**20% afsláttur**
af **ÖLLUM**
garðhandverkfærum



Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. **Tax Free jafngildir 19,35% afslætti.**

**TÖLUR VIKUNNAR** 01.05. 2016 – 07.05. 2016

**30** klukkutíma teflir Hrafn Jökulsson til styrktar sýrlenskum flóttabörnum.

**99 af 240** starfsmönnum Síldarvinnslunnar fá ókeypis ristilspeglun frá fyrirtækinu.

**450 milljarða** skulduðu fimm stærstu sveitarfélögin í árslok **2015**.

**16%** minna verður flutt inn af olíu og bensíni árið **2025** en gert er í dag, samkvæmt spá Capacent.

**3 ráðuneyti af 8** taka þátt í eigin hvataverkefnum í umhverfismálum – Grænum skrefum og Grænu bókhaldi.

**71 tvíburar** fæddust á Íslandi árið **2014**.

**41,4%** sjúklinga frestuðu að sækja sér læknisþjónustu árið **2015** vegna kostnaðar.

**22%** minni úrgangur kemur frá heimilum í Reykjavík nú en var árið **2006**.

## Þrjú í fréttum
### Söluvara, grænt hagkerfi og gersemi

**Helga Þórisdóttir**
*forstjóri Persónuverndar*



sagði okkur hafa misst öll tök á eigin persónuupplýsingum. Í gegnum tæknina væru ýmis fyrirtæki að nema og greina meira af hegðun okkar en við vissum. Hegðunarmynstrið væri söluvara. Upplýsingar gengju kaupum og sölum.

**Kristín Linda Árnadóttir**
*forstjóri Umhverfisstofnunar*



benti á að til að styrkja grænt hagkerfi og grænt samfélag þyrfti ríkið og stofnanir að ganga á undan með góðu fordæmi. Hún gat þess að vissulega gætu stofnanir ríkisins verið komnar lengra. Af ríflega 160 stofnunum ríkisins taka tæplega þrjátíu þátt í hvatakerfi sem sagt er leið fyrir opinbera aðila til að vinna markvisst að umhverfismálum.

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson**
*framkvæmdastjóri Landverndar*



sagði að þjóðin yrði að axla betur ábyrgð þegar kæmi að vernd okkar dýrmætustu náttúrugersema. Landvernd skoraði á ríkisstjórnina að grípa tafarlaust til aðgerða til að vernda lífríki Mývatns og aðstoða Skútustaðahrepp við að koma fráveitumálum sveitarfélagsins í ásættanlegt horf. Þetta væri ekki bara á ábyrgð Mývetninga heldur allrar þjóðarinnar.

# Afgreiðslu lokað með 100 á bið

**Fólk er í röð fyrir utan skrifstofu sýslumanns við opnun til að sækja um vegabréf. Tæplega hundrað biðu við lok dags í gær og var þá ákveðið að loka afgreiðslu. Starfsfólk örþreytt en ekki fjárheimild til að ráða fleiri.**



Fólk var búið að bíða í einn til tvo klukkutíma eftir afgreiðslu klukkan ellefu í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**STJÓRNSÝSLA** „Auðvitað verður fólk pirrað. Sérstaklega þau sem hafa beðið í tvo tíma og komast svo að því að það vantar gögn eða það er ekki með löggild skilríki," segir Hildur Edwald, fagstjóri ökuskírteina og vegabréfa hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu.

Afgreiðslan er Dalvegi í Kópavogi. Í gærmorgun biðu fimmtíu eftir afgreiðslu og þegar klukkan var orðin tvö voru 97 sem biðu og var þá ákveðið að loka fyrir fleiri afgreiðslur þann daginn.

Fólk beið í allt að tvo klukkutíma, öll sæti voru upptekin og því margir sem stóðu eða sátu í stiganum frammi í anddyri.

Starfsmenn litu ekki upp og Hildur svaraði símanum á milli þess sem hún svaraði blaðamanni.

„Það var frí í gær og þá er tvöfaldur dagur í dag. Svo er þetta fyrsta vika mánaðarins og þar sem við tökum ekki kreditkort eru margir sem koma fljótlega eftir mánaðamót. Einnig er sumarfrí fram undan og fólk farið að huga að því," segir Hildur.

Ekki er ljóst hvenær eða hvort sumarstarfsmenn taka til starfa. Hildur segir mikið álag á föstu starfsfólki. Því sé mikil hreyfing á því. „Sá starfsmaður sem hefur verið lengst í vegabréfunum hefur ekki náð ári í starfi," segir hún.

Minnst tvö skrifborð standa auð. „Það eru þrír gjaldkerar og þrír í vegabréfunum. Það er pláss fyrir fleiri en við fáum ekki að ráða fólk."

Hildur segir engan tíma betri en annan til að koma. Klukkan hálf níu á morgnana sé komin röð fyrir utan þegar starfsfólk mætir. „Það voru fimmtíu manns hér fyrir utan áður en við opnuðum í morgun og svo eykst álagið þegar líður á daginn."

Þórólfur Halldórsson sýslumaður segir fjárheimildir stofnunarinnar hafa afgerandi áhrif á ráðningar. Álagið sé gríðarlegt og geti haft áhrif á heilsu starfsfólksins. Ófyrirsjáanlegt sé hversu margir viðskiptavinir verði hvern dag og óvenju margir hafi komið í gær.

„Til að bæta gráu ofan á svart eru vegabréfatölvurnar flestar úr sér gengnar og þarf stundum að endurræsa hvað eftir annað við eina afgreiðslu."

Þórólfur segir úrbætur í sjónmáli. „Í sumar er á áætlun að flytja starfsemina í hentugra húsnæði og þá verður búnaðurinn endurnýjaður frá grunni. Vonast er til að sú breyting muni hraða afgreiðslunni fjór- til fimmfalt.

erlabjorg@frettabladid.is

> **Það voru fimmtíu manns hér fyrir utan áður en við opnuðum í morgun.**
>
> Hildur Edwald, fagstjóri ökuskírteina og vegabréfa



**» Áætlað er að flytja starfsemina í Hlíðasmára 1 í sumar og þar með gera afgreiðsluna hraðvirkari.**

### Varist algeng mistök

- Ekki gleyma löggildum skilríkjum, vegabréfi eða ökuskírteini. Bankakort duga ekki.
- Það er ekki hægt að greiða með kreditkortum.
- Ekki gleyma undirrituðu samþykki forsjáraðila fyrir börnin. Með tveimur vottum.
- Afgreiðslutími vegabréfa er 13 virkir dagar.



**Ábending**
Hægt er að sækja um vegabréf hjá sýslumönnum í öðrum landshlutum, t.a.m. á Selfossi, Akranesi og Reykjanesbæ.






# Fleiri ákærðir fyrir brot við Holuhraun



Eldgosið í Holuhrauni laðaði að fjölda fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL

**LÖGREGLUMÁL** Þrír einstaklingar hafa verið ákærðir fyrir að hafa þann 4. september árið 2014 ekið inn á svæði sem lögreglustjórar á Húsavík og Seyðisfirði höfðu lokað fyrir allri umferð vegna eldgoss í Holuhrauni og yfirvofandi flóðahættu úr Dyngjujökli.

Samkvæmt ákæruskjali er þeim gefið að sök að hafa ekki hlýtt fyrirmælum lögreglu með því að hafa ekið upp frá bænum Grænavatni í Mývatnssveit og þaðan í suðurátt inn í Dyngjufjalladal og að eldstöðvunum í Holuhrauni. Þannig hafi þeir dvalið inni á svæði í óleyfi sem hafði verið lokað um nokkurt skeið. Lögregluembættin á Norðurlandi eystra höfðu lokað umræddu svæði ótímabundið þann 19. ágúst sama ár.

Þetta eru ekki einu ákærurnar sem hafa verið gefnar út þar sem menn eru sakaðir um að hafa farið á svig við lokanir lögreglu á svæðinu haustið 2014.

Þyrluflugmaður hefur einnig verið ákærður fyrir að hafa í þrígang flogið inn á svæðið norðan Vatnajökuls meðan á lokunum stóð og hleypt farþegum út til að virða fyrir sér eldgosið í Holuhrauni. Mál þremenninganna verður tekið fyrir þann 19. maí í Héraðsdómi Norðurlands eystra.– sa

HAPPDRÆTTI das

DREGIÐ Á ÞRIÐJUDAGINN!

# VILTU VINNA ÍBÚÐ?

# SEX

## ÍBÚÐIR DREGNAR ÚT Á ÁRINU

## Nýtt happdrættisár byrjar 10. maí

* Drögum út 51 þúsund vinninga á árinu, heildarverðmæti vinninga er rúmur milljarður.
* Sex 30 milljóna króna vinningar á tvöfaldan miða eða 15 milljónir króna á einfaldan miða.
* Miðaverð er 1.500 kr. á mánuði og 3.000 kr. fyrir tvöfaldan miða.

Kauptu miða á www.das.is
eða í síma 561 7757



„Við þökkum þér fyrir að taka þátt í Happdrætti DAS og gera með því líf okkar hér á Hrafnistu betra.“

Fylgstu með okkur á Facebook

VINNINGUR Í HVERRI VIKU

ÍSLENSKA SIA.IS DAS 78724 05/16

# Ársfundur 2016

**Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar** verður haldinn fimmtudaginn 26. maí kl. 17.00, í húsakynnum Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga að Sigtúni 42, 2. hæð, Reykjavík.

**Dagskrá**

1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Önnur mál löglega upp borin

Allir sjóðfélagar sem og launagreiðendur og viðkomandi stéttarfélög eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti og eru þeir hvattir til að mæta.

Reykjavík, 26. apríl 2016
Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

## Yfirlit yfir afkomu ársins 2015

| Efnahagsreikningur (í milljónum kr.) | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 7.731 | 6.965 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 61.728 | 59.347 |
| Veðlán | 798 | 797 |
| Bankainnistæður | 1.757 | 408 |
| Kröfur | 289 | 262 |
| Aðrar eignir | 105 | 357 |
| Skuldir | (177) | (59) |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | 72.230 | 68.077 |

| Breyting á hreinni eign (í milljónum kr.) | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 2.109 | 2.049 |
| Lífeyrir | (3.606) | (3.212) |
| Fjárfestingatekjur | 5.858 | 3.583 |
| Fjárfestingagjöld | (118) | (102) |
| Rekstrarkostnaður | (91) | (75) |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 4.153 | 2.242 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 68.077 | 65.835 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | 72.230 | 68.077 |

| Kennitölur | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Nafnávöxtun | 8,4% | 5,2% |
| Raunávöxtun | 6,3% | 4,1% |
| Raunávöxtun 5 ára meðaltal | 4,2% | 3,8% |
| Skuldir umfram áfallnar skuldbindingar | -22,5% | -18,7% |
| Fjöldi sjóðfélaga | 498 | 562 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 3299 | 3109 |

### Starfsemi sjóðsins á árinu

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti. Raunávöxtun sjóðsins var góð á árinu 2015 eða 6,3% og meðalraunávöxtun síðastliðin fimm ár er 4,2%. Hrein eign til greiðslu lífeyris var 72,2 milljarðar króna í árslok 2015 og hækkaði um tæpa 4,2 milljarða króna á milli ára. Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum þar sem Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hefur frá 1. júní 1999 annast daglegan rekstur sjóðsins.

### Sjóðfélagar

Á árinu 1998 var sjóðnum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Þeim einum sem greiddu til sjóðsins á þeim tíma er heimilt að greiða áfram til hans, enda hafi iðgjald verið greitt til sjóðsins óslitið frá þeim tíma. Þetta eru þeir sem greiddu iðgjöld vegna starfa hjá Reykjavíkurborg, stofnunum borgarinnar, sjálfseignastofnunum eða félögum skrásettum í Reykjavík sem sveitarfélagið á aðild að og voru iðgjaldaskyldir til sjóðsins.

**Í stjórn sjóðsins eru:**
Skúli Helgason, formaður, Ása Clausen, Heiðar Ingi Svansson, Hildur Sverrisdóttir og Þorgrímur Hallgrímsson.

**Framkvæmdastjóri er:** Gerður Guðjónsdóttir.

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar


## Í öðrum heimi




Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna bauð í gær gestum á fjöltefli í Ráðhúsinu að setja sig í spor sýrlenskrar stúlku og kynnast lífi hennar í flóttamannabúðum í Jórdaníu í gegnum sýndarveruleikagleraugu. Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra tók boðinu og svipaðist um á framandi slóðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hömuðust á hurðinni með fórnarlambið inni

**Faðir stúlkunnar úr eineltismálinu í Austurbæjarskóla segir engan þaðan enn hafa haft samband við fjölskylduna eftir grófar barsmíðar fyrr í vikunni. Skólastjórinn ræddi við nemendur í gær og sendi foreldrum þeirra hvatningarbréf.**

**SKÓLAMÁL** Stúlku sem varð fyrir grófri líkamsárás skólafélaga sinna hefur verið boðin aðstoð sálfræðings til að vinna úr áfallinu sem hún varð fyrir. Starfsmenn skóla- og frístundasviðs ræddu við skólastjóra og starfsfólk Austurbæjarskóla í gær og fóru yfir stöðuna.

Faðir stúlkunnar hefur gagnrýnt samskiptaleysi við skólayfirvöld og Reykjavíkurborg. Enginn úr skólanum hafi enn haft samband við fjölskylduna til að athuga um líðan stúlkunnar. Hann segir stúlkuna hafa líka orðið fyrir ofbeldi og líflátshótunum innan veggja skólans og hefur farið fram á óháða nefnd til að skoða málsmeðferð hennar í skólanum.

„Ég hef þurft að sækja hana í skólann í aðstæður sem voru afar ógeðfelldar. Hún hafði þá leitað skjóls á skrifstofu námsráðgjafa. Við sátum þar, ég, hún og námsráðgjafinn og á meðan hömuðust fjórar stúlkur á hurðinni. Starfsmenn skólans þurftu að stilla sér upp á milli okkar til að við kæmumst út,“ segir faðirinn frá.

> **Hugurinn er hjá þolanda og fjölskyldu hans en einnig hjá öðrum börnum og fjölskyldum sem málinu tengjast.**
>
> Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri Austurbæjarskóla í bréfi til foreldra



Faðirinn segist upplifa málsmeðferðina sem hvítþvott. „Ábyrgðin liggur hjá skólastjórnendum, við höfum kallað eftir því með hvaða hætti öryggi dóttur okkar er tryggt í skólanum en fengið þau svör að það sé bundið trúnaði. Farið sé eftir verklagsreglum.“

„Við viljum ræða lausnir,“ segir Guðlaug Sturlaugsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólasviðs Reykjavíkurborgar, sem setti sig í samband við foreldra stúlkunnar til að ræða við þá eftir fundinn.

„Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri hefur unnið þetta mjög vel og fylgt öllum ferlum. Ég skil samt mjög vel að foreldrarnir upplifi það ekki, vegna þess að það er oft mikil vinna í gangi í skólunum í tengslum við svona mál. Skólastjóri getur verið að taka á málum án þess að nokkrir viti nema viðkomandi foreldrar. Þetta er hræðilegt atvik og við sættum okkur ekki við ofbeldi,“ segir Guðlaug.

Hún minnir á að tiltekin árás sé utan þeirra lögsögu. „Þetta er lögreglumál. Þetta gerist utan skóla og við getum ekki farið inn í slík mál. Málið fer til Barnaverndar og þaðan kemur það líklega aftur til okkar, Barnavernd á þá frumkvæði að þeim samskiptum,“ segir Guðlaug og segir Barnavernd búa yfir úrræðum sem geti reynst börnum í vanda góð.

Kristín skólastjóri gekk á milli bekkja í gærmorgun og ræddi við nemendur í fimmta til tíunda bekk í skólanum.

Þá sendi skólastjórinn foreldrum barna í skólanum bréf og hvatti foreldra til að vera í sambandi við skólastjórnendur og sálfræðinga á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða.

Kristín lagði áherslu á það að í skólanum væri einelti og ofbeldi ekki liðið. Það væri ekki nemenda að dæma heldur huga að því að byggja upp góðan skólaanda.

kristjana@frettabladid.is




SMÁRALIND

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

# Geta ekki borgað gjald en þurfa sárlega aðstoð

**Engin gjaldskrá hefur verið sett, segir Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra um harða gagnrýni geðlækna og Geðhjálpar um hækkun kostnaðar hjá hópi viðkvæmra sjúklinga. Geðlæknar telja þá veigra sér við að leita viðeigandi hjálpar.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Sumt er réttmætt, sem kemur fram í umsögnum um frumvarpið en annað er byggt á misskilningi og er rangt,“ segir Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra um gagnrýni í umsögnum við frumvarp um breytingar á lögum um sjúkratryggingar.

Geðlæknar, Geðlæknafélag Íslands og Geðhjálp gera alvarlegar athugasemdir við hækkun kostnaðar hjá viðkvæmum hópi sjúklinga og segja kostnað við fyrsta viðtal hækka hjá almennum sjúklingi um meira en 10.000 krónur og um 6.000 krónur fyrir öryrkja verði frumvarpið að lögum.

„Margir munu ekki geta greitt þetta gjald með ófyrirsjáanlegum afleiðingum,“ segir Tómas Zoëga geðlæknir sem ritar umsögn um frumvarpið. Hann segir geðlækna finna fyrir því að margir með langvinna geðsjúkdóma eigi í erfiðleikum með að greiða fyrir þjónustuna í núverandi kerfi og er uggandi um hvað verður eftir kostnaðarhækkunina.

„Eftir breytingarnar getur öryrki þurft að greiða meira en þrefalt meira fyrir komur til geðlækna. Þetta er mikil hindrun fyrir þá sem eru í þessum viðkvæma hópi, sem mjög mikilvægt er að leiti sér læknisaðstoðar,“ bendir Tómas á.

> **Eftir breytingarnar getur öryrki þurft að greiða meira en þrefalt meira fyrir komur til geðlækna. Þetta er mikil hindrun fyrir þá sem eru í þessum viðkvæma hóp sem mjög mikilvægt er að leiti sér læknisaðstoðar.**
>
> Tómas Zoëga geðlæknir



Kristján Þór segir mikilvægt að halda til haga að engin reglugerð eða gjaldskrá hafi verið sett og að frumvarpið geti vel tekið breytingum, ákveði Alþingi það. Einnig að við gildistöku laganna verði tekið tillit til fyrri greiðslusögu sjúkratryggðra. Greiðslur safnist upp í svokallaðan afsláttarstofn sem síðan sé notaður til að reikna út greiðsluþátttöku sjúkratryggðs.

„Við erum að fara yfir umsagnirnar með sérfræðingum í ráðuneytinu,“ segir Kristján Þór sem kveður þarft að ræða kostnaðardreifinguna.

„Ég hef ekki fjárveitingarvaldið. Ég fer í þetta verkefni fyrst og fremst út frá því að draga úr kostnaðarþátttöku þeirra sem þyngstar bera byrðarnar. Í því verkefni er ég að vinna eftir þeim fjárheimildum sem Alþingi hefur skammtað. Næsta skref er að ræða hvort menn vilja dreifa kostnaði með öðrum hætti en hefur verið gert,“ segir Kristján Þór.

Gagnrýni á frumvarpið snýr einnig að því að sálfræðiþjónusta sé ekki tekin með í greiðsluþátttöku, eða tannlæknaþjónusta. Kristján Þór bendir á að fram undan sé stórátak í því að bæta sálfræðiþjónustu í heilsugæsluna.

„Ég er að bæta í sálfræðiþjónustuna með öflugum hætti, við erum að gera það eftir bresku módeli. Til stendur að manna heilsugæsluna með sálfræðingum, þetta er tveggja til þriggja ára verkefni sem er hafið,“ segir heilbrigðsráðherra.

**kristjanabjorg@frettabladid.is**





Sikiley kemur á óvart með áhugaverða blöndu af öllu því helsta sem ferðamenn óska sér. Samfelld 3000 ára menningarsaga, einstök náttúrufegurð, ótrúlegar fornminjar, fallegar byggingar og söfn, ásamt áhugaverðri matarmenningu og blómlegu mannlífi – allt þetta og miklu meira finnur þú á Sikiley. Heimsferðir bjóða beint leiguflug til Sikileyjar 10. október á yndislegum tíma. Hitastigið er ennþá notalegt og hentar bæði til sólbaða og fyrir þá sem vilja verja tímanum til að skoða þessar stórbrotnu eyju.
Flogið er til Palermo og dvalið á Fiesta Garden Beach hótelinu á Campofelice di Roccella ströndinni í 5 nætur, þá er haldið til austurstrandarinnar og dvalið á Naxos Beach Hotel á ströndinni í bænum Giardini Naxos í 5 nætur.

**Frá kr. 199.900**
**m/hálft fæði innifalið og drykkjum m/kvöldverði**
Netverð á mann frá kr. 199.900 m.v. 2 í herbergi. Innifalið er hálft fæði ásamt ¼ vínflaska og ½ vatnsflösku með kvöldverði.




Gönguferð til Vindeyja – Le Isole Eolie – hins ævintýralega eldfjallaeyjaklasa norður af Sikiley. Í ferðinni verður farið í valdar dagsgöngur eftir ægifögrum göngustígum á milli litskrúðugra þorpa, gróðursællra unaðslunda og fjallstinda með óviðjafnanlegu útsýni yfir nokkrar af rómuðustu náttúruperlum Suður-Ítalíu. Meðal annars verður gengið á eldfjöllin á eyjunum Vulcano og Stromboli, þar sem látlaus eldvirknin hefur réttilega fært þeim viðurnefnið „Viti Miðjarðarhafsins“. Í ferðinni kynnumst við einstakri menningu Sikileyinga er rekja má allt aftur til forsögulegs tíma, í gegnum hámenningu fornaldarinnar hjá Grikkjum og Rómverjum, til yfirtöku Mára, Normanna og Spánverja á seinni öldum. Við kynnumst ómótstæðilegu mannlífi og ósnortinni náttúru, þar sem tækifæri gefst til að njóta sérstakrar matarmenningar og gestrisni sem á sér engan sinn líkan í veröldinni.

**Frá kr. 239.900**
**m/morgunverði o.fl.**
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með morgunverði alla morgna og 5 kvöldverðum.

ENNEMM / SIA • NM74084 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Heimsferðir




LSR og LH halda fund fyrir sjóðfélaga á lífeyri 10. maí 2016 á Hilton Reykjavík Nordica Suðurlandsbraut 2, Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 14:00.

**Dagskrá:**
- Kynningar frá LSR
- Gísli Einarsson úr Landanum flytur erindi
- Gissur Páll Gissurarson tenór tekur nokkur lög
- Kaffiveitingar
- Fyrirspurnir og umræður

Nánari upplýsingar um fundinn er að finna á vef LSR.

LSR Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins
Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
lsr@lsr.is

www.lsr.is




**Í dag, laugardag 7. maí kl. 11 – 15**
bjóðum við öllum Toyota-eigendum að koma með bílana sína í sápuþvott hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

**Engin vandamál - bara lausnir.**

**Við sápuþvoum bílana að utan – grill, gos og sumarglaðningur fyrir börn og fullorðna.**

| | | |
|---|---|---|
| Toyota Kauptúni | Kauptúni 6 | Garðabæ |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 17 | Reykjanesbæ |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík |
| Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | Reykjavík |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | Reykjanesbæ |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki |
| Nethamar | Garðavegi 15 | Vestmannaeyjum |







**Frá yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis**
**Til væntanlegra frambjóðenda í forsetakosningum**
**25. júní 2016**

Yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis kemur saman til fundar í Menningarhúsinu Hofi, v/Strandgötu, Akureyri, nánar tilgreint í Setbergi, fundarsal á 2. hæð, þriðjudaginn 17. maí nk., kl. 09:00, til þess að gefa vottorð um meðmælendur forsetaefna samkvæmt 4. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

Þess er óskað að frambjóðendur skili meðmælendalistum til yfirkjörstjórnar, Menningarhúsinu Hofi, v/Strandgötu, Akureyri, Setbergi, fundarsal 2. hæð, þriðjudaginn 17. maí nk., milli kl. 9 og 14, til þess að unnt verði að undirbúa vottorðsgjöf yfirkjörstjórnar.

Vakin er sérstök athygli á að afhenda skal yfirkjörstjórn frumrit meðmælendalista. Yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis gefur eingöngu vottorð um meðmælendur úr eigin kjördæmi.

Til að flýta fyrir yfirferð og vinnslu er mælst til þess að meðmælendalistar verði skráðir með rafrænum hætti á þar til gerðu vefsvæði á www.Ísland.is áður en þeim er skilað til yfirkjörstjórnar.

Þá skal og fylgja skrifleg tilkynning frá frambjóðendum hverjir tveir menn séu umboðsmenn viðkomandi framboðs.

**Akureyri, 22. apríl 2016.**

**Yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis,**
Gestur Jónsson oddviti
Inga Þöll Þórgnýsdóttir
Ólafur Rúnar Ólafsson
Katý Bjarnadóttir
Páll Hlöðvesson



**Fayik Yagizay, stjórnmálamaður í útlegð og fulltrúi Kúrda hjá Evrópuráðinu í Strassborg, heimsótti Íslands fyrir stuttu. Yagizay var enskukennari á yngri árum. Eftir þriggja ára fangelsisvist helgaði hann líf sitt réttindabaráttu Kúrda.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Útlægur Kúrdi varar við fasisma Erdogans

Fayik Yagizay, fulltrúi Kúrda hjá Evrópuráðinu í Strassborg, segir alla í Tyrklandi vera hrædda við Erdogan forseta. Hann segir Evrópusambandið verða að vakna af blundi og stöðva Erdogan. Allri heimsbyggðinni standi ógn af forsetanum.

**KÚRDAR** „Kúrdar hafa barist erfiðri baráttu fyrir réttindum sínum allt frá því tyrkneska lýðveldið var stofnað,“ segir Fayik Yagizay, sem var hér á landi í heimsókn fyrir stuttu.

„Við eigum enn í þessari baráttu. Hins vegar eru sumir okkar að berjast fyrir stofnun sjálfstæðs ríkis, aðrir vilja að Kúrdar fái takmarkaða sjálfstjórn, og sumir vilja að Tyrkland verði sambandsríki. Svo eru sumir að berjast fyrir lýðræðisréttindum og minni miðstjórn.“

Helsta baráttuafl Kúrda er PKK, Verkamannaflokkur Kúrdistans, sem hefur staðið í baráttu við tyrkneska ríkið í meira en 30 ár.

„Í upphafi voru þeir að berjast fyrir stofnun sjálfstæðs ríki, sameinuðu Kúrdistan. En það þýddi að það þurfti að berjast gegn Íran, Írak, Sýrlandi og Tyrklandi. Og það var ákaflega erfitt að berjast gegn öllum heiminum til að fá sjálfstætt ríki. PKK ákvað því að beina baráttu sinni frekar að því að ná fram auknu lýðræðislegri sjálfstjórn Kúrdasvæðanna í öllum þessum löndum ásamt því að berjast fyrir auknu lýðræði í öllum löndunum fjórum.“

Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, komst til valda árið 2002 eftir að hafa stofnað nýjan stjórnmálaflokk, Réttlætis- og þróunarflokkinn. Hann var forsætisráðherra þangað til árið 2014 þegar hann var kosinn forseti.

„Staða Erdogans var veik í upphafi. Herinn hafði öll völd í Tyrklandi en Erdogan var klókur og sagðist ætla að ganga í Evrópusambandið. Hann lofaði að gera umbætur samkvæmt kröfum Evrópusambandsins og hann fékk með því stuðning Evrópusambandsins.“

Árið 2005 hélt Erdogan til Kúrdasvæðanna í Tyrklandi og hét því að leysa vanda Kúrda með friðsamlegum hætti.

„Þetta vakti auðvitað vonir og hann fékk stuðning Kúrda til að byrja með. Hann fékk atkvæði frá meira en helmingi Kúrda í Tyrklandi, og hóf að gera ákveðnar umbætur,“ segir Yagizay.

„En þetta voru aðeins sýndarumbætur. Hann var alltaf að hugsa um eigin hagsmuni og hvernig hann gæti aukið eigin völd. Hann vann á endanum sigur á hernum, hann vann sigur á kerfinu og hann gerði breytingar á stjórnarskránni þar sem hann laumaði inn ákvæði um að eyðileggja sjálfstæði dómstólanna.“

## Stærsta ríkislausa þjóð heims




**Kúrdistan**
Kúrdar eru alls 40 milljónir og búa flestir í fjórum ríkjum. Þeir eru stærsta ríkislausa þjóð heims.

| Tyrkland | Íran | Írak | Sýrland |
|---|---|---|---|
| Kúrdar: 20 milljónir | Kúrdar: 10 milljónir | Kúrdar: 6 milljónir | Kúrdar: 4 milljónir |
| 25% af 80 milljónum íbúa | 12% af 80 milljónum íbúa | 15% af 38 milljónum íbúa | 20% af 20 milljónum íbúa |

Erdogan hafi í reynd tekist að beygja undir sig dómsvaldið í Tyrklandi og sömu sögu má segja um fjölmiðla í landinu.

„Það eru allir hræddir við Erdogan og enginn þorir að segja neitt. Hann er meira að segja að reyna að þagga niður í blaðamönnum í öðrum löndum, í Þýskalandi og víðar.“

Hann segir helsta markmið Erdogans síðustu misserin hafa snúist um að ná fram stjórnarskrárbreytingu með það í huga að auka mjög völd forsetaembættisins. Yagizay segir að hann vilji í raun koma á nýju Ottómanaveldi, íslömsku ríki sem verði eins konar kalífadæmi.

„Ef hann nær sínu fram þá mun heimsbyggðinni allri stafa hætta af. Og þá brýst út borgarastyrjöld í Tyrklandi. Þá verða það ekki bara Kúrdar sem grípa til vopna heldur líka Tyrkir,“ segir hann.

„Þannig að ESB ætti að vakna af sínum væra blundi. Hvers vegna vilja þeir ekki sjá hvað er að gerast? Erdogan er með fasískan hugsunarhátt og gerir allt til að styrkja völd sín og hagsmuni. Við viljum að Evrópusambandið stöðvi hann.“

Yagizay er sjálfur í stjórnmálaflokki Kúrda, HDP, eða Lýðræðisflokknum. Sá flokkur náði í fyrsta sinn mönnum á þing í kosningunum í júní á síðasta ári. Þessa dagana reynir stjórnarmeirihlutinn hins vegar að svipta þingmenn HDP þinghelgi. Slagsmálin kostulegu sem brutust á þinginu fyrir fáum dögum snerust um þetta.

„Ég hef verið í sjö stjórnmálaflokkum,“ segir Yagizay, „en það er ekki vegna þess að ég hafi alltaf verið að flakka á milli flokka heldur hafa flokkarnir verið bannaðir, og þá höfum við stofnað nýjan flokk.“

gudsteinn@frettabladid.is




KRINGLAN.IS

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

PIPAR\TBWA • SÍA

# Engin svör frá forsetanum


Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands

**STJÓRNMÁL** Fréttastofa 365 hefur ekki fengið viðtal við forseta Íslands, Ólaf Ragnar Grímsson, eftir yfirlýsingu Dorritar Moussaieff um fjármál sín. Örnólfur Thorsson forsetaritari segir forsetann veikan.

Fréttablaðið óskar svars við því hvernig forsetinn gat harðneitað því aðspurður að hann og kona hans tengdust aflandsfélögum þegar hann segist jafnframt aldrei hafa haft upplýsingar um fjárhagsmál forsetafrúarinnar og hún segist aldrei hafa rætt fjármál sín og fjölskyldu sinnar við hann.

Þá er óskað eftir svörum við því hvort forsetinn telji yfirlýsingu Dorritar frá í fyrradag svara með fullnægjandi hætti öllum atriðum varðandi fjármál þeirra hjóna. Eins hvort Panama-skjölin og umfjöllun um fjármál hjónanna í fjölmiðlum hafi áhrif á framboð hans. **– snæ**




# Múslimi kosinn sem borgarstjóri í London

**Átta ára valdatíð Íhaldsflokksins í Lundúnum er lokið. Skoski þjóðarflokkurinn missti meirihluta á skoska þinginu en Verkamannaflokkurinn galt þar afhroð.**

**BRETLAND** Sadiq Khan vann fyrstu umferð borgarstjórnarkosninganna í Lundúnum. Í frétt Sky segir að tölfræðilega ómögulegt sé fyrir Khan að tapa seinni umferðinni.

Khan, sem er frambjóðandi Verkamannaflokksins, bar sigurorð af Zac Goldsmith, frambjóðanda Íhaldsflokksins. Khan fékk 44 prósent atkvæða og Goldsmith 35.

Kosið var í fjölda sveitarfélaga í Bretlandi í gær. Verkamannaflokkurinn var sigursælastur og Íhaldsflokkurinn var í öðru sæti. Frjálslyndir demókratar og Þjóðernisflokkurinn UKIP sóttu einnig nokkuð á.

Reiknað var með að Verkamannaflokkurinn fengi slæma útreið í kosningunum sem yrði prófsteinn á stöðu Jeremy Corbyn. Stjórnmálaskýrendur telja að Corbyn hafi rétt sloppið fyrir horn eftir góðan árangur flokksins í London og Wales þó að hann hafi goldið afhroð í Skotlandi.

Þá var kosið til þjóðþinga í Skotlandi, Wales og á Norður-Írlandi.

Skoski þjóðarflokkurinn missti meirihluta sinn á þinginu þrátt fyrir yfirburðasigur. Flokkurinn er einungis tveimur þingsætum frá meirihluta.

Ljóst er að flokkurinn mun halda áfram að fara með stjórnartaumana í Skotlandi. Reiknað var með að flokkurinn myndi freista þess að koma þjóðaratkvæðagreiðslu um sjálfstæði Skotlands aftur á dagskrá en Nicola Sturgeon, fyrsti ráðherra Skotlands, fór hljótt með það loforð í sigurræðu sinni þegar ljóst var að Þjóðarflokkurinn hafði misst meirihluta sinn.

Í Wales vann Verkamannaflokkurinn yfirburðasigur, tveimur sætum frá hreinum meirihluta. Þá þótti það tíðindi að UKIP fékk sjö menn kjörna.

Þegar þessi frétt var skrifuð var enn verið að telja atkvæði í kosningum um norður-írska þingið og of snemmt að tilgreina sigurvegara.

**stefanrafn@frettabladid.is**

**Úrslit úr borgarstjórnarkosningum í Lundúnum***




Heimild: The Guardian *Fyrsta umferð kosninga

## Auglýsing frá yfirkjörstjórnum í Reykjavíkurkjördæmum norður og suður vegna kosninga til embættis forseta Íslands þann 25. júní 2016

Yfirkjörstjórnir Reykjavíkurkjördæma norður og suður koma saman til fundar í Ráðhúsi Reykjavíkur, fundarherbergi borgarráðs, föstudaginn 13. maí nk. milli kl. 13.00 og 15.00 til að veita viðtöku listum meðmælenda frambjóðenda til embættis forseta Íslands. Stefnt er að því að vottorð yfirkjörstjórnanna samkvæmt 4. gr. laga nr. 36/1945 um framboð og kjör forseta Íslands verði afhent á fundi föstudaginn 20. maí nk. kl. 13.00.

Mæli kjósandi með fleiri en einum frambjóðanda verður nafn hans fjarlægt af báðum/öllum listum.

Eyðublöð fyrir lista meðmælenda má nálgast á kosningavef innanríkisráðuneytisins www.kosning.is en þar má einnig finna upplýsingar um framkvæmd kosninganna. Óskað er eftir því að listar meðmælenda séu blaðsíðusettir.

Til að flýta fyrir yfirferð og vinnslu er mælst til þess að meðmælendalistar verði skráðir með rafrænum hætti á þar til gerðu vefsvæði á www.island.is áður en þeim er skilað til yfirkjörstjórnar.

Kosningavefur Reykjavíkurborgar verður á slóðinni www.reykjavik.is/kosningar.
Fyrirspurnum má beina til skrifstofu borgarstjórnar gegnum netfangið kosningar@reykjavik.is.

Reykjavík, 6. maí 2016

**F.h. yfirkjörstjórnar í Reykjavíkurkjördæmi norður,**
Erla S. Árnadóttir
Arnar Þór Stefánsson
Fanný Gunnarsdóttir
Páll Halldórsson
Tómas Hrafn Sveinsson

**F.h. yfirkjörstjórnar í Reykjavíkurkjördæmi suður,**
Sveinn Sveinsson
Heimir Örn Herbertsson
Sjöfn Ingólfsdóttir
Þóra Hallgrímsdóttir
Þuríður Jónsdóttir



**Sigurbjörn Þorkelsson og Aðalheiður Magnúsdóttir keyptu Ásmundarsal af ASÍ fyrir 168 milljónir króna.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sorgmæddur formaður vegna sölu á Ásmundarsal

**VIÐSKIPTI** „Við erum ótrúlega sorgmædd yfir þessu. Þetta lyktar af því að hafa verið ákveðið fyrirfram,“ segir Jóna Hlíf Halldórsdóttir, formaður Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM). ASÍ hefur selt Ásmundarsal þar sem Listasafn ASÍ hefur verið til húsa um árabil. Kaupendurnir eru fjárfestarnir Sigurbjörn Þorkelsson og Aðalheiður Magnúsdóttir og kaupverðið er 168 milljónir króna.

Tilkynnt var að til stæði að selja safnið þann 29. apríl síðastliðinn. Í gær, föstudag, var svo greint frá nýjum kaupendum.

„Okkur finnst ótrúlega skrýtið að ASÍ hafi ekki frestað sölunni fram á haust og farið í samtal við SÍM, ríki og borg. Við ætluðum að hittast á morgun [í dag] og athuga hvort við gætum sett af stað einhvers konar fjáröflun. Við vildum virkilega skoða alla möguleika en við þurfum lengri tíma en viku.“

> Ég er eiginlega orðlaus mér finnst þetta svo leiðinlegt.


Jóna Hlíf Halldórsdóttir, formaður Sambands íslenskra myndlistarmanna

Samkvæmt tilkynningu sem send var vegna sölunnar er markmiðið að húsið verði áfram nýtt undir lista- og menningarstarfsemi.

„Þó að kaupandinn segist ætla að vera með myndlist og hönnun þá er þetta komið í einkaeigu og þá verða það alltaf útvaldir sem fá að sýna. Alþýðusambandið selur húsið manni sem er einn ríkasti maður Íslands. Ég er eiginlega orðlaus mér finnst þetta svo leiðinlegt,“ segir Jóna Hlíf Halldórsdóttir. **– snæ**




Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga án fyrirvara á verði og búnaði.

**Staðalbúnaður í Macan GTS:** 7 gíra PDK sjálfskipting með skiptingu í stýri, GTS leðurinnrétting með Alcantara áklæði í miðju sæta, rafdrifin GTS sport sæti, 20" svartar RS Spyder álfelgur, svört Xenon aðalljós, svört LED afturljós, stillanlegt sport púst, sport útlitspakki, fullkomið hljómkerfi, sport aðgerðarstýri, rafdrifinn afturhleri, PASM stillanleg fjöðrun o.m.fl. Sjá nánar á benni.is

# Frumsýnum magnað sport – Macan GTS.

Porsche bílaframleiðandinn er þekktur fyrir marga af óviðjafnanlegustu sportbílum heimsins, Porsche Macan GTS (Gran Turismo Sport) er þar engin undantekning. Við bjóðum þér að kynnast mögnuðu sporti í dag, laugardaginn 7. maí, milli klukkan 12:00 og 16:00.

**Porsche Macan**
**Verð frá 10.990.000 kr.**

**Porsche Macan GTS**
360 hestöfl | 500 Nm tog
Hröðun 5.0 sek. 0-100 km/klst.

PORSCHE

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**Porsche á Íslandi | Bílabúð Benna**
Vagnhöfða 23 | 110 Reykjavík | S: 590 2000
porsche@porsche.is | www.benni.is

**Opnunartími**
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardaga frá 12:00 til 16:00



## 5 MANNA



### FORD **FOCUS**
FRÁ **3.350.000** KR.

Hinn sívinsæli Ford Focus er þekktur fyrir framúrskarandi gæði, frábæra aksturseiginleika og hagkvæmni í rekstri. Fáanlegur station.



### FORD **C-MAX**
FRÁ **3.390.000** KR.

Notendavænn og hagkvæmur 5 sæta fjölskyldubíll. Frábært aðgengi, því þú situr hærra. Hægt er að færa sætin auðveldlega til og farangursrými er mikið.



### FORD **MONDEO**
FRÁ **3.990.000** KR.

Stórglæsilegur og rúmgóður bíll með framúrskarandi aksturs-eiginleika. Fjölskyldubíll ársins 2016 í Danmörku og Bretlandi. Fáanlegur station og einnig **fjórhjóladrifinn**.

## 5 - 7 MANNA



### FORD **GRAND C-MAX**
FRÁ **3.590.000** KR.

**STÓR** - Rúmgóður fjölskyldubíll sem er fáanlegur 5 eða 7 manna. Rennihurð er á báðum hliðum sem gerir aðgengið sérstaklega þægilegt.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.




# FORD STÓRSÝNING

## Skoðaðu **enn betur búna** Ford í dag milli kl. 12 og 16

› Nú er **SYNC II** samskiptakerfi með **Bluetooth** og **neyðarhringingu**, **8" snertiskjár** og **íslenskt leiðsögukerfi** einnig hluti af ríkulegum staðalbúnaði.

**Komdu á stórsýningu Ford í dag og upplifðu frábæra akstursgeiginleika Ford**

**JEPPAR OG PALLBÍLAR**



FORD **S-MAX**
FRÁ **5.190.000** KR.

**STÆRRI** - Sportlegur og glæsilegur 5 eða 7 manna bíll sem rúmar alla fjölskylduna. Nægt pláss fyrir mikinn farangur. Fáanlegur **fjórhjóladrifinn**.



FORD **GALAXY**
FRÁ **5.590.000** KR.

**STÆRSTUR** - Stór 7 manna fjölskyldubíll. Góð lofthæð og nægt fótarými í öllum þremur sætaröðum. Fáanlegur **fjórhjóladrifinn**.



FORD **KUGA AWD**
FRÁ **5.490.000** KR.

Fjórhjóladrifinn dísiljeppi tilvalinn til ferðalaga. Dráttargetan er mikil eða 2.100 kg. Veghæðin er jafnframt mikil eða um 20 cm undir lægsta punkt.



FORD **F-350 4x4** SUPER DUTY
FRÁ **7.990.000** KR.

440 hestafla dísilvél og 1.166 Nm tog. Ford F-350 Crew Cab getur dregið allt að 7.100 kg og er burðargeta bílsins allt að 1.720 kg.

Ford

ford.is

Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn myndum í auglýsingu.

# Náttúruhamfarir af mannavöldum



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Landvernd krafðist þess í vikunni að ríkisstjórnin gripi til tafarlausra aðgerða til að vernda lífríki Mývatns og aðstoðaði sveitarstjórn á svæðinu við að koma fráveitumálum í ásættanlegt horf. Andri Snær Magnason forsetaframbjóðandi gekk raunar skrefinu lengra og taldi ástæðu til að kalla saman neyðarfund í ríkisstjórn vegna málsins.

Óhætt er að taka undir þessi sjónarmið.

Niðurstöður Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar benda til að magn blábakteríu sé tólffalt það sem stofnunin telur óhóflegt. Því þarf engan að undra að hinn margrómaði kúluskítur heyri sögunni til, og að hornsíla- og bleikjustofnar í vatninu eigi undir högg að sækja.

Samkvæmt sérfræðingum er það engum vafa undirorpið að breytingar á lífríki Mývatns eru af mannavöldum. Meðal orsaka má nefna frárennsli frá þéttbýli, iðnrekstur og áburðargjöf. Jafnframt gætir enn áhrifa frá kísilverksmiðju sem starfrækt var við Mývatn til 2004.

Flestir virðast sammála um að mest aðkallandi sé að lagfæra fráveitumál á svæðinu. Ástandið hefur snarversnað undanfarin ár og telst nú vart annað en krísa. Þar spilar fjölgun ferðamanna stærsta rullu, enda þarf skólpkerfið á svæðinu að taka við margföldum mannfjölda frá því sem áður var. Tugir langferðabíla, fullir af ferðamönnum, koma nú að Mývatni á degi hverjum yfir annatímann. Fráveitukerfið var ekki byggt til að standast slíkt álag.

Eitthvað þarf undan að láta.

Mývatnskrísan er bara ein birtingarmynd stærra vandamáls. Staðreyndin er að ferðamannafjöldi hefur fimmfaldast frá aldamótum og eykst um fjórðung á ári hverju. Innviðirnir í landinu anna þessu ekki, náttúruperlur eru að sligast undir átroðningi og umferðin um lykilmannvirki á borð við hringveginn hefur margfaldast frá því sem til var ætlast. Ef ekki verður gripið í taumana er óafturkræft tjón á náttúru landsins óumflýjanlegt.

Sveitarstjórnir vita ekki sitt rjúkandi ráð. Þær fá sáralítinn bita af túristakökunni og þurfa að standa undir innviðum sem allt í einu þarfnast margfalds eftirlits.

Ríkisstjórnir, bæði þessi og þær sem áður störfuðu, hafa gersamlega brugðist. Náttúrupassinn strandaði í þinginu og ekkert virðist ætla að koma í staðinn. Ráðaleysið virðist algert.

> **Ríkisstjórnir, bæði þessi og þær sem áður störfuðu, hafa gersamlega brugðist.**

Andri Snær hefur rétt fyrir sér. Ríkisstjórnin ætti að boða til neyðarfundar. Við lifum á viðsjárverðum tímum fyrir náttúru Íslands, og nauðsynlegt að stjórnmálamenn girði sig í brók og taki forystu í málinu. Eins og staðan er nú flljótum við sofandi að feigðarósi.

Við þurfum að tryggja afkomendum okkar aðgang að óspilltri náttúru landsins hvað sem það kostar – jafnvel þótt greiða þurfi aðgangseyri að Þingvöllum.

Lærðu um leið og þú ferðast!

Viltu alþjóðlega reynslu?
Viltu tala reiprennandi ensku, spænsku eða þýsku?

Mundo býður upp á sumarbúðir á Spáni fyrir 14-18 ára. Leiðtoganámskeið, spænskunám, skoðunarferðir og fjölbreyttar tómstundir.
Dvalið hjá sérvöldum fjölskyldum þar sem einn í fjölskyldunni er ungmenni á sama aldri.

Mundo býður einnig upp á skiptinám á Spáni, í Bandaríkjunum og Þýskalandi. Dvalið er í 3-10 mánuði.

MUNDO
www.mundo.is

Nánari upplýsingar hjá margret@mundo.is

## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Hvernig veröld steypist

Að morgni 25. janúar 1995 afhenti aðstoðarmaður Borisar Jeltsín, forseta Rússlands, yfirmanni sínum skjalatösku. Við handfang töskunnar blikkaði lítið ljós. Ofan í töskunni var skjár sem sýndi að flugskeyti hafði verið skotið á loft af Noregshafi. Stefndi það beint í átt að Moskvu. Undir skjánum voru fjórir takkar. Takkarnir stýrðu örlögum mannkyns.

**Vélmenni, stríð eða loftsteinn?**

Ragnarök hafa verið handan hornsins frá sköpun heimsins. Hvernig „veröld steypist“ eru þó ekki allir sammála um. Munu endalokin orsakast af einhverju óáhugaverðu eins og loftslagsbreytingum? Einhverju handahófskenndu á borð við árekstur loftsteins? Einhverju trendí eins og vélmenni með gervigreind, eða kannski einhverju retró eins og kjarnorkustríði?

Hvað það verður veit nú enginn, eins og segir í jólalaginu. Vísindamenn við Oxfordháskóla eru hins vegar ekki í neinum vafa um eitt: Við erum ekki að taka þá vá sem er fyrir dyrum nærri nógu alvarlega.

Í síðustu viku birti hópur vísindamanna skýrslu um helstu hörmungar sem gætu dunið yfir mannkynið. Um er að ræða lista yfir ógnir sem hafa burði til að þurrka út að minnsta kosti 10 prósent íbúa jarðar í einu vetfangi.

Sé litið til næstu fimm ára taldi hópurinn manninum stafa mest hætta af loftsteinum, eldgosum og náttúruhamförum. Til lengri tíma stafar okkur hins vegar helst ógn af gervigreind, loftslagsbreytingum, farsóttum og kjarnorkustríðum.

**Að skjóta eða ekki skjóta**

Takkarnir fjórir í töskunni hans Jeltsín gerðu honum kleift að gera kjarnorkuárás á skotmörk um víða veröld. Rússar höfðu til reiðu 4.700 kjarnaodda. Í ljós kom hins vegar að taskan hafði verið tekin fram fyrir misskilning.

Það sem Rússar töldu í nokkrar örlagaríkar mínútur árið 1995 vera kjarnorkuflaug sem stefndi á Moskvu var í raun norsk veðurathugunar-eldflaug sem gerði athuganir á norðurljósunum. Jeltsín hafði sex mínútur til að taka ákvörðun: Að skjóta eða skjóta ekki á móti. Jeltsín sá að sér. Því hefur hins vegar verið haldið fram að heimsbyggðin hafi aldrei verið jafnnálægt kjarnorkustríði og 25. janúar 1995.

Það er meðal annars klaufaskapur sem þessi sem vísindamennirnir í Oxford óttast að geti gert út af við mannkynið. Tilgangur skýrslu hópsins var að leggja til fyrirbyggjandi aðgerðir sem minnkað gætu líkurnar á hörmungum. „Ef við höldum áfram að fresta því til morguns að horfast í augu við ógnirnar mun raunveruleikinn koma aftan að okkur,“ sagði Sebastian Farquhar, forsprakki teymisins.

Fréttir frá Íslandi gefa hins vegar ekki tilefni til bjartsýni.

**„Heyrir enginn? Hlustar enginn?“**

Síðustu mánuði hafa borist fregnir af bráðri hættu sem stafar að lífríki Mývatns. Skútustaðahreppur hefur unnið að því að setja upp hreinsistöð við vatnið til að takmarka mengun girði frá fráveitu sem rennur í náttúruperluna. Svo virðist hins vegar sem sveitarfélagið ráði ekki fjárhagslega við verkið. Landvernd hefur því skorað á ríkisstjórnina að aðstoða Skútustaðahrepp við að koma fráveitumálum sveitarfélagsins í ásættanlegt horf svo koma megi í veg fyrir að lífríkið þurrkist út.

Ómar Ragnarsson skrifaði grein í Fréttablaðið í vikunni þar sem hann sendi út neyðarkall fyrir hönd lífríkisins í Mývatni. Þar varaði hann við „kyrkingu einstæðs og heimsfrægs lífríkis“ sem hann sagði komna vel á veg. Hætta er þó á að neyðarkalli Ómars verði ekki svarað. Í grein sinni rifjaði hann upp að fyrir fjórum árum hefði hann sent út sams konar neyðarkall í sama blaði. Hann spyr: „Heyrir enginn? Hlustar enginn?“

Það er rangt hjá vísindamönnunum í Oxford að helstu hættur sem stafa að mannkyninu séu vélmenni, kjarnorkusprengjur eða farsóttir. Mesta ógn sem fyrirfinnst á jörðinni nú um stundir er okkar eigið andvaraleysi. Spyrjið bara Ómar Ragnarsson og lífríkið í Mývatni.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# MEIRA EN ÞÚ ÁTT AÐ VENJAST!

BEIN LEIÐ | 40 ÁR

1975 | Bílabúð Benna | 2015

Verð frá:
**3.190.000 KR.**



## Opel Astra - Ný tegund af lúxus.

CAR OF THE YEAR 2016

Opel Astra er Bíll ársins í Evrópu. Það er eftirsóttasta viðurkenning sem bílaframleiðendur hljóta. Margt sem er fáanlegt í Opel Astra hefur hingað til aðeins verið í boði í dýrum lúxusbílum.*

**Intellilux LED® Matrix** - aðalljós sem hugsa fyrir þig.

**Opel Eye** - öryggiskerfi sem hjálpar þér á hættustundu.

**AGR sæti** - verðlaunasæti sem nuddar, hitar og kælir.

**Sjáðu meira á opel.is.**

## Ný Opel Astra.
**Meira en þú átt að venjast.**

*Búnaður í Opel Astra er mismunandi eftir bílgerðum og óskum kaupenda.

OPEL

Bílabúð Benna
Bein leið í 40 ár

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR.

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16

OPEL Á ÍSLANDI
Kynntu þér Opel fjölskylduna á benni.is | opel.is

# Lokaúrslit Olís-deildanna í handbolta hefjast hvor tveggja um helgina



**Fjögur félög með lið í lokaúrslitum í ár** Fyrirliðar liðanna í úrslitaeinvígum handboltans í ár hittu fjölmiðlamenn í gær. Talið frá vinstri: Matthías Árni Ingimarsson frá Haukum, Jóhann Jóhannsson frá Aftureldingu, Solveig Lára Kjærnested frá Stjörnunni og Eva Björk Davíðsdóttir frá Gróttu. Fyrsti leikurinn hjá konunum er klukkan 16.00 í dag á Seltjarnarnesi en karlarnir byrja klukkan 16.00 á Ásvöllum á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Engin hola of djúp

**Gunnar Nelson stígur inn í búrið í fyrsta sinn á nýju ári á sunnudagskvöldið þegar hann mætir Rússanum Albert Tumenov í Rotterdam.**

**MMA** Gunnar Nelson berst í fyrsta sinn á árinu 2016 á sunnudagskvöldið en hann stígur þá inn í búrið í Ahoy-höllinni í Rotterdam. Gunnar þarf að svara fyrir sig eftir slæmt tap gegn Brasilíumanninum Demian Maia í Las Vegas í desember í fyrra.

Hinn 24 ára gamli Tumenov er rísandi stjarna í UFC-heiminum. Eftir að hafa unnið þrettán bardaga og tapað aðeins einum heima í Rússlandi fékk hann samning hjá UFC en tapaði fyrsta bardaganum innan sambandsins. Síðan þá hefur hann verið á miklum skriði og unnið fimm bardaga í röð, þar af þrjá með rothöggi.

„Hann er bestur standandi. Mér finnst boxið hans vera best en spörkin eru mjög góð líka. Sérstaklega háspörkin sem eru frekar snögg. Hann blandar þessu skemmtilega saman. Það er aðallega boxið sem er það besta. Hann er klassískur þar hvað varðar fótavinnu og annað en það virkar vel fyrir hann,“ segir Gunnar sem hefur æft standandi leikinn mikið undanfarin tvö ár. Hann langar þó mest að koma Tumenov í jörðina.

„Ég á eftir að nota þau verkfæri sem ég hef, hver sem þau verða. Það væri örugglega helvíti fínt að tuskast í honum þar,“ segir Gunnar glettinn og er greinilega léttur.

**Conor truflaði ekki**

Ólíkt því sem var fyrir síðustu bardaga æfði Gunnar að mestu leyti heima á Íslandi hjá sínu félagi, Mjölni, þar sem hann fékk vini sína frá Bretlandi og Írlandi til að koma yfir hafið og æfa með sér. Hann dvaldi löngum stundum í Ameríku fyrir síðustu tvo bardaga en fannst þetta mikið betra.

„Það er mjög gott að vera heima þar sem ég er með litinn strák. Svo er æfingaaðstaðan okkar í Mjölni alveg frábær til undirbúnings. Það að fá stráka yfir til Íslands og æfa með okkur í Mjölni er eins gott og það gerist finnst mér. Ég myndi vilja hafa það þannig oftar ef möguleiki er á,“ segir Gunnar.

Írski bardagamaðurinn Conor McGregor, skærasta stjarna UFC-heimsins í dag, kom einnig til Íslands til að æfa með Gunnari síðustu vikuna sem hann var hér heima. Gunnar og Conor eru miklir vinir og hafa verið lengi. Það fór líklega ekki fram hjá mörgum að Conor setti UFC-heiminn á hliðina þegar hann sagðist vera hættur en fjölmiðlafárið í kringum það truflaði ekki æfingaskipulagið.

„Það hafði engin áhrif á æfingarnar. Ég er búinn að þekkja Conor í mörg ár og það er alltaf drama og dæmi í kringum hann. Það er alltaf nóg af fjöri þannig að maður er löngu orðinn vanur þessu,“ segir Gunnar, en var þetta ekki það mesta hingað til?

„Ekkert endilega,“ segir Gunnar og hlær. „Þetta var fínn pakki en mikið á netinu sem ég var ekkert að spá í. Við héldum bara okkar plani og vorum að æfa og djöflast þannig að þetta breytti engu máli fyrir mig.“

**Læri mikið af honum**

Conor átti sjálfur að berjast í júlí gegn Nate Diaz og reyna að hefna fyrir tapið fyrr á þessu ári. Ekkert verður af bardaganum þar sem hann fór hálfpartinn í hart við UFC. Hann sagðist vera hættur en hætti svo við að hætta nokkrum dögum síðar.

> **Ég á eftir að nota þau verkfæri sem ég hef hver sem þau verða.**
>
> Gunnar Nelson

„Hann sagðist vera kominn með nóg af þessu. Mig grunaði að hann myndi koma aftur og ég hugsa að hann hafi alveg vitað það sjálfur. Þó menn hætti koma þeir aftur. Á þessum tímapunkti var hann orðinn þreyttur á öllu þessu fjölmiðladæmi. Það var að fara illa í hann,“ segir Gunnar um vin sinn Conor.

„Hann langaði að fara að æfa því hann var að fara að mæta manni sem hann var búinn að tapa fyrir. Hann langaði að fá tíma út af fyrir sig til að æfa á meðan það var verið að reyna að draga hann inn í alls konar dæmi.“

Gunnar segir það gera sér mjög gott að æfa með Conor en þeir hafa æft saman lengi: „Það er alltaf frábært. Við höfum æft saman frá því við vorum 19 ára. Við höfum reglulega verið saman í æfingabúðum. Það hafa alltaf verið mjög góð samskipti okkar á milli og æfingar okkar hafa verið góðar. Ég hef alltaf lært mikið af honum.“

**Hugsar ekki um tap**

Eftir mikinn og hraðan uppgang í UFC er Gunnar nú búinn að tapa tveimur af síðustu þremur bardögum og er dottinn út af styrkleikalista veltivigtarinnar. Hann hugsar ekki einu sinni um hvað verður um ferilinn ef allt fer á versta veg á sunnudaginn.

„Maður hugsar ekki svona. Maður heldur bara áfram. Það skiptir engu máli hvað gerist. Það þýðir ekkert að spá í þessum hlutum núna,“ segir Gunnar sem er alltaf bjartsýnn og hefur trú á eigin getu.

„Auðvitað getur allt gerst og þá tekur maður bara á því þegar að því kemur. Það er engin hola í veginum það djúp að maður komist ekki fram hjá henni og geti haldið áfram. Maður horfir bara fram á við og heldur áfram. Það tapa allir íþróttamenn einhvern tíma,“ segir Gunnar Nelson. tomas@365.is



## Nýjast

**Inkasso-deildin**

**HK - Keflavík 1-1**

1-0 Ragnar Leósson, víti (62.), 1-1 Sigurbergur Elísson (80.)

**Grindavík - Haukar 3-2**

0-1 Aron Jóhannsson (13.), 1-1 Alexander Veigar Þórarinsson (34.), 2-1 Hákon Ívar Ólafsson (52.), 3-1 Gunnar Þorsteinsson (57.), 3-2 Þórður Jóhannesson (84.).

## Haukur Helgi og Helena best

**KÖRFUBOLTI** Helena Sverrisdóttir úr Haukum og Haukur Helgi Pálsson úr Njarðvík voru í gær kosin bestu leikmenn tímabilsins í Domino's-deildunum í körfubolta, Helena í fjórða sinn en Haukur í fyrsta sinn.

Þjálfarar Íslands- og bikarmeistaranna, Finnur Freyr Stefánsson hjá KR og Ingi Þór Steinþórsson hjá Snæfelli, voru valdir þjálfarar ársins. Bestu ungu leikmenn Domino's-deildanna voru þau Thelma Dís Ágústsdóttir úr Keflavík og Kári Jónsson úr Haukum.

Gunnhildur Gunnarsdóttir, fyrirliði Snæfells, var valin besti varnarmaður deildarinnar annað árið í röð en KR-ingurinn Darri Hilmarsson var sá fyrsti sem nær að verða varnarmaður ársins þrjú ár í röð. Michael Craion var valinn besti erlendi leikmaðurinn þriðja árið í röð en Haiden Palmer hjá Snæfelli hlaut þau verðlaun hjá konunum. – óój



## Laugardagur

| | | |
|---|---|---|
| 11.25 | Mboro - Brighton | Sport2 |
| 11.35 | Norwich - Man. Utd | Sport |
| 13.25 | Schalke - Augsburg | Bravó |
| 13.50 | Sunderland - Chelsea | Sport2 |
| 15.30 | Fjölnir - ÍBV | Sport |
| 16.20 | Leicester - Everton | Sport2 |
| 17.00 | Wells Fargo-mótið | Golfst. |
| 18.40 | Bologna - AC Milan | Sport |
| 21.00 | Miami - Toronto | Sport |
| 14.00 | Fjarðab. - Huginn | Fj.höllin |
| 16.00 | Selfoss - Leiknir F. | Selfossv. |
| 16.00 | Leiknir R. - Þór | Leiknisv. |
| 16.00 | KA - Fram | KA-völlur |
| 16.00 | Fjölnir - ÍBV | Fjölnisvöllur |
| 16.00 | Grótta - Stjarnan | Hertz-höllin |

## Sunnudagur

| | | |
|---|---|---|
| 10.25 | Roma - Chievo | Sport2 |
| 12.20 | Tottenham - South. | Sport |
| 14.50 | Man. City - Arsenal | Sport |
| 14.50 | Liverpool -Watford | Sport2 |
| 14.55 | Real Madrid - Valencia | Sport4 |
| 14.55 | Barcelona - Espanyol | Sport3 |
| 17.00 | Wells Fargo-mótið | Golfst. |
| 18.00 | UFC: Gunnar Nelson | Sport |
| 18.45 | Víkingur - Stjarnan | Sport2 |
| 19.05 | Fylkir - Breiðablik | Sport3 |
| 22.00 | Pepsi-mörkin | Sport |
| 16.00 | Haukar - UMFA | Schenker-höll |
| 16.00 | Vík. Ó. - Valur | Ólafsvík |
| 19.15 | FH - ÍA | Kaplakriki |
| 19.15 | Fylkir- Breiðablik | Floridanav. |
| 19.15 | Þróttur - KR | Þróttarvöllur |
| 19.15 | Víkingur - Stjarnan | Víkin |


BMW EFFICIENTDYNAMICS.
LESS EMISSIONS. MORE DRIVING PLEASURE.
BMW X5 PHEV
www.bmw.is
Hrein akstursánægja
BMW
a service from BMW i.
NÝR OG SPARNEYTINN
BMW X5 PLUG-IN HYBRID.
BMW X5 xDrive40e / VERÐ: 10.790.000 KR.
Nýi BMW X5 xDrive40e PLUG-IN HYBRID tengirafbíllinn sameinar nýjustu rafbílatækni og það besta sem völ er á í hefðbundinni vélartækni. Rafmótorinn er innbyggður í 8 þrepa sjálfskiptinguna sem tryggir fullkomna virkni xDrive fjórhjóladrifsins hvort sem bíllinn er í rafstillingu eingöngu eða knúinn bensínvél. Nýr BMW X5 xDrive40e skipar sér í hóp sparneytnustu jeppa í sínum stærðarflokki með eldsneytisnotkun upp á einungis 3,3 l/100 km* í blönduðum akstri. Samanlagt skila rafmótorinn og bensínvélin 313 hestöflum.
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.
OPIÐ Í DAG KL. 12–16
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L
*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
ENNEMM / SÍA / NM74927


Það er ljóst að öllu verður til tjaldað í Hofi í kvöld þegar öll helstu lög rokksveitarinnar AC/DC verða flutt. MYND/HELGI STEINARS

# Lofa geggjuðum krafti í kvöld

**Tónleikasýningin AC/DC var frumsýnd í Hörpu síðustu helgi og nú er land lagt undir fót og skellt í sýningu á Akureyri í kvöld. Karlmenn voru í meirihluta um liðna helgi en það er í fyrsta sinn sem það gerist hjá Rigg viðburðum.**

Gyða Lóa Ólafsdóttir
gydaloa@frettabladid.is

Aðstandendur tónleikasýningarinnar AC/DC leggja land undir fót og troða upp í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri í kvöld.

Líkt og nafn sýningarinnar gefur til kynna eru tónsmíðar rokkhljómsveitarinnar AC/DC í forgrunni og sjá þeir Stefán Jakobsson, Dagur Sigurðsson og Hjörtur Traustason um að þenja raddböndin en hljómsveitina skipa þeir Guðni Finnsson á bassa, Ingó Geirdal á gítar, Franz Gunnarsson á gítar og Magnús Magnússon á trommur.

Friðrik Ómar Friðriksson ásamt Rigg viðburðum sér um að setja sýninguna upp en hún var frumsýnd um síðustu helgi í Eldborg og segir hann sýninguna hafa laðað að sér annan markhóp en fyrri sýningar viðburðafyrirtækisins. „Við fengum alveg fulla Hörpu af karlmönnum og þetta var í fyrsta skipti sem þeir voru í meirihluta,“ segir hann og hlær, en fyrri sýningar Rigg eru til dæmis Tina drottning rokksins, Töfrar Tom Jones, Bee Gees í 55 ár, heiðurstónleikar Freddie Mercury og Vilhjálmur Vilhjálmsson 70 ára.

„AC/DC er eins og flestir kannast við svona rokk og ról en samt svona gleði rokk og ról. Við erum að fara í gegnum þeirra helstu slagara og kannski eitthvað minna þekkt. Stemningin í Hörpu var geðveik, það var bara risið úr sætunum og klappað, stappað og öskrað,“ segir Friðrik Ómar hress.

„Það sem er líka svo magnað er að þeir eru búnir að selja mest af plötum á Íslandi af öllum erlendum artistum, í kringum 100.000 plötur,“ segir Friðrik Ómar um sveitina, en af því að dæma er augljóst að þeir félagar eiga upp á pallborðið hjá íslenskum tónlistarunnendum.

Friðrik Ómar segir svo sannarlega ekki hlaupið að því að ætla að syngja lög sveitarinnar sem eru mörg hver töluvert erfið en segir þá Stefán, Dag og Hjört rúlla því upp. „Það er mjög erfitt að syngja þessa tónlist en ég var einhvern veginn alltaf með þessa þrjá stráka í huga. Þetta prógramm, það er allt mjög hátt uppi, en þeir rúlla þessu upp,“ segir Friðrik og bætir við að þeir séu allir skemmtilega ólíkir en virki vel saman í sýningunni og lofar góðri skemmtun í kvöld. „Við lofum bara geggjuðu „poweri“ í Hofi í kvöld,“ segir hann eldhress að lokum.

Sýningin hefst í Menningarhúsinu Hofi klukkan 20.00 og er miðaverð 7.990 krónur.




Elsku mamma
25%
Til hamingju með daginn mæður!
í tilefni mæðradagsins er 25% afsláttur
af ilmum í öllum verslunum Lyfja & heilsu.
Lyf & heilsa
Við hlustum!

# HELGARTILBOÐIN Í





## MAGAN
Borðstofustóllinn fæst í fjórum útfærslum. Dökkgrár eða burgundi rauður með dökkum eða ljósum viðarfótum.

**19.990 kr.** ~~27.990 kr.~~



## MARCUS
Borðstofustóll.
Svartur, hvítur eða grár.

**5.990 kr.** ~~7.990 kr.~~



## PARIS
Borðstofustóll. Rauður og orange.
Með viðarlöppum.

**9.990 kr.** ~~14.990 kr.~~



## DIMA
Borðstofustóll. Hvítur og svartur.
Með viðarlitum og svörtum löppum.

**11.990 kr.** ~~14.990 kr.~~



## BELINA
Borðstofustóll.
Hvítur eða svartur.

**12.990 kr.** ~~19.990 kr.~~

## BELINA
Stækkanlegt eldhúsborð, viður/hvítt.
Stærð: 110 x 110/160
H: 74 cm



**69.990 kr.** ~~99.990 kr.~~



## BELINA
Stækkanlegt borðstofuborð, viður/hvítt.
Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm

**89.990 kr.** ~~119.990 kr.~~





## EIFFEL
Borðstofustóll.
Svartur, grár og hvítur með svörtum löppum.

**8.990 kr.** ~~11.990 kr.~~





## EIFFEL
Borðstofustóll.
Í mörgum litum með króm löppum.

**9.990 kr.** ~~13.990 kr.~~

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20
**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**
**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

# HÚSGAGNAHÖLLINNI






## LEVANTO

Leður hægindadstóll með skemli.

**124.990 kr.** ~~149.990 kr.~~



## FRIDAY

Hornsófi með hvíld.
Dökkgrátt eða brúnt áklæði.
Stærð: 370 × 187 × 90 cm

**249.990 kr.** ~~319.990 kr.~~



## HAVANA

Hægindastóll. Margir litir í áklæði.

**69.990 kr.** ~~79.990 kr.~~







## AVELLINO

Svefnsófi. Slitsterkt áklæði. Ljós- og dökkgrár og blár. Góð rúmfataskúffa.
Stærð: 214 x 89 x 90 cm

**69.990 kr.** ~~89.990 kr.~~

HÚSGAGNA
HÖLLIN




# Svartamarkaðurinn á Facebook

Í fjölmörgum hópum á Facebook fara fram viðskipti með fíkniefni, lyfseðilsskyld lyf og vændi. Um er að ræða tugi síðna þar sem ólögleg fíkniefni eru auglýst. Fíklar selja sig á samskiptasíðunni í skiptum fyrir næsta skammt.

**Ólöf Skaftadóttir**
olof@frettabladid.is
**Viktoría Hermannsdóttir**
viktoria@frettabladid.is



Óformleg rannsókn blaðamanna á þessum síðum leiddi í ljós ótrúlegt magn ávanabindandi, lyfseðilsskyldra lyfja sem boðin eru til sölu. Svokallað læknadóp. Þó aðallega sé um að ræða sölu á fíkniefnum þá er ýmislegt annað selt á síðunum. Dæmi eru um að ungir fíklar verði sér úti um næsta skammt með vændi.

Ýmislegt gengur kaupum og sölum á þessum síðum. Meðal annars ber á því að ungir fíklar séu beðnir um að fara í búðir og stela ákveðnum hlutum og fá í staðinn fíkniefni, lyf eða peninga.

Yfirmaður fíkniefnadeildar, Runólfur Þórhallsson, segir lögreglu reglulega taka rassíur á síðum á borð við þessar, en alltaf spretti upp nýjar og nýjar. Verkefnisstjóri lyfjateymis hjá Embætti landlæknis segir engar vísbendingar um að verið sé að flytja inn læknadóp. Allt komi þetta úr íslenskum apótekum.

➡

## Líffæri til sölu

Svartamarkaðurinn á Facebook nær yfir ýmislegt. Árið 2014 leiddi rannsókn blaðamanns breska blaðsins The Sunday Times í ljós að auðvelt var að verða sér úti um líffæri fyrir rétta upphæð á samskiptasíðunni. Blaðamaðurinn þóttist vera að leita að nýra fyrir systur sína og setti í þeim tilgangi auglýsingu inn á samskiptavefinn. Á viku fékk hann svö frá ellefu einstaklingum sem voru tilbúnir til að selja honum líffæri fyrir rétt verð en það er ólöglegt að selja líffæri.



Auðvelt er að komast yfir fíkniefni, lyfseðilsskyld lyf eða vændi á sölusíðum á Facebook.




## KRÍT



### Sirios Village

**Frá kr. 114.435 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 114.435 m.v. 2+1 í herbergi. Netverð á mann frá kr. 148.195 m.v. 2 í herbergi.

26. maí í 11 nætur.



### Omega Apartments

**Frá kr. 67.195**

Netverð á mann frá kr. 67.195 m.v. 2+2 í íbúð. Netverð á mann frá kr. 87.395 m.v. 2 í stúdíó.

26. maí í 11 nætur.



### Helios Apartments

**Frá kr. 69.995**

Netverð á mann frá kr. 69.995 m.v. 2+2 í íbúð. Netverð á mann frá kr. 103.395 m.v. 2 í íbúð.

26. maí í 11 nætur.



### Porto Platanias Village

**Frá kr. 109.995 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 109.995 m.v. 2+2 í íbúð. Netverð á mann frá kr. 159.895 m.v. 2 í stúdíó.

26. maí í 11 nætur.

## TENERIFE



### Apartments Paradero I

**Frá kr. 60.555**

Netverð á mann frá kr. 60.555 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíó.
Netverð á mann frá kr. 66.595 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.

18. maí í 7 nætur.

## COSTA DEL SOL



### Sol Timor Apartments

**Frá kr. 98.095**

Netverð á mann frá kr. 98.095 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 103.095 m.v. 2 fullorðna í íbúð.

19. maí í 10 nætur.

## TENERIFE



### Apartments Paradero I

**Frá kr. 78.555**

Netverð á mann frá kr. 78.555 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíó.
Netverð á mann frá kr. 84.595 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.

28. maí í 7 nætur.

## COSTA DEL SOL



### Aguamarina Aparthotel

**Frá kr. 61.895**

Netverð á mann frá kr. 61.895 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 91.895 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.

29. maí í 11 nætur.

Heimsferðir

ENNEMM / SIA • NM75119 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

# Vímuefni, lyfseðilsskyld lyf og vændi

Séu þessar sölusíður skoðaðar kemur í ljós að þar eru flestir notendur undir einhvers konar dulnefnum. Sölumennirnir leggja mismikið upp úr auglýsingunum en í sumum tilvikum eru jafnvel búnar til sérstakar auglýsingar með slagorðum á borð við: „Bleika þruman – verður skemmtilega ruglaður á þessum.“ Önnur auglýsing hljómar svona: Alvöru keyrsla, pólska krítin! Ég nota þetta sjálfur og er búinn að gera lengi. Mikil virkni, hressir þig við og heldur þér endalaust gangandi! Er oftast vakandi á næturnar og alltaf vakandi um helgar frá föstudegi til sunnudags …“ skrifar einn sölumaðurinn á síðunni.




„Sala fer ekki alfarið fram þarna en slatti af þessari smásölu fer fram á Facebook,“ segir Runólfur Þórhallsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar. „Við höfum farið í svona átak þar sem við höfum tekið 1-2 mánuði og gert rassíur í þessu. Við verðum að forgangsraða í þessu eins og öllu öðru,“ segir Runólfur.




**Taka reglulega rassíur**

Yfirleitt sé um að ræða litla skammta sem enda sjaldnast með dómi heldur frekar sektum. „Þeir læra fljótt á hvernig við fylgjumst með og bregðumst við. Símanúmerin sem eru auglýst eru allt óskráð frelsisnúmer sem jafnvel ganga kaupum og sölum. Við erum að ná litlu magni í einu þannig að það er talsverð vinna fyrir litla uppskeru en við fylgjumst með þessum síðum og tökum reglulega rassíur,“ segir Runólfur. Hann segir reglulega koma tilkynningar um slíkar síður. Þegar síðunum er lokað spretta fljótt upp nýjar og erfitt er að koma í veg fyrir það. Hópar**n**ir eru oft lokaðir og þarf sérstaklega að láta bjóða sér til þess að komast inn í þá.

Talsvert magn lyfseðilsskyldra lyfja er að finna á þessum síðum. „Það eru lyf þarna bæði frá þeim sem eru að fá lyf á réttmætan hátt en eru kannski að fá of mikið og svo líka eins frá þeim sem eru að falsa lyfseðla.“

**Neyslutengt vændi**

„Við heyrum ekki af mörgum tilfellum, en þetta er að gerast og hefur verið að gerast. Oft eru þetta ungir krakkar, sumir skólakrakkar sem leiðast út í fíkniefnaneyslu. Búnir að brenna allar brýr að baki sér fjárhagslega og þurfa að finna leiðir til að fjármagna neysluna,“ segir Snorri Birgisson lögreglufulltrúi sem sér um þau mál sem snúa að mansali og vændi. Hann segir ákveðinn hóp auglýsa vændi á Facebook, það sé þó aðallega neyslutengt. „Þetta er innan fíkniefnaheimsins. Fólk í neyslu er að nýta sér þessa þjónustu,“ segir Snorri. „Það eru bæði skipti á lyfjum og dópi og líka peningar sem þessir einstaklingar fá í hönd. Þetta er neyslutengt.“

Snorri segir lögregluna fá margar ábendingar um slíkar síður. „Við höfum látið loka slatta af síðum, sérstaklega með íslenska notendur, þar sem er augljóst vændi. Facebook hefur tekið til skoðunar og lokað óhikað ef fyrirtækið er sammála en það þarf að vera áberandi að þetta sé vændissíða.“

Það er hins vegar ekki alltaf augljóst að verið sé að auglýsa vændi. Sumir auglýsa eftir hitting fyrir $ eða nota svokallað peningamerki til þess að skilgreina hvers konar þjónustu sé um að ræða.

Gögn sem Fréttablaðið hefur undir höndum og sýna samskipti ungrar konu sem glímt hefur við fíknivanda, á Facebook, sýna að fjölmargir vilja kaupa vændi í skiptum fyrir peninga eða fíkniefni. Konan setti inn auglýsingu og fékk yfir 100 skilaboð á nokkurra daga tímabili þar sem menn vildu kaupa þjónustu hennar og vissu í flestum tilvikum af fíknivanda hennar. Margir buðu lyf í skiptum fyrir kynlíf. Snorri segir bæði stelpur og stráka vera á þessari síðu að selja sig fyrir fíkniefni eða lyf.

**VIÐ ERUM AÐ NÁ LITLU MAGNI Í EINU ÞANNIG AÐ ÞAÐ ER TALSVERÐ VINNA FYRIR LITLA UPPSKERU EN VIÐ FYLGJUMST MEÐ ÞESSUM SÍÐUM OG TÖKUM REGLULEGA RASSÍUR.**

Runólfur Þórhallsson, yfirmaður fíkniefnadeildar



**ÞAÐ ERU BÆÐI SKIPTI Á LYFJUM OG DÓPI OG LÍKA PENINGAR SEM ÞESSIR EINSTAKLINGAR FÁ Í HÖND. ÞETTA ER NEYSLUTENGT.**

Snorri Birgisson, lögreglufulltrúi



**ÞAÐ ER MJÖG MIKIÐ AF SÖLUSÍÐUM Á FACEBOOK ÞAR SEM ALLT VIRÐIST VERA TIL SÖLU. FÍKNIEFNI, VÆNDI, ÞÝFI OG ÖNNUR LYF.**

Guðmundur Fylkisson lögreglumaður





Vændi er auglýst á Facebook. Ungir fíklar selja sig á þessum síðum til þess að eiga fyrir næsta skammti.

**Þýfi og vændi**

Guðmundur Fylkisson fer fyrir sérstöku verkefni hjá lögreglunni sem snýr að því að finna strokubörn. Sum þessara barna eru í neyslu og hefur hann því í gegnum starf sitt kynnst svartamarkaðnum á Facebook. „Það er mjög mikið af sölusíðum á Facebook þar sem allt virðist vera til sölu. Fíkniefni, vændi, þýfi og önnur lyf,“ segir Guðmundur sem hefur orðið var við að sumir skjólstæðinga hans nota þessar síður. „Mitt ráð til foreldra þessara krakka er að ef þau rekast á svona síður eða einstaklinga sem eru að selja þá eiga þau að nota tilkynningarhnappinn á Facebook. Það getur verið að þeir hunsi þig í fyrstu 1-2 skiptin sem þú tilkynnir og það spretta upp nýjar síður en við eigum ekki að lúta í lægra haldi fyrir þessum hluta samfélagsins sem er þarna að brjóta af sér.“




Guðmundur vill þó taka fram að þetta sé ekki stór hópur sem noti sér þessar síður. „Þetta er veruleiki en ég get ekki sagt þetta sé margir tugir einstaklinga sem ég verð var við en því miður á þetta sér stað.“

Hann segist líka vita til þess að vændi sé boðið til sölu á þessum síðum. Hann viti til þess að fíklar skipti á kynlífi fyrir næsta skammt. „Vissulega verður maður var við það að vændi er í boði.“

Ýmislegt þýfi er einnig boðið í skiptum fyrir fíkniefni eða lyf. Til dæmis hefur borið á að fólk sé að stela kjöti í skiptum fyrir fíkniefni eða peninga. „Það virðist vera algengt að menn séu að fara inn í verslanir að stela kjöti. Þau eru að stela þessu og selja síðan eða skipta fyrir efni.“ Hann nefnir líka 66°Norður úlpur sem dæmi um þýfi sem sé algengt.




# Flugsæti til Frankfurt á góðu verði í sumar

Eigum nokkur flugsæti laus til Frankfurt í maí og júní með þýskum samstarfsaðilum. Flogið er frá Íslandi tvisvar í viku; á sunnudögum og fimmtudögum. Flogið er með flugfélaginu **Lufthansa.** Innifalin er 20 kg farangursheimild ásamt flugmáltíð og drykkjum.

Önnur leið frá kr.

Verð með sköttum: **13.999**

Nánari upplýsingar á skrifstofutíma í síma 588 8660

TROLL TOURS SNÆLAND GRÍMSSON

Langholtsveg 109 · 104 Reykjavík · Sími 588 8660 · flug@snaeland.is


# Lyf úr íslenskum apótekum

Lyfjateymi Embættis landlæknis sér um reglubundið eftirlit með ávísunum á ávanabindandi lyf. „Við skoðum öll ávanabindandi lyf og þá hvort einhverjir eru að fá lyfin í miklum mæli eða frá mörgum læknum á sama tíma, þá skoðum við einnig sjálfsávísanir lækna. Þetta eru um 130 lyfjaheitisnúmer sem eru til skoðunar,“ segir Ólafur B. Einarsson, verkefnisstjóri lyfjamála hjá Embætti landlæknis. „Við fylgjumst mjög grannt með þessu og erum í miklum samskiptum við lækna. Í þessum úttektum sjáum við fólk sem er að fá gríðarlega mikið magn lyfja ávísað. Oftast eru þetta einstaklingar sem eru að glíma við mjög erfið veikindi.“

Í frétt Morgunblaðsins frá því á fimmtudag segir að komið hafi upp dæmi um að fólk sé að nýta sér kennitölur annarra til að leysa út lyf. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur það færst í aukana að fólk sem ásælist svokallað „læknadóp“ eða ávanabindandi lyf, skrái sig inn í Facebook-hópa ætlaða sem stuðning við þá sem glíma við ýmis veikindi og þurfa lyf við sínum kvillum. Þar inni deili fólk persónulegum upplýsingum um sig. Kennitölum þeirra sé stolið og lyf leyst út á nöfnum þeirra. Ólafur kannast við þessa tegund mála. „Við höfum fengið svona ábendingar á okkar borð. Ef verið er að taka út lyf í nafni einhvers, án þess að viðkomandi viti af því, þá getur sá einstaklingur látið loka fyrir úttektir, þannig að hann einn sé sá sem geti leyst út lyfin í apótekum.“

**Stórt vandamál á Íslandi**

Ólafur segist hafa fengið ábendingar um Facebook-síður þar sem verið er að selja lyfseðilsskyld lyf. „Á tímabili vorum við að fá mikið af ábendingum um slíkt. Þar voru upplýsingar um símanúmer og nöfn einstaklinga, en svo allt í einu datt það upp fyrir og við hættum að fá slíkar ábendingar. Þá virðist þetta hafa farið inn í lokaðar grúppur sem er erfiðara að hafa aðgang að.“

Hann segir sína tilfinningu vera þá að fólk sem glími við lyfjafíkn hafi nægan aðgang að lyfjum en það er erfitt að koma í veg fyrir misnotkun þegar aðrir fá lyfin ávísuð. Vandamálið er því bæði fíknivandi fólks og einstaklingar sem gera sér upp veikindi til að geta grætt á sölu lyfja sem það fær ávísuð. Þessir einstaklingar gefa eða selja lyf beint til fíkla eða til milliliða, sem skaffa svo fíklum lyf gegn háu gjaldi. „Það er eitthvert svona form á þessu. Það er stórt vandamál á Íslandi, hvað mikið af læknalyfjum er notað af öðrum en þeim sem fá þau ávísuð. Við höfum litlar vísbendingar fengið um að verið sé að flytja þetta inn til landsins eftir öðrum leiðum. Þannig að þetta virðist allt komið úr apótekum hérlendis.“

**ÞETTA VIRÐIST ALLT KOMIÐ ÚR APÓTEKUM HÉRLENDIS.**

Ólafur B. Einarsson



**Læknum jafnvel hótað**

Eitthvað er um að læknum og jafnvel fjölskyldum þeirra sé beinlínis hótað, skrifi þeir ekki upp á lyf. Ólafur kannast við slík mál. „Við höfum heyrt dæmi þess að verið sé að hóta læknum, já.“

*En hafa margir læknar misst leyfið fyrir að skrifa upp á óeðlilegt magn ávanabindandi lyfja?*

„Það eru dæmi um lækna sem hafa misst læknaleyfið og eins leyfið til að ávísa ávanabindandi lyfjum.“

Hann vill þó ekki gefa upp hversu margir læknar hafi misst leyfið. „Við teljum óréttlátt að fara að birta það. Læknirinn getur verið að missa leyfið því hann er að ávísa á sjálfan sig, aðra einstaklinga eða hefur gerst sekur um annað en það sem viðkemur ávísunum lyfja. Þá eru einnig dæmi um lækna sem leggja inn leyfið sjálfir.“

# Bjóðum sumarið velkomið




## LANGUR LAUGARDAGUR Í DAG

Maímánuður er forleikur að sumrinu sem er rétt handan við hornið. Sumargötur hafa verið opnaðar, Miðborgarvaka er á næsta leiti og mánuðurinn nær hámarki með Listahátíð í Reykjavík. Við hefjum leikinn að vanda á Löngum laugardegi þar sem tilvalið er að njóta vöruúrvals og veðurblíðu – og fá sér kannski hressingu inn á milli.

**Næg bílastæði og munið bílastæðahúsin.**

**Afrískir slagverksmenn slá taktinn á eftirtöldum stöðum:**

| | |
|---|---|
| **13:30** | Ellingsen |
| **14:30** | Barónstorg |
| **15:00** | Laugatorg |
| **15:30** | Skólatorg |
| **16:00** | Ingólfstorg |

**Viðburðir í maí:**

| | |
|---|---|
| **01. maí** | Sumargötur opnaðar |
| **07. maí** | Langur laugardagur |
| **19. maí** | Miðborgarvaka |
| **21. maí** | Listahátíð í Reykjavík |

BÍLASTÆÐASJÓÐUR

ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ

MIÐBORGIN OKKAR — ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!

— WWW.MIDBORGIN.IS —

MIÐBORGIN OKKAR

# HELGAR

LAUGARDAG 11-16 og SUNNUDAG 13-17

# WHIRLPOOL DAGAR



## ÖLL WHIRLPOOL HEIMILISTÆKI MEÐ ALLT AÐ 40% AFSLÆTTI

**ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - ÖRBYLGJUOFNAR - OFNAR HELLUBORÐ - GUFUGLEYPAR - KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR - FRYSTIKISTUR**



40%

**Whirlpool AKM9010NE**
60 cm helluborð með 4 keramik hellum og rofum. 1 x 2100W hella 21 cm. 1 x 1700W hella 18 cm. 2 x 1200W Hella 14,5 cm. Stærð (bxhxd): 58 x 49 x 51 cm.

TILBOÐ **29.995**
FULLT VERÐ 49.995



22%

**Whirlpool WHS1021**
100 lítra frystikista með hraðfrystingu og LED skjá sem sýnir hitastig. Orkuflokkur A+. Frystigeta 9kg. Geymslutími eftir straumrof 22 klst. Stærð (hxbxd): 86x52,7x56,9 cm.

TILBOÐ **34.995**
FULLT VERÐ 44.995



38%

**Whirlpool ACM2200**
Eldavél án blásturs með 4 steyptum hellum. 53 lítra ofn. Yfir og undirhiti. Grill. Tvöfalt gler í hurð. Geymsluskúffa og barnalæsing. Orkuflokkur A. Stærð (HxBxD): 85-92 x 50 x 50 cm.

TILBOÐ **49.995**
FULLT VERÐ 79.995



10 ára ábyrgð á kælipressu

21%

**Whirlpool BSNF8121W**
Kæliskápur með 97 lítra frysti og 222 lítra kæli. No Frost. 6th SENSE Fresh Control. Multiflow kælivifta. AntiBacteria Filter. LED lýsing. Orkuflokkur A+. Frystigeta 4kg / 24 klst. Stærð (hxbxd): 188,5 x 59,5 x 65,5 cm.

TILBOÐ **74.995**
FULLT VERÐ 94.995



Þvær og þurrkar á 1 klst.

20%

**Whirlpool ADPU2030IX**
Uppþvottavél með 10 kerfi og 6th Sense með gufu. PowerClean. LCD skjár. Vatns-flæðivörn. Sjálfhreinsandi sía. Þurrkar með hita og viftu. Þvottahæfni A. Orkuflokkur A+++. Þurrkgeta A. Stál eða Hvít.

TILBOÐ **99.995**
FULLT VERÐ 119.995

**12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR**

www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ - www.ht.is - ÞÚSUNDIR VÖRUTEGUNDA - www.ht.is - FRÁBÆR TILBOÐ - www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ

# TILBOÐ

## OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT

## EM TILBOÐ




**PHILIPS**

**TILBOÐ 129.995**

VERÐ ÁÐUR 149.995

**Philips 55PFT5500**
55" Smart LED sjónvarp með Full HD 1920 x 1080 upplausn. Pixel Plus HD. DualCore örgjörvi. 200 Hz Perfect Motion Rate. Multiroom TV. Android 5.0. Wi-Fi. Stafrænn DVB-C/T2 móttakari. 3 x USB og upptökumöguleiki. 4 x HDMI. MyRemote Apple / Android síma- og spjaldtölvu App.

NETFLIX · DualCore · FullHD · PixelPlusHD · 200Hz · Google play · Spotify · DVB T2




Digital CrystalClear · 200 PICTURE PERFORMANCE INDEX · HDMI x2 · with easyLINK · USB

**Philips 40PFT4111**
40" FHD LED sjónvarp með 1920 x 1080p upplausn. Digital Crystal Clear myndvinnsla. 100 Hz Perfect Motion Rate. 16 W RMS Incredible Surround hljóðkerfi. Stafrænn DVB-C, DVB-T2 móttakari. USB tengi. USB upptökumöguleiki. 2 HDMI tengi, Scart, Component. Heyrnartólstengi, optical út & CI rauf. EasyLink.

**TILBOÐ 69.995**

VERÐ ÁÐUR 79.995




4K ULTRA HD TV · VIERA VIERA Direct · EASY MIRRORING · STUDIO MASTER COLOUR · QUAD-CORE PRO · NETFLIX

**Panasonic TX50CX670E**
50" Smart LED sjónvarp með 4K Ultra HD 3840x2160p upplausn og VIERA Direct. Quad Core Pro örgjörvi. 200 Hz BMR. Local Dimming. 4K Up-Scaling / 4K Smooth Motion. Studio Master Color DCI. Brilliant Contrast. Pro 24p Smooth Film/Play Back. Firefox OS netvafri. NETFLIX - 4K. Swipe & Share 2.0 / My Home Screen. Wi-Fi. TV Anywhere. Stafrænn DVB-C/T2 móttakari. 3 x USB tengi. 3 x HDMI o.fl.iPhone eða Android síma- / spjaldtölvu app.

**TILBOÐ 139.995**

VERÐ ÁÐUR 179.995




IPS · LED · 4K ULTRA HD · 4K Upscaler · 1000Hz PMI · DVB T2 · NETFLIX

**LG 55UF680V**
55" Smart IPS LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn og 1000Hz PMI. Tru ULTRA HD Engine - 4K uppskölun. Micro Pixel Control. Real Cinema 24p. Quad-Core örgjörvi. webOS 2.0 - opinn vafri. NETFLIX - 4K. LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct. Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari. Gerfihnattamóttakari. 2x USB 2.0. USB 3.0. 2x HDMI o.fl. Apple og Android síma- / og spjaldtölvu app.

**TILBOÐ 179.995**

VERÐ ÁÐUR 229.995




ambi light 3 · PixelPrecise ULTRA HD · 800Hz · ULTRA HD · NETFLIX

**Philips 55PUS7150**
55" 3D Android LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn. Pixel Precise Ultra HD. Micro Dimming Pro. 800 Hz Perfect Motion Rate. Natural Motion. Quad Core örgjörvi. Ambilight 3 bakljós. Cloud TV / Cloud Explorer / Dropbox. Multiroom TV. Android 5.0. Google Play store. Wi-Fi 2x2. NETFLIX - 4K. Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari. Gervihnattamóttakari. 3 x USB. 4 x HDMI. Apple / Android síma- / spjaldtölvu app. Easy 3D - 4 gleraugu fylgja.

**TILBOÐ 189.995**

VERÐ ÁÐUR 249.995




**Heimilistæki** ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

tl.is

# TÖLVULISTINN

# 48 TÍMA TILBOÐ

TOSHIBA

## ÓTRÚLEG KAUP!

-15.000

**54.995**

VERÐ ÁÐUR 69.995



15,6" fartölva sem er klár í alla hefðbundna tölvuvinnslu með sprækum Intel Pentium örgjörva, hljóðlátum 750GB hörðum diski og Intel HD Graphics grafíkkjarna. Mikið fyrir peninginn.

TOS-C50B1CE




-50.000

**129.995**

VERÐ ÁÐUR 179.995

PHS-BDM4065UC

## 40" PHILIPS MEÐ 4K UPPLAUSN

Glæsilegur 40" Philips 4K LED skjár með 3840 x 2160 UltraClear UHD upplausn sem gefur ótrúleg myndgæði. Skjárinn er með HDMI-MHL og Mobile HD Link símatengi.



-7.000

**19.995**

VERÐ ÁÐUR 26.995

MSI-R73602GD50C

## RADEON R7 360 SKJÁKORT

Hágæða AMD skjákort frá MSI á 26% afslætti aðeins í 48 tíma. 2GB og GDDR5.



-30%

**6.995**

VERÐ ÁÐUR 9.995

### 128GB RISALYKILL MEÐ USB3.0

Komdu fyrir 128GB af gögnum á þessum netta USB lykli með háhraða flutningsgetu í gegnum USB3.0.



-5.000

**15.995**

VERÐ ÁÐUR 20.995

### TOSHIBA CANVIO CONNECT II FLAKKARI

Handhægur flakkari sem tekur straum í gegnum USB 3.0. 10GB skýgeymsla fylgir.



-30%

**6.995**

VERÐ ÁÐUR 9.995

### LED LYKLABORÐ MEÐ ÍSLENSKUM STÖFUM

Sérstaklega flott og þægilegt lyklaborð með rauðri LED baklýsingu.



-3.000

**14.995**

VERÐ ÁÐUR 17.995

### OFURHRAÐI MEÐ 240GB SSD DISKI

SSD er ein besta uppfærslan sem hægt er að fá fyrir fartölvu eða borðtölvu.

Með fyrirvara um verðvillur og myndabrengl.




**0% VEXTIR**
Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI

## TAKMARKAÐ MAGN!

# OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT

LAUGARDAG 11 - 16
SUNNUDAG 13 - 17

## EPSON

## EM SKJÁVARPI MEÐ HEIMABÍÓ !

Sjáðu íslensku strákana keppa í EM á risaskjá heima í stofu. Fullkomin litgæði með 3LCD tækni, 16:10 hlutfall og 3.000 Ansi lumens. Kemur með fullkomnu heimabíói. Skjástærð frá 33"-320".




-20.000
79.995
VERÐ ÁÐUR 99.995

EPS-EHTW570




-38%
9.995
VERÐ ÁÐUR 15.995

SAM-SLM2026

## SAMSUNG LASERPRENTARI

Traustur og vandaður laserprentari sem er sértaklega einfaldur í notkun. Prentar í 1200x1200 upplausn.



-40%
11.995
VERÐ ÁÐUR 19.995

## LOKUÐ STEELSERIES SIBERIA V3 HEYRNARTÓL

STE-SIBERIAV3BK

Lokuð heyrnartól með mjúkum hljóðeinangrandi leðurpúðum. Einstök hljómgæði fyrir tónlist eða tölvuleiki. Útdraganlegur hljóðnemi og styrksstilling á snúru.



-5.000
21.995
VERÐ ÁÐUR 26.995

## 22" ASUS TÖLVUSKJÁR MEÐ 178° SJÓNARHORNI

Glæsilegur nýr skjár frá Asus með sérstaklega víðu 178° sjónarhorni. 1920x1080 punkta háskerpu.




-20.000
129.995
VERÐ ÁÐUR 149.995

## HVÍT INTEL i5 MEÐ SSD DISKI

Ofurhröð með Intel i5, 6GB vinnsluminni og 256GB SSD diski. Hágæða 13,3" Full HD skjár og 520M skjákjarni.




-5.000
19.995
VERÐ ÁÐUR 24.995

## TVEGGJA DISKA NAS BOX

Eigðu öruggt afrit af fjölskyldumyndum og gögnum heimilisins. Ef annar diskurinn bilar þá er til öryggisafrit á öðrum diski.




-50%
4.995
VERÐ ÁÐUR 9.995

## 50% AFSLÁTTUR AF MSI MÚSARMOTTU

Sérstaklega stór MSI Xield5 músarmotta fyrir leikina. Virkar bæði fyrir Optical og Laser mýs. Heldur líka lyklaborði stöðugu.

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |

# Vilja auka frið fólks í fríinu

**Aldís Arna Tryggvadóttir** viðskiptafræðingur, **Sigurður Guðmundsson** íþróttakennari og **Aldís Aðalbjarnardóttir**, kennari og leiðsögumaður, eru að stofna fyrirtækið Coldspot. Það mun bjóða upp á styttri og lengri ferðir með nýjum áherslum. Farsímar og önnur snjalltæki fá frí en markþjálfun, hreyfing og nánd við náttúruna eru í fyrirrúmi.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





Siggi, Aldís og Aldís sameina áhugasvið sín í hinni nýju ferðaþjónustu og bjóða fólki upp á innihaldsrík frí. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hrossagaukurinn minnir okkur Pjetur ljósmyndara á vorið þegar við stígum út úr bílnum á Hvanneyri í Borgarfirði, þó jörðin sé enn föl yfir að líta. Í nýlegu húsi á staðnum búa hjónin Aldís Arna Tryggvadóttir og Sigurður Guðmundsson með þremur börnum og þangað er komin á undan okkur móðir húsfreyjunnar, Aldís Aðalbjarnardóttir, sem býr í Kópavogi.

Við erum leidd að morgunverðarborði sem svignar undan litríkum kræsingum og þar fáum við að heyra af þeim nýjungum í ferðaþjónustu sem þau ætla að brydda upp á og snúast um að auðvelda fólki að hlaða batteríin til langframa með skjótvirkum hætti.

„Við höfum sterka ástríðu fyrir því að vinna saman og erum að leggja grunn að heilsutengdri ferðaþjónustu undir nafninu Coldspot. Við þróuðum hugmyndina með fólki í viðskiptum og frumkvöðlageiranum innan Startup Tourism enda telst það nýsköpun á þessum tæknitímum að taka allt úr sambandi. Ætlum að bjóða upp á sérstakar ferðir þar sem fólk á ekki að hafa áhyggjur af statusfærslum en nýtur samt líðandi stundar,“ segir Aldís Arna og útskýrir pælinguna á bak við nafn fyrirtækisins. „Ís er kaldur og Ísland er depill í Norður-Atlantshafinu. Svo er Wi-Fi hotspot staður með góða nettengingu og símasamband en coldspot er þá þveröfugt.“

„Aðalsérstaða okkar fyrirtækis er nefnilega stafræn afeitrun – digital detox. Grunnhugmyndin að stofnun Coldspot er svolítið á skjön við síkvikan heim tækninnar þar sem hlutirnir gerast á ljóshraða. Við viljum, þvert á hraðann, að fólk fái hvíld og frið í fríinu sínu,“ segir Sigurður sem gengur undir nafninu Siggi. „Það þýðir að fólk geymir snjalltækin, síma, iPad og tölvur á meðan það er í okkar ferðum og er þá ekki á Snapchat, Instagram, Facebook eða að svara tölvupóstum á meðan. Í öllum ferðum verður leiðsögn, líkamleg áreynsla af einhverju tagi og ferðalag inn á við með markþjálfun og inngleggi um lífið og tilveruna. Þannig sameinum við áhugasvið okkar þriggja og gestir okkar fá innihaldsrík frí!“

Við eftirgrennslan kemur í ljós að Aldís eldri er kennari að mennt, með BA-próf í þýsku og íslensku og hefur 20 ára reynslu í leiðsögn. Tók meirapróf, fór til Austurríkis í þýskunám og keypti sér fjórhjóladrifinn Ford Econoline. Svo fór hún í leiðsöguskólann, ók af stað og nýtur sérhvers dags í leiðsögn að eigin sögn.

Siggi er íþróttakennari og lýðheilsufræðingur að mennt og hefur veitt lýðheilsutengdum viðburðum forstöðu, svo sem Landsmóti UMFÍ 50+ og Hættu að hanga! Komdu að hjóla, synda eða ganga! Aldís Arna er ólíkindatólið, viðskiptafræðingur með reynslu af stjórnun, stjórnsýslu, verðbréfamiðlun og markþjálfun en er svo mikill húmanisti að hún vill umfram allt gefa af sér til fólks.

*En hvaðan kemur þeim hugmyndin að snjalltækjalausum ferðum?* Aldís Arna svarar því og segir fyrirtæki með sömu áherslur farin að ryðja sér til rúms erlendis. „Í Bandaríkjunum eru komin kaffihús þar sem mælst er til að fólk sé ekki með snjalltæki en tali frekar saman augliti til auglitis. Fyrirtæki eru farin að borga starfsmönnum fyrir að fara í frí án tækja. Þá fá þau ánægða starfsmenn til baka með betri einbeitingu en áður.“

Siggi tekur við: „Að vera sítengdur þýðir að skilaboðin koma hvenær sem er. Því er eins og fólk sé alltaf í vinnunni – alltaf að tékka, tékka, tékka, en það er mjög streituvaldandi.“ „Svo er alveg ótrúlegt að sjá fólk vera í símunum á meðan á máltíð stendur í stað þess að njóta samvistanna og spjalla saman,“ bætir Aldís Aðalbjarnar við.

### Tölvulaus tvo tíma á dag

Eins og fram kom í byrjun eiga hjónin þrjú börn. Þau eru í skólum meðan á þessu viðtali stendur en móðir þeirra segir þau hafa á vissan hátt komið hugmyndinni að fyrirtækinu af stað. „Við vorum í bílnum og strákarnir aftur í með síma og ég hafði orð á því að þegar ég hefði verið lítil hefðu ekki verið til svona snjallsímar. Þá sagði átta ára strákurinn: „Mikið varstu heppin, þá þurftir þú ekki að keppa við símana um athyglina hjá foreldrum þínum.“ Ég fór að skoða mína eigin snjalltækjanotkun og komst að því að hún var alltof mikil. Ég var stressaður stjórnandi og ég treysti alltaf á kvöldin til að vinna upp syndir dagsins. Við hér á heimilinu ákváðum að slökkva á tækjunum milli klukkan 17 og 19 og það gerbreytti lífi okkar. Við förum að taka eftir, leika meira og leyfa börnunum að hjálpa til á heimilinu. Tónhæðin lækkaði og samskiptin bötnuðu.“

Aldís Arna tekur fram að þau þoli alveg tækni. „Nýjungar í tækni, sérstaklega samfélagsmiðlar og sítenging, eru snilld. En við þurfum að vera meðvituð um notkunina og stýra henni, leggja tækin frá okkur af og til og njóta þess. Það mun fólk finna hjá okkur. Það fær kannski smá fráhvarfseinkenni fyrsta daginn en næsta dag finnur það hversu gott það er og hvað það fær í staðinn.“

„Auðvitað förum við á ferðamannastaði en við vitum líka um fjöldann allan af leynilegum stöðum þar sem okkar hópar geta verið einir,“ segir Siggi og bætir við að þau geti til dæmis farið í fjallgöngur eða í miðnæturreiðtúra á björtum sumarnóttum.

Aldís Aðalbjarnar tekur undir það. „Það er það sem ferðamenn hrífast mest af, að vera úti í villtri náttúru landsins. Það snertir þá. Þeir eru svo hugfangnir af stórfenglegri náttúrunni að þeir eru oft hrærðir við brottför. Ég held að erlendir ferðamenn hafi opnað augu Íslendinga enn frekar fyrir fegurð landsins með þeirri virðingu og hlýju sem þeir sýna landinu. Því tekur mig það sárt þegar við sjálf göngum fram af offorsi gegn náttúrunni.“

Hún tekur fram að þau skipti fólki ekki í flokka. „Ég hef alltaf lagt áherslu á að ég meti manneskjuna af því hvernig hún er í stað þess að spá í menntun, titil eða bakgrunn. Hún má vera kóngur eða drottning fyrir mér. Þegar erlendu gestirnir eru í ferðarykinu með mér á Íslandi þá eru allir jafnir. Það er mín reynsla.“

### Tjútt og rokk

„Fólk vill alveg prófa eitthvað nýtt,“ segir Aldís Arna. „Af hverju ekki leikfimi klukkan sjö að morgni í elsta íþróttahúsi landsins eða úti í náttúrunni?“ Mamma hennar upplýsir að hún og Páll, maður hennar, sýni oft dans í sínum langferðum. „Við sýnum gömlu dansana og líka tjútt og rokk. Svo kenni ég ferðamönnunum stundum skottís sem vekur alltaf kátínu.“

Siggi er rótgróinn Hvanneyringur og segir Hvanneyri verða útgangspunkt ferðanna en í sérstöku dálæti verði Borgarbyggð, Snæfellsnes, Vestfirðir og Strandir. Hann segir þau vera í samningaviðræðum við sumarbústaðaeigendur í Skorradal í sambandi við gistingu og einnig sé mikil uppbygging hótela og annarra gististaða á Vesturlandi. „Það er fullt af tækifærum hér á Hvanneyri og í Borgarbyggð sem við nýtum enda viljum við láta gott af okkur leiða í samfélaginu.“

## Rannsóknir á netnotkun

- Fjólubláa ljósið frá skjánum minnkar melatónínið í heilanum og gerir fólki erfiðara að sofna.
- Við það að missa svefn minnkar einbeiting og afköst minnka en við það eykst stress sem er stærsti ógnvaldur í heilsufari manna á 21. öldinni.
- „Meðalmaðurinn kíkir 150 sinnum á símann á dag og eyðir 3,5 tímum á miðlum.
- Fólk sem er mikið á netinu er 2,5 sinnum líklegra til að glíma við þunglyndi en aðrir.
- Mikil netnotkun dregur úr félagslegri hæfni, ýtir undir kvíða, félagslega einangrun og einmanaleika.

**Meðalmaðurinn kíkir**
**150** sinnum á símann á dag og eyðir 3,5 tímum á miðlum.

**50%** fólks kjósa fremur að eiga samskipti gegnum tæki en augliti til auglitis.

**60%** fólks segja að hefðbundin ferðalög minnki ekki streitu.




Landsliðið er á fullu að undirbúa sig fyrir EM og þú átt möguleika á að fara þangað með þeim. Komdu og reynsluaktu nýjum Hyundai og þá ferðu í pott og gætir unnið sannkallaða þjóðhátíðarferð með öllu á leik Íslands og Ungverjalands í Marseille þann 18. júní. Þann 31. maí verða dregnir út tveir vinningshafar sem hljóta hvor um sig ferð fyrir tvo til Marseille. Innifalið er flug, gisting, miðar á leikinn og ferðir með fararstjórn til og frá leikvanginum.

**Hyundai er einn af aðalstyrktaraðilum UEFA EURO 2016**

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

**Hyundai Tucson, verð frá: 4.790.000 kr.** / Dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

# Í mesta lagi *tólf ár* á Bessastöðum

**Guðni Th. Jóhannesson** og **Eliza Reid** tóku sameiginlega ákvörðun um framboð Guðna til forseta Íslands. Sjálf ætlar Eliza ekki að sitja auðum höndum fari svo að Guðni vinni komandi kosningar í júní.


Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is






**Guðni Th Jóhannesson og Eliza Reid tóku sameiginlega ákvörðun um framboð. Kannanir sýna mikið fylgi Guðna en samkvæmt könnun Fréttablaðsins frá fimmtudegi munar einungis sjö prósentum á Guðna og sitjandi forseta.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hér á landi blómstrar svo margt því fólk er ekki hrætt við að taka pínulitla hugmynd og gera eitthvað stórt úr henni,“ segir Eliza Reid, eiginkona Guðna Th. Jóhannessonar forsetaframbjóðanda.

Guðni er landsmönnum kunnur sem sagnfræðingur og stjórnmálaskýrandi en Elizu þekkja fáir enn sem komið er. Eliza er kanadísk og með BA-próf í alþjóðasamskiptum og meistaragráðu í nútímasagnfræði. Hún stofnaði sitt eigið fyrirtæki, Iceland Writers Retreat, með það markmið að koma íslenskum bókmenntum um allan heim og mynda tengsl á milli íslenskra höfunda og erlendra.

„Glöggt er gests augað. Það sem mér hefur alltaf fundist svo merkilegt við Ísland er að þetta er 330 þúsund manna þjóð sem hefur lengi haft ein mestu lífsgæði í heimi. Það er af því að fólk er tilbúið að taka þátt og gera allt sem þarf að gera. Mér hefur alltaf fundist svo gaman að hér er sami maður kannski lögfræðingur og grafískur hönnuður eða tónlistarmaður og lögga. Allir eru með marga hatta og geta skipt um svið þegar þeir vilja.“

**Fordæmalausir tímar**

Framboð Guðna hefur ekki verið mjög lengi í burðarliðnum. Áskoranir á hann urðu sérstaklega áberandi í apríl þegar hann hélt uppi, ásamt öðrum, skýringum í rauntíma á stjórnmálaástandi landsins í kringum Wintrismálið. Þegar Ólafur Ragnar Grímsson forseti ákvað að bjóða sig fram að nýju öllum að óvörum leit út fyrir að ekkert yrði af framboði Guðna. Hann sagði sjálfur að enginn hefði velt sitjandi forseta úr sessi.

„Hins vegar hefur enginn forseti leitast eftir því að sitja á Bessastöðum í aldarfjórðung. Það hefur enginn forseti boðið sig fram sex sinnum. Svo er það líka það að forsetaefni sem forsætisráðherra styður hefur aldrei unnið. Úr þessum hatti staðreyndanna velur maður bara þá sem hentar manni best,“ segir Guðni.

„Það er ekki þannig að ég hafi lengi alið með mér þann draum að bjóða mig fram til forseta Íslands. Hins vegar þykist ég vita mikið um það hvað forsetar hafa vel gert og hvað hefur miður farið. Mér finnst að forseti eigi að vera málsvari og fulltrúi allra Íslendinga. Hann þarf að vera fastur fyrir þegar á þarf að halda, leita sátta og málamiðlana þegar svo ber undir. Hann verður að vera orðheldinn og fólk verður að geta trúað forsetanum. Forseti á ekki að vera málpípa ríkisstjórnarinnar en ekki heldur að setja sig á móti henni. Hann á að lýsa því á alþjóðavettvangi þegar þjóðin stendur saman en hann á líka að lýsa því þegar ágreiningur er uppi svo þeir sem koma hingað sem gestir viti að um sum mál er bullandi ágreiningur,“ segir Guðni.

*Á forsetinn þá að vera stjórnmálaskýrandi?* „Stjórnmálaskýrandi fyrir gesti og gangandi. Hann á að vera alþýðlegur og ekki setja sig á háan hest. Forseti á frekar að hlusta en að tala.“

**Dró ástina upp úr dós**

Eliza og Guðni kynntust þegar þau voru bæði í námi við Oxford í Bretlandi árið 1998. Eliza segir að þegar hún flutti til landsins árið 2003 hafi ekki hvarflað að henni að þrettán árum síðar yrði hún í framboði til að verða forsetafrú Íslands.

„En þegar ég flutti til Bretlands datt mér aldrei í hug að ég myndi flytja til Íslands. Ég er bara til í hvað sem er. Það er hluti af ævintýrinu,“ segir Eliza.

*Hvernig kynntust þið?* „Við vorum bæði í róðrarliðinu,“ segir Guðni.

Eliza segir að það hafi verið mikilvægt að taka þátt í slíku í Oxford. „Róðrarliðið stóð fyrir fjáröflun þar sem strákarnir höfðu hver sína dós og stelpurnar keyptu miða með nafninu sínu á. Þær áttu svo að setja nafnið sitt í dós strákanna og freista þess að nafnið þeirra yrði dregið út. Þá áttu strákarnir að bjóða þeirri stelpu á stefnumót,“ segir Eliza.

„Svolítið eins og blind-date,“ grípur Guðni inn í.

„Já mér fannst Guðni svolítið skemmtilegur svo ég keypti tíu miða og setti átta í hans dós. Að setja alla tíu var kannski aðeins of mikið en ég vildi samt eiga séns. Og hann dró nafnið mitt,“ segir Eliza.

Eliza var raunar dregin út tvisvar. Hinn heppni, sem fékk líka að bjóða henni á stefnumót, var Lane Greene sem nú er ritstjóri menningarhluta tímaritsins the Economist í Bandaríkjunum. En eins og Guðni og Eliza lýsa varð ekki aftur snúið eftir stefnumótið.

Í dag eiga þau fjögur börn saman, Duncan Tind, Donald Gunnar, Sæþór Peter og Eddu Margréti. Öll fædd með tveggja ára millibili á árunum 2007 til 2013. Auk þeirra á Guðni dótturina Rut út fyrra hjónabandi. „Hún verður 22 ára í sumar og er að ljúka námi í sálfræði og ritlist. Dóttir mín er mikil hugsjónamanneskja sem má ekkert aumt sjá,“ segir Guðni.

**Óháð á alþjóðavettvangi**

Á heimili Guðna og Elizu er íslenska og enska töluð jöfnum höndum. Börnin eru tvítyngd. Það er meðal annars þess vegna sem Guðni segist hvað síst kvíða því að tala máli Íslands á alþjóðavettvangi fari svo að hann nái kjöri sem forseti. Hann muni ekki verða Íslendingum til skammar þegar kemur að því að bregða fyrir sig öðrum tungumálum.

„Ég bjó samtals á Englandi í átta ár. Svo get ég bjargað mér á skóladönskunni gömlu, vann eitt sumar í Noregi og þýsku lærði ég í skóla og þegar ég bjó veturlangt í Þýskalandi. Svo lærði ég rússnesku í eitt og hálft ár og get svona haldið uppi einföldum samræðum á rússnesku.“

„Hann talar mjög góða dönsku. Og svo tala ég frönsku,“ skýtur Eliza að.

„Já, ég lærði líka latínu í MR, en maður spjallar víst ekki á henni,“ bætir Guðni við.

*En þú segir rússnesku. Hvað finnst þér um samskipti forsetans við Rússland og Vladimír Pútín?* „Samskipti Íslands og Rússlands hafa lengi verið náin og maður finnur á rússneskum ráðamönnum að þeir vilja gjarnan eiga góð samskipti við Ísland. Þeim varð bylt við þegar Ísland tók þátt í efnahagsþvingunum gagnvart Rússlandi og svöruðu í sömu mynt,“ segir Guðni.

„Ég held að stjórnvöld hverju sinni marki utanríkisstefnu landsins, það sé ekki í verkahring forseta. En þú spurðir um Pútín og vissulega er það svo að við þurfum að umgangast valdhafa allra annarra ríkja af þeirri kurteisi og jafnvel festu sem á þarf að halda. Og varast um leið að verða ekki nokkrum háðir.“ *En það eru uppi óvissutímar í heiminum. Það ríkir einhvers konar kalt stríð á milli Bandaríkjanna og Rússlands. Hvar á Ísland að standa þar?* „Við eigum fyrst og fremst að hugsa um hag okkar hverju sinni. Við erum í varnarsamstarfi við önnur ríki á Vesturlöndum í gegnum Nató. Ég sé ekkert sem ætti að skapa óvissu á þeim vettvangi. Svo erum við í nánu samstarfi við ESB og ekki annað að sjá en að það sé í ágætis farvegi. Smáþjóð í hörðum heimi þarf að eiga vini en um leið þurfum við að gera okkur grein fyrir því að stundum þarf að taka erfiðar ákvarðanir og láta hagsmuni þjóðarinnar ganga framar. Þegar stundir koma að við þurfum að hugsa um þjóðarhag þurfum við að biðja okkar bandalagsþjóðir að sýna okkur skilning. Ef ekki, þá verður bara að hafa það.“

> **FORSETI Á EKKI AÐ VERA MÁLPÍPA RÍKISSTJÓRNARINNAR EN EKKI HELDUR AÐ SETJA SIG Á MÓTI HENNI.**
>
> Guðni Th. Jóhannesson

> **ÞEGAR ÉG FLUTTI TIL BRETLANDS DATT MÉR ALDREI Í HUG AÐ ÉG MYNDI FLYTJA TIL ÍSLANDS. ÉG ER BARA TIL Í HVAÐ SEM ER. ÞAÐ ER HLUTI AF ÆVINTÝRINU.**
>
> Eliza Reid

**Aldrei meira en tólf ár**

Guðni er fræðimaður og líður best þegar hann hefur tíma til að sinna grúski og fræðimennsku. „Ég er kominn á þann stað í lífinu þar sem mér líður afskaplega vel. Af hverju ætti ég að breyta til? Öryggi vanans er mjög gott en svo koma áskoranir og þá verður maður að ákveða hvort maður tekur þeim eða lætur þær sigla fram hjá.“

Hann langar á Bessastaði en hyggst ekki sitja þar til eilífðarnóns. „Þið getið lesið það fyrst hér að ég verð ekki stundinni lengur á Bessastöðum en tólf ár, þrjú kjörtímabil, og jafnvel skemur.“

Eliza hefur ekki áhyggjur yfir að sér muni leiðast á meðan. „Mér finnst þetta mjög gott tækifæri til að varpa kastljósinu á mikilvæg mál eins og bókmenntirnar. Ég verð ekki húsmóðir sem er bara heima að þrífa, ekki að það sé ekki gott.“

Þau hjónin hafa rætt framboðið við krakkana. „Ég tala alltaf ensku við börnin og spurði Donna hvort hann héldi að pabbi gæti orðið góður forseti. Hann sagði: „Nei“ en bætti svo við. „I think he would be terrific“ [ísl: Ég held hann væri frábær],“ segir Eliza.

Guðni slær úr. „En það er ekkert gefið í þessum efnum. Við erum í framboði núna en við erum ekki að sigla sigri í örugga höfn. Við þurfum að sannfæra fólk um að ég sé traustsins verður.“

netto

markhönnun ehf

# ALLT UM EVRÓPUMÓTIÐ Í EINNI BÓK
## ÓMISSANDI FÉLAGI Í FÓTBOLTAVEISLU ÁRSINS

-18%




AÐEINS
2.995 KR
ÁÐUR 3.698

- LEIKMENNIRNIR - STRÁKARNIR OKKAR - SAGAN - TÖLFRÆÐIN -



Fyrirliðinn Wes Morgan skoraði markið sem á endanum tryggði Leicester Englandsmeistaratitilinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Margar litlar sögur að einu stóru ævintýri

Eitt ótrúlegasta fótboltaafrek sögunnar varð að veruleika á mánudagskvöldið þegar Leicester varð enskur meistari. Í fótboltaheimi þar sem peningar eru allt var það litla liðið sem gaf öðrum von.



Tómas Þór Þórðarson
tomas@frettabladid.is

Klukkan hálf fimm á laugardaginn ganga leikmenn Leicester út á King Power-völlinn og mæta Everton. Fyrir tímabilið hefðu eflaust margir giskað á að þessi leikur yrði mikilvægur fyrir liðið í fallbaráttunni. En svo er ekki. Leikmenn Leicester ganga til leiks á laugardaginn sem enskir meistarar. Besta liðið á Englandi.

Þetta ótrúlega afrek varð að veruleika á mánudagskvöldið þegar Tottenham mistókst að vinna Chelsea á Stamford Bridge. Leicester er ekki bara meistari öllum að óvörum heldur er það meistari þegar tveir leikir eru enn þá eftir af deildinni. Þetta er í fyrsta sinn sem Leicester verður meistari. Sömu liðin hafa meira og minna séð um að vinna deildina undanfarna áratugi en þetta er í fyrsta sinn síðan 1978 að lið verður meistari í fyrsta sinn.

**Smásagnasafn**

Tímabilið hjá Leicester hefur verið eins og frábært smásagnasafn. Margar litlar sögur sem verða að einu mögnuðu ævintýri. Í liðinu er engin stórstjarna heldur samansafn

> **EKKI VEKJA MIG AF ÞESSUM DRAUMI**

af mönnum sem hafa sumir hverjir ef ekki flestir þurft að fara Krýsuvíkurleiðina á toppinn. Sex smásögur má lesa hér í kringum greinina um helstu hetjur Leicester-liðsins

Ekkert lið vinnur ensku úrvalsdeildina með heppni. Claudio Ranieri, sem flestir töldu að myndi fara niður með liðið ef hann myndi þá endast veturinn, er búinn að mynda ótrúlega liðsheild og sýna snilli sína sem þjálfari. Fyrst, þegar liðin í deildinni voru kannski enn að vanmeta Leicester, beitti liðið eitruðum sendingum fram og treysti á hraða framherja sinna til að klára dæmið.

En svo sýndi Ranieri enn meiri klókindi þegar á leið tímabilið. Þá fóru varnarmenn liðsins og markvörðurinn að sýna snilli sína en liðið hélt hreinu hvað eftir annað þegar stjórar deilarinnar héldu að þeir væru búnir að loka á sóknarvopnin.

**Auðmjúkur öldungur**

„Ekki vekja mig af þessum draumi,“ sagði Claudio Ranieri, stjóri Leicester, fyrr á þessu ári, spurður hvort hann teldi að Leicester gæti klárað þetta. Þessi 64 ára gamli Ítali af gamla skólanum er búinn að heilla enska fótboltaáhugamenn með auðmýkt sinni og herramennsku.

Hann hefur líka gert hlutina nokkuð einfalda. Þegar Leicester hélt loksins hreinu fyrr á tímabilinu eftir að fá á sig mark í hverjum leik, gerði hann eins og þjálfari í fimmta flokki myndi gera og bauð liðinu í pitsupartí. Það skiptir nefnilega engu máli hvað þú ert gamall: Öllum finnst pitsur góðar. Með gleði, dugnað, vilja og eina rjúkandi pitsusneið að vopni bjó Ranieri til lið sem afrekaði það sem enginn hélt að væri hægt: Vinna ensku deildina án þess að vera með vasana fulla af seðlum.

Gerist þetta aftur? Nei, líklega ekki. Meira að segja Ranieri er búinn að útiloka það. Hann sagði við fréttamenn á æfingu á þriðjudaginn að svona afrek myndi enginn sjá aftur. Kannski er það rétt hjá honum.

Í fótboltaheiminum í dag eru peningar allt og þótt litlu liðin á Englandi séu að verða mun ríkari verða þau ríkustu alltaf ríkari. Þó þessi Englandsmeistaratitill gefi litlu liðunum von og sé líklega besta fótboltasaga síðustu áratuga verður hún að öllum líkindum spark í afturendann á stóru strákunum sem leyfa þessu ekki að gerast aftur. En guð minn góður hvað það var gaman meðan á stóð.

## Riyad Mahrez
### 25 ára miðjumaður

### Gerði þetta fyrir pabba



Riyad Mahrez átti erfiða æsku en hann ólst upp í Sarcelles-hverfinu í París sem er þekkt fyrir mikið ofbeldi og var það fyrir augum hans alla daga. Faðir Mahrezar, Ahmed , hafði mikil áhrif á hann í æsku og sendi hann í fótbolta til að passa að hann færi ekki út af sporinu. Faðir hans mætti á hvern einasta leik frá því hann hóf að æfa með hverfisliðinu en féll frá þegar Mahrez var fimmtán ára úr hjartaáfalli. Mahrez hét því að komast alla leið og gera það fyrir föður sinn. Hann sló í gegn í frönsku 2. deildinni með Le Havre og varð hluti að Leicester-uppbyggingunni fyrir tveimur árum. Hann fór úr því að skora fjögur mörk í fyrra í það að skora 17 mörk og gefa tíu stoðsendingar í ár. Allt fyrir gamla manninn sem gerði allt fyrir hann.

## Kasper Schmeichel
### 29 ára markvörður

### Frá botninum á toppinn



Það er ekkert grín að bera nafn eins og Schmeichel. Það getur þó haft sína kosti eins og hjá Kasper sem fékk samning hjá Manchester City 15 ára og var kominn í markið þar þremur árum síðar. Hann var ekki tilbúinn og hann vissi það. Kasper tók því auðmjúka ákvörðun og fór á botninn til Notts County í D-deildinni. Eftir eitt frábært ár þar spilaði hann með Leeds í B-deildinni og var kjörinn í besta lið áratugarins 2005-2015 í henni. Að fara niður og byggja sig upp var frábær ákvörðun en hann er í dag landsliðsmarkvörður Danmerkur, fótboltamaður Danmerkur 2015, einn besti markvörður ensku úrvalsdeildarinnar og varð auðvitað Englandsmeistari sama dag og pabbi hans, 23 árum síðar.

## Danny Drinkwater
### 26 ára miðjumaður

### Ekki hætta að láta þig dreyma



Danny Drinkwater gat leyft sér að dreyma um Englandsmeistaratitilinn þegar hann var ungur maður. Hann var líka í unglingaliði og varaliði Manchester United. Hann fékk aldrei að spila með aðalliðinu og eftir lánssamninga hjá fjórum neðrideildarfélögum kvaddi hann leikhús draumanna og samdi við Leicester í B-deildinni. „Ég hætti að leyfa mér að dreyma um meistaratitilinn þegar ég fór frá Manchester United. Og nú er ég meistari. Þetta er sturlað,“ sagði Drinkwater í vikunni. Fyrir fjórum árum gafst hann upp á draumum sínum og fór til Leicester. Fyrir tveimur árum komst hann upp um deild og í ár komst hann í landsliðið og er enskur meistari. Aldrei að gefa frá sér draumana.

## Claudio Ranieri
### 65 ára þjálfari

### Færeyja-fíaskó, svo titill



Flestum finnst auðvelt að samgleðjast Claudio Ranieri enda mikill herramaður. Á 30 ára löngum þjálfaraferli hafði hann aldrei áður unnið landstitil en gerði það svo á ólíklegasta mátann. Maðurinn sem var rekinn frá Chelsea með orðum eigandans: „Hann mun aldrei vinna titla,“ mætir í lokaumferðinni aftur á sinn gamla heimavöll og fær heiðursvörð frá leikmönnum fráfarandi meistaraliðsins. Ranieri var úrskurðaður látinn í þjálfarafræðunum eftir að hann var rekinn frá gríska landsliðinu. Þar tapaði hann meðal annars fyrir Færeyingum sem eru ekki þekktir fyrir að vinna marga fótboltaleiki. Eina leiðin til að svara fyrir sig er að vinna og hvað þá enska meistaratitilinn með Leicester.

## Jamie Vardy
### 29 ára framherji

### Í utandeild fyrir fjórum árum



Framherjinn Jamie Vardy, sem er markahæsti leikmaður nýkrýndra Englandsmeistara, Leicester, spilaði með Fleetwood í utandeildinni fyrir fjórum árum. Nú er hann einn af þremur markahæstu leikmönnum úrvalsdeildarinnar, enskur meistari og á leið á Evrópumótið með enska landsliðinu. Vardy hefur alltaf verið naskur markaskorari en glímdi við að vera heitur og kaldur. Skora mikið eitt tímabilið en lítið það næsta. Leicester tók séns á honum og það var kannski eins gott að hann skoraði bara fimm mörk í fyrra því nú eru þau orðin 22. Þeir eru ekki margir sem fara úr utandeildinni í það að vinna þann stóra á fjórum árum.

## N'Golo Kante
### 25 ára miðjumaður

### Leitinni að Makélélé lokið



Franski varnarsinnaði miðjumaðurinn Claude Makélélé var svo góður í því sem hann gerði, að hlutverk á vellinum var nefnt eftir honum. En síðan hann hætti hefur verið leitað að öðrum eins leikmanni. Hann er fundinn. Hinn 25 ára gamli Frakki N'Golo Kante, sem spilaði í frönsku utandeildinni fyrir fimm árum, er sá maður. Það skondna við það er að staðarblaðið í Boulogne-sur-Mer sagði í fyrirsögn þegar hann skoraði sitt fyrsta mark árið 2012 að þarna væri nýr Makélélé fundinn. Ekki það að Makélélé hefði skorað svo mikið af mörkum. Kaupin á Kante eru ein af kaupum tímabilsins en upprisa hans er merkileg eins og hjá öðrum hjá Leicester. Úr utandeild í Frakklandi í Englandsmeistara og EM-fara á þremur árum.

# Ferðir

7. maí 2016 **KYNNINGARBLAÐ**



**PARADÍSAREYJAN BALÍ HEILLAR SÍFELLT FLEIRI** **SÍÐA 2**

# Hvergi séð fólk jafn heillað

Íslendingar eru í auknum mæli farnir að renna hýru auga til eyjunnar Balí í Indónesíu og leggja æ fleiri leið sína hálfa leið yfir hnöttinn til að njóta þar lífsins lystisemda. Í vetur mun ferðaskrifstofan Farvel í fyrsta skipti bjóða upp á tveggja mánaða vetrardvöl á eynni í samstarfi við hjónin Örnólf Árnason og Helgu E. Jónsdóttur. Að sögn Örnólfs hefur eyjan yfir sér meiri töfraljóma en flestir aðrir áfangastaðir.

Ferðirnar hafa fengið nafnið „Bali Hai“ með skírskotun til söngsins fræga úr kvikmyndinni South Pacific. Örnólfur Árnason dvaldi á Balí í vetur og segist hvergi hafa verið þar sem gestkomandi fólk hefur orðið jafn heillað af landi og þjóð og á Balí og hefur hann þó víða komið, enda einn reyndasti fararstjóri landsins.

„Eitt sinn þegar við vorum að sleikja sólina í friðsælum hótelgarðinum í miðjum unaðsbænum Úbúd laust þeirri hugmynd í hausinn á mér ofan úr heiðum himninum að ef nokkur staður væri tilvalinn fyrir þá sem vilja flýja skammdegið og vetrarkuldann á Íslandi hlyti það að vera þessi paradís. Þarna er hitinn rétt rúmlega 30 gráður alla daga ársins og bæði nauðsynjar og allar helstu unaðssemdir sem freista okkar Vesturlandabúa eru á boðstólum fyrir helmingi lægra verð en heima,“ segir Örnólfur inntur eftir því hvernig ferðirnar komu til.



Örnólfur segir Balí tilvalinn stað fyrir Íslendinga sem eru hættir að vinna að njóta lífsins að vetrarlagi.

Farnar verða tvær ferðir næsta vetur. Frá 18. október og fram í miðjan desember og janúar fram í mars. Hver dvöl mun að sögn Örnólfs skiptast í tvennt. „Við dveljum tæpar sex vikur í Úbúd, menningarhöfuðstað Balí, og svo 18 daga í strandbænum Sanúr. Þótt höfuðáherslan sé á að njóta lífsins í makindum verður heilmargt á dagskrá. Ég fer með fólkið í skoðunarferðir um eyna og alls kyns heimsóknir til að kynnast mannlífinu á Balí en Helga leiðir qi gong og jóga þrjá morgna í viku. Þá verðum við með fræðslu- og skemmtidagskrá síðdegis þrisvar í viku. Eins verða farnar gönguferðir um Úbúd og nágrenni og farið í heimsóknir á listasöfn og alls kyns forvitnilega staði,“ upplýsir Örnólfur.

Hann segir langdvalarprógrammið fyrst og fremst hugsað fyrir þá sem annaðhvort eru hættir að vinna eða hafa tekið sér frí frá störfum „Úbúd er einhver heppilegasti staður til langdvalar sem ég hef komið á því þar er svo margt hægt að hafa fyrir stafni. Örstutt er frá hótelinu okkar við Apaskógarstræti að konungshöllinni og markaðnum. Á leiðinni eru svo tugir góðra veitingahúsa, verslana og listgallería.“



Það úir og grúir af ævafornum hindúahofum á Balí sem enn eru í fullri notkun.

> Ég hef hvergi verið þar sem gestkomandi fólk hefur orðið jafn heillað af landi og þjóð og á Balí.
>
> *Örnólfur Árnason*

En hvað hefur Balí fram yfir aðrar eyjar? „Ég hef komið til margra frábærra eyja. Má þar nefna Mallorca, Ibiza, Kúbu, Tenerife, Lanzarote, La Palma og Gran Canaria og allar hafa þær margt til síns ágætis. Engin er þó að mínum dómi eins vel til þess fallin fyrir Íslendinga að njóta lífsins að vetrarlagi og Balí.“

Að sögn Örnólfs hefur Balí yfir sér meiri töfraljóma en flestir ef ekki allir áfangastaðir vestrænna ferðamanna nú á tímum. „Það er ekki að ástæðulausu. Þar er fádæma stórbrotin náttúrufegurð. Upp úr eynni norðanverðri tróna tindar margra hárra eldfjalla og suðurhlíðarnar eru ristar giljum og skógi vöxnum gljúfrum með ám sem renna í fossum og flúðum. Þá úir þarna og grúir af ævafornum hindúahofum sem eru enn í fullri notkun.“ Örnólfur telur ljúft viðmót og yndisþokka íbúa þó heilla fólk hvað mest. „Þar liggur held ég helsta ástæðan fyrir því hvað margir líkja Balí við paradís.“

En er þetta ekki svolítið langt að fara? „Jú, því er ekki að neita en á móti koma þau þægindi að hægt er að skrá farangurinn alla leið frá Keflavík til Balí og þá er sérlega gott að ferðast með Thai Air. Flestir ná því að sofna og hvílast svolítið. Á bakaleiðinni er svo boðið upp á tveggja daga stopp í Bangkok sem styttir heimflugið.“

ÚTGEFANDI 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Jóhann Waage| johannwaage@365.is | s. 512-5439
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson

SJÓÐHEITUR FÉLAGI

Smágert grill - tilvalið í ferðalagið eða á svalirnar

Til í dökkgráu...



reddot design award

KOLAGRILL TILBÚIÐ Á 3 MÍNÚTUM

- Tilbúið til matreiðslu eftir 3-4 mínútur
- Afkastamikið og öflugt
- Innbyggð vifta sem tryggir kolum súrefni
- Tvöfaldur veggur - kemur í veg fyrir að ytra byrði hitni
- Mjög góð hitastýring á kolum
- Hægt að færa grillið til eftir þörfum meðan það er í notkun
- Fitan lekur ekki á kolin
- Auðvelt að þrífa - hægt að taka alveg í sundur
- Má fara í uppþvottavél
- Taska fylgir með

Verð frá kr. 34.000,- m/vsk

...og fleiri fallegum litum



FASTUS Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16
Opið mán - fös 8:30 - 17:00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is












BALI HA'I
VETRARDVÖL
Á BALÍ MEÐ FARVEL

# VETUR Á BALÍ

18. október–14. desember 2016 með Örnólfi Árnasyni og Helgu E. Jónsdóttur

## Tveggja mánaða frí frá íslenska vetrinum 839.000 KR. EINBÝLISGJALD: 70.000 KR.

Töfraeyjan Balí seiðir alla. Hún hefur svo margt sem okkur Vesturlandabúa dreymir um, yndislegt loftslag, stórbrotna náttúrufegurð, eldfjöll, skógivaxin gljúfur, heillandi mannlíf í sveitum og þorpum og fólk sem tekur alúðlega á móti gestum. Það eykur enn á aðdráttaraflið að á Balí eru dásamlegir gististaðir með öllum nútímaþægindum, frábær veitingahús og flest annað sem hugur Vesturlandabúans girnist. Allur er sá munaður á miklu lægra verði en í Evrópu eða Ameríku.

Farvel býður nú upp á vetrardvöl á Balí í samstarfi við Örnólf Árnason. Dvalið verður í Úbúd, höfuðstað menningar- og listalífs eyjarinnar og í strandbænum Sanúr. Á báðum stöðum er gist á úrvalshótelum í miðbænum.

Fjölbreytt dagskrá undir stjórn Örnólfs og Helgu konu hans stendur gestum til boða, skemmtun, fróðleikur, kynnisferðir, afþreying, Qi Gong, jóga og margt fleira.

Örnólfur og Helga verða allan tímann dvalargestum til halds og trausts.vera þér innan handar og dvalargestum til trausts.

**INNIFALIÐ**

Flug frá Keflavík til Denpasar á Balí með Icelandair og Thai Airways.

Gisting með morgunverði.

Hálft fæði – val um hádegisverð eða kvöldmat.

Þrjár dagsferðir um Balí.

Jóga og Qi Gong þrjá morgna í viku. Fræðslu- og skemmtidagskrá þrjá daga vikunnar, gönguferðir, heimsóknir á söfn o.fl. auk fjölbreyttrar afþreyingar.

Aðstoð með vegabréfsáritun til Indónesíu.

Íslensk fararstjórn og umsjón Örnólfs og Helgu.

**DAGAR Í BANGKOK Á HEIMLEIÐ**

Á heimleið frá Balí eiga farþegar völ á að gista tvær nætur í Bangkok, t.d. til að gera hagstæð jólainnkaup.

Verð einungis 17.700 kr. í tvíbýli.



**ÖRNÓLFUR ÁRNASON**

Örnólfur hefur gert fjölda útvarpsþátta um Suðaustur-Asíu og kynnt sér sögu, menningu og mannlíf á þessum slóðum. Leiðsögn og fararstjórn Örnólfs þykir einstök.



**HELGA E. JÓNSDÓTTIR**

Helga er leikkona og leikstjóri. Hún hafði um árabil umsjón með Listaklúbbi Þjóðleikhússins. Helga er jógakennari og hefur lengi stundað Qi Gong. Hún hefur réttindi frá MK sem leiðsögumaður ferðamanna.

**FLEIRI FERÐIR FARVEL**

### SÓL OG SAFARÍ Í TAÍLANDI

Borgarstuð, strandlíf og villt náttúra

FARARSTJÓRN: GUNNAR TORFI GUÐMUNDSSON

8.–21. ÁGÚST 2016 — 25% AFSLÁTTUR

519.000 KR.

**389.250 KR.**

EF BÓKAÐ ER FYRIR 21. MAÍ 2016

### SINGAPÚR, JAVA OG BALÍ

Saga og mannlíf – menning og ævintýri

FARARSTJÓRN: ÖRNÓLFUR ÁRNASON

2.–18. OKTÓBER 2016 — 12% AFSLÁTTUR — HÁMARK 18 Í HÓP

635.000 KR.

**558.800 KR.**

EF BÓKAÐ ER FYRIR 21. MAÍ 2016

### ANGKOR-MEKONG

Phnom Penh og Siem Reap

FARARSTJÓRN: ÖRNÓLFUR ÁRNASON

6.–19. NÓVEMBER 2016 — 12% AFSLÁTTUR — HÁMARK 18 Í HÓP

609.000 KR.

**535.920 KR.**

EF BÓKAÐ ER FYRIR 21. MAÍ 2016

Farvel er nýtt íslenskt ferðafélag sem opnar landsmönnum nýjar og spennandi leiðir að framandi slóðum. Farvel skipuleggur klæðskerasniðnar einkaferðir samsettar fyrir hvern viðskiptavin, einstaklinga, pör og fjölskyldur, stærri eða smærri hópa. Þá býður Farvel opnar hópferðir þar sem hver og einn getur slegist með í för. Menning, fjölskrúðugt mannlíf og ósnortin náttúra samhliða dekri og sældarlífi í hæfilegum hlutföllum. Ævintýrin bíða þín – Farvel.

Farvel byggir á áratugareynslu, þekkingu og þjónustu Ferðaskrifstofunnar Óríental í sérferðum og leiðöngrum um Asíu.

FARVEL

Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík
Sími 415 0770, farvel@farvel.is


Í Sage Mountain National Park er margt að sjá, til dæmis plöntur frá þeim tíma þegar risaeðlur voru uppi.


Það eru margar fallegar baðstrendur á Tortóla eins og þessi í Long Bay. NORDIC PHOTO/GETTY



Það er hægt að finna sér margt til afþreyingar á Tortóla, meðal annars brimbrettanámskeið.

# Siglingar, sól og sandur á Tortóla

Það er varla til sá Íslendingur sem ekki hefur heyrt minnst á Tortóla. Flestir tengja staðinn við skattaskjól og vita kannski að Tortóla er ein af Bresku Jómfrúaeyjunum en lengra nær þekkingin varla. Það er því ekki úr vegi að kynna eyjuna margumtöluðu betur fyrir lesendum.

Tortóla er stærst Bresku Jómfrúaeyja og hefur flesta íbúa þeirra en er þrátt fyrir það alls ekki stór, tæplega tuttugu kílómetra löng og fimm kílómetrar á breidd. Þar búa tæplega 24 þúsund manns og þar af búa 9.400 í Road Town sem er stærsti bærinn. Tortóla er eldfjallaeyja og er hæsti tindur hennar Mount Sage sem er 530 metrar. Vægir jarðskjálftar eru þar tíðir.

Á norðurströnd eyjarinnar eru bestu baðstrendurnar, þar á meðal Smuggler's Cove, Long Bay, Cane Garden Bay, Brewer's Bay, Josiah's Bay og Lambert-strönd. Auk þess að liggja og flatmaga á ströndinni má finna sér ýmislegt til dundurs á eyjunni Tortóla svo sem að sigla, kafa niður að skipsflökum og læra á brimbretti og seglbretti. Þar eru góðar gönguleiðir og hægt að heimsækja hina ýmsu sögulegu staði.

**» Það má finna sér ýmislegt til dundurs á eyjunni svo sem að sigla, kafa niður að skipsflökum og læra á brimbretti og seglbretti. Auk þess eru þar góðar gönguleiðir og hægt að heimsækja hina ýmsu sögulegu staði.**

Á vefsíðu Lonely Planet er talinn upp fjöldi staða sem blaðamenn hennar telja þess verða að heimsækja og hér eru nokkrir þeirra áhugaverðustu.

### Sage Mountain National Park

Þjóðgarður sem liggur í kringum hæsta tind eyjunnar. Skógurinn er ekki eiginlegur regnskógur þar sem þar rignir ekki nógu mikið til að hann flokkist sem slíkur en samt sem áður hefur svæðið mörg einkenni alvöru regnskógar. Skógurinn er svalur og rakur og þar má finna hinar ýmsu frosk- og eðlutegundir. Gestir skógarins ættu að líta sérstaklega eftir háum burknum, mahónítrjám og öðrum plöntum sem hafa ekki breyst frá tímum risaeðlanna.

### Callwood-rommverksmiðjan

Elstu starfandi áfengisgerð í Austur Karíbahafi má finna í vesturhluta Cane Garden Bay þar sem Callwood-fjölskyldan hefur bruggað Arundel-romm í meira en þrjú hundruð ár. Í lítilli verslun fæst þessi ljúffengi drykkur heimamanna en þar má einnig smakka afurðina og fara í skoðunarferð.

### Aragorn's Studio

Í bænum Trellis Bay stofnaði heimamaðurinn og málmlistamaðurinn Aragorn Dick-Read fyrir nokkru stúdíó sitt sem stækkaði jafnt og þétt. Í dag er stúdíóið orðið að listamiðstöð þar sem sjá má leirlistamenn og batíkgerðarfólk að störfum. Aragorn heldur einnig fjölskylduvæn teiti á fullu tungli.

### JR O'Neal grasagarðurinn

Garðurinn er þægilegt athvarf frá umferð, hávaða og hita Road Town. Þar er hægt að tylla sér á bekki inni á milli framandi hitabeltisplantna en þar er líka að finna tjörn alsetta vatnaliljum, lítinn regnskóg, kaktuslund og kryddjurtagarð.

### Government House

Þetta hvítkalkaða setur sem stendur við enda aðalgötu Road Town eins og tákn um heimsveldið er klassískt dæmi um breskan nýlendustíl í arkitektúr. Áður var húsið heimili ensks ríkisstjóra yfir Bresku Jómfrúaeyjum en er í dag lítið safn með húsgögnum og öðrum gripum frá tímabilinu.

### North Shore Shell Museum

Skeljasafn norðurstrandarinnar er frekar alþýðugallerí eða skranbúð en safn, en það er töff sama hvaða nafni það er kallað. Það er opið á ýmsum tímum, allt eftir því hvenær eigandinn, Egbert Donovan, er á svæðinu til að sýna gestum safnið. Hann mun svo að öllum líkindum líka hvetja gestina til að kaupa sér eitthvað eða fá sér að snæða á veitingastaðnum á efri hæðinni.

# Sigurgleðin á toppnum það besta

Mæðginin **Hanna Gréta Pálsdóttir** og **Aron Freyr Stefánsson** ganga reglulega á fjöll saman með Ferðafélagi Íslands. Frá því í janúar hafa þau gengið á tuttugu fjöll. Um liðna helgi gengu þau á Snæfellsjökul með hópi fólks, vopnuð ísöxum og broddum.

Gangan gekk bara vel, við rúlluðum þessu upp," segja mæðginin Hanna Gréta Pálsdóttir og Aron Freyr Stefánsson en þau gerðu sér lítið fyrir og gengu á Snæfellsjökul um síðustu helgi. Gangan tók tíu tíma en Hanna Gréta og Aron hafa undirbúið sig í nokkurn tíma. Þau eru bæði miklir útivistargarpar og ganga reglulega með hópnum Fyrsta skrefið í Ferðafélagi Íslands. Í hópnum sem gekk á jökulinn voru þrjátíu og níu manns.

„Þessi hópur, Fyrsta skrefið, hefur verið að ganga einu sinni til tvisvar í viku saman frá því í janúar. Eins og nafnið á hópnum bendir til voru margir að byrja að ganga á fjöll í janúar," segir Hanna Gréta. „Við Aron höfum stefnt að því að ganga á Snæfellsjökul í tæplega ár og höfum verið að ganga að minnsta kosti einu sinni í viku. Ætli við séum ekki búin að ganga á um það bil tuttugu fjöll frá því í janúar. Í vikunni fyrir ferðina fórum við upp í Bláfjöll að æfa okkur í að ganga á broddum og í línu. Við æfðum okkur meðal annars í að stoppa okkur með ísexinni í brekku," útskýrir Hanna og Aron segir að það að ganga í línu hafi verið það sem mest reyndi á í ferðinni.


Mæðginin í upphafi göngunnar á Snæfellsjökul en þau gengu í 39 manna hópi Ferðafélags Íslands á jökulinn um liðna helgi. MYNDIR/HANNA GRÉTA PÁLSDÓTTIR


Aron Freyr er mikill göngugarpur og hefur gengið á tæplega tuttugu fjöll í vetur með mömmu sinni.

**" Uppgönguleiðin var brött og við gengum í línu, með jöklabrodda og ísexi. Mér fannst erfiðast að ganga í línunni. Skemmtilegast og það besta við gönguna var sigurgleðin þegar við komumst á toppinn.**

*Aron Freyr Stefánsson*

„Það var gott veður til að byrja með en um ellefuleytið dró fyrir sólu og fór að blása. Þá varð frekar kalt. Uppgönguleiðin var brött og við gengum í línu, með jöklabrodda og ísexi. Mér fannst erfiðast að ganga í línunni. Skemmtilegast og það besta við gönguna var sigurgleðin þegar við komumst á toppinn," segir Aron og mamma hans tekur undir það. „Við erum afar stolt yfir því að hafa klárað þetta. Í sumar ætlum við svo í góða útilegu á litla húsbílnum okkar og elta góða veðrið. Það verða pottþétt farnar einhverjar gönguferðir. Við ætlum til dæmis að ganga Fimmvörðuhálsinn og svo ætla ég sjálf að ganga á Snæfell," segir Hanna Gréta.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
7. MAÍ 2016 LAUGARDAGUR

# SVEPPI Í HVÍLD FRÁ SVIÐSLJÓSINU

**Sverrir Þór Sverrisson**, Sveppi, og kona hans, Íris Ösp Bergþórsdóttir, rifu sig upp með þrjú börn sl. sumar og fluttu til Santa Barbara í Kaliforníu. Þar ætla þau að vera í eitt ár þar sem Íris stundar rannsóknir í doktorsnámi sínu í sálfræði.

Það hefur ekki borið mikið á Sveppa undanfarið. Hann er horfinn úr sviðsljósinu í bili. „Mér finnst ágætt að hvíla mig aðeins á sviðsljósinu. Hér þekkir mig enginn,“ segir hann. Konu hans var boðið að stunda doktorsnám sitt í eitt ár við Santa Barbara háskólann og þau ákváðu að slá til og flytja með fjölskylduna til Bandaríkjanna. „Okkur fannst þetta mjög spennandi. Reyndar var heilmikið mál að útvega vísa fyrir alla fjölskylduna, finna skóla fyrir börnin og pakka niður. Við verðum hingað fram í miðjan ágúst en satt að segja hefðum við alveg verið til í að vera lengur. Fjölskyldan er mjög ánægð hér. Sjálfum finnst mér þetta alveg dásamlegt. Alltaf gott veður,“ segir Sveppi en hann hefur ekki séð sápuóperuna Santa Barbara og hafði aldrei komið á þessar slóðir áður.


Sveppi og fjölskylda alsæl í Santa Barbara. Sumarsæla á hverjum degi og oft hægt að fara á ströndina til að grilla. MYND/BRAGI HINRIKSSON

### SKRIFAR HANDRIT

Þegar Sveppi er spurður hvort hann hafi nýtt tímann og farið í nám sjálfur, svarar hann því neitandi. „Ég nenni ekki í eitthvert leiklistarnám og nám hefur aldrei hentað mér sérstaklega vel. Ég nýti tímann til að skrifa. Ég hef verið að skrifa handrit að sjónvarpsþætti fyrir Stöð 2 með félögum mínum, Audda og Steinda. Einnig hef ég verið að vinna að teiknimyndaseríu um Sveppa, Villa og Góa ásamt Braga Þór Hinrikssyni sem leikstýrði Sveppamyndunum. Slíkir þættir eru langt ferli en við höfum verið mjög duglegir að skrifa og undirbúa þættina,“ segir Sveppi og bætir við: „Mér líður nú svolítið eins og ég sé búinn að vera í löngu og góðu sumarfríi og það er æðislegt.“

### GRILLAÐ Á STRÖNDINNI

Sveppi segir að Santa Barbara sé frábær bær. „Ég vissi ekkert um þennan bæ og hann hefur komið mér mikið á óvart. Hér er yndislegt að vera og íbúarnir einstaklega ljúfir og kurteisir. Ef það er eitthvað sem hefur komið mér rækilega á óvart er það hversu Kaninn er yndislegur. Það er virkilega skemmtilegt að búa hér. Maður var með fyrirfram mótaðar hugmyndir um Ameríku en þær hafa breyst. Það er dásamleg lífsreynsla að prófa að búa í öðru landi. Við erum til dæmis stutt frá ströndinni og þangað förum við oft og grillum sem er mjög skemmtilegt.“

> Mér líður pínulítið eins og ég hafi tekið pásu frá lífinu.
>
> Sverrir Þór Sverrisson

### GAMAN AÐ FERÐAST

Sveppi á þrjú börn, Arnald Flóka, 4 ára, Bergþór Inga, 9 ára og Þórdísi Kötlu, 12 ára. „Börnin kunnu ekki eitt orð í ensku þegar við komum hingað og við horfðum grátandi á eftir þeim í skólann. Nú eru þau öll orðin fljúgandi fær í málinu og mjög ánægð hérna. Það er gaman að fylgjast með þeim hér. Við höfum ferðast vítt og breitt um Kaliforníu. Fórum til San Francisco, Las Vegas og víðar. Við eigum kunningja í Los Angeles og höfum heimsótt þá. Auk þess höfum við farið í sveitirnar hér í kring en þar eru til dæmis margir litlir vínakrar og hægt að fara í vínsmakk hjá bændunum,“ segir Sveppi. „Maður getur farið í svona „sideways“ ferð með börnin,“ segir hann og hlær.

### PÁSA FRÁ LÍFINU

„Ég á eftir að sakna veðursins hér þegar við snúum heim aftur,“ segir hann. „Núna er ég svona au pair hjá sjálfum mér. Mér finnst gaman að vera heima, elda góðan mat og mér finnst enn skemmtilegt að fara í Costco, Target og þessar búðir. Það er svo mikið úrval hér. Svo er miklu hagstæðara að versla hér heldur en heima. Mörg góð veitingahús eru hér í kring, sum með mexíkósku ívafi. Við höfum borðað dálítið af fajitas og quesadillas. Krakkarnir eru í skóla í göngufæri við heimilið okkar. Þau hafa eignast góða vini. Ef maður ætlar að flytja til Ameríku þá er eitt ár lágmark,“ segir Sveppi, reynslunni ríkari og bætir við: „Mér líður pínulítið eins og ég hafi tekið pásu frá lífinu.“

elin@365.is




Lífrænt rauðrófuduft í hylkjum

NÝTT
LÍFRÆNT OFURFÆÐI




natures aid

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

# LÍFIÐ SNÝST BARA UM TÓNLIST

**Katrín Ýr** hefur búið í London í áratug og starfar þar sem söngkona auk þess að kenna söng. Í vikunni kom út þriggja laga smáskífa frá henni en lögin á plötunni samdi hún sjálf. Í kvöld heldur hún Adele-heiðurstónleika á Rosenberg.

Katrín Ýr Óskarsdóttir söngkona segir að það sé mikil áskorun að flytja lög jafn frábærrar söngkonu og Adele. Katrín flytur lög söngkonunnar á heiðurstónleikum Adele á Rosenberg í kvöld. Á tónleikunum verða lögin flutt í „unplugged“ stíl en með Katrínu í kvöld verða þeir Helgi Reynir Jónsson á gítar og Ólafur Ágúst Haraldsson á píanó. „Við ætlum að flytja lög af öllum þremur plötum Adele, þeim 19, 21 og 25, auk annarra laga frá tónleikum og öðrum flutningi hennar,“ segir Katrín. „Ég hef svo gaman af lögunum hennar en ég vinn við að syngja og syng því lögin hennar reglulega. Mig langaði að flytja önnur lög en hennar allra vinsælustu, þessi rólegri lög sem eru yfirleitt ekki tekin á böllum. Ég bjó mér því bara til afsökun til að geta flutt þau á tónleikum. Mér finnst líka gaman að Adele sem persónu, hún tekur sjálfa sig ekki of alvarlega og ég geri það ekki heldur,“ segir hún og hlær.



Katrín Ýr heldur tónleika á Rosenberg í kvöld þar sem hún syngur lög Adele. Með henni verður gítarleikarinn Helgi Reynir Jónsson og Ólafur Ágúst Haraldsson sem leikur á píanó. MYND/STEFÁN

> Ég sá hins vegar fljótt að þar er markaðurinn miklu stærri, samkeppnin er auðvitað harðari en mér fannst tækifærin og möguleikarnir fleiri.
>
> Katrín Ýr Óskarsdóttir

### ÍLENGDIST Í LONDON

Katrín hefur búið í London undanfarin tíu ár og starfar þar sem söngkona. Hún syngur mikið við hina ýmsu viðburði eins og fyrirtækjapartí, afmæli og brúðkaup auk þess að kenna söng. „Ég fór út til að læra söng og fór í The Institute of Contemporary Music Performance. Upphaflega fór ég í eins árs nám en þegar ég kláraði það ákvað ég að halda áfram og fór í þriggja ára nám og nældi mér í gráðu, Bachelor of Music. Þegar því var lokið var mér boðið að kenna við skólann sem ég þáði. Þannig að ég ílengdist í London og hef haft nóg að gera þar við að spila og syngja með alls konar fólki.“

Þrátt fyrir að hafa nóg að gera úti langar Katrínu að geta spilað meira hér heima. „Ég vildi helst geta verið í fleiri verkefnum hér og það lítur út fyrir að það sé að aukast. Ég gaf út lag í nóvember og var með tónleika þá. Svo var ég að gefa út þriggja laga smáskífu í vikunni sem verður til sölu á tónleikunum í kvöld og verður vonandi aðgengileg á tonlist.is og iTunes í næstu viku,“ útskýrir hún.

Lögin á plötunni eru mjög ólík og segir Katrín létt í bragði, að þar sé athyglisbresturinn mögulega að segja til sín. „Þegar ég sem tónlist reyni ég markvisst að hafa ekki allt eins. Eitt lagið á plötunni er róleg ballaða, annað meira popp með sumarfíling en svo er síðasta lagið alveg í hina áttina, bara ég og píanó og smá strengir. Í því lagi fór ég út fyrir þægindarammann en ég geri lítið af því að semja svoleiðis tónlist, er meira í svona „heart break“ eða „förum að djamma“ lögum.“

### SAMDI FYRIR RAPPARA

Katrín fór fyrst að semja tónlist fyrir um tíu árum og nefnir hlæjandi að hún hafi byrjað á því að semja viðlög fyrir rappara. „Þegar ég byrjaði í skólanum var lagasmíði eitt af fögunum sem ég þurfti að taka. Mér fannst það mikil pressa að þurfa að semja lög en kennararnir hjálpuðu mér að sjá að ég gæti samið tónlist. Síðan hef ég verið beðin um að semja fyrir aðra, fyrir bæði stærri og minni listamenn sem stundum nota lögin mín en stundum ekki. Ég hef verið heppin og unnið með mörgu ólíku fólki.“

Tækifærin fyrir söngvara eru mörg í London að sögn Katrínar. Hún hefur sungið alla ævi en segist ekki hafa séð að söngurinn gæti orðið hennar aðalatvinna fyrr en hún flutti til stórborgarinnar. „Þegar ég flutti til London fór ég út með engar væntingar og vissi ekki við hverju ég ætti að búast. Ég sá hins vegar fljótt að þar er markaðurinn miklu stærri, samkeppnin er auðvitað harðari en mér fannst tækifærin og möguleikarnir fleiri,“ segir Katrín sem hyggst gefa út heila plötu fljótlega. „Ég geri lítið annað en að vinna í tónlist. Ég er að semja meira efni úti og hef aðeins verið að kíkja í stúdíó. Draumurinn er svo að vinna meira heima og jafnvel að komast inn á Airwaves, klára plötu og vinna með fleira fólki.“

**Þeir sem vilja sjá meira af Katrínu Ýri geta fundið hana á helstu samfélagsmiðlum undir nafninu Introducing Kat.**









Fuglaskoðunin fer fram fyrir neðan Kópavogshælið klukkan 14.

# FJÖLSKYLDUSTUND VIÐ FUGLASKOÐUN Í KÓPAVOGI

Menningarhúsin í Kópavogi hafa skipst á að standa fyrir fjölskyldustundum á laugardögum í vetur. Í dag er komið að Náttúrufræðistofunni og er ætlunin að beina sjónum að farfuglunum, hinum afar margbreytilegu vorboðum. Klukkan 13.15 verður haldið stutt erindi um fuglana í Safnahússkórnum að Hamraborg 6a en síðan verður farið niður í Kópavog þar sem gestum gefst kostur á að skoða fuglana. Gera má ráð fyrir að mæting þar sé um kl. 14.00. Sjónaukar verða á staðnum sem gestir geta fengið að nota en einnig er gott að koma með eigin græjur, sjónauka og fuglabækur. Starfsmenn Náttúrufræðistofu verða við voginn til kl. 16.00, neðan við Kópavogshælið.




Þýski grillframleiðandinn Landmann er **50 ára** Við höldum upp á það

**LANDMANN gasgrill**
TRITON 2ja brennara



VERÐ ÁÐUR 79.900
AFMÆLISTILBOÐ
**59.900**

**LANDMANN gasgrill**
TRITON 3ja brennara



VERÐ ÁÐUR 98.900
AFMÆLISTILBOÐ
**79.900**

4 litir

**LANDMANN gasgrill**
TRITON 4ra brennara



VERÐ ÁÐUR 124.900
AFMÆLISTILBOÐ
**99.900**

2 litir

**LANDMANN gasgrill**
AVALON 4ra brennara



VERÐ ÁÐUR 189.900
AFMÆLISTILBOÐ
**169.900**

**LANDMANN gasgrill**
AVALON 5 brennara



VERÐ ÁÐUR 269.900
AFMÆLISTILBOÐ
**239.900**

**LANDMANN gasgrill**
AVALON 6 brennara



VERÐ ÁÐUR 494.900
AFMÆLISTILBOÐ
**449.900**

**Komdu, skoðaðu og fáðu faglegar ráðleggingar**

# Grillbúðin

SÉRVERSLUN MEÐ GRILL OG GARÐHÚSGÖGN

**Smiðjuvegi 2, Kópavogi** (við hliðina á Bónus) | **Sími 554 0400** | grillbudin.is








**Helga Björg Þórólfsdóttir**
kírópraktor hefur hafið störf
hjá Kírópraktorstofu Íslands.

Tímapantanir
í síma 527-2277

Sporthúsinu
Dalsmári 9-11
201 Kópavogur
www.kpi.is

KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS










Myndasagan er tjáningarmiðill sem virkar jafnt til hreinnar afþreyingar og um leið til umfjöllunar um viðkvæm og erfið samfélagsmál að sögn Þórhalls Björgvinssonar, deildarstjóra myndasögudeildar Nexus. MYND/VILHELM

# ÞROSKAÐUR MIÐILL

Árlegur Ókeypis myndasögudagurinn verður haldinn um allan heim í dag. Verslunin Nexus í Reykjavík heldur upp á hann fimmtánda árið í röð og gefur m.a. sérvalin myndasögublöð.




Ókeypis myndasögudagurinn er haldinn í dag, laugardag, í versluninni Nexus í Reykjavík. Þetta er fimmtánda árið í röð sem dagurinn er haldinn en rúmlega 2.300 myndasagnaverslanir um allan heim taka þátt og gefa um leið gestum sérútgefin myndasögublöð frá ýmsum útgefendum.

Nexus hefur tekið þátt frá upphafi og segist Þórhallur Björgvinsson, deildarstjóri myndasögudeildar verslunarinnar, búast við rúmlega þúsund manns eins og undanfarin ár. „Yfirleitt er komin ógnarlöng röð þegar við byrjum að gefa myndasögur og það myndast alltaf góð stemming á meðan beðið er. Þeir sem eiga búninga, hvort sem það er manga-áhugafólk eða ofurhetjunördar, eru hvattir til að mæta í þeim enda er þetta einn uppáhaldsdagur ársins hjá þeim sem virkilega unna myndasögum.“

## ENGINN TÓMHENTUR HEIM

Dagskráin byrjar kl. 13 og er fyrirkomulagið einfalt að sögn Þórhalls. „Á slaginu kl. 13 hleypum við fólki inn og leyfum jafnan hverjum og einum að velja sér nokkur blöð á meðan birgðir endast. Enginn ætti að fara tómhentur heim en reynslan sýnir þó að það er gott að mæta tímanlega. Um 50 titlar eru í boði, allir bandarískir, nema ÓkeiPiss sem Nexus og Ókei bækur gefa út nú sjötta árið í röð. ÓkeiPiss er hugarfóstur Hugleiks Dagssonar og eins konar yfirlitsblað yfir íslenska myndasöguflóru. Hugleikur velur úr innsendum myndasögum íslenskra höfunda og teiknara og birtir það besta. Um er að ræða stuttar sögur en hver þeirra er ein eða tvær síður.“

Dagurinn, sem er alþjóðlegur og nefnist Free comic book day, er alltaf haldinn fyrsta laugardag í maí en þá er yfirleitt frumsýnd stór ofurhetjumynd á heimsvísu. „Markmið skipuleggjenda dagsins var að hámarka sýnileika myndasögunnar og því er þessi tími ársins valinn. Í ár er það myndin Captain America: Civil War sem var frumsýnd og getum við mælt heilshugar með henni.“

## HÖFÐAR TIL FJÖLDANS

Margir tengja myndasögur eingöngu við börn og unglinga en þær hafa alltaf höfðað til ákveðins hóps fullorðinna. „Myndasöguformið býður upp á svo marga möguleika. Það eru til sögur sem maður sér einfaldlega ekki fyrir sér jafn áhrifamiklar sem prósa eða myndefni einvörðungu. Gildir þá einu hvort um er að ræða góða Batmansögu eða fréttaskýringar Joe Sacco frá Palestínu. Þannig myndar samspil mynda og texta eina órjúfanlega heild.“

Hann segir líka myndasöguna vera tjáningarmiðil sem virki jafnt til hreinnar afþreyingar og um leið til umfjöllunar um viðkvæm og erfið samfélagsmál. „Það er erfitt að ímynda sér að nokkur leggi t.d. ósnortinn frá sér Pulitzer-verðlaunamyndasögu Art Spiegelman um helförina eða myndasögu Bryans Talbot um afleiðingar kynferðisofbeldis. Myndasagan veitir okkur líka sýn inn í ólíka menningarheima því það er vandfundið það land sem ekki á einvern vísi að myndasögumenningu. Þegar alvörunni sleppir eru síðan fá ævintýri jafn góð fyrir andann og klassísku andasögurnar um Jóakim og félaga eftir meistara Carl Barks.“

## VAXANDI HLUTUR KVENNA

Sjálfur byrjaði Þórhallur að lesa myndasögur þegar hann var sjö ára og hefur ekki hætt síðan þótt hann safni þeim ekki lengur. „Í grunnskóla áttu ofurhetjur allan hug minn en á unglingsárunum hreifst ég af höfundum á borð við Alan Moore, Hernandez-bræðurna og Neil Gaiman, en þessir höfundar brutu upp formið og sýndu möguleika myndasögunnar sem þroskaðs tjáningarmiðils. Í dag er ég alæta á myndasögur, eins og annan skáldskap en í sérstöku uppáhaldi eru rökkurkrimmar Jasons Aaron, geimóperan Saga, feminíska satíran Bitch Planet og ævintýri Íkornastúlkunnar ósigrandi frá Marvel. Auk þess finnst mér óhemju gaman að fylgjast með sívaxandi hlut kvenhöfunda og teiknara í myndasöguheiminum í dag og um leið hversu margir nýir viðskiptavina okkar eru kvenmenn.“

**Nánari upplýsingar um Ókeypis myndasögudaginn má finna á Facebook.**





Baðherbergi


Góðar hirslur


Innbyggðar uppþvottavélar


Pottaskápar


Allar útfærslur


Fataskápar

kitchn®
HREINT OG KLÁRT


Sérsmíði


Þvottahús


Úrvalið er hjá okkur

## VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

## ÞITT ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska – fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • Mán. - föst. kl. 09-18 • Laugardaga kl. 11-15

friform.is

# ÍSLENDINGASÖGURNAR Á 75 MÍNÚTUM

Icelandic Sagas: The Greatest Hits in 75 Minutes er glæný sýning sem frumsýnd var í Hörpu í vikunni. Þar segja þau **Lilja Nótt Þórarinsdóttir** og **Jóhann G. Jóhannsso**n allar fjörutíu Íslendingasögurnar á 75 mínútum.

Hallgerður langbrók, Gunnlaugur ormstunga, Víga-Glúmur, Haraldur hárfagri, Njáll, Gunnar, Leifur heppni og fjöldi annarra vel þekktra persóna úr Íslendingasögunum koma saman í leiksýningunni Icelandic Sagas: The Greatest Hits. Sýningin er á ensku og stíluð á erlenda ferðamenn þó Íslendingar geti haft alveg jafn gaman af.

„Hugmyndin vaknaði þegar ég var að vinna sem leiðsögumaður í Þríhnúkagígum á sumrin. Nánast daglega var ég spurð hvað væri hægt að gera í Reykjavík annað en að fara út að borða og detta í það. Mér fannst ósköp lítið af föstum liðum sem ég gæti bent á,“ segir leikkonan Lilja Nótt sem gekk lengi með það í maganum að vinna með Íslendingasögurnar. „Ég er alin upp við þessar sögur og raunar algert nörd. Ég vann síðan með Ólafi Egilssyni í Gerplu og vissi því að þar ætti ég nördafélaga,“ segir Lilja Nótt. Þau settu saman hugmyndina að sýningunni, fengu Jóhann G. Jóhannsson leikara með sér í lið og hafa unnið að verkefninu síðan í nóvember.

„Við byrjuðum á því að lesa allar sögurnar en við skiptum þeim á milli okkar.



Lilja Nótt og Jóhann leika öll hlutverkin.

Við fundum strax að sumar eru mjög góðar og aðrar síðri. Því var ákveðið að nokkrar fengju gott pláss en aðrar ekki nema eina til tvær setningar,“ segir Lilja Nótt. Njála fær þannig langstærsta plássið en Egla, Laxdæla og fleiri fá góða umfjöllun. „Fyrsta handritið okkar var 114 blaðsíður sem hefði verið efni í sjö tíma sýningu. Við höfum því skorið mikið niður og fórnað mörgum gullmolum,“ segir Lilja Nótt glettin og bætir við að kannski verði í framtíðinni boðið upp á svokallað „directors cut“.


Njála fær langstærsta plássið en Egla, Laxdæla og fleiri fá góða umfjöllun.


Sýningarnar eru áætlaðar fram að áramótum hið minnsta. MYND/VILHELM

Lilja Nótt og Jóhann sjá um að leika öll hlutverkin en Ólafur er leikstjóri. Þórunn Sveinsdóttir sá um búninga og leikmynd. „Við erum í afar fallegum víkingafötum en vippum á okkur skikkjum og hárkollum eftir því sem við á.“

Sýningin fer fram í Norðurljósasal Hörpu. „Við höfðum samband við Hörpu til að athuga hvort áhugi væri fyrir svona sýningu og var afar vel tekið enda er fremur lítið um að vera í húsinu á sumrin,“ segir Lilja Nótt og telur líklegt að töluverð eftirspurn sé eftir sýningu á borð við þessa um þessar mundir.

Salurinn verður settur upp í baðstofustíl þannig að sviðið er í rennu á miðjunni og áhorfendur sitja báðum megin við það. „Við leikum þannig í 360 gráður,“ segir Lilja Nótt en mikil áhersla er lögð á háð og grín í sýningunni. „Við drögum bæði okkur og sögurnar sundur og saman í háði og kynnum þær í leiðinni.“

Frumsýning verksins var á miðvikudaginn var en sýningar eru áætlaðar fram að áramótum hið minnsta. „Við hugsum þetta sem langtímaverkefni enda er það góða við að vera með sýningu fyrir ferðamenn að maður er alltaf með nýja áhorfendur,“ segir hún glaðlega og bendir áhugasömum á upplýsingar um sýninguna á Facebook og vefnum harpa.is.

NÝ SENDING MEÐ FALLEGUM KJÓLUM













SKOÐAÐU ÚRVALIÐ EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS

Afgreiðslutímar í verslun okkar að Fákafeni 9

Alla virka daga frá kl.11-18

Laugardaga frá kl. 11-16

SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!

Curvy.is

Fákafeni 9, 108 RVK

Sími 581-1552 | www.curvy.is

LANDSPÍTALI

# LANDSPÍTALI ... VERTU MEÐ!

**Röntgendeild**

## EÐLISFRÆÐINGUR

*Nýir tímar eru fram undan á röntgendeild Landspítala með tilkomu jáeindaskanna. Við leitum eftir öflugum eðlisfræðingi eða eðlisverkfræðingi til starfa við innleiðingu hinnar nýju tækni og þróun tilheyrandi verkferla auk annarra verkefna á sviði gæðamála, geislavarna, kennslu og vísindavinnu. Sérþekking á sviði ísótóparannsókna og/eða geislaeðlisfræði er æskileg. Mun viðkomandi verða mikilvægur hlekkur í að skapa öflugt teymi á þessu sviði.*

*Röntgendeild Landspítala telur rúmlega 100 starfsmenn og sinnir læknisfræðilegri myndgreiningu og geislavörnum á spítalanum.*

**Geðsvið**

## NÁMSSTÖÐUR LÆKNA Í GEÐLÆKNINGUM

*Við bjóðum lækna velkomna í starfsnám í geðlækningum á geðsviði Landspítala. Störfin eru veitt til allt að 2ja ára frá 1. september 2016 eða eftir samkomulagi. Hægt er að taka sérnámið að hluta eða ljúka því hér á landi. Námið nýtist einnig sem hluti af sérnámi í öðrum sérgreinum en geðlæknisfræði, s.s. heimilis-, endurhæfingar- og öldrunarlækningum. Möguleiki er á styttri ráðningum í 4-12 mánuði fyrir almenna lækna og lækna í öðrum sérgreinum frá sama tíma eða eftir samkomulagi.*

*Þátttaka í rannsóknum og í hópmeðferð stendur áhugasömum umsækjendum til boða. Unnið hefur verið ötullega að því að byggja upp prógrammið í samvinnu við námslækna á síðustu árum.*

**Meltingar- og nýrnadeild**

## HJÚKRUNARDEILDARSTJÓRI

*Við viljum ráða framsækinn og metnaðarfullan einstakling með góða leiðtoga- og samskiptahæfni í starf yfirmanns hjúkrunar á meltingar- og nýrnadeild. Hjúkrunardeildarstjórinn stjórnar daglegum rekstri og er leiðandi um hjúkrunarfræðileg málefni innan deildarinnar. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri lyflækningasviðs. Ráðið er í starfið til 5 ára.*

*Deildin er 19 rúma legudeild og þjónar sjúklingum með bráða og langvinna sjúkdóma í meltingarfærum og nýrum. Lögð er áhersla á að skapa uppbyggjandi starfsumhverfi og veita einstaklingshæfða hjúkrun.*

**Sameindameinafræði meinafræðideild**

## SAMEINDALÍFFRÆÐINGUR

*Ertu metnaðarfullur, jákvæður og þjónustulipur og hefur áhuga á krabbameinsfræðum? Við leitum eftir sameindalíffræðingi til starfa á sameindameinafræðieiningu meinafræðideildar.*

*Góður starfsandi er ríkjandi og gott tækifæri til starfsþróunar. Auk fjölbreyttra þjónusturannsókna eru stundaðar vísindarannsóknir á tilurð og framvindu krabbameina. Á rannsóknastofu sameindafræðinnar, sem staðsett er við Hringbraut, starfa aðallega líffræðingar en á öðrum einingum meinafræðideildar starfa meinafræðingar, lífeindafræðingar og fleiri fagstéttir.*

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA;**
**WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR OG STARFATORGI; WWW.STARFATORG.IS**

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

# Matráður í mötuneyti Húnavallaskóla

## Húnavatnshreppur óskar eftir að ráða matráð í mötuneyti Húnavallaskóla

Matráð vantar í Húnavallaskóla, Húnavatnshreppi, Austur-Húnavatnssýslu. Leitað er eftir einstaklingi sem er lipur og sveigjanlegur í samskiptum og hefur skipulagshæfni og getur unnið sjálstætt. Um er að ræða 100% starf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag

Helstu verkefni matráðs eru: annast matseld í skólanum á skólatíma, sjá um innkaup á hráefni annast eftirlit með kostnaði, gerð matseðla ofl.

Húnavallaskóli leggur áherslu á að bjóða upp á hollan mat unninn frá grunni í skólanum. Í samræmi við jafnréttisstefnu Húnavatnshrepps eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um starfið. Æskilegt er að umsækjandi hafi menntun og/eða reynslu á sviði matargerðar.

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf 15. ágúst nk.**

Umsóknarfrestur er til og með 10. júní 2016. Umsóknum skal skilað á netfangið skolastjori@hunavallaskoli.is eða á skrifstofu sveitarfélagsins:

Húnavatnshreppur, Húnavöllum, 541 Blönduós

Nánari upplýsingar veitir Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri í síma 452 4370 eða 847 2664.

**Húnavatnshreppur**

**hunavatnshreppur.is**

---

**bender** ehf

Bender ehf (AJ Vörulistinn) auglýsir efir starfsfólki í fullt starf í sölu og þjónustu.

**Helstu verkefni:**

- Sala, ráðgjöf og þjónusta
- Tilboðsgerð
- Eftirfylgni og öflun nýrra viðskiptavina
- Þýðingar og viðhald vefverslunar

**Hæfniskröfur:**

- Þjónustulund, jákvæðni og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Stundvísi, reglusemi og áreiðanleiki
- Góð tölvukunnátta og skipulögð vinnubrögð
- Góð tungumálakunnátta (íslenska og enska eru æskileg. Norðurlandamál er kostur).

Umsóknir ásamt ferilskrá og kynningarbréfi um það hvernig hæfni þín og reynsla nýtist í starfi sendist fyrir 16. maí nk. á **jon@bender.is** Allar frekari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á **www.ajvorulistinn.is**

Bender ehf er umboðsaðili AJ Vörulistans, SuperSellerS, Vega og ProFlow. Bender ehf er póst- og netverslun sem leitast við að bjóða góða þjónustu og fjölbreytt vöruúrval fyrir skrifstofur, skóla, bókasöfn, verslanir, iðnað, vöruhús, hótel og veitingastaði.

AJ ProFlow VEGA SUPERSELLERS®

---



Landsvirkjun

# Við leitum að talnaglöggum sérfræðingi í innkaupum

Okkur vantar kraftmikinn og hugmyndaríkan starfsmann í innkaup sem hefur áhuga á tölum og mannlegum samskiptum. Viðkomandi er sérfræðingur og hluti af öflugu teymi innkaupadeildar sem er að vinna í fjölbreyttum og fjölþjóðlegum krefjandi verkefnum á sviði innkaupa þvert á fyrirtækið. Verkefnin eru meðal annars ráðgjöf varðandi innkaup og samningsgerð ásamt greiningu og miðlun tölfræðigagna.

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af innkaupum er kostur
- Hæfni til að vinna með tölur
- Frumkvæði í starfi, skipulagshæfni og lausnamiðuð hugsun
- Lipurð í mannlegum samskiptum og vinna vel í hóp

Sótt er um starfið á vef Capacent, nánari upplýsingar um starfið veita Auður Bjarnadóttir hjá Capacent *(audur.bjarnadottir@capacent.is)* og Þóra María Guðjónsdóttir á starfsmannasviði Landsvirkjunar *(thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is)*. Umsóknarfrestur er til og með 22. maí.

Jafnlaunaúttekt PwC 2013

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.



**www.landsvirkjun.is**

Norðurþing

# Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi

Norðurþing auglýsir lausa stöðu íþrótta- og æskulýðsfulltrúa sveitarfélagsins. Leitað er að einstaklingi sem hefur metnað og áhuga fyrir íþrótta- og æskulýðsmálum.

Umsóknarfrestur
**23. maí**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/2836**

Starfssvið
- Áætlanagerð og eftirlit með rekstri íþróttamannvirkja, frístundaheimila og félagsmiðstöðva á vegum sveitarfélagsins.
- Umsjón með fundum, undirbúningur verkefna og upplýsingagjöf til æskulýðs- og menningarnefndar.
- Eftirfylgni stefnumörkunar og ákvarðana nefndarinnar
- Samskipti við aðrar stofnanir sveitarfélagsins og hagsmunaaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf sem nýtist í starfi skilyrði.
- Þekking og/eða reynsla af rekstri og áætlanagerð.
- Þekking á málaflokkum sem falla undir sviðið.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu kostur.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð tungumálakunnátta í íslensku og ensku.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.

Sveitarfélagið Norðurþing varð til árið 2006 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga: Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps. Nær það yfir rúmlega 4% landsins, frá Reykjahverfi í Suður Þingeyjarsýslu að Ormarsá austan við Raufarhöfn og upp fyrir Grímsstaði á Fjöllum, í Norður Þingeyjarsýslu. Þéttbýliskjarnarnir í sveitarfélaginu eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Í árslok 2015 voru íbúar Norðurþings 2826 talsins.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

**Þú ert forritari.** Þú veist hvað þú ert að gera. Viðmót, bakendi — allur pakkinn. Þú kannt fullt um hluti eins og nodejs, react, redux, graphQL. Og þú vilt vinna með öðru fólki sem veit hvað það er að gera. Forriturum og hönnuðum í heimsklassa. Þú hræðist ekki nýjungar. Þú vilt vinna sjálfstætt, í flötu skipulagi, á sveigjanlegum vinnutíma. Þú vilt alvöru laun. Þig klæjar í fingurna að komast í verkefni sem reyna á hæfileika þína.

**Við erum UENO.** Alhliða stafræn hönnunar- og þróunarstofa í San Francisco, New York og Reykjavík. Við vinnum fyrir fyrirtæki eins og Airbnb, Uber, Apple, Cisco, Dropbox, Fitbit, Google, Lonely Planet, Medium, Reuters og so videre.

**Hvenær geturðu byrjað?**

**UENO.**

ueno.co/careers

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

www.capacent.is

Borgarleikhúsið

Leikfélag Reykjavíkur ses er sjálfseignarstofnun og eitt elsta menningarfélag landsins, 119 ára gamalt. Félagið annast rekstur Borgarleikhússins skv. sérstökum samningi við Reykjavíkurborg. Borgarleikhúsið er fjölsóttasta leikhús landsins; gestir á síðastliðnu leikári voru um 220.000. Hjá félaginu starfa milli 180–200 manns með metnað, fagmennsku og framsýni að leiðarljósi. Borgarleikhúsið sviðsetur um 20 leiksýningar á ári auk ýmissa annarra viðburða.

# Framkvæmdastjóri Borgarleikhússins

Leikfélag Reykjavíkur leitar að kraftmiklum og jákvæðum stjórnanda til að sinna daglegum rekstri félagsins og vinna náið með leikhússtjóra að áframhaldandi velgengni Borgarleikhússins.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Daglegur rekstur félagsins
- Fjármálastjórn og áætlanagerð
- Starfsmanna- og kjaramál
- Ábyrgð á rekstri tæknideilda, veitinga- og miðasölu
- Skýrslugerð til stjórnar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og reksturs æskileg
- Víðtæk þekking og reynsla af rekstri og stjórnun
- Mikil reynsla af áætlanagerð
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Frumkvæði, metnaður og drifkraftur
- Framúrskarandi skipulagshæfileikar

**Upplýsingar veita:**
**Leifur Geir Hafsteinsson**
leifurgeir@hagvangur.is
**Sveina Berglind Jónsdóttir**
sveina@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 23. maí nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

ÖBÍ

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) er hagsmuna- og mannréttindasamtök fatlaðs fólks, öryrkja, einstaklinga með langvinna sjúkdóma og aðstandenda þeirra. Aðildarfélög bandalagsins eru 41 talsins. Hlutverk ÖBÍ er að vinna að samfélagslegu réttlæti, bættum lífsgæðum og kjörum auk þess að vera stefnumótandi í réttindamálum hagsmunahópsins. Öflun og miðlun þekkingar er mikilvægur þáttur í starfseminni. Þá tekur ÖBÍ þátt í erlendu samstarfi. Nánari upplýsingar er að finna á **obi.is.**

# Samskiptastjóri

Öryrkjabandalag Íslands auglýsir eftir öflugum samskiptastjóra með brennandi áhuga á mannréttinda- og samfélagsmálum. Starfsaðstaða samskiptastjóra er í nýju, aðgengilegu og fallegu húsnæði í Sigtúni 42, Reykjavík.

**Starfssvið**
- Almannatengsl, fjölmiðlasamskipti og vöktun
- Samfélagsmiðlun
- Umsjón með heimasíðu (Moya) og innraneti (Podio)
- Kynningar- og útgáfumál s.s. vefrit og tímarit
- Frétta- og greinaskrif
- Viðburðir, fundir, ráðstefnur og málþing

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af skrifum og miðlun upplýsinga
- Reynsla af samskiptum við fjölmiðla
- Mjög góð íslenskukunnátta og ritfærni
- Kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli er kostur
- Góð tölvukunnátta og færni í tæknimálum
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Rík samskiptafærni, sveigjanleiki og þjónustulund

**Upplýsingar veitir:**
**Inga S. Arnardóttir**
inga@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 18. maí nk.**

Fatlað fólk og/eða fólk með skerta starfsgetu er sérstaklega hvatt til að sækja um. Möguleiki er að ráða tvo einstaklinga í starfið og skiptist þá starfshlutfallið eftir samkomulagi.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram komi rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

MOSFELLSBÆR   Lágafellsskóli

## Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi

*Má bjóða þér að vera hluti af góðum og öflugum starfsmannahópi sem vinnur saman að því að mæta ólíkum einstaklingum í krefjandi verkefnum.*

Lágafellsskóli í Mosfellsbæ er heildstæður grunnskóli sem vinnur í anda uppbyggingarstefnunnar. Starfsemi skólans fer fram í tveimur byggingum þar sem 1. - 2. bekkur er staðsettur í útibúi skólans, Höfðabergi, ásamt 5 ára leikskóladeildum.

Við í Lágafellsskóla leitum að kennurum fyrir næsta skólaár 2016-2017
- Umsjónarkennsla á yngsta stigi, 80 – 100% starfshlutfall
- Umsjónarkennsla á miðstigi, 100% starfshlutfall
- Smíðakennsla, 100% starfshlutfall

Um er að ræða bæði fastráðningarstöður og tímabundnar stöður til eins árs vegna leyfa.

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ.

Upplýsingar veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 5259200/8968230. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið **johannam@lagafellsskoli.is**

**Umsóknarfrestur er til 19. maí 2016 en ráðið er í stöðurnar frá 1. ágúst 2016.**

**Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.**

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA SKEMMTILEGT Í SUMAR?

**Ölgerðin leitar að öflugu og jákvæðu sumarstarfsfólki**

### VÖRUHÚS

Ölgerðin rekur öflugt vöruhús og vantar starfsfólk í kvöld- og næturvinnu.

**Hlutverk og ábyrgð**
- Tiltekt og afgreiðsla pantana
- Móttaka á vörum
- Tilfallandi störf sem tilheyra í stóru vöruhúsi

### DREIFING

Ölgerðin rekur 15 bíla dreifikerfi ásamt úthýstum leiðum. Meirapróf er kostur.

**Hlutverk og ábyrgð**
- Dreifing og afhending pantana
- Samskipti við viðskiptavini
- Tilfallandi störf sem tilheyra dreifingu

### HÆFNISKRÖFUR
- Aldur 20+
- Hreint sakavottorð
- Þjónustulund og sjálfstæð vinnubrögð
- Stundvísi og góð framkoma
- Góð samskiptahæfni
- Samviskusemi og jákvæðni
- Íslensku- eða enskukunnátta
- Geta unnið undir álagi
- Bílpróf - lyftarapróf kostur
- Reglusemi og snyrtimennska

Áhugasamir geta sótt um á: olgerdin.is **Umsóknarfrestur er til og með 15. maí nk.**

ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON

Ölgerðin er eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga.

Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.

**www.olgerdin.is**

# ÁTT ÞÚ HEIMA HJÁ NOVA?

### HÖNNUÐUR Í MARKAÐS– OG VEFDEILD NOVA

Við leitum að öflugum og fantagóðum grafískum hönnuði til að vinna að auglýsinga– og kynningarefni, fréttabréfum til viðskiptavina, efni í verslanir, nýjum vef fyrirtækisins o.fl. Viðkomandi vinnur náið með öðrum starfsmönnum fyrirtækisins og auglýsingastofu. Ódrepandi áhugi á markaðsmálum er nauðsynlegur, sem og metnaður fyrir því að gera góða hluti enn betri.

**Hæfniskröfur:**
- Menntun og reynsla á sviði hönnunar.
- Reynsla í vefhönnun er kostur.
- Lífsgleði.

### VEFÞRÓUN, HTML OG CSS Í MARKAÐSDEILD NOVA

Við leitum að frábærum liðsfélaga í markaðsdeild Nova sem er vanur HTML og CSS vinnu. Viðkomandi vinnur að vefþróun við vef Nova ásamt ýmsum öðrum verkefnum tengdum vef– og markaðsmálum. Viltu vera með í að búa til flottasta vefinn og halda svo gott partí til að fagna því?

Sæktu um fyrir **19. maí** á nova.is

**Hæfniskröfur:**
- Kunnátta í HTML, CSS, Javascript og Photoshop.
- Reynsla af vef– og efnisstjórnun.
- Reynsla af LÍSU vefumsjónarkerfi eða öðrum sambærilegum kerfum er kostur.
- Áhugi á auglýsinga– og markaðsmálum, ásamt því að hafa gott auga fyrir útliti.





# Hefur þú ríka þjónustulund?

## Störf í afgreiðslu á Laugavegi 166

Nú er tækifæri fyrir öfluga og jákvæða einstaklinga að ganga til liðs við ríkisskattstjóra því störf í afgreiðslu á Laugavegi 166 eru laus til umsóknar. Helstu verkefni eru móttaka viðskiptavina, upplýsingamiðlun, móttaka og afhending gagna og leiðbeiningar um ýmis skattamál, fyrirtækja- og ársreikningaskrá.

**Hæfnikröfur**

- Fáguð framkoma, jákvæðni, þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi.
- Öguð og skipulögð vinnubrögð ásamt hæfileika til að vinna undir álagi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta. Önnur tungumálakunnátta kostur.
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Reynsla af sambærilegum störfum er kostur, en ekki skilyrði.

Frekari upplýsingar um störfin veitir Inga Hanna Guðmundsdóttir starfsmannastjóri RSK í síma 442 1151. Umsókn skal fylla út á vefslóðinni **rsk.is/starf** og skal ferilskrá einnig fylgja með í viðhengi til að umsókn teljist fullnægjandi.

**Umsóknarfrestur** er til og með 22. maí 2016. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsækjendum sem uppfylla hæfnikröfur og senda fullnægjandi gögn með umsókn verður boðið að kynna sig í 5 mínútur fyrir starfsmannastjóra og hópstjóra eftir að umsóknarfrestur er liðinn. Mun framkoma og frammistaða í þeirri kynningu auk innsendra gagna verða ráðandi um hverjir verða boðaðir í hefðbundin atvinnuviðtöl.

Umsóknir gilda í 6 mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu. Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við SFR.

Ríkisskattstjóri annast álagningu opinberra gjalda og annarra skatta, skatteftirlit og heldur lögbundnar skrár. Að auki er embættinu falið að sinna ýmsum sérverkefnum til lengri eða skemmri tíma, nú síðast leiðréttingu á höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána og ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán.

**Meginstefna RSK í mannauðsmálum byggir á gagnkvæmu trausti, tillitssemi og virðingu á milli stofnunar og starfsmanna og starfsmanna sín í milli og unnið er eftir gildunum: Fagmennska - Jákvæðni - Samvinna.**

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

rsk@rsk.is

442 1000
Þjónustuver 9:30-15:30

STOFNUN ÁRSINS 2015

Nánari upplýsingar á *rsk.is*



## Meiraprófsbílstjóri óskast í sumarstarf

AÐFÖNG óska eftir meiraprófsbílstjóra í sumarstarf. Viðkomandi þarf að hafa próf á vörubifreið með eftirvagn. Unnið er á vöktum við útkeyrslu á vörum í verslanir Haga.

Sækja skal um starfið á www.adfong.is
Óskað er eftir að ferilskrá fylgi umsókn.

AÐFÖNG

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

**Kennarastöður við Árbæjarskóla**

**Lausar eru eftirtaldar kennarastöður skólaárið 2016 – 2017**

- **Stærðfræðikennari í 5. – 10. bekk / Umsjónarkennari á miðstigi**
- **Íþróttakennari**
- **Tónmenntakennari**

**Umsóknarfrestur er til 17. maí 2016.**

Sótt er um ofangreind störf á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is, undir „Laus störf“.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorsteinn Sæberg, skólastjóri, í síma 4117700 og tölvupósti thorsteinn.saeberg@reykjavik.is

Árbæjarskóli er einn stærsti grunnskóli landsins, staðsettur í einstöku umhverfi Elliðaárdalsins. Árbæjarskóli er grunnskóli fyrir nemendur í 1.-10. bekk og eru nemendur um 630 talsins. Skólinn er safnskóli á unglingastigi, en til náms í 8. bekk koma saman nemendur þriggja skóla, Árbæjarskóla, Ártúnsskóla og Selásskóla. Starfsmenn skólans eru um 90 sem sinna mismunandi stöfum í þágu nemenda.

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

## Verzlunarskóli Íslands óskar að ráða í eftirfarandi störf fyrir næsta skólaár.

- **Enskukennari**
- **Spænskukennari**
- **Stærðfræðikennari**
- **Eðlisfræðikennari**

**Hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í viðkomandi greinum.
- Reynsla af kennslu á framhaldsskólastigi æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

**Við bjóðum:**

- Góða vinnuaðstöðu.
- Góðan starfsanda á framsæknum vinnustað.

Nánari upplýsingar gefur Þorkell Diego yfirkennari, thorkell@verslo.is eða í síma 5 900 600.
**Umsóknarfrestur er til 10. maí** og skal senda umsóknir ásamt ferilskrá til Verzlunarskóla Íslands, Ofanleiti 1, 103 Reykjavík eða á netfangið thorkell@verslo.is.

Verzlunarskóli Íslands er framhaldsskóli með um 1250 nemendur. Skólinn er bekkjarskóli en nemendur ljúka prófum í viðkomandi námsáfanga um jól og vor. Nemendur geta valið á milli fjögurra mismunandi brauta og útskrifast með stúdentspróf af öllum brautum. Einnig býður Verzlunarskólinn upp á fjarnám. Verzlunarskólinn er mjög tæknivæddur og er aðstaða til náms og kennslu öll hin besta.

Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

FISKISTOFA

*Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun með sex starfsstöðvar um land allt.*
*Stofnunin annast stjórnsýslu á sviði sjávarútvegs og lax- og silungsveiði ásamt því að safna og vinna úr upplýsingum um þá málaflokka. Nánari upplýsingar um Fiskistofu má finna á www.fiskistofa.is.*

***Gildi Fiskistofu eru traust, framsækni og virðing***

# Viltu slást í hóp öflugra starfsmanna Fiskistofu?

**Fiskistofa óskar eftir að ráða árangursdrifna og jákvæða einstaklinga í fimm laus störf hjá stofnuninni, um 100% störf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Mannauður Fiskistofu er grunnstoðin í starfsemi hennar og er lögð mikil áhersla á starfsþróun, teymisvinnu og leiðir til að gera góðan vinnustað betri.**

## Veiðieftirlitsmenn í Hafnarfirði, Stykkishólmi og Ísafirði

**Eftirlitsmaður á Ísafirði verður í miklu samstarfi við aðra eftirlitsmenn s.s. í Stykkishólmi og Hafnarfirði en jafnframt mun starfsmaður á skrifstofu aðstoða eftirlitsmann á Ísafirði við viss störf.**

**Helstu verkefni:**
- Eftirlit á sjó, en í því felst m.a. lengdarmæling á fiski og tillögugerð um lokanir veiðisvæða, eftirlit með aflasamsetningu, veiðarfærum, hlutfalli smáfisks í afla og brottkasti afla. Þá fylgjast veiðieftirlitsmenn einnig með því að afladagbækur séu rétt útfylltar og séu í samræmi við veiðar og afla um borð.
- Eftirlit í landi, en það felur m.a. í sér eftirlit með löndun, vigtun og skráningu afla, eftirlit með veiðarfærum og aflasamsetningu, lengdarmælingar á afla og eftirlit með færslu og skilum afladagbóka. Eftirlit með löndunum erlendra skipa og úttektir á afurðum vinnsluskipa ásamt skrifstofustörfum s.s. skýrslugerð þegar vettvangsstörfum lýkur, að fylgjast með löndunum og skráningum í aflaskráningarkerfi Fiskistofu og öflun gagna vegna brotamála sem upp koma.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leitað er að kraftmiklum einstaklingi sem hefur haldgóða reynslu af störfum í sjávarútvegi.
- Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta er áskilin.
- Gott líkamlegt atgervi.
- Sjálfstæði, fagmennska og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Sanngirni og háttvísi.
- Góð hæfni í samskiptum.
- Menntun sem nýtist í starfi s.s. skipstjórnarréttindi, stúdentspróf eða iðnmenntun æskileg.

## Skrifstofustarf á Ísafirði

**Helstu verkefni:**
- Útgáfa á vinnsluvottorðum og utanumhald á veiði- og vinnsluvottorðum.
- Móttaka og frágangur á gögnum inn í vigtar- og ráðstöfunargrunn Fiskistofu.
- Eftirfylgni og utanumhald vegna skila á vigtar- og ráðstöfunarskýrslum.
- Aðstoð við störf veiðieftirlitsmanns.
- Afleysing við símsvörun.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi.
- Mjög góð tölugleggni og marktæk reynsla af vinnu með tölur.
- Góð þekking og reynsla af að hagnýta upplýsingatækni í starfi.
- Góð ritfærni á íslensku nauðsynleg og góð enskukunnátta kostur.
- Góð hæfni í samskiptum og sjálfstæði í vinnubrögðum nauðsynleg.
- Metnaður, sveigjanleiki og lausnamiðuð hugsun nauðsynleg.
- Haldbær þekking á sjávarútvegi kostur.

## Deildarstjóri sjóeftirlits á Akureyri

**Helstu verkefni:**
- Yfirmaður starfstöðva veiðieftirlits Fiskistofu á Akureyri, Stykkishólmi og Ísafirði og ber ábyrgð á sjóeftirliti við Ísland.
- Ber ábyrgð á stjórnun og starfsþróun veiðieftirlitsmanna varðandi sjóeftirlit.
- Umsjón með gerð áætlana um verkefni eftirlitsmanna í sjóeftirliti.
- Umsjón með söfnun, varðveislu og skráningu upplýsinga og gagna varðandi starfsemi sjóeftirlits og störf eftirlitsmanna um borð í skipum. Sinnir framþróun sjóeftirlits í samráði við sviðsstjóra veiðieftirlitssviðs.
- Ábyrgð á að sjóeftirlit taki m.a. mið af greiningum og áhættumati þar sem kostur er.
- Gerð gæðaferla fyrir sjóeftirlit og þátttaka í umbótastarfi á veiðieftirlitssviði skv. CAF líkaninu.
- Tekur þátt í erlendum samskiptum varðandi veiðieftirlit.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og árangursrík reynsla af stjórnun kostur.
- Góð hæfni í samskiptum, jákvætt viðhorf og þjónustulipurð nauðsynleg.
- Góð greiningarhæfni og rík þörf til að ná árangri.
- Góð tölvuþekking skilyrði og reynsla að nýta upplýsingatækni til aukins árangurs.
- Góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði.
- Haldbær þekking á sjávarútvegi skilyrði.

**Nánari upplýsingar um störfin veitir Hildur Ösp Gylfadóttir mannauðs- og fjármálastjóri í síma 5697900.**

Umsóknir sem hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað sem máli kann að skipta sendist á netfangið starf@fiskistofa.is eða með bréfi til Fiskistofu, Dalshrauni 1, 220 Hafnarfirði merktar því starfi sem um ræðir s.s.: „Veiðieftirlitsmaður Hafnarfirði" „ Skrifstofustarf Ísafirði".

**Umsóknarfrestur er til og með 23. maí 2016.**

Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við viðeigandi stéttarfélag. Samkvæmt jafnréttisstefnu Fiskistofu eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. regla nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

ráðum
ráðningarstofa

Við leitum að starfsfólki!

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is



Mýrdalshreppur

## Lausar stöður við grunnskólann í Vík í Mýrdal:

- **Kennari á yngsta- og miðstigi**
- **List- og verkgreinakennari**

Tvær stöður kennara á yngsta- og miðstigi og list- og verkgreinakennara við Grunnskóla Mýrdalshrepps eru einnig lausar til umsóknar frá og með næsta skólaári.

Leitað er að hæfileikaríkum og metnaðarfullum kennurum í þessar stöður.
Varðandi stöðu kennara á yngsta og miðstigi þá þarf viðkomandi að hafa gott vald á lestrar- og skriftarkennslu.

Laun skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Nánari upplýsingar veitir Þorkell Ingimarsson skólastjóri skolastjori@vik.is í síma 865-2258.
Umsóknir skal senda til Mýrdalshrepps Austurvegi 17, 870 Vík.

**Umsóknarfrestur er til 7. ágúst n.k.**

Mýrdalshreppur - Austurvegi 17 - 870 - Vík

## Vík í Mýrdal

**Fjölskylduvænt samfélag í fallegu umhverfi.**

Mýrdalshreppur er um 500 manna sveitarfélag. Í Vík er öll almenn þjónusta svo sem leik-, grunn-, og tónskóli, heilsugæsla, dvalar- og hjúkrunarheimili og frábær aðstaða til allrar almennrar íþróttaiðkunar.

Náttúrufegurð er rómuð í Vík og nágrenni og samgöngur greiðar allt árið. Ferðaþjónusta er öflug og vaxandi í sveitarfélaginu og fjölbreyttir möguleikar á því sviði fyrir fólk með ferskar hugmyndir.

*Mýrdalshreppur - Austurvegi 17 - 870 - Vík - Sími 487 1210*

## Löggiltur fasteignasali / Nemi

**Hof fasteignasala óskar eftir að ráða löggiltan fasteignasala eða nema í löggildingarnámi.**

Starfsreynsla er skilyrði. Starfið fellst í skráningu og sölu fasteigna. Upplýsingar veitir Guðmundur Steinþórsson löggiltur fasteignasali í síma 899 9600.

Umsókn skal senda á gummi@fasthof.is.



**Guðmundur H. Steinþórsson**
Lögg.fasteignasali
S: 899 9600
gummi@fasthof.is

hof

Hlíðasmára 6, 201 Kópavogi | Sími: 5646464 | hof@fasthof.is | fasthof.is

Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa/Kjaradeild

## Starf við launavinnslu í Kjaradeild

**Óskað er eftir öflugum starfsmanni til starfa við launavinnslu.**
Leitað er að einstaklingi sem býr yfir mikilli samskiptahæfni, sýnir frumkvæði og hefur tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð.
Unnið er með mannauðs- og launakerfi SAP og krefst vinnan skipulagshæfni og nákvæmni.

**Helstu verkefni:**
- Skráning og yfirferð ráðninga- og launagagna
- Eftirlit með rafrænni skráningu
- Eftirlit með réttri framkvæmd kjarasamninga
- Samskipti og leiðbeiningar til stjórnenda vegna launa- og viðverukerfa

**Hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af launavinnslu og þekking á kjarasamningum
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Greiningarhæfni
- Góðir samskiptahæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

**Umsóknarfrestur er til og með 23. maí 2016.**

Nánari upplýsingar veita Atli Atlason, deildarstjóri Kjaradeildar í netfangi atli.atlason@reykjavik.is og Þorbjörg Atladóttir í Kjaradeild í netfangi thorbjorg.atladottir@reykjavik.is

Kjaradeild sinnir launavinnslu Reykjavíkurborgar og hefur eftirlit með framkvæmd kjarasamninga. Deildin ber ábyrgð á túlkun kjarasamninga og vinnuréttar og fer með fyrirsvar þeirra mála gagnvart viðsemjendum og aðilum vinnumarkaðar. Deildin sinnir auk þess ráðgjöf á sviði vinnuréttar og kjarasamninga innan Reykjavíkurborgar og hefur umsjón með og ber ábyrgð á mannauðsupplýsingakerfi borgarinnar og þróun þess. Hjá Kjaradeild starfa 25 starfsmenn og hefur deildin aðsetur að Borgartúni 12.

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

## Lögfræðingar-Viðskiptafræðingar -Löggiltir fasteignasalar!

Stakfell er rótgróin fasteignasala með öfluga liðsheild. Okkur vantar duglegan og drífandi starfsmann til að annast og halda utan um reikningsfrágang, skjalafrágang og undirbúning kaupsamninga. Mjög góð og vönduð vinnuaðstaða í boði.

Æskilegt er að viðkomandi sé löggiltur fasteignasali eða stefni á nám til löggildingar á næstunni.
Laun og önnur kjör eru samkomulag. Við erum staðsett í Borgartúni 30 í Reykjavík.

Allar nánari upplýsingar veitir Stefán Hrafn hdl. lögg.fasteignasali í síma 535-1000/895-2049

Umsóknarfrestur er til 15. maí.

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

## Skólastjóri Hjalla

Í dag er laus staða skólastjóra Hjalla í Hafnarfirði, en Hjalli er elsti skóli og flaggskip Hjallastefnunnar.
Skólastjóri hjá Hjallastefnunni ber ábyrgð á fjórum viðmiðum sem við viljum láta einkenna starf okkar.

Viðmið okkar eru:
- Gæði í fagstarfi
- Starfsánægja
- Ánægja foreldra
- Góður rekstur

Hæfniskröfur:
- Leikskólakennari
- Góð þekking á hugmyndafræði Hjallastefnunnar
- Samskiptafærni
- Stjórnunarreynsla telst til framdráttar

Um er að ræða skemmtilegt og krefjandi starf með frábæru samstarfsfólki. Hafir þú áhuga á að sækja um, sendu þá ferilskrá og stutt kynningarbréf þar sem kemur fram af hverju þér finnst þetta áhugavert starf og hvað þig langar að koma með í starfið.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið, umsóknarfrestur er til 22. maí.
Umsóknir sendist til mpo@hjalli.is og thordis@hjalli.is

## Umboðsmaður Alþingis

# Lögfræðingur

**Umboðsmaður Alþingis mun á næstunni ráða lögfræðing til starfa hjá embættinu.**

Leitað er að einstaklingi með embættispróf í lögfræði eða grunnnám í lögfræði auk meistaraprófs í greininni auk þess sem æskilegt er að viðkomandi hafi lagt sig eftir stjórnsýslurétti eða skyldum greinum í námi eða hafi starfsreynslu á því sviði.

Um er að ræða krefjandi starf á sviði lögfræði. Lögð er áhersla á að umsækjendur geti unnið sjálfstætt að greiningu og úrlausn lögfræðilegra álitaefna og hafi gott vald á ritun texta á íslensku.

Þeir sem uppfylla ofangreindar hæfnikröfur og áhuga hafa á starfinu eru hvattir til að senda inn umsókn, einnig nýútskrifaðir lögfræðingar. Um starfskjör fer eftir kjarasamningi og nánara samkomulagi.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, starfsferil og annað skal senda á netfangið postur@umb.althingi.is eða á skrifstofu umboðsmanns Alþingis, Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík, merkt: Starfsumsókn - lögfræðingur. **Umsóknarfrestur er til og með 24. maí nk.** Upplýsingar um starfið eru veittar hjá umboðsmanni Alþingis í síma 510 6700.

Umboðsmaður Alþingis hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og sinnir því með úrvinnslu kvartana og málum sem hann tekur upp að eigin frumkvæði. Í störfum hjá umboðsmanni Alþingis reynir því á reglur um hin ýmsu svið stjórnsýslunnar auk lögfræðilegra álitaefna á sviði stjórnskipunar og mannréttindareglna. Embættið býr yfir góðu lögfræðibókasafni á sínu sviði og starfsfólk er hvatt til endurmenntunar. Nánari upplýsingar um starf umboðsmanns Alþingis má sjá á vefsíðu embættisins: www.umbodsmadur.is

Þórshamri, Templarasundi 5 - 101 Reykjavík
Sími 510 6700 - Fax 510 6701 - postur@umb.althingi.is

# Rafmagnsiðnfræðingur/söluráðgjafi

Securitas hf. leitar eftir söluráðgjafa sem ber ábyrgð á þjónustu við stóra viðskiptavini á fyrirtækjamarkaði. Starfið felur í sér sölu og ráðgjöf, kynningar og þarfagreiningu, ásamt tilboðs- og samningagerð. Einnig sér hann um að viðhalda viðskiptatengslum og afla nýrra.

SECURITAS

**Hæfniskröfur**

- Menntun á sviði rafmagnsiðnfræði eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af sölustörfum æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til að vinna í hóp
- Frumkvæði

Securitas fer fram á að allir starfsmenn leggi fram hreint sakavottorð og að þeir séu reiðubúnir að leggja fram upplýsingar úr málaskrá lögreglu. Umsækjendur fylli út umsókn á heimasíðu fyrirtækisins, **www.securitas.is**

Umsóknarfrestur er til 31. maí.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Dögg Höskuldsdóttir starfsmannastjóri, kristin@securitas.is

Securitas hf. er stærsta fyrirtæki landsins á öryggismarkaði með um 450 starfsmenn. Hjá Securitas starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur áherslu á að veita frábæra þjónustu. Securitas rekur útibú og starfsstöðvar víða um land en höfuðstöðvarnar eru í Skeifunni 8 í Reykjavík.

**www.securitas.is**

JAFNLAUNAVOTTUN VR
VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2015

ÍSLENSKA SIA.IS SEC 79704 05/2016

16-1554 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# DEILDARSTJÓRI REIKNINGSHALDS OG UPPGJÖRA

Við leitum að öflugum stjórnanda með háskólamenntun sem nýtist í starfi. Reynsla af bókhaldi og uppgjörum og mjög góð Excel kunnátta er skilyrði. Löggilding í endurskoðun er kostur.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

/ Yfirumsjón með bókhaldi samstæðunnar
/ Annast reikningshald og uppgjör fyrirtækisins ásamt dótturfyrirtækjum samstæðunnar
/ Lokafrágangur í mánaðar- og árshlutauppgjörum
/ Frágangur gagna til skattayfirvalda
/ Umsjón og eftirlit með samþykktum og greiðslu reikninga samstæðunnar
/ Samskipti við endurskoðendur félagsins, þ.m.t. skil á bókhaldi til endurskoðunar
/ Skýrslugjöf vegna skuldbindinga, skattamála o.fl.
/ Þátttaka í umbótaverkefnum og stefnumótun sviðsins

Nánari upplýsingar veitir **Sveinbjörn Indriðason**, framkvæmdastjóri fjármálasviðs á **sveinbjorn.indridason@isavia.is**



STARFSSTÖÐ
**KEFLAVÍK**

UMSÓKNARFRESTUR
**17. MAÍ 2016**

UMSÓKNIR
**ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY



# Framkvæmdastjóri Iceland School of Energy við Háskólann í Reykjavík

Iceland School of Energy (ISE) auglýsir eftir framkvæmdastjóra. ISE er í eigu Háskólans í Reykjavík (HR), Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og Íslenskra orkurannsókna (ÍSOR) og starfar innan HR. Námsbrautir ISE eru tvær, sjálfbær orkuverkfræði og sjálfbær orkuvísindi, auk styttri námsleiða. Yfir 90% af nemendum ISE koma erlendis frá.

Í boði er spennandi starf í metnaðarfullu og lifandi háskólaumhverfi á vaxandi og alþjóðlegu sviði orku- og umhverfismála.

## Starfssvið

- Rekstur og ábyrgð á starfsemi ISE.
- Þróun og uppbygging námsbrauta og annarrar starfsemi.
- Markaðssetning á alþjóðavettvangi.
- Uppbygging alþjóðlegs samstarfs.
- Samvinna við sérfræðinga á sviði orkumála.

## Hæfniskröfur

- Meistara- eða doktorsgráða á fagsviði sem tengist orku- eða umhverfismálum.
- Þekking á orku- og umhverfismálum.
- Reynsla af alþjóðlegum vettvangi.
- Reynsla af erlendri markaðssókn.
- Leiðtoga- og samskiptahæfni ásamt reynslu af stjórnun og rekstri.
- Framúrskarandi vald á ensku í ræðu og riti.

Nánari upplýsingar um starfið veita Guðrún Arnbjörg Sævarsdóttir (**gudrunsa@ru.is**), forseti tækni- og verkfræðideildar, og Sigríður Elín Guðlaugsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs (**sigridureg@ru.is**). Umsóknarfrestur er til og með 1. júní næstkomandi og skal umsóknum skilað á vef Háskólans í Reykjavík, **radningar.hr.is**.
Farið er með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag með siðgæði, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi. Akademískar deildir háskólans eru fjórar: lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfagleika, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu. Nemendur Háskólans í Reykjavík eru um 3800 í fjórum deildum og fastir starfsmenn eru um 250 auk fjölda stundakennara.

**Háskólinn í Reykjavík | Menntavegi 1 | 101 Reykjavík | Sími 599 6200 | www.hr.is**



# Launasérfræðingur

Ertu talnaglöggur einstaklingur sem veist allt um laun og kjaramál? Þá gæti starf launasérfræðings hjá Vodafone verið frábært tækifæri fyrir þig. Við leitum að öflugum sérfræðingi sem hefur brennandi áhuga á launavinnslu, kjaramálum og vill veita starfsfólki framúrskarandi þjónustu . Viðkomandi starfsmaður verður öflugur liðsmaður í starfsmannaþjónustu fyrirtækisins og því mikilvægt að viðkomandi geti hafið störf sem allra fyrst.

**Allar nánari upplýsingar um starf og hæfniskröfur er að finna á vodafone.is/storf.**
**Umsóknarfrestur er til og með 15. maí 2016.**

**Vodafone**
Við tengjum þig

SFR FYRIRMYNDAR STOFNUN 2015

REYKJALUNDUR endurhæfing

# Starfsmaður í mötuneyti

Við leitum að stundvísum, samviskusömum og þjónustulunduðum starfsmanni í 75% starf í mötuneyti okkar. Unnið er alla virka daga frá kl. 07:00 – 13:00. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst og um framtíðarstarf er að ræða.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Eflingar og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings milli Eflingar og Reykjalundar.

**Umsóknarfrestur er til 22. maí 2016**

Nánari upplýsingar gefur Guðbjörg Gunnarsdóttir, mannauðsstjóri í síma 585 2143 gudbjorg@reykjalundur.is

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

# Krambúð

## Starfsfólk óskast í fullt starf og hlutastörf

Krambúðin Skólavörðustíg 42 leitar eftir duglegu og metnaðarfullu starfsfólki í fullt starf og hlutastörf um kvöld og helgar.
Í boði eru bæði sumar- og framtíðarstörf

Um er að ræða almenn verslunarstörf, afgreiðslu og áfyllingar.

Áhugasamir sendi inn umsókn á skolavordustigur@krambud.is.
Frekari upplýsingar veitir verslunarstjóri í s. 775 6010 eða á staðnum virka daga frá 8.00 – 16.00.



# KERFISFRÆÐINGUR Á UPPLÝSINGATÆKNI-DEILD REYKJAVÍK

VEGAGERÐIN

**Starf kerfisfræðings í rekstrarþjónustu á upplýsingatæknideild Vegagerðarinnar er laust til umsóknar.**
**Um 100% starf er að ræða.**

**Starfssvið**
Starfið felst í notendaþjónustu og viðveru á þjónustuborði ásamt fjölbreyttum verkefnum tengdum rekstri upplýsingakerfa Vegagerðarinnar. Um er að ræða umsjón með útstöðvum og netþjónum, uppsetningar og viðhald á þeim auk vinnu við öryggis- og aðgangsstýringar, ásamt öðrum verkefnum er tengjast starfinu. Vinnutími er 8-16 eða 9-17, viku í senn.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Menntun sem nýtist í starfi
- A.m.k. 3 ára reynsla af rekstri upplýsingakerfa
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Þekking og reynsla af Microsoft stýrikerfum og hugbúnaði
- Þekking og reynsla af Linux (Red Hat, Centos) stýrikerfum er kostur
- Þekking og reynsla af netsamskiptum er kostur
- Þekking á Microsoft Exchange er kostur
- Frumkvæði, sjálfstæði og ögun í vinnubrögðum
- Góðir samstarfshæfileikar og rík þjónustulund

**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við jafnréttisáætlun Vegagerðarinnar eru konur með umbeðnar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.**

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og SFR.

**Umsóknarfrestur er til 23. maí 2016 .**

Umsóknir berist mannauðsstjóra netfang oth@vegagerdin.is
Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir, þar með talin menntunar- og starfsferilsskrá.
Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Íris Leósdóttir í síma 5221000.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

# VEGNA AUKINNA UMSVIFA

## SPENNANDI ATVINNUTÆKIFÆRI HJÁ EINU STÆRSTA BÍLAUMBOÐI LANDSINS







### STJÓRNUNARSTAÐA Á RÉTTINGA- OG MÁLNINGARVERKSTÆÐI

Við leitum að öflugum stjórnanda með mikla leiðtogahæfni til þess að sinna starfi verkstæðisformanns á réttinga- og málningarverkstæði okkar. Viðkomandi mun sjá um innleiðingu á nýjum vinnuferlum samkvæmt stöðlum frá BMW, Land Rover og Jaguar í meðhöndlun koltrefjaefna (Carbon Fiber) og álviðgerðum. Viðkomandi mun leiða breytingar við endurnýjun búnaðar verkstæðisins sem uppfylla skilyrði framleiðenda. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður, skipulagður, framkvæmdasamur og faglegur.

**Hæfniskröfur:**

- Menntun úr bílgreinum og nokkurra ára starfsreynsla nauðsynleg
- Frumkvæði, fagleg og öguð vinnubrögð eru nauðsynleg
- Mjög góð tölvufærni
- Bílpróf

Vinnutími er mánudaga til fimmtudaga kl. 8–17 og kl. 8-16 á föstudögum.

### ERT ÞÚ LÚXUS BIFVÉLAVIRKI ?

Við leitum að faglegum og reynslumiklum bifvélavirkja í bilanagreiningar á Land Rover og Jaguar. Viðkomandi þarf að vera mjög metnaðarfullur og fær um að vinna samkvæmt ströngustu kröfum og stöðlum frá framleiðendum.

Í boði er björt og glæsileg vinnuaðstaða, tæknilega vel útbúin samkvæmt stöðlum framleiðenda. Einnig endurmenntun til að viðhalda þekkingu og tileinka sér nýjustu tækni ásamt möguleika á sérhæfingu eftir getu og áhuga.

**Hæfniskröfur:**

- Bifvélavirkjamenntun
- Starfsreynsla
- Bílpróf
- Tölvufærni

Vinnutími er mánudaga til fimmtudaga kl. 8–17 og kl. 8–16 á föstudögum. Einnig í boði kvöldvaktir kl. 17–22 eða sambland af hvoru tveggja.

### BIFVÉLAVIRKI

Við leitum að bifvélavirkja eða reynslumiklum viðgerðaraðila til starfa á verkstæði okkar við söluskoðanir og viðgerðir. Viðkomandi þarf að vera vel tölvufær þar sem unnið er með rafrænar verkbeiðnar og hluti þjálfunar og endurmenntunar er rafrænn.

Í boði er björt og glæsileg vinnuaðstaða, tæknilega vel útbúin samkvæmt stöðlum framleiðenda. Einnig endurmenntun til að viðhalda þekkingu og tileinka sér nýjustu tækni ásamt möguleika á sérhæfingu eftir getu og áhuga.

**Hæfniskröfur:**

- Bifvélavirkjamenntun eða talsverð starfsreynsla í faginu
- Tölvufærni
- Bílpróf
- Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð eru nauðsynleg

Vinnutími er mánudaga til fimmtudaga kl. 8–17 og kl. 8–16 á föstudögum. Einnig í boði kvöldvaktir kl. 17–22 eða sambland af hvoru tveggja.

### BIFREIÐASMIÐUR

Vegna aukinna umsvifa leitum við að bifreiðasmiðum á réttingaverkstæði okkar að Viðarhöfða 4. Viðkomandi þurfa að vera vel tölvufærir þar sem unnið er í rafrænu umhverfi og hluti þjálfunar og endurmenntunar er rafrænn.

Í boði er vinnuaðstaða sem verið er að endurnýja með nýjustu tækjum og búnaði sem uppfylla ströngustu kröfur og staðla frá BMW, Land Rover og Jaguar.

**Hæfniskröfur:**

- Bifreiðasmíði
- Tölvufærni
- Bílpróf
- Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð eru nauðsynleg

Vinnutími er mánudaga til fimmtudaga kl. 8–17 og kl. 8-16 á föstudögum.



**Starfsmönnum þjónustudeilda BL stendur til boða símenntun sem tryggir þeim færni til að takast á við örar framfarir í bílgreininni. Auk þess fá þeir reglulega að taka þátt í sérhæfðum námskeiðum bílaframleiðenda sem tryggir þeim alþjóðlegar hæfnisgráður.**





ENNEMM / SÍA / NM75195

### FAGMAÐUR

Við leitum að faglærðum bifreiðasmið, bílamálara eða bifvélavirkja í tjónaskoðun og móttökustörf í verkstæðismóttöku. Viðkomandi þarf að vera mjög sterkur í mannlegum samskiptum og með mikla þjónustulund.

**Hæfniskröfur:**

- Faglærður í bíliðn
- Bílpróf
- Tölvufærni
- Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð eru nauðsynleg

### ÞJÓNUSTUFULLTRÚI Í VERKSTÆÐISMÓTTÖKU

Við leitum að þjónustufulltrúa í verkstæðismóttöku. Viðkomandi þarf að vera mjög sterkur í mannlegum samskiptum og með mikla þjónustulund.

**Hæfniskröfur:**

- Mikill áhugi á bílum
- Tölvufærni
- Bílpróf
- Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð eru nauðsynleg

### ÞJÓNUSTUFULLTRÚI Í ÞJÓNUSTUVER

Við leitum að starfsmanni í þjónustuver. Viðkomandi þarf að vera mjög sterkur í mannlegum samskiptum og með mikla þjónustulund. Starfið felst í símsvörun, þar sem veittar eru upplýsingar til viðskiptavina, stofnun verkbeiðna og sölu varahluta.

**Hæfniskröfur:**

- Mikill áhugi á bílum
- Tölvufærni
- Bílpróf
- Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð eru nauðsynleg

**Sótt er um störfin á heimasíðu BL, www.bl.is/atvinna**

Umsóknarfrestur er til 17. maí nk.

Nánari upplýsingar veitir Anna Lára Guðfinnsdóttir, starfsmannastjóri, á netfanginu anna@bl.is

BL státar af einu stærsta og glæsilegasta bifreiðaverkstæði landsins með 36 bílalyftur. BL leitast eftir að ráða starfsmenn sem hafa metnað til þess að skara fram úr og veita framúrskarandi og faglega þjónustu í samvinnu við samheldinn og sterkan starfsmannahóp. Öflug námskeiðs- og fræðsluáætlun viðheldur þekkingu og eflir starfsmenn í nýjustu tækni vörumerkjanna. Starfsmenn fá vottaðar staðfestingar eða gráður skv. stöðlum vörumerkjanna. Hjá BL er mjög virkt starfsmannafélag og einstök fyrirtækjamenning sem við erum afar stolt af.

LAND ROVER · SUBARU · BMW · HYUNDAI · ISUZU D-MAX · RENAULT · NISSAN · DACIA · BL

**BL ehf.** / Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík / 525 8000 / www.bl.is



# Söluráðgjafi Audi

HEKLA

HEKLA leitar að kraftmiklum og hæfileikaríkum söluráðgjafa fyrir Audi á Íslandi. Spennandi og krefjandi verkefni framundan.

**Starfssvið**
- Sala bifreiða
- Tilboðsgerð og eftirfylgni
- Viðhald viðskiptatengsla
- Þátttaka í áætlanagerð

**Hæfniskröfur**
- Brennandi áhugi á bílum, tækni og nýjungum
- Framúrskarandi söluhæfileikar
- Rík þjónustulund og frumkvæði
- Góð almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Ingi Magnússon sölustjóri í síma 590 5000.

**Umsókn ásamt ferilskrá sendist á jim@hekla.is eða fyllt út á www.hekla.is. Umsóknarfrestur er til og með 15. maí n.k.**

*Rúmlega 140 manns starfa hjá HEKLU hf. en félagið er leiðandi fyrirtæki í innflutningi, sölu og þjónustu við nýjar og notaðar bifreiðar.*

*Félagið er með umboð fyrir Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi og annast þjónustu við þessar tegundir.*

*Höfuðstöðvar HEKLU eru við Laugaveg 170-174 í Reykjavík.*

---

Öflugt málningar og réttingarverkstæði fyrir bíla vantar að bæta við bifreiðasmiðum eða vönum mönnum í faginu, vinnuaðstaða mjög góð.

Umsóknir sendist á **borgir47@gmail.com**

---

Grunnskóli Hornafjarðar

# Laus störf við Grunnskóla Hornafjarðar veturinn 2016-2017

- **Staða smíðakennara**
- **Staða íþróttakennara**
- **Staða heimilisfræðikennara**
- **Staða námsráðgjafa 50% starf, hægt að fylla upp í 100 % stöðu með kennslu.**
- **Staða tónmenntakennara 30-50% staða.** (Ath. í Tónskóla Hornafjarðar er einnig verið að auglýsa eftir kennara og hægt væri að fá fulla stöðu með því að blanda þessum tveimur stöðum saman. Frekari upplýsingar má fá í Tónskólanum tonskoli@hornafjordur.is, s. 470 8460).

Í Grunnskóla Hornafjarðar eru tæplega 250 nemendur í tveimur aðskildum húsum. Í öðru húsinu er í 1. – 6. bekkur en 7. – 10. bekkur í hinu. Í skólanum er áhersla á list- og verkgreinakennslu um leið og unnið er að bættum árangri í bóklegum greinum. Unnið er eftir hugmyndarfræði uppeldis til ábyrgðar í skólanum og skólinn er bæði grænfánaskóli og heilsueflandi skóli. Í Grunnskóla Hornafjarðar er góður starfsandi og skólinn er vel búinn. Sveitarfélagið er vel statt og á Höfn er blómlegt mannlíf.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi KÍ og LS.

Umsóknum um stöður skal skilað skriflega til skólastjóra fyrir **16. maí n.k.** með upplýsingum um menntun, réttindi, starfsreynslu og meðmælendur.

Nánari upplýsingar veita skólastjórnendurnir Þórgunnur Torfadóttir thorgunnur@hornafjordur.is og Eygló Illugadóttir eyglo@hornafjordur.is. Sími 470 8400

---

# Áhugaverð störf hjá Kópavogsbæ

## Byggingarfulltrúi

Byggingarfulltrúi hefur umsjón og eftirlit með mannvirkjagerð í Kópavogi. Einnig annast hann útgáfu byggingarleyfa. Hann sér eining um úttektir og útgáfu viðeigandi vottorða vegna byggingarframkvæmda á bæjarlandi Kópavogs.

**Helstu verkefni**
- Umsjón og eftirlit með mannvirkjum í samræmi við lög, reglugerðir og staðla
- Yfirferð teikninga og útgáfa byggingarleyfa
- Lokaúttektir mannvirkja
- Skráning fasteigna skv. lögum og reglugerðum
- Útreikningur gjalda skv. gjaldskrá um gatnargerðar- og byggingarleyfisgjöld

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í arkitektúr, byggingarfræði, byggingarverk- eða tæknifræði
- Faggilding til þess að fara yfir hönnunargögn og annast úttekir
- Víðtæk og góð reynsla af byggingarmálum
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum og skipulagshæfni

## Skráningarfulltrúi

Skráningarfulltrúi hefur umsjón með samskiptum og skráningu fasteigna í Þjóðskrá Íslands. Einnig er hann tengiliður Kópavogs við fasteignaskrá og sér um úttekt og yfirferð verkteikninga.

**Helstu verkefni**
- Samskipti og skráning fasteigna í Kópavogi hjá Þjóðskrá
- Skráning fasteigna samkvæmt lögum og reglugerðum
- Yfirferð og skráning eignaskiptayfirlýsinga og skráningatafllna
- Skönnun teikninga, gagna og skráa
- Úttektir bygginga og skráninga

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi t.d. byggingarfræði, byggingarverkfræði eða byggingartæknifræði
- Reynsla í skráningu fasteigna og yfirferð viðeigandi gagna æskileg
- Víðtæk og góð reynsla af byggingarmálum
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg
- Góð þekkinga á helstu tölvukerfum sem viðkoma starfinu
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum og skipulagshæfni

## Verkefnastjóri landupplýsinga

Verkefnastjóri landupplýsinga annast viðhald og vörslu allra landfræðilegra gagna Kópavogsbæjar. Hann sér um að uppfæra landfræðileg gögn í upplýsingakerfi og gerð mæli- og hæðarblaða. Auk þessa sér hann um rekstur teiknistofu í samráði við deildarstjóra.

**Helstu verkefni**
- Umsjón með landupplýsingakerfi og skráningu gagna
- Skrá og varðveita hönnunargögn vegna gatna, veitna og mannvirkja
- Gerð mæli- og hæðarblaða
- Útgáfa korta
- Vinna að almennri hönnun á deildinni
- Eftirlit með framkvæmdum

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Víðtæk og góð reynsla af hönnun
- Mjög góð þekking á Autocad og öðrum teikniforritum
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg
- Góð þekkinga á helstu tölvukerfum sem viðkoma starfinu
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum og skipulagshæfni

**Frekari upplýsingar**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Kópavogs.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. maí 2016**.

Upplýsingar veitir Steingrímur Hauksson, sviðsstjóri umhverfissviðs í síma 570-1500 eða í tölvupósti **steingr@kopavogur.is**

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Einungis er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar **www.kopavogur. is**

Kópavogsbær

kopavogur.is

---

Sveitarfélagið ÁRBORG

# Sálfræðingur hjá skólaþjónustu Árborgar

Fræðslusvið Árborgar auglýsir lausa til umsóknar stöðu sálfræðings. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi með brennandi áhuga á starfi í skólum. Skólaþjónusta og skólar í sveitarfélaginu vinna að styrkingu heildstæðrar nærþjónustu við börn, foreldra og skóla í samstarfi við notendur þjónustunnar. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun, samstarf fagsviða og stofnana, m.a. um þróun forvarna og úrræða fyrir börn og foreldra. Í Sveitarfélaginu Árborg búa rúmlega 8 þúsund íbúar, þar af um 1800 börn í fimm leikskólum og þremur grunnskólum.
Í þróun skólaþjónustu og skólastarfs leik- og grunnskóla er leitast við að starfa í anda hugmyndafræði lærdómssamfélagsins (Professional Learning Community).

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**
- sálfræðilegar skimanir og greiningar
- ráðgjöf til nemenda, foreldra og kennara, m.a. v/hegðunar- og tilfinningavanda barna
- þverfaglegt samstarf um málefni barna í leik- og grunnskólum
- námskeiðahald fyrir börn, foreldra og starfsfólk skóla

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- kandidatspróf (cand. psych. gráða) í sálarfræði
- reynsla af ráðgjafastörfum og starfi með börnum æskileg
- reynsla af námskeiðahaldi æskileg
- færni til að tjá sig í ræðu og riti
- góðir skipulagshæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum

Frekari upplýsingar veitir Þorsteinn Hjartarson, fræðslustjóri, sími 480-1900, 852-3918. Áhugasamir geta sent umsóknir á skolathjonusta@arborg.is eða í pósti merktum fræðslusviði Árborgar v/sálfræðings, Austurvegi 2, 800 Selfoss.
**Umsóknarfrestur er til 20. maí 2016 .**
Starfið hæfir jafnt konum sem körlum. Laun fara eftir kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

SÖGUSETUR ÍSLENSKA HESTSINS

## Ferðaþjónustan á Hólum og Sögusetur íslenska hestsins auglýsa laus til umsóknar spennandi störf á Hólum í Hjaltadal í sumar.

Ferðaþjónustan á Hólum óskar eftir að ráða traust starfsfólk í móttöku. Í starfinu fellst hefðbundin gestamóttaka auk þess að veita gestum ýmsar upplýsingar um Hóla og nærliggjandi svæði en Ferðaþjónustan á Hólum hefur með höndum fjölþætta starfsemi fyrir ferðamenn sem sækja Hólastað heim. Starfið hentar dugmiklu fólki sem getur unnið sjálfstætt og er með góða skipulags- og samskiptahæfileika. Unnið er á 12 tíma vöktum í 2-2-3 vaktakerfi.

Sögusetur íslenska hestsins óskar eftir því að ráða öflugan starfskraft á meðan að sumaropnun setursins stendur yfir frá 1. júní til 31. ágúst nk. Í starfinu felst varsla og leiðsögn og tilfallandi störf í samráði við forstöðumann. Um er að ræða áhugavert starf fyrir fólk á sviði hestamennsku, menningartengdrar ferðaþjónustu, þjóðmenningar o.sv.frv. og er upplagt fyrir háskólastúdenta á einhverju þessara sviða. Um fullt starf er að ræða en Setrið verður opið alla daga vikunnar frá kl. 10 til 18. Afleysing fer fram í samráði við Ferðaþjónustuna á Hólum og forstöðumann. Möguleiki er á sveigjanlegum vinnutíma gagnvart vikudögum.

Ferðaþjónustan á Hólum getur útvegað starfsfólki húsnæði til leigu meðan á starfstíma stendur.

Allar nánari upplýsingar veita Þórhildur M. Jónsdóttir hjá Ferðaþjónustunni á Hólum í símum 455 6333 og 849 6348, tölvupóstfang thorhildur@holar.is og Kristinn Hugason hjá Sögusetrinu í síma 455 6345 og 891 9879, tölvupóstfang khuga@centrum.is

**Umsóknarfrestur er til 15. maí nk.**

*Ferðaþjónustan á Hólum og Sögusetur íslenska hestsins.*

Reykjavíkurborg
Höfuðborgarstofa

## Viltu taka þátt í að efla hátíðaborgina Reykjavík?

### Menningar- og ferðamálasvið
### Verkefnastjóri viðburða

Höfuðborgarstofa leitar að reynslumiklum og metnaðarfullum einstaklingi til að annast skipulagningu og framkvæmd þeirra hátíða sem Höfuðborgarstofa stendur að eða kann að taka að sér. Verkefnastjóri viðburða starfar jafnframt með forstöðumanni að ráðgjöf og aðstoð við aðra skipuleggjendur viðburða í Reykjavík, vinnur að því að efla viðburðarhald í borginni og tekur þátt í alþjóðlegum samskiptum í tengslum við viðburði.

Áherslur starfsins byggja á menningar- og ferðamálastefnum Reykjavíkurborgar og starfsáætlun Höfuðborgarstofu á hverjum tíma.

**Starfið krefst:**
- Háskólamenntunar sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun er ótvíræður kostur.
- Að lágmarki 3ja ára reynslu á sviði viðburðarhalds.
- Frumkvæðis, sjálfstæðis í vinnubrögðum og framúrskarandi skipulagshæfileika.
- Umtalsverðrar reynslu af verkefnastjórnun og áætlanagerð.
- Reynslu af markaðssetningu og fjármögnun á menningarstarfsemi.
- Færni og getu til að vinna undir álagi og sinna mörgum viðfangsefnum í einu.
- Góðrar tungumálakunnáttu, íslensku og ensku, auk færni til að tjá sig vel í ræðu og riti.
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum og ríkrar þjónustulundar.

Kjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir: Áshildur Bragadóttir forstöðumaður Höfuðborgarstofu, **ashildur.bragadottir@reykjavik.is**, sími 782 1202. Vakin er sérstök athygli á markmiðum starfsmanna- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem er að finna á www.reykjavik.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. maí nk. Umsóknir skulu sendar á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf.**

**Hlutverk Menningar- og ferðamálasviðs er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Sviðinu tilheyra menningarstofnanir Reykjavíkurborgar; Borgarbókasafn Reykjavíkur - menningarhús, Borgarsögusafn Reykjavíkur og Listasafn Reykjavíkur. Höfuðborgarstofa ber ábyrgð á heildarkynningu Reykjavíkur á sviði ferðamála innanlands og utan, rekur upplýsingamiðlun til ferðamanna og sér um skipulag og framkvæmd stærstu borgarhátíðanna í Reykjavík.**



Air Atlanta Icelandic is looking for qualified people

## Manager Planning and Technical Records

**Duties and responsibilities**

Manager Planning and Technical Records is responsible for the day to day operation of the Planning and Technical Records department. Duties include but are not limited to;
- Managing and controlling all planning and technical records requirements to company and EASA regulation standards
- Establish and lead the implementation of initiatives to achieve improvements in productivity, quality and safety
- Ensuring cost effective planning of maintenance of company fleet
- Ensuring that planned maintenance for the fleet enables availability of aircrafts to support the company's operational requirements.

**Qualifications Requirements**
- University Degree in Engineering or an aircraft technician´s license
- Have at least three-year relevant experience either from the continued airworthiness environment or related management functions
- Resourceful and high degree of professional integrity
- Fluent in written and spoken English
- Good understanding of aircraft maintenance philosophy
- Familiar with EASA regulations, Part-145, Part M and Part-21

Application deadline is 16th of May, 2016

For further information and application, please visit: **www.airatlanta.com**
All applications will be answered and treated as confidential

**About Air Atlanta Icelandic**

Air Atlanta Icelandic is one of the largest ACMI service provider in the world. We offer tailor-made solutions to other carriers, both in the passenger and cargo industry. The current fleet consist of seventeen wide-body aircraft of two types; Boeing 747-400 and Airbus A340-300.
We have a worldwide operation but the Company´s headquarters is located in the municipality of Kopavogur, Iceland.

AIR ATLANTA ICELANDIC

Hlíðasmári 3 | 201 Kópavogur | Sími: 458 4000 | airatlanta.com

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið



## Verkefnastjóri og smiðir óskast til starfa á byggingadeild skrifstofu framkvæmda og viðhalds

Um er að ræða störf hjá byggingadeild skrifstofu framkvæmda og viðhalds. Byggingadeild sér um áætlanagerð, hönnun, útboð, framkvæmd og eftirlit með stofnframkvæmdum ásamt viðhaldi fasteigna eignasjóðs. Meðal verkefna byggingadeildar eru nýbyggingar, endurgerð og viðhald leik- og grunnskóla, íþróttamannvirkja og sundlauga, frístundaheimila, ýmissa menningarstofnana og annarra stofnana og fasteigna í eigu Reykjavíkurborgar. Starfsmenn verða staðsettir á hverfastöð á Stórhöfða.

**Starfssvið verkefnastjóra**
- Verkefnastjórn við nýframkvæmdir og viðhald fasteigna.
- Stjórnun mannauðs, fjármagns og daglegra verkefna sem heyra undir verksvið.
- Eftirfylgni vinnuáætlunar viðhalds og nýframkvæmda varðandi verklegar framkvæmdir.
- Utanumhald með verkefnastöðu fasteignastjóra og stjórnun þeirra.
- Ráðgjöf til fasteignastjóra.
- Samskipti við leigutaka.
- Gerð viðhaldsáætlunar.
- Gerð útboðs- og verðkönnunargagna og eftirlit með þeim.
- Skráning viðhaldsverkefna og kostnaðarstöðu þeirra í verkbókhald, yfirferð og samþykkt reikninga.
- Skráning í eignavef Reykjavíkurborgar og í Framkvæmdasjá.
- Þátttaka í vinnuhópum og samskipti við önnur svið borgarinnar.
- Vettvangsferðir á vinnusvæði.

**Menntunar- og hæfniskröfur verkefnastjóra**
- Meistarapróf í löggiltri iðngrein og háskólapróf í tæknigrein sem nýtist í starfi.
- Menntun og/eða reynsla af verkefnastjórnun og rekstri er æskileg.
- Starfsreynsla á sviði byggingamála og reynsla af áætlanagerð, s.s. verk-, kostnaðar- og fjárhagsáætlanagerð er æskileg.
- Góða samskiptahæfileika, lipurð í samskiptum og reynslu af teymisvinnu.
- Skipulagshæfni, kostnaðarvitund og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Frumkvæði, áræðni og röggsemi til verka.
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Færni í notkun á algengum hugbúnaði sem tengist skrifstofustörfum og góð þekking á Word og Excel.
- Ökuréttindi.

Um er að ræða ótímabundna ráðningu (100% starfshlutfall) og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar ***www.reykjavik.is*** undir **laus störf „Verkefnastjóri hjá byggingadeild“**. Umsóknarfrestur er til og með 16. maí 2016.

**Starfssvið smiðs**
- Sinnir allri almennri smíðavinna vegna viðhalds fasteigna í umboði verkefnastjóra / fasteignastjóra.
- Hefur samstarf við aðra iðnaðarmenn og verktaka varðandi viðhald fasteigna.
- Gerir áætlanir vegna ýmissa smærri viðhaldsverka í tengslum við viðhaldsáætlun fasteigna.
- Staðfestir reikninga vegna viðhaldverka fasteigna í samráði við yfirmann.
- Skráir niður óskir notenda og kemur til móts við þarfir þeirra eins og kostur er.
- Skýrslugjöf til fasteignastjóra varðandi stöðu verka.

**Menntunar- og hæfniskröfur smiðs**
- Sveinspróf í smíðum og kostur að hafa meistararéttindi.
- Reynsla af viðhaldsverkefnum fasteigna er æskileg.
- Lipurð, samviskusemi og færni í mannlegum samskiptum.
- Verklagni.
- Líkamleg hreysti.
- Tölvufærni.
- Ökuréttindi.

Um er að ræða ótímabundna ráðningu (100% starfshlutfall) og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar w***ww.reykjavik.is*** undir **laus störf „Smiðir hjá byggingadeild“**. Umsóknarfrestur er til og með 16. maí 2016.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Agnar Guðlaugsson (***agnar.gudlaugsson @reykjavik.is***) deildarstjóri byggingadeildar í síma 411-1111.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

## Áhugaverð störf við tækniþjónustu hjá Símafélaginu

**Símafélagið ehf. óskar eftir þjónustulunduðum og metnaðarfullum einstaklingum til starfa við tækniþjónustu.**

Starfslýsing
- Tækniþjónusta við viðskiptavini í síma
- Bilanagreining
- Uppsetning á nettengingum og símkerfum

Hæfniskröfur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Öguð vinnubrögð
- Reynsla af sambærilegum störfum kostur

Þá er einnig kostur ef umsækjandi hefur þekkingu á netkerfum, símkerfum, CISCO, VoIP og Linux.

Símafélagið er ört vaxandi fjarskiptafyrirtæki sem býður upp á nettengingar, símaþjónustu, farsímaþjónustu og símkerfisþjónustu.

Okkar helstu viðskiptavinir eru fyrirtæki og stofnanir.

Áhugasamir sendi umsóknir og ferilskrá á netfangið atvinna@simafelagid.is

Símafélagið

Stórhöfða 23 | sími 415 1500 | www.simafelagid.is

### SECURITY AND DETECTION GUARD

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Security and Detection Guard lausa til umsóknar. Umsóknarfrestur er til og með **13. maí 2016.** Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security and Detection Guard. The closing date for this postion is **May 13, 2016.** Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html
Please send your application and resumé to :
reykjavikvacancy@state.gov

## Fjölbreytt, krefjandi og skapandi starf

Ég er hreyfihömluð og daufblind baráttukona. Ég óska eftir sjálfstæðum og drífandi aðstoðarkonum á sveigjanlegar vaktir, á öllum tímum sólarhringsins. Ég þarf aðstoð við allar hversdagslegar athafnir svo sem til að sinna persónulegu hreinlæti, matreiða, sinna skóla og félagsstörfum, svo ekki sé minnst á allt það óvænta í lífinu.

**Hæfniskröfur:** Starfið krefst samviskusemi, vandvirkni, stundvísi, áreiðanleika og færni í mannlegum samskiptum, auk frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða. Góð almenn menntun, kunnáttu í íslensku og enskri stafsetningu og almenn tölvuþekking er mikill kostur og bílpróf er skilyrði. Samskiptaleiðir verða kenndar á vinnustað auk þess sem starfsfólki standa táknmálsnámskeið til boða.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi NPA-miðstöðvar við Eflingu stéttarfélag. Áhugasömum er bent á að hafa samband við mig á netfangið: snaedis8@gmail.com.

Kveðja, Snædís Rán Hjartardóttir



## Okkur vantar

### Aðstoðarmann í prentsal

Hér er um framtíðarstarf að ræða.

Starfsreynsla í prentsmiðju er kostur en ekki skilyrði.

Óskum eftir jákvæðum einstakling með ríka þjónustulund og á auðvelt með mannleg samskipti.

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á halldor@isafold.is

Umsóknarfrestur er til 16. maí.

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Suðurhraun 1
Garðabæ
Sími: 595 0300
**www.isafold.is**

Ísafoldarprentsmiðja er eitt af elstu fyrirtækjum landsins, stofnuð 1877. Hjá fyrirtækinu starfa 60 manns. Ísafoldarprentsmiðja býður heildarlausnir í prentþjónustu og er leiðandi í hagkvæmum lausnum.

## Leikskólinn Örk á Hvolsvelli auglýsir lausar stöður.

**Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um.**

Leikur einn LEIKSKÓLINN ÖRK

Rangárþing eystra

### 100% staða aðstoðarleikskólastjóra

**Starfssvið:**
- Starfar að stjórnun leikskólans við hlið leikskólastjóra og er staðgengill hans.
- Hefur yfirumsjón með skipulagi sérkennslumála skólans og tekur þátt í framkvæmd sérkennslu.
- Brosa og dreifa gleði og visku.
- Starfar samkvæmt starfslýsingu og í samráði við leikskólastjóra.

**Menntunarkröfur:**
- Leikskólakennaramenntun er áskilin. Menntun og/eða reynsla á sviði stjórnunar og sérkennslu er æskileg.
- Ráðning er til eins árs, með miklum möguleika á framhaldsráðningu.

### 50% staða sérkennara

**Starfssvið:**
- Starfar samkvæmt starfslýsingu og í samráði við leikskólastjóra.

**Menntunarkröfur:**
- Leikskólakennaramenntun er áskilin. Menntun og/eða reynsla á sviði sérkennslu er æskileg.
- Ráðning er til eins árs, með miklum möguleika á framhaldsráðningu.

### 100% staða deildarstjóra

**til 1 árs vegna leyfis frá 15. ágúst 2016- 15. ágúst 2017.**

### 100% staða deildarstjóra

**frá 1. september 2016.**

**Starfssvið:**
- Starfar samkvæmt starfslýsingu og í samráði við leikskólastjóra.

**Menntunarkröfur:**
- Leikskólakennaramenntun.
- Menntun og/eða reynsla á sviði stjórnunar er æskileg.

### 100% stöður leikskólakennara.

**Starfssvið:**
- Starfar samkvæmt starfslýsingu og í samráði við leikskólastjóra.

**Menntunarkröfur:**
- Leikskólakennaramenntun.

**Hæfnikröfur starfsmanna:**
Búa yfir góðri færni í mannlegum samskiptum, hafa góða íslenskukunnáttu, vera við góða heilsu og sýna frumkvæði, sveigjanleika, sjálfstæði og metnað fyrir starfi sínu. Þeir þurfa að vera tilbúnir til að vinna að uppeldi og menntun barnanna á leikskólanum í samræmi við námskrá og í nánu samstarfi við stjórnendur. Ekki er verra ef viðkomandi hefur eilítið gaman af lífinu og er brosmildur.

Leikskólinn Örk er 5 deilda leikskóli þar sem starfa rúmlega 100 hressir nemendur og 35 glaðir kennarar og starfsmenn. Uppeldisstefna Arkarinnar byggir á hugmyndafræði hugsmíðahyggju. Hugmyndafræðin felur í sér að börnin séu leitandi og gagnrýnin og tileinki sér þekkingu og skilning með ígrundun, lausnaleit, rökhugsun og að þau læri að nýta sér það í leik og starfi og taka ígrundaðar ákvarðanir sem byggðar eru á þekkingu þeirra og gildismat.

**Umsóknarfrestur er til 22. maí nk.**
Við erum spennt að fá nýtt starfsfólk og því er æskilegt að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst eða eftir samkomulagi. Umsóknum skal skila ásamt ferilskrá og meðmælum á á heimasíðu leikskólans http://www.leikskolinn.is/ork undir flipanum; *Um leikskólann – Starfsumsóknir.*

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda í leikskólum við launanefnd sveitarfélaga. Fáist ekki leikskólakennarar er heimilt að ráða aðra í stöðurnar til eins árs.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Anna Kristín Helgadóttir leikskólastjóri í síma 488 4270 eða með tölvupósti á leikskoli@hvolsvollur.is.

***Í Rangárþingi eystra búa um 1800 íbúar í einstaklega fallegu umhverfi. Stjórnsýsla sveitarfélagsins er á Hvolsvelli. Veitt er góð þjónusta við íbúa sveitarfélagsins. Þar er framsækinn grunnskóli og íþrótta- og tómstundastarf er öflugt.***



## VANTAR ÞIG VINNU?

Við hjá **Prooptik** leitum að þjónustuglöðum einstaklingi til að sinna sölustarfi. Starfshlutfall er 100% og umsóknarfrestur er til 15. maí.

Umsókn ásamt ferilskrá skal send á netfangið: **matti@prooptik.is**

prooptik gleraugu

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**
- Leikskólasérkennari í leikskólann Marbakka
- Aðstoðarmatráður í leikskólann Austurkór

**Grunnskólar**
- Forsöðumaður dægradvalar í Smáraskóla
- Þroskaþjálfi í Smáraskóla
- Umsjónarkennari á elsta stig í Smáraskóla

**Menntasvið**
- Hljóðfærakennarar hjá Skólshljómsveit Kópavogs

**Umhverfissvið**
- Skráningarfulltrúi
- Byggingarfulltrúi
- Verkefnisstjóri landupplýsinga

**Velferðasvið**
- Starfsmaður í tímabundið starf í íbúðakjarna

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær

kopavogur.is

ILVA



## *Vertu með í frábærum hóp*

ILVA er glæsileg húsgagna- og gjafavöruverslun sem orðin er þekkt meðal landsmanna fyrir gæði og þjónustu. Við viljum vera stolt af starfsfólki okkar og að starfsfólkið sé stolt af okkur.

### *ILVA verslun*

Við leitum að þjónustuliprum einstaklingum til sölu- og þjónustustarfa bæði í fullt starf og helgarstarf. Viðkomandi þarf að hafa næmt auga fyrir straumum og stefnum sem og framsetningu húsgagna og gjafavöru. Reynsla af sölu húsgagna og gjafavöru er kostur. Aldurstakmark er 20 ár.

Við bjóðum glæsilegt vinnuumhverfi og góða starfsþjálfun.
Áhugasamir geta sótt um á www.ILVA.is eða sent umsóknir á netfangið halldor@ilva.is




# Söluráðgjafi nýrra bíla

**Við leitum að árangursdrifnum og metnaðarfullum einstaklingi með mikla söluhæfileika sem hefur áhuga á krefjandi og spennandi framtíðarstarfi.**

## Starfssvið

- Sala á nýjum bílum
- Ráðgjöf til viðskiptavina
- Frágangur á sölu

## Hæfniskröfur

- Mikil þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking og áhugi á bílum
- Reynsla af sölumennsku skilyrði
- Þekking á Word og Excel

Vinnutími er mánudaga-föstudaga frá kl. 9-18
og laugardaga 12:00-16:00 (vaktir)

Toyota Kauptúni er söluaðili Toyota bifreiða, vara- og aukahluta á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn fyrirtækisins byggja gildi sín og viðmið í starfi á The Toyota Way: Stjórnunar-, þjónustu- og mannauðsstefnu Toyota.

Gagnkvæm virðing og náin samvinna eru hornsteinar í daglegri starfsemi Toyota Kauptúni. Hverri áskorun er tekið fagnandi og leita starfsmenn stöðugt leiða til að tryggja áframhaldandi framfarir í öllu því sem við kemur starfsemi fyrirtækisins og þjónustu gagnvart viðskiptvinum þess.

**Umsóknarfrestur er til 16. maí, áhugasamir sendi umsóknir ásamt ferilskrá og kynningarbréfi á netfangið atvinna@toyota.is. Merkt „Nýir bílar". Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir á netfanginu fanny@toyota.is**

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6**
**Sími: 570 5070**
**www.toyotakauptuni.is**



Danól er ný heildverslun sem byggð er á gömlum grunni. Danól flytur inn og selur kaffi frá Merrild og Lavazza ásamt vörum frá Nestlé. Rík áhersla verður lögð á að bjóða fyrsta flokks vörur og þjónustu til viðskiptavina og neytenda. Skrifstofur Danól verða til húsa að Tunguhálsi 19.

# STARFSMAÐUR Í ÞJÓNUSTUDEILD

**Við leitum að einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á kaffi, þjónustu og sölu. Starfið felur í sér uppsetningu og viðhaldi á kaffivélum ásamt fræðslu um hvernig skuli umgangast vélarnar til að tryggja bestu mögulegu gæði og endingu.**

**Um er að ræða frábært tækifæri til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu á kaffimenningu á Íslandi og framtíðaruppbyggingu á þjónustudeild Danól.**

**Hlutverk og ábyrgð**

- Uppsetning og viðhald á kaffivélum
- Viðhalda viðskiptasamböndum með framúrskarandi þjónustu og sölu
- Miðlun þekkingar
- Umsjón með tækjakosti og útleigu á vélum

**Hæfniskröfur**

- Reynsla í uppsetningu og viðhaldi á kaffivélum
- Nám í rafvirkjun er kostur
- Þekking á kaffimarkaði
- Framúrskarandi þjónustulund, áreiðanleiki, skipulag og jákvæðni

**Umsóknarfrestur er til og með 15.maí 2016.**

Vinsamlegast sendið ferilskrá ásamt kynningarbréfi á danol@danol.is.

danól

---

Öflugt málningar og réttingarverkstæði fyrir bíla vantar að bæta við bifreiðasmiðum eða vönum mönnum í faginu, vinnuaðstaða mjög góð.

Umsóknir sendist á **borgir47@gmail.com**

---

## Fasteignasalar

Við á Fasteignasölunni Bæ auglýsum eftir löggiltum fasteignasölum eða nemum í löggildinganámi fasteignasala til starfa. Góður vinnustaður með frábærri starfsaðstöðu. Við erum til húsa í Ögurhvarfi 6, Kópavogi.

**Nánari upplýsingar veitir Snorri Sigurfinnsson s: 864 8090 eða snorri@fasteignasalan.is**

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

---



# KOMDU MEÐ!

## SÉRFRÆÐINGUR Í MANNAUÐSMÁLUM

Starfsfólk Nordic Visitor eru okkar mikilvægasta auðlind. Árangur okkar byggir á framlagi, þekkingu og samstarfi allra sem hér starfa. Við leggjum áherslu á að virkja alla starfsmenn til góðra verka, taka vel á móti nýju starfsfólki og hlúa vel að þjálfun og vellíðan starfsmanna.

Við leitum að sérfræðingi í mannauðsmálum til að taka þetta mikilvæga verkefni enn lengra.

Um er að ræða nýtt og spennandi starf innan fyrirtækisins sem heyrir undir forstöðumann Gæða- og þróunarsviðs og er unnið í samvinnu við Attentus mannauð og ráðgjöf.

Nordic Visitor er framsækin ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í því að skapa góðar minningar með sérsniðnum pakkaferðum fyrir einstaklinga og hópa til allra Norðurlanda. Fyrirtækið hefur verið í stöðugum vexti síðan það var stofnað árið 2002 og er í dag eitt af stærstu ferðaþjónustufyrirtækjum Íslands með um 100 starfsmenn í þremur löndum. Nordic Visitor starfrækir metnaðarfulla mannauðs- og menntastefnu og mikil áhersla er lögð á starfsánægju.

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 15. MAÍ**

Sendu okkur ferilskrá þína og nokkra punkta um þig og hvað þú hefur fram að færa á netfangið starf@attentus.is, merkt Nordic Visitor.

Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál. Nánari upplýsingar er að finna á **nordicvisitor.com/atvinna**

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2015

NORDIC VISITOR

---




---

Bláskógaskóli Reykholti

### Lausar stöður í Bláskógaskóla Reykholti

## Staða aðstoðarskólastjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Kennsluréttindi á grunnskólastigi.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Æskilegt að viðkomandi hafi þekkingu á skipulagningu sérkennslu og/eða ART þjálfun.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og áhugi á skólaþróun er skilyrði.

**Einnig eru lausar til umsóknar:**

- Staða umsjónarkennara yngsta stigs 80-100%
- Staða listgreinakennara 20-30% starf

Áherslur skólans eru á teymiskennslu og fjölbreytta kennsluhætti. Æskilegt er að umsækjendur kunni skil á ART þjálfun og hafi ánægju af nánu samstarfi við aðra. Í Bláskógaskóla í Reykholti eru rúmlega 70 nemendur í 1.-10. bekk.

Laun eru skv. kjarasamningi KÍ og LN.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Hreinsdóttir, skólastjóri, í síma 480 3020 eða 898 5642.

**Umsóknarfrestur er til föstudagsins 13. maí 2016.**

---

**RÁÐGJÖF**

- Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

**RÁÐNINGAR**

- Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

**RANNSÓKNIR**

- Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir
www.intellecta.is

JARÐBORANIR



## STARFSMAÐUR Á ÞJÓNUSTUSTÖÐ

Jarðboranir hf. óska eftir starfsmanni á þjónustustöð félagsins. Meðal verkefna er vinna á vörulager, þungaflutningar auk almennrar þjónustu við bora félagsins.

**Hæfniskröfur**

- Stóru vinnuvélaréttindin
- Aukin ökuréttindi
- Hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Góð almenn tölvukunnátta

**Upplýsingar um starfið veitir Torfi Pálsson, starfsmannastjóri í síma 585-5290 eða torfip@jardboranir.is. Sækja skal um starfið á www.jardboranir.is fyrir 16. maí næstkomandi.**

HVALFJARÐARSVEIT

## Skipulags- og umhverfisfulltrúi

Laust er til umsóknar starf skipulags- og umhverfisfulltrúa Hvalfjarðarsveitar. Um er að ræða 100% starf. Leitað er að metnaðarfullum aðila til að stýra fjölbreyttum verkefnum í skipulags- og umhverfismálum sveitarfélagsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**

- Skipulagsgerð og útgáfa framkvæmdaleyfa.
- Gerð starfs- rekstrar, og framkvæmdaáætlana fyrir þá málaflokka sem undir hann heyra.
- Umsjón með umhverfis- og hreinlætismálum sveitarfélagsins.
- Umsjón með náttúruverndarmálum í sveitarfélaginu.

**Almennt stjórnunarsvið:**

Skipulags- og umhverfisfulltrúi starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um skipulags- og umhverfismál sveitarfélaga. Einnig eftir lögum er varða opinbera þjónustu og stjórnsýslu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun og viðeigandi réttindi til að annast skipulagsgerð skv. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er skilyrði.
- Þekking og reynsla af skipulags- og umhverfismálum er æskileg.
- Reynsla af störfum í opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Reynsla af þátttöku í stefnumótandi áætlanagerð og gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana er æskileg.
- Reynsla af stjórnun, rekstri og þróunarstarfi er kostur.
- Færni í mannlegum samskiptum auk forystu- og skipulagshæfileika.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

**Kjör:**

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

**Umsóknarfrestur um starf skipulags- og umhverfisfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er til og með 22. maí nk.**

Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf. Umsóknir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3, 301 Akranes eða á netfangið hvalfjardarsveit@ hvalfjardarsveit.is. Öllum umsóknum verður svarað skriflega.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Skúli Þórðarson, sveitarstjóri í síma 433-8500 og á netfanginu skuli@hvalfjardarsveit.is






## This Is Your Dream Job

Careers in Medical Technology

noxmedical.com

Nox Medical is a leading medical technology company, developing medical solutions for sleep diagnostics. Our products improve health by making sleep diagnostics more simple, efficient and comfortable for all patient groups.

### >> Customer Support Representative

The role of the customer support representative is to have a deep understanding and intimate knowledge of Nox Medical's products and their underlying operative systems. The individual is a part of the Marketing & Service Department at Nox Medical and will support and service the Nox Medical customer base through a wide variety of communication methods. This includes participating in faulty device handling and returns.

This role requires a knowledgeable and likeable individual that can easily communicate complex information in a manner that is easily understood. Patience and passion for helping those around him/her is a key quality.

**Responsibilities**

- Providing customer and distributor support.
- Providing troubleshooting and technical service to Nox Medical's customers.
- Other support for marketing and service functions.

**Qualifications and Experience**

- Technical education.
- Experience and knowledge with IT and networking.
- Excellent English communication skills, both written and oral.
- Have a service minded attitude towards customers.
- Ability to work independently and function as an important member of a team.
- Experience in interfacing with customers.

Applications and resumé should be sent to work@noxmedical.com.
More information can be found on www.noxmedical.com/careers or by sending an e-mail to ingvar@noxmedical.com.

**Deadline for applications is up to and including May 20th 2016.**
All inquiries and applications will be replied to and treated with full confidentiality.

Nox Medical
Katrínartún 2 | noxmedical.com

# VILTU GANGA Í LIÐ MEÐ **MATÍS**

## Starfsmaður á rekstrarsviði

Starfið felur í sér almenn bókhaldsstörf í fjölbreyttu umhverfi Matís. Um er að ræða áhugavert og krefjandi starf í öflugu rannsókna- og þekkingarfyrirtæki.

**HÆFNISKRÖFUR:** Víðtæk reynsla í Navision og Excel og góð þekking á bókhaldi. Lipurð í mannlegum samskiptum og sjálfstæð vinnubrögð.

Um fullt starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Matís hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um. Umsækjendur eru beðnir um að senda inn umsókn á heimasíðu Matís *www.matis.is/atvinna.*

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**HELSTU VERKEFNI ERU:**

- Gjaldkerastörf
- Innheimta
- Umsjón með ferðakostnaði
- Umsjón með tollamálum
- Afstemmingar
- Afleysing í móttöku
- Önnur tilfallandi störf

*Umsóknarfrestur er til og með 16. maí 2016*

**Júlía Sigurbergsdóttir, aðalbókari, veitir frekari upplýsingar í síma 422 5071 eða julia.sigurbergsdottir@matis.is. Hróar Hugosson, mannauðsfulltrúi, veitir jafnframt upplýsingar í síma 422 5027 eða hroar.hugosson@matis.is.**

## Sérfræðingur: Verkefni, áhrif, ferlar og afrakstur

**HELSTU VERKEFNI:**
Starfið felur í sér áhrifa- og afrakstursmat verkefna, skipulag og eftirfylgni með verkefnastjórnun hjá Matís (e. Project Management Office, PMO). Starfið felst m.a. í nánu samstarfi við sérfræðinga hjá Matís við rekstur og stjórnun verkefna og miðlun afraksturs þeirra.

Þá felur starfið í sér þátttöku í innri umbótum, viðhaldi gæðahandbókar tengdum ferlum verkefnastjórnunar.

Um fullt starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Matís hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um. Umsækjendur eru beðnir um að senda inn umsókn á heimasíðu Matís *www.matis.is/atvinna.*

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

*Umsóknarfrestur er til og með 22. maí 2016*

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, verkfræði, verkefnastjórnun eða skyldum greinum
- Frumkvæði, sjálfstæði, heilindi og vönduð vinnubrögð
- Reynsla af áætlanagerð og verkefnastjórnun
- Þekking á gæðastjórnun
- Lipurð í mannlegum samskiptum og metnaður til að ná árangri í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku skilyrði
- Góð tölvuþekking skilyrði
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti

**Guðlaug Þóra Marinósdóttir leiðir starf PMO og veitir hún frekari upplýsingar í síma 422 5045 eða gudlaug.th.marinosdottir@matis.is. Hróar Hugosson, mannauðsfulltrúi, veitir jafnframt upplýsingar í síma 422 5027 eða hroar.hugosson@matis.is.**

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig


lind@talent.is


bryndis@talent.is

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is



# Neptune

## Neptune ehf óskar eftir stýrimönnum og vélstjórum

Vegna aukinna umsvifa í sumar óskar Neptune ehf eftir stýrimönnum og vélstjórum með alþjóðleg réttindi. Kostur ef að viðkomandi er með DP réttindi eða námskeið. Neptune ehf gerir út og rekur tvö rannsóknarskip frá Akureyri, Poseidon og Neptune.

Umsóknir og beiðni um frekari upplýsingar sendist á netfangið: **starf@neptune.is**

## ARKITEKTAR BYGGINGAFRÆÐINGAR

T.ark leitar að reyndum arkitektum og byggingafræðingum. Þekking á tölvuvæddu hönnunarumhverfi er skilyrði. Reynsla í frágangi aðaluppdrátta, gerð vinnuteikninga og eftirfylgni á framkvæmdastað er æskileg. Boðið er upp á fjölbreytt starf með samhentum hópi.

Skila skal umsóknum ásamt starfsferilsskrám á skrifstofuna, Brautarholti 6, 3. hæð, eða á netfangið **ivon@tark.is.**

T.ark

**TEIKNISTOFAN ehf ARKITEKTAR**
**BRAUTARHOLTI 6 105 REYKJAVÍK**
**teiknistofan@tark.is www.tark.is**

T.ark vinnur að fjölbreyttum og spennandi hönnunarverkefnum og sér fram á næg spennadi verkefniframundan. Hjá T.ark starfa 24 manns; arkitektar, byggingafræðingar og innanhússarkitekt.



## Verkefnastjóri kennslu

Verkefnastjóri kennslu starfar á kennslusviði Háskólans á Bifröst og gegnir lykilhlutverki við að efla og styrkja kennslu í skólanum.

**Starfssvið**

- Kennslufræðileg ráðgjöf
- Skipulagning kennslu
- Gerð stundaskráa
- Skipulagning vinnuhelga

**Kröfur um menntun og hæfni**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Kennsluréttindi æskileg
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Um er að ræða fullt starf á Bifröst og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí nk. Umsókn skal fylgja náms- og starfsferilsskrá og kynningarbréf. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um menntun. Umsóknir og fyrirspurnir um starfið skal senda á netfangið kennslustjori@bifrost.is.

Gildi Háskólans á Bifröst eru: Samvinna - Frumkvæði - Ábyrgð

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

# Óskað er eftir sérfræðingi

## Skólar á grænni grein

### Grænfánaverkefni Landverndar

Landvernd óskar eftir að ráða starfsmann við verkefnið Skólar á grænni grein – Grænfánaverkefnið. Verkefnið er alþjóðlegt menntaverkefni um umhverfismál og sjálfbærni sem rekið er í yfir 200 skólum á öllum skólastigum á Íslandi. Ráðið verður til sex mánaða frá miðjum ágúst með möguleika á áframhaldandi ráðningu.

**Starfssvið**
Starfsmaður tekur m.a. þátt í úttekt á umhverfisstarfi þátttökuskóla, heldur kynningar og veitir skólum ráðgjöf um umhverfismál og sjálfbærni, kemur að gagnaöflun, úrvinnslu og skýrsluskrifum. Starfsmaður tekur einnig þátt í öðrum verkefnum Landverndar.

**Menntun og hæfniskröfur**
Krafist er háskólaprófs á sviði umhverfisfræða og/eða menntavísinda, og áhuga á umhverfismálum. Þekking og reynsla af skólastarfi, þ.m.t. af menntun til sjálfbærni, er afar æskileg. Reynsla og þekking af vinnu við vefsíður og samfélagsmiðla er æskileg. Góðir samskiptahæfileikar eru nauðsynlegir, jafnt hvað varðar börn, unglinga og fullorðna. Gerð er krafa um frumkvæði, sjálfstæði og jákvæðni í starfi og öguð og skipulögð vinnubrögð. Starfið felur í sér allmörg ferðalög innanlands.

**Kröfur til umsóknar og frestur**
Umsókn þarf að fylgja ferilskrá og greinargerð þar sem ástæða umsóknar er útlistuð, hæfni viðkomandi til að gegna starfinu lýst og listi yfir 2-3 meðmælendur gefinn. Umsóknir skulu sendar á katrin@landvernd.is, merktar „Grænfáni umsókn".
**Umsóknarfrestur er til 23. maí n.k.**

Nánari upplýsingar veita Katrín Magnúsdóttir, verkefnisstjóri Skóla á grænni grein og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar í s. 552-5242.

LANDVERND

---

BÍLASTOÐ
réttingar & sprautun

# Óskum eftir Bílamálara

**eða vönum manni í bílamálun.**

**Einnig aðstoðarmanni í bílamálun / réttingu.**

**Upplýsingar í síma 564-0606**
**eða bilastod@simnet.is**

---

AMG AUKARAF

**Við leitum að hressum framtíðar starfsmanni í verslun okkar í Kópavogi sem og í önnur tilfallandi verkefni. Vinnutími er frá 9:00-17:00 virka daga. Skemmtilegur og hress vinnustaður.**

**Vinsamlega sendið umsókn og ferilskrá í tölvupósti á *aukaraf@aukaraf.is***

---

JOHAN RÖNNING
www.ronning.is



# Er kraftur í þér?

## Söluráðgjafi á rafbúnaðarsviði

**Johan Rönning** óskar eftir að ráða metnaðarfullan, þjónustulundaðan og sveigjanlegan söluráðgjafa til starfa á rafbúnaðarsviði. Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf í góðu starfsumhverfi að Klettagörðum 25 með jákvæðu og hressu starfsfólki. Johan Rönning hefur 5 ár í röð verið valið fyrirmyndarfyrirtæki VR ásamt því að hljóta nafnbótina fyrirtæki ársins 2012, 2013, 2014 og 2015. Johan Rönning hlaut einnig jafnlaunavottun VR árið 2013, eitt af fyrstu fyrirtækjum á landinu til að hljóta slíka viðurkenningu. Fyrirtækið leggur mikið upp úr opnum og heiðarlegum samskiptum.

**Hæfniskröfur:**
- Sveinspróf í rafvirkjun
- Starfsreynsla í rafiðnaði
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta
- Rík þjónustulund
- Samskiptahæfni og útsjónarsemi
- Reynsla af sölustörfum kostur

**Starfið felst í:**
- Sölu og þjónustu á rafbúnaði
- Tilboðsgerð og tækniráðgjöf
- Lausnamiðuðum hugsunarhætti

**Upplýsingar** um starfið veitir Óskar Gústavsson, sölustjóri, í síma 5200 800 eða oskar@ronning.is
Umsóknum skal skilað fyrir 19. maí.

## Starfsmaður í þjónustudeild

**Johan Rönning** óskar eftir að ráða hörkuduglegan liðsmann í þjónustudeild fyrirtækisins að Klettagörðum 25, Reykjavík. Þjónustudeild sér um alla umsýslu á vörum félagsins gagnvart viðskiptavinum og útibúum. Um er að ræða framtíðarstarf þar sem viðkomandi hefur möguleika á að vinna sig upp innan fyrirtækisins.

**Hæfniskröfur:**
- Öguð og áreiðanleg vinnubrögð
- Rík þjónustulund
- Samskiptahæfni
- Lyftararéttindi kostur

**Starfið felst í:**
- Tiltekt og frágangi á pöntunum
- Samskiptum við viðskiptavini
- Öðrum tilfallandi störfum innan þjónustudeildar

**Upplýsingar** um starfið veitir Hallur Vilhjálmsson þjónustustjóri í síma 5200 800 eða hv@ronning.is. Umsóknum skal skilað fyrir 19. maí.



Johan Rönning hf. var stofnað árið 1933. Fyrirtækið er leiðandi á sviði rafbúnaðar og rekur jafnframt verslunar- og þjónustufyrirtækin Sindra og Sindra Vinnuföt. Hjá félaginu starfa 85 starfsmenn í Reykjavík, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, Hafnarfirði, Grundartanga, á Selfossi og Akureyri. Höfuðstöðvar félagsins eru að Klettagörðum 25 í Reykjavík. Johan Rönning hf. er góður og eftirsóttur vinnustaður.

JAFNLAUNAVOTTUN VR — VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2015

| REYKJAVÍK | SELFOSSI | AKUREYRI | REYÐARFIRÐI | REYKJANESBÆ | HAFNARFIRÐI | GRUNDARTANGA |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Klettagörðum 25 | Eyravegi 67 | Draupnisgötu 2 | Nesbraut 9 | Hafnargötu 52 | Bæjarhrauni 12 | Mýrarholtsvegi 2 |
| Sími 5 200 800 | Sími 4 800 600 | Sími 4 600 800 | Sími 4 702 020 | Sími 4 207 200 | Sími 5 200 800 | Sími 5 200 830 |

PIPAR\TBWA • SÍA • 151647

---

# Lögfræðingur

**Helstu verkefni:**
- Réttaraðstoð við hælisleitendur á lægra og æðra stjórnsýslustigi
- Samskipti við samstarfsaðila innan lands og utan
- Þátttaka í málsvarastarfi í þágu hælisleitenda
- Þátttaka og stuðningur við annað starf Rauða krossins í málaflokknum

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Meistara- eða embættispróf í lögfræði
- Þekking og/eða reynsla af málefnum hælisleitenda
- Reynsla af starfi með Rauða krossinum er kostur
- Mjög góð rit- og talfærni á íslensku og ensku
- Önnur tungumál eru kostur
- Þekking og/eða reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum og menningarlæsi

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.
Umsóknarfrestur er til og með 22. maí n.k.

› Nánari upplýsingar veitir Atli Viðar Thorstensen, **atli@redcross.is** og umsóknir óskast sendar á **atli@redcross.is**

RAUÐI KROSSINN — ICELANDIC RED CROSS

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 16-1559

# Verkfræðingar óskast

**ARA Engineering** er verkfræðifyrirtæki með skrifstofur á Íslandi, í Noregi og í Póllandi sem sérhæfir sig í alhliða ráðgjöf er varðar háspennulínur, jarðstrengi og tengivirki. Starfsmenn eru 24 talsins.

Meðal verkefna ARA er hönnun 132 kV og 220 kV háspennulína í Dar-es-Salam, hönnun hæsta 400 kV masturs í Svíþjóð og hönnun jarðstrenga og sæstrengja fyrir 400 kV spennu í Noregi.

Núverandi verkefni eru á Íslandi, Noregi, Svíþjóð, Póllandi, Kanada, Tansaníu og Malasíu.

Auglýst er eftir **sterkstraums rafmagnsverkfræðingi** og **burðarþolsverkfræðingi** með meistarapróf.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Verkefni vinnast að mestu leyti á Ísland í samvinnu við starfstöðvar erlendis. Góð laun í boði.

Upplýsingar veitir Árni Björn Jónasson á póstfangi arni@araengineering.is

**ARA** Engineering

**ARA Engineering ehf,** Hlíðarsmára 4, 210 Kópavogi

# Blönduósbær

## Grunnskólakennarar

## Kennara vantar til starfa við Blönduskóla.

Um er að ræða fjórar stöður umsjónarkennara (u.þ.b. 50% staða hver) á yngsta- og miðstigi. Kennslugreinar auk umsjónar eru almenn kennsla á yngsta- og miðstigi en einnig:

1. Danska, u.þ.b. 50% staða.
2. Heimilisfræði, u.þ.b. 50% staða.
3. Íslenska á unglingastigi, u.þ.b. 40% staða.
4. Upplýsingatækni á mið- og unglingastigi, u.þ.b. 20% staða.

Umsækjendur þurfa að hafa réttindi til að kenna í grunnskóla. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af starfi í grunnskóla með einstaklingsmiðaðar áherslur. Góð tölvukunnátta, góðir skipulags-, samskipta- og samvinnuhæfileikar eru skilyrði.

Í Blönduskóla eru um 120 nemendur í 1. – 10. bekk. Skólaárið 2016 - 2017 hefst vinna grunnskólanna í Húnavatnssýslum að sameiginlegri stærðfræðistefnu, en einnig verður áfram unnið að sameiginlegri læsisstefnu skólanna. Í Blönduskóla er að ljúka tveggja ára þróunarstarfi í Orð af orði. Æskilegt er að umsækjendur þekki það verkefni og hafi tekið þátt í þannig vinnu. Á heimasíðunni **www.blonduskoli.is** er að finna fréttir og myndir úr starfi skólans og ýmsar nauðsynlegar upplýsingar.

Blönduós er bær í alfara leið, með allri helstu þjónustu og fjölbreyttum afþreyingarmöguleikum.
Frekari upplýsingar gefur Þórhalla Guðbjartsdóttir skólastjóri **(thorhalla@blonduskoli.is)** í síma 892-4928.

Umsóknarfrestur er til 23. maí nk. og skal umsókn skilað með ferilskrá á netfang skólastjóra: **thorhalla@blonduskoli.is.**

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Rekstrarstjóri | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201605/653 |
| Framhaldsskólakennari | Menntaskólinn á Ísafirði | Ísafjörður | 201605/652 |
| Lögfræðingur | Umboðsmaður Alþingis | Reykjavík | 201605/651 |
| Læknaritari | Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins | Kópavogur | 201605/650 |
| Aðstoð í mötuneyti | Samgöngustofa | Reykjavík | 201605/649 |
| Rannsóknarlektor á málræktarsv. | Stofnun Árna Magnúss. í ísl. fræðum | Reykjavík | 201605/648 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilsugæslan Hlíðum | Reykjavík | 201605/647 |
| Rannsóknarlögreglumaður | Lögreglustjórinn á höfuðb.svæðinu | Reykjavík | 201605/646 |
| Fulltrúi í afgreiðslu | Ríkisskattstjóri | Reykjavík | 201605/645 |
| Sameindalíffræðingur | Landspítali, meinafræðideild | Reykjavík | 201605/644 |
| Hjúkrunardeildarstjóri | Landspítali, meltingar- og nýrnadeild | Reykjavík | 201605/643 |
| Námsstöður deildarlækna | Landspítali, geðsvið | Reykjavík | 201605/642 |
| Heilbrigðisritari/skrifstofumaður | Landspítali, göngudeild BUGL | Reykjavík | 201605/641 |
| Eðlisfræðingur | Landspítali, röntgendeild | Reykjavík | 201605/640 |
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201605/639 |
| Kerfisfræðingur | Vegagerðin | Reykjavík | 201605/638 |
| Náms- og starfsráðgjafi | Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum | Vestm.eyjar | 201605/637 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Þórshöfn | 201605/636 |
| Starfsm. í aðhlynningu, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201605/635 |
| Sjúkraliði, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201605/634 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201605/633 |
| Þjónustufulltrúi | Ríkiskaup | Reykjavík | 201605/632 |
| Doktorsnemi í umhverfisranns. | Landbúnaðarháskóli Íslands | Reykir í Ölfusi | 201605/631 |
| Skrifstofustarf | Fiskistofa | Ísafjörður | 201605/630 |
| Veiðieftirlitsmaður | Fiskistofa | Ísafjörður | 201605/629 |
| Veiðieftirlitsmaður | Fiskistofa | Stykkishólmi | 201605/628 |
| Veiðieftirlitsmaður | Fiskistofa | Hafnarfjörður | 201605/627 |
| Deildarstjóri sjóeftirlits | Fiskistofa | Akureyri | 201605/626 |
| Starfsmaður í ræstingu | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Djúpivogur | 201605/625 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201605/624 |
| Matráður, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201605/623 |
| Sjúkraliði, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201605/622 |
| Starfsmaður í aðhlynningu | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201605/621 |
| Verkefnisstjóri | HÍ, Stjórnmálafræðideild | Reykjavík | 201605/620 |
| Launa-/starfsmannafulltrúi | Fangelsismálastofnun | Eyrarbakki | 201605/619 |
| Lögreglumenn | Lögreglustjórinn á höfuðb.svæðinu | Reykjavík | 201605/618 |
| Rannsóknarlögreglumenn | Lögreglustjórinn á höfuðb.svæðinu | Reykjavík | 201605/617 |
| Sjúkraþjálfari | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafjörður | 201605/616 |
| Framhaldsskólakennari í ísl. | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201605/615 |
| Sérkennari á starfsbraut | Fjölbrautaskóli Suðurlands | Selfoss | 201605/614 |

Sólvellir

## Seyðisfjarðarskóli og Leikskólinn Sólvellir auglýsa eftir starfsfólki í eftirtalin störf

**Í grunnskólanum:**

**Til afleysingar vegna fæðingarorlofs:**

- 100% starf umsjónarkennara á miðstigi. Í starfinu felst teymiskennsla í 4.-6. bekk í samstarfi við annan kennara. Næsta haust mun á miðstigi hefjast þátttaka í læsisverkefninu Orð af orði.
- Rúmlega 50% starf umsjónarkennara á yngsta stigi. Í starfinu felst m.a. teymiskennsla í 1.-3. bekk í samstarfi við annan kennara. Á yngsta stigi er m.a. unnið samkvæmt Byrjendalæsi.

Umsækjendur hefji störf í ágúst og skulu hafa leyfisbréf grunnskólakennara.

**Í leikskólanum:**

- **Leikskólakennari** óskast í fullt starf frá 8. ágúst, eða eftir samkomulagi. Um framtíðarstarf er að ræða. Verkefni eru samkvæmt starfslýsingu í kjarasamningi FL og í samráði við leikskólastjóra. Umsækjandi þarf að hafa lokið námi í leikskólakennslufræðum og hafa leyfisbréf.

**Upplýsingar um störfin gefa:**
Jóhanna Gísladóttir, skólastjóri Seyðisfjarðarskóla, í síma 4702320 og 8951316 eða í gegnum netfangið **joga@skola.sfk.is**
Ásta G. Birgisdóttir, leikskólastjóri, sími 4721350 og 8570760 eða í gegn um netfangið **solvellir@skolar.sfk.is**

Umsóknum skulu fylgja ferilskrá og nöfn tveggja umsagnaraðila. Þeim skal skilað eigi síðar en 20. maí til skólastjórnenda eða á bæjarskrifstofur Seyðisfjarðarkaupstaðar, Hafnargötu 44, 710 Seyðisfjörður.

Seyðisfjörður er einn af elstu kaupstöðum landsins og byggir ríkulegt menningarstarf á gömlum merg. Staðurinn státar af glæsilegri íþróttamiðstöð, frábæru skíðasvæði, sundlaug, heilsugæslustöð, bókasafni, framsæknu tækniminjasafni og miðstöð myndlistar á Austurlandi, Skaftfelli, sem Seyðisfjarðarskóli á gott samstarf við. Í bænum eru rómaðir veitingastaðir og kaffihús.
Bilferjan Norræna siglir til Seyðisfjarðar vikulega allan ársins hring. Auðvelt er fyrir íbúa staðarins að skreppa til meginlandsins auk þess sem aðeins er 20 mínútna akstur til Egilsstaða þar sem m.a. er alþjóðlegur flugvöllur með áætlunarflugi til Englands.
Fjöldi fallegra gamalla timburhúsa undir stórbrotnum fjöllum mótar svip þessa litla kaupstaðar þar sem allir koma öllum við og gott er að vera, ekki síst fyrir börn.

**RÁÐGJÖF**
- Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

**RÁÐNINGAR**
- Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

**RANNSÓKNIR**
- Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

Ef þú býrð yfir metnaði til að læra á nýjum og spennandi veitingastað í miðbæ Reykjavíkur þá er Matarkjallarinn að bæta við sig starfsfólki í eldhúsið. Við erum að leita af matreiðslunemum og starfsfólki með reynslu i eldamensku, þar sem metnaður og fagmenska er í fyrirrúmi.

**Almennar hæfniskröfur:**

- Vilja til að læra og nema nýja þekkingu
- Almennur hressleiki er skilyrði.
- Metnaður til að standa sig vel í starfi.
- Hafa áhuga á góðum mat og drykk.
- Vera snyrtilegur, stundvís og jákvæður einstaklingur.

Ef þú telur þig hafa það sem til þarf, sendu þá umsókn ásamt ferilskrá með mynd á **ari@matarkjallarinn.is**
**Sími: 866-7366**

Fullum trúnaði er heitið.

Matarkjallarinn er nýr og spennandi veitingastaður sem opnar í byrjun maí.

FOOD CELLAR
MATAR KJALLARINN

# TÓNLISTARSKÓLI REYKJANESBÆJAR

Okkur vantar kennara í eftirtaldar námsgreinar fyrir skólaárið 2016-2017.

**Þverflauta.** Starfshlutfall 40%

**Saxófónn.** Starfshlutfall 40%. Æskilegt er að viðkomandi geti að auki tekið að sér nokkra tíma í klarínettukennslu sem nemur um 20% starfi. Það er þó ekki skilyrði.

**Píanó rytmískrar deildar.** Starfshlutfall 30%

**Rafgítar.** Starfshlutfall 75%. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn til að taka að sér samspil innan rytmískrar deildar.

Sótt skal um á vef Reykjanesbæjar, www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf

Umsóknarfrestur er til 22.05. n.k. Umsækjendur þurfa að vera reiðubúnir til að veita skólastjóra heimild til þess að afla upplýsinga úr sakaskrá. skv. lögum nr. 91/2008

**Nánari upplýsingar veitir Haraldur Árni Haraldsson, skólastjóri í síma 420-1400 eða 863-7071 eða Karen Janine Sturlaugsson, aðstoðarskólastjóri, í síma 420-1400 eða 867-9738.**

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig



lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is

BYGG

# KRANAMAÐUR

Óskum eftir að ráða vanan mann til starfa á byggingarkrönum.

Meirapróf er kostur.

Framtíðarvinna.

Upplýsingar veitir Hörður í síma 693-7320 og hordur@bygg.is

GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
*BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ*

# Bílstjórar

Gámaþjónustan hf óskar eftir meiraprófsbílstjórum til starfa hjá fyrirtækinu við akstur gámabíla og annarra bíla fyrirtækisins.

**Hæfniskröfur:**
o Meirapróf
o Vagnréttindi kostur
o ADR réttindi kostur
o Gott vald á íslenskri tungu.

Vinnutími er virka daga 07:00 – 18:00 og eina helgi í mánuði.

Leitað er að heilsuhraustum einstaklingum sem eru ekki yngri en 20 ára.

Um framtíðarstörf er að ræða.

Nánari upplýsingar veitir **hannes@gamar.is**

## MEÐFERÐARHEIMILIÐ Í KRÝSUVÍK

Óskar eftir að ráða smið í glerjun og gluggavinnu.
50-100 % starf.
Upplýsingar á netfanginu **toggio@simnet.is**

## Ertu góður sölumaður með heillandi framkomu?

Langar þig að vinna við selja Canada Goose, Casall, Asics eða Kari Traa ásamt fullt af öðrum hágæða vörum?

Við hjá Sportís erum að leita að sölumanni í 100% starf í verslun okkar.

Allar umsóknir sendast á **johann@sportis.is** fyrir 15. maí




# SPENNANDI STÖRF HJÁ TÖLVULISTANUM

## SÖLUFULLTRÚAR Í FULLT STARF OG SUMARSTÖRF

**Í verslun okkar í Reykjavík vinnur skemmtilegur hópur sölumanna. Leitum að liprum og þjónustulunduðum starfsmönnum til að til að bætast í hópinn. Mestu máli skiptir jákvætt hugarfar, þægilegt viðmót og hæfileikar í mannlegum samskiptum. Mikilvægt er að umsækjendur séu áreiðanlegir, stundvísir og samviskusamir og geti bæði unnið sjálfstætt og í góðri samvinnu við aðra.**

## INNKAUPASTJÓRI

Atvinna í boði. Óska eftir manni í múr og sprunguviðgerðir. Reynsla æskileg. Uppl. í síma 618 5286 Þórður

Menn vanir múrverki og flísalögnun óskast sem fyrst. Uppl. í s. 860 3600 og 6966656.

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 775-7373**

**VANTAR ÞIG STARFSMENN?**
Erum með iðnaðarmenn og almenna verkamenn á skrá sem geta byrjað fljótlega. Einnig bílstjóra með meirapróf

Við finnum réttu mennina fyrir þig.

Verkleigan sími:780-1000

e: vinna@verkleigan.is

## Atvinna óskast

Óska eftir starfi, vön skrifstofu og sölustörfum. Ýmislegt kemur til greina. S. 555 0939 & 854 3454

**Ertu að leita að talent?**

Við finnum starfsmanninn fyrir þig



lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is



## tilkynningar

**Lokakaffi Kvenfélagsins Heimaeyjar**

KVENFÉLAGIÐ HEIMAEY

Verður á Grand hótel Reykjavík sunnudaginn 8. maí kl. 14.00. Blítt og létt hópurinn kemur í heimsókn. Vonumst til að sjá sem flesta.

**Stjórnin**

## til leigu

**HÁRGREIÐSLUFÓLK OG NAGLAFRÆÐINGAR ATH.**
Stóll til leigu og naglaborð, góð aðstaða, næg bílastæði og sanngjörn leiga.

Uppl. sendist á begga@hairbrush.is eða á staðnum (Hæðasmári 4, 201 Kóp.)
S. 551-7770/659-4135 (Begga).

HAIRBRUSH
HAIR & AIRBRUSH STUDIO

## til sölu

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

## skemmtanir




**Cafe Catalina**

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

# Leikir helgarinnar

## Laugardaginn 7. maí
**11:35 Norwich City - Man.United**
**16:20 Leicester City - Everton**

## Sunnudaginn 8. maí
**14:50 Man.City - Arsenal**
**14:50 Liverpool - Watford**
**18:00 UFC - GUNNAR NELSON**




**Þórður Braga, Siggi Grétars, Bjarki Hall og Árni Hjalta spila um helgina.**

**Allir velkomnir**

Gullnáman

http://www.facebook.com/cafecatalina

**Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn**




FERÐAMÁLA SKÓLINN

STARFSTENGT FERÐAFRÆÐINÁM

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

## Ævintýralegur starfsvettvangur

**Langar þig að starfa í ört vaxandi atvinnugrein – eða ertu starfandi í ferðaþjónustu?**

Ferðamálaskólinn býður upp á fjölbreytt og spennandi nám fyrir fólk á öllum aldri sem er með brennandi áhuga á Íslandi sem ferðamannalandi.

Innritun í nám á haustönn 2016 er hafin.

www.mk.is
Ferðamálaskólinn sími: 594 4020
ferdamalaskolinn@mk.is





# Mallorca

## Betri ferð - fyrir betra verð

vita

### Iris Apartments * *
### Sa Coma

70% Afsláttur fyrir börnin!

**Verð frá 69.900 kr.**
á mann m.v. 2 fullorðna og 3 börn 2ja til 11 ára og 79.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn 2ja til 11 ára í íbúð með 2 svefnherbergjum. Án fæðis.




### Rosa del Mar * * * *
### Palmanova

70% Afsláttur fyrir börnin!

**Verð frá 74.900 kr.**
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í superior stúdíó. Verð frá 114.900 á mann m.v. 2 fullorðna í superior stúdíó. Án fæðis.







### Apt. Santa Ponsa
### Santa Ponsa * *

**Verð frá 89.900 kr.**
á mann m.v. 3 fullorðna og 2 börn 2ja til 11 ára í íbúð með 2 svefnherbergjum og 84.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn 2ja til 11 ára í íbúð með einu svefnherberbergi. Án fæðis.




### Cristobal Colon * * * *
### Playa de Palma

**Verð frá 114.900 kr.**
á mann m.v. 2 fullorðna og eitt barn 2ja til 11 ára í herbergi. Verð frá 129.900 kr á mann m.v. tvo fullorðna í herbergi.
**Með hálfu fæði.**

### Playa Dorada
### Sa Coma * * * *

**Verð frá 119.900 kr.**
á mann m.v. 2 fullorðna og tvö börn 2ja til 11 ára í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 129.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í stúdíó.
**Allt innifalið.**




### Royal Cristina
### Playa de Palma * * * *

**Verð frá 134.900 kr.**
á mann m.v. 2 fullorðna og tvö börn 2ja til 11 ára í fjölskylduherbergi. Verð frá 139.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í herbergi.
**Með morgunverði.**




vita

**VITA er lífið**

**Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is**

# Gríska eyjan Krít

## Kynntu þér frábær tilboð fyrir börnin.



### Sunset Suites * * *
### Platanias

70% Afsláttur fyrir börnin!

**Verð frá 79.900 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og tvö börn 2ja til 11 ára í íbúð með einu svefnherbergi og 139.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í stúdíó.
Án fæðis.




### Golden Sand * * *
### Chania

70% Afsláttur fyrir börnin!

**Verð frá 85.900 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og tvö börn 2ja til 11 áraí íbúð með einu svefnherbergi og 129.100 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í stúdíó.
Án fæðis.







### Orion Star * * *
### Chania

**Verð frá 109.400 kr.**

á mann m.v. 3 fullorðna og þrjú börn 2ja til 11 ára í íbúð með 2 svefnherberbergjum og 138.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í íbúð.
Án fæðis.




### Oscar Village Suites * * *
### Chania

**Verð frá 119.900 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og tvö börn 2ja til 11 ára í íbúð með einu svefnherbergi og 159.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í íbúð.
Með morgunverði.

### Porto Platanias * * *
### Platanias

**Verð frá 179.900 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og tvö börn 2ja til 11 ára í íbúð með einu svefnh.herb á 2 hæðum og 186.500 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í herbergi
Allt innifalið.




### Creta Palace * * * * *
### Rethymnon

**Verð frá 199.900 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og tvö börn 2ja til 11 ára í fjölskylduherbergi í smáhýsi og 219.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna í herbergi.
Með hálfu fæði.




VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS

Vertu vinur VITA á Facebook | www.facebook.com/vitaferdir




## Matarhátíðir fram undan

Vorið og sumarið eru tími fjölbreyttra matarhátíða í Evrópu og fjörið byrjar strax í maí. Um helgina fer stærsta matarvagnahátíð heims fram í Brussel í Belgíu. Á hátíðinni, sem heitir Brussels Food Truck Festival, munu rúmlega 120 matarvagnar bjóða upp á fjölbreyttan mat frá öllum heimshornum.

Eat Cambridge hefur verið haldin árlega í Cambridge í Englandi síðan 2013. Hátíðin stendur yfir í tvær vikur og hefst í dag. Þar er lögð áhersla á að kynna fjölbreytt matvæli úr héraðinu og áhersla lögð á smærri framleiðendur.

Dagana 12. til 16. maí verður matarhátíðin The Weekend of the Rolling Kitchens haldin í Amsterdam í Hollandi. Þar safnast saman tugir matarvagna í Westergasfabriek, sem er gömul gasverksmiðja sem í dag er nýtt undir ýmsa viðburði. Áhersla er lögð á fjölbreyttan mat frá ólíkum löndum álfunnar og gott verð, enda er hátíðin jafnan vel sótt meðal heimamanna og ferðalanga.

Matarhátíðin Leeds Indie Food tekur Leeds-borg í Englandi yfir dagana 12. til 30. maí en þetta er annað árið í röð sem hátíðin er haldin. Dagskrá hátíðarinnar er mjög fjölbreytt og fer fram á veitingahúsum og torgum borgarinnar auk þess sem fjölmargir matartengdir fyrirlestrar og viðburðir fara fram víða um borgina.



## Banksy í Róm

Stærsta sýning sem haldin hefur verið á verkum graffítilistamannsins Banksys verður opnuð í Róm á Ítalíu síðar í mánuðinum. Listasafnið Fondazione Roma Arte-Musei, sem er í miðri borginni, verður heimili 150 teikninga listamannsins frá 24. maí til 9. september og verða þær hluti af nýrri sýningu sem kallast Stríð, markaðshyggja og frelsi.

Verk Banksys munu hanga á meðal verka annarra götulistamanna á sýningunni og hafa þau öll verið staðfest sem frumeintök. Verkin hafa verið lánuð safninu frá einkasöfnurum víða um heim. Sýningin er sögð kosta um eina milljón evra eða rúmlega 140 milljónir íslenskra króna.

Verk Banksys, sem eru yfirleitt háðsk ádeila á samfélagið, hafa komið fram á veggjum, götum og brúm borga um allan heim. Kvikmyndastjörnur og kóngafólk hafa falast eftir verkum hans en aldrei hefur því verið ljóstrað upp hver listamaðurinn er.

## HVAÐ ER Í FERÐATÖSKUNNI?

Hvað þú ert með í ferðatöskunni getur sagt heilmikið um hver þú ert. Ný rannsókn sem gerð var af Low Cost Holiday sýnir að sumir hlutir sem fólk getur ekki verið án í fríinu tengjast því hvaðan það kemur. Það er ekki bara sólarvörn og bikiní sem er nauðsynlegt að taka með sér. Miklu frekar er það eitthvað sem við borðum reglulega heima hjá okkur.

Könnunin var gerð meðal 7.500 farþega frá 30 löndum. Þeir voru spurðir um venjur á ferðalögum. Englendingar taka með sér tepoka í ferðalagið. Finnar vilja ekki vera án saltlakkríss og Svíar fara ekkert nema taka snúsið með. Í ferðatöskum Þjóðverja er hins vegar ekki að finna pylsur heldur Haribo sælgæti. Danir taka með sér lifrarkæfu til annarra landa, jafnvel rúgbrauð líka.

Svisslendingar taka ekki mat með sér heldur svissneskan vasahníf og þótt kínversk veitingahús séu um allan heim þá taka Kínverjar núðlur með sér til annarra landa. Bandaríkjamenn taka salernispappír með sér og Nýsjálendingar tómatsósu. Kanadamenn fara ekkert án þess að hafa „clamato“ sem er einhvers konar kryddaður tómatdjús. Íslendingar voru ekki með í þessari könnun en vitað er að margir hafa þeir farið með saltfisk eða annan íslenskan mat með sér til Spánar.









NÝR byltingarkenndur vélsleði frá Yamaha:

Turbo frá verksmiðju!

- 2 ára ábyrgð
- 180 hestöfl sem skila sér strax!
- Fáanlegur í sex mismunandi útfærslum.
- Fox fjöðrun
- Camoplast® belti

Verðlistaverð frá kr.
3.090.000,-

*Sleðar seldir á forkaupstilboði afhendast haustið 2016

www.yamaha.is

YAMAHA

Arctic Trucks
Klettháls 3
110 Reykjavík
Sími 540 4900

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

THULE® SWEDEN

# Gjöf handa einstakri móður fyrir mæðradaginn

## Fæst í verslun okkar að Bíldshöfða 10

Hvort sem hún er mamma þín, móðir barnanna þinna, konan þín eða einhver önnur - einstök kona í lífi þínu – og ef hún er mikið fyrir líkamsrækt eða hverskonar hreyfingu, þá verður hún ánægð að fá gjöf sem kemur að góðum notum við hvers konar líkamsrækt og íþróttaiðkun.

**Thule barnakerra fyrir reiðhjól - Hlaupakerra**
Thule-merkið er þekktast burðarboga á bíla, en þeir framleiða margt annað og þetta sænska fyrirtæki er annálað fyrir nákvæma, hágæðahönnun, allt frá hjólagrindum að ferðatöskum.

Thule framleiðir margar gerðir af barnakerrum fyrir hjól og flestar þeirra er einnig hægt að nota sem venjulegar barnakerrur sem hægt er að hlaupa með. Þeir sem eiga svona kerrur þurfa ekki að sleppa skokkinu vegna litlu barnanna sinna.

**Til eru fjórar gerðir:**
Sú einfaldasta er aðeins til að festa á hjól, en öllum hinum gerðunum má breyta í hlaupa-barnakerrur.

Hin splunkunýja Coaster XT er ódýrasta fjölsportamódelið til að nota af og til, skreppa á um helgar.

En fullkomnustu Chariot CX-gerðirnar, sem eru til fyrir eitt og tvö börn, eru beinlínis hannaðar fyrir að hlaupið sé með þær; þær eru með diskabremsur fyrir brattar brekkur og eru framleiddar með það í huga að vera notaðar reglulega við stífa þjálfun.



Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is/hjolavagnar | stilling@stilling.is

# ÓDÝRI HEIMILISTÆKJA MARKAÐURINN

## ALLT Á 2.995

25% 25% 40% 25% 25% 25%

---

VILLEROY & BOCH GLÖS
**KYNNINGARAFSLÁTTUR**

20%

Kampavínsglös 283ml - 4 stk
Rauðvínsglös 497ml - 4 stk
Hvítvínsglös 356ml - 4 stk
Kokteilglös 782ml - 4 stk
Burgundyglös 782ml - 4 stk
Vatnsglös 397ml - 4 stk

VERÐ ÁÐUR....4.995
TILBOÐ ..........3.995

---

33%

ÖFLUGUR AC MÓTOR

BABYLISS
**HÁRBLÁSARI**
2200W

VERÐ ÁÐUR...14.995
TILBOÐ ...........9.995

---

KUCHENPROFI **KERAMIK PÖNNUR**

25%

28cm

VERÐ ÁÐUR... 7.995
TILBOÐ ......... 5.995

---

IBILI
**KÖKUFORM**
SÍLÍKON

50%

VERÐ ÁÐUR..... 3.495
TILBOÐ ........... 1.745

---

**ÍSLENSKA**
PÖNNNUKÖKU
**PANNAN**

20%

„Eins og amma á"

VERÐ ÁÐUR... 9.995
TILBOÐ ......... 7.995

---

# KRINGLUKAST

## ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

---

**TRISTAR**
**VÖFFLUJÁRN**
*EKTA BELGÍSKAR*

40%

VERÐ ÁÐUR...9.995
TILBOÐ ..........5.995

---

**ibili**
**RJÓMA**SPRAUTA

25%

VERÐ ÁÐUR...7.995
TILBOÐ ..........5.995

---

KENWOOD
MATVINNSLUVÉL
*Sú vinsælasta*

20%

VERÐ ÁÐUR...19.995
TILBOÐ .........15.995

---

## 20% afsláttur af öllum

LE CREUSET®



---

ALLIGATOR
**GRÆNMETISSKERARNIR**
VINSÆLU

20%



Með söfnunarhúsi

VERÐ ÁÐUR..... 4.995
TILBOÐ ........... 3.995



Sett - þrjár gerðir

VERÐ ÁÐUR..... 8.995
TILBOÐ ........... 7.195



Stál með húsi og 3 skerum

VERÐ ÁÐUR... 14.995
TILBOÐ ......... 11.995

---

## VIFTUR

25% - 30%

VERÐ FRÁ 2.495

BORÐVIFTA
Hvít / Bleik

VERÐ ÁÐUR... 3.495
TILBOÐ ......... 2.495

BORÐVIFTA
30cm

VERÐ ÁÐUR... 4.995
TILBOÐ ......... 3.495

GÓLFVIFTA
40cm

VERÐ ÁÐUR... 5.995
TILBOÐ ......... 4.495

---

## GRILLSUMARIÐ ER HAFIÐ

TRU-Infrared



**GASGRILL**
VERÐ FRÁ
**59.995**

Char-Broil

**Frí heimsending og samsetning á höfuðborgarsvæðinu!**


KitchenAid
HRÆRIVÉLATILBOÐ
Vandað 5stk bökunarsett fylgir með hverri seldri vél í kaupbæti að verðmæti 14.995
VERÐ FRÁ 89.995 – 92.995
WALTHER-GLAS
BJÓRGLÖS
360ML
50%
VERÐ ÁÐUR......3.995
TILBOÐ ............1.995
SOEHNLE
ELDHÚSVOG
50%
VERÐ ÁÐUR.....8.995
TILBOÐ ...........4.495
ROSENTHAL
SUMARBOLLAR
30%
VERÐ ÁÐUR....4.995
TILBOÐ ..........3.495
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
HUROM
SAFAPRESSA
SILFUR
20%
VERÐ ÁÐUR...69.995
TILBOÐ .........55.995
EVA TRIO
SÓSUPOTTUR
20%
VERÐ ÁÐUR....14.995
TILBOÐ ..........11.995
SMOOTHIE GLÖS
30%
VERÐ ÁÐUR... 2.495
TILBOÐ ......... 1.745
KUCHENPROFI
GRILLÁHÖLD
30%
DIGITAL KJÖTHITAMÆLIR
VERÐ ÁÐUR...6.995
TILBOÐ .........4.895
GRILLÁHÖLD
VERÐ ÁÐUR...4.995
TILBOÐ .........3.495
PIZZASTEINN
VERÐ ÁÐUR...3.995
TILBOÐ .........2.795
KJÚKLINGA-
STANDUR
VERÐ ÁÐUR...6.995
TILBOÐ .........4.895
KAI PURE
KOMACHI2
20%
3STK HNÍFASETT
VERÐ ÁÐUR... 11.985
TILBOÐ ........... 9.495
ZAK
VALDAR VÖRUR
MEÐ 40% AFSLÆTTI
40%
AEG
RYKSUGA
20%
VERÐ ÁÐUR...15.995
TILBOÐ .........12.795
KitchenAid
SEGULBLANDARI
25%
Byltingarkennt seguldrif með Slide-In hönnun og handfrjálsri notkun.
Tveggja hestafla mótor.
FULLT VERÐ ...... 99.995
TILBOÐSVERÐ ... 74.995
SJÁLFVIRKAR PHILIPS KAFFIVÉLAR
20.000 KR. AFSLÁTTUR Á KRINGLUKASTI
Nýjung!
CoffeeSwitch
PHS-HD8821
FULLT VERÐ ...... 89.995
TILBOÐSVERÐ ... 69.995
PHS-HD8841
FULLT VERÐ ...... 99.995
TILBOÐSVERÐ ... 79.995
PHS-HD8834
FULLT VERÐ .... 109.995
TILBOÐSVERÐ ... 89.995

# Austurrísku börnin






**Saga til næsta bæjar**

**Stefán Pálsson**
skrifar um flóttafólk fyrir tæpri öld

Góðir lesendur! Rannsakið hjarta ykkar, lokið augunum eitt augnablik og hverfið til Austurríkis. Hugsið til sveltandi, köldu barnanna og vitið svo hvort þér ekki finnið köllun hjá yður til þess að taka þátt í þessu bráðnauðsynlega líknarstarfi.“

Svo komst blaðamaður Morgunblaðsins að orði síðla árs 1919. Tilefnið var stórmerkilegt átak í Evrópusögunni, sem því miður er flestum gleymt í dag. Um tíma leit út fyrir að Íslendingar tækju fullan þátt í verkefninu og ljóst er að ekki skorti viljann, þótt ekki hafi þurft á að taka. Um var að ræða mannúðarverkefni sem hér á landi gekk undir nafninu „austurrísku börnin“.

Vopnuðum átökum fyrri heimsstyrjaldarinnar lauk þann ellefta nóvember 1918 með uppgjöf Þjóðverja. Viku fyrr hafði Austurrísk-ungverska keisaradæmið verið lagt niður og fulltrúar aðildarþjóða þess undirritað vopnahléssamninga. Formlega séð stóð stríðið þó lengur, eða fram yfir Versalasamningana sumarið 1919, og Bretar og Bandaríkjamenn voru að nafninu til í stríði við Þjóðverja og fylgiríki þeirra til 1920-21. Fyrir vikið fóru sigurvegarar stríðsins sér hægt í að aflétta hvers kyns viðskiptaþvingunum af hinum sigruðu þjóðum, sem jók enn á vandræði þeirra.

### Upplausnartímar

Mestöll Evrópa var í sárum í stríðslok. Grimmilegur hernaðurinn hafði þurrkað út heila kynslóð ungmenna, en skildi eftir fjölda manna örkumlaða á líkama og sál. Eyðilegging á innviðum samfélagsins var gríðarleg, en ríkissjóðir stríðslandanna stórskuldugir. Alþjóðaviðskipti voru í rúst og við tók tímabil einangrunarstefnu á efnahagssviðinu alls staðar á Vesturlöndum.

Höggið var sérstaklega þungt fyrir Austurríkismenn, sem höfðu verið miðdepill í miðevrópsku stórveldi, en sátu skyndilega uppi með lítið og afkróað ríki. Austurríki var landlukt, en keisaradæmið hafði áður haft hafnir við Adríahaf. Öflugustu iðnaðarsvæðin voru í Bæheimi, sem fór undir hina nýstofnuðu Tékkóslóvakíu og helstu landbúnaðarsvæðin tilheyrðu Ungverjalandi. Austurríki hafði verið miðstöð stjórnsýslu fremur en framleiðslu og helsta útflutningsafurðin var hljóðfæri. Það hrökk skammt til að reka nútímasamfélag. Þá fékk ríkið nýstofnaða í vöggugjöf landamæradeilur við Ítali og stóran hóp flóttamanna úr héruðum í Austur-Evrópu sem hrökkluðust undan nýjum herrum.

Reyndar var óljóst hvort íbúar Austurríkis kærðu sig yfirhöfuð um sjálfstæði. Krafan um sameiningu við Þýskaland naut mikils stuðnings, en sigurvegarar stríðsins máttu ekki heyra á það minnst. Markmið þeirra, einkum Frakka, var að veikja Þýskaland til langframa auk þess sem það var talið senda röng skilaboð ef taparar heimsstyrjaldarinnar myndu bæta við landi.

Til að árétta andstöðu sína við sameiningaráform skiptu sigurþjóðirnar sér meira að segja af nafni hins nýja ríkis. Upphaflega heitinu „Þýska Austurríki“ var hafnað og fyrri hlutinn felldur út. Á sama tíma samþykktu meira en 80% íbúa í Voralberg, vestasta héraði Austurríkis, að æskja þess að verða hluti af Sviss. Þeirri bón var hins vegar hafnað, ekki hvað síst vegna andstöðu frönskumælandi og frjálslyndari Svisslendinga sem töldu að valdahlutföllum innan Sviss yrði ógnað með því að fjölga í hópi íhaldssamari og þýskumælandi íbúa.

### Hnignandi stórborg

Af þessu má sjá að hið unga Austurríki var í senn land í efnahagskreppu og tilvistarkreppu. Hvergi varð þessi staða jafn áberandi og í höfuðborginni Vín. Austurríkismenn sjálfir völdu henni ósmekklegt viðurnefni, „vatnshöfuðið“ (þ. Wasserkopf) sem vísaði til þess að innviðir hennar hefðu verið reistir til að standa undir stórveldi en væru nú alltof miklir í vöfum fyrir miðevrópskt smáríki.

Hungurvofan svarf að Vínarbúum. Borgin var full af uppgjafahermönnum og flóttafólki. Ríkisvaldið átti erfitt með að greiða hinum fjölmörgu opinberu starfsmönnum borgarinnar laun og stór hluti millistéttarinnar var eignalaus eftir að hafa sett allt sitt sparifé í stríðsskuldabréf sem nú voru einskis virði. En jafnvel þótt fólk ætti peninga var lítinn mat að finna. Mjólk var nær ófáanleg og viðskiptabann sigurveganna takmarkaði matarframboðið enn frekar.

Afleiðingarnar voru hörmulegar. Þegar komið var fram á árið 1919 hrjáði vannæring stóran hluta íbúanna, en einkum var ástandið slæmt meðal barna sem skorti bæði næringu og bætiefni. Hvers kyns hörgulsjúkdómar breiddust út og hátt hlutfall barna í borginni fór að sýna merki um líkamlegar eða andlegar skerðingar vegna hungurs. Við þessar aðstæður minnkaði jafnframt viðnámsþróttur fólks gagnvart sjúkdómum og sóttir á borð við berkla færðust í aukana.

Eftir á að hyggja má velta því fyrir sér hvort ástandið í Vínarborg hafi þrátt fyrir allt verið svo mikið verra en víða annars staðar í álfunni fyrstu misserin eftir stríðið. Vín hafði hins vegar sérstaka stöðu í huga Evrópubúa sem miðstöð menningar og lista. Þar bjuggu virtir læknar og vísindamenn sem rannsakað gátu afleiðingar hungursneyðarinnar og rithöfundar sem miðlað gátu frásögnum til umheimsins. Fjöldi útlendinga hafði heimsótt Vín á gullaldartíma hennar og rann því mörgum til rifja að fregna af vannærðum börnum hennar.

### Bjargvættir

Ensku systurnar Eglantyne Jebb og Dorothy Buxton voru meðal þeirra sem ofbauð fréttirnar frá Austurríki og þá einkum að viðskiptaþvinganir Breta kæmu í veg fyrir innflutning á ferskum ávöxtum til barna sem þjáðust af C-vítamínskorti. Þær gripu til þess ráðs að útbúa dreifirit gegn viðskiptabanninu en voru handteknar í kjölfarið. Ákváðu þær þá að stofna formlegan félagsskap til að vinna að barnavernd á breiðum grundvelli. Útkoman varð samtökin Save the Children, sem við Íslendingar þekkjum betur undir heitinu Barnaheill.

Á Ítalíu vöktu fregnirnar af neyð barnanna í Vínarborg sömuleiðis mikla athygli. Yfirvöld nokkurra ítalskra borga brugðust við með því að bjóðast til að taka stóra hópa barna til tímabundinnar dvalar. Þúsundum saman lofuðu íbúar borganna að taka til sín börn í vist og fæða og klæða líkt og um eigin börn væri að ræða. Borgirnar þessar voru flestar undir stjórn vinstrimanna sem fundu til samkenndar með hugsjónasystkinum sínum í Vín sem laut stjórn sósíalista.

Yfirvöldum á Ítalíu var ekkert sérstaklega vel við átakið, þar sem Ítalía og Austurríki áttu enn í landamæradeilum og ekki voru nema fáeinir mánuðir frá því að þjóðirnar höfðu borist á banaspjót. Aðrir sáu framtakið sem útrétta sáttarhönd og góða leið til að græða sár stríðsins. Fréttir af framtaki Ítala bárust til Norður-Evrópu og senn kepptust þjóðirnar í norðri við að bjóða til sín börnum frá Vínarborg. Á örskotsstundu tókst að skipuleggja flutning á tugþúsundum barna til fjölda landa með samhentu átaki ríkisstjórna, líknarfélaga og einstaklinga.

### Íslendingar vakna

Danir létu sitt ekki eftir liggja og tóku við um fimm þúsund börnum. Fljótlega virðist sú hugmynd hafa kviknað að Íslendingar tækju þátt í verkefninu og Jóni Magnússyni forsætisráðherra barst fyrirspurn um hvort landsmenn væru til í að taka við allt að hundrað börnum. Stofnuð var sjö manna nefnd með fjórum körlum og þremur konum til að vinna að málinu. Var þar ýmist um að ræða stjórnmálafólk, forystumenn úr viðskiptalífinu eða fulltrúa félagasamtaka.

Undirtektir landsmanna reyndust vonum framar góðar. Talsvert fé safnaðist til að standa straum af móttöku barnanna og fjöldi fólks bauðst til að taka börn inn á heimili sín. Einkum var spurst fyrir í Reykjavík, en fleiri sýndu verkefninu áhuga. Þannig buðust íbúar Vestmannaeyja til að taka við 20-30 börnum. Ákvað nefndin því að taka 150 börn í það minnsta, sem hlýtur að teljast mjög metnaðarfullt enda landsmenn ekki nema um 95 þúsund um þær mundir.

Augljóst er af lestri dagblaða að talsverð eftirvænting fylgdi komu barnanna, þótt ýmsir hafi haft áhyggjur af að ferðalagið yfir hafið gæti reynst veikburða krökkum erfitt yfir háveturinn. Fljótlega kom líka í ljós að Íslendingar höfðu örlítið misskilið verkefnið. Í umræðunni hér heima höfðu flestir búist við að hingað kæmu ung börn, til dæmis þriggja til sex ára gömul, sem yrðu ættleidd af íslenskum fjölskyldum. Flest barnanna sem send voru frá Vínarborg voru hins vegar nokkuð eldri eða á bilinu níu og þrettán ára. Þá var gert ráð fyrir að þau sneru aftur til síns heima að dvölinni lokinni, þótt raunin yrði sú að mörg barnanna ílengdust í gestalandinu.

Þrátt fyrir þessar nýju upplýsingar ákvað íslenska undirbúningsnefndin að halda sínu striki. Þegar á hólminn var komið töldu umsjónarmenn verkefnisins í Kaupmannahöfn hins vegar ekki verjandi að senda máttfarin börn í siglingu yfir úthafið í svartasta skammdeginu. Þá kann að hafa spilað inn í áhyggjur yfir að á Íslandi væri skortur á þýskumælandi fólki sem hjálpað gæti börnunum að aðlagast. Ekkert varð því úr komu austurrísku barnanna veturinn 1919-20.

Efnahagsleg viðreisn Austurríkis og Vínarborgar reyndist svo ganga miklu skjótar en nokkurn hafði órað fyrir, svo Vínarbúar gátu fljótlega alið önn fyrir börnum sínum sjálfir. Eftir stendur metnaðarfull áætlun og vísbending um fagurt hjartalag almennings á Íslandi sem þrátt fyrir kröpp kjör og óhagstætt árferði lýsti sig reiðubúinn að taka við fjölda fátækra barna frá fjarlægu landi. Það er holl áminning á öllum tímum.

TOYO TIRES
NANOENERGY

Lægra veghljóð
Betra grip
Minni eyðsla
Bílabúð Benna
590 2045 | BENNI.IS
NESDEKK
561 4200 / NESDEKK.IS

# GÖNGUM SAMAN

## UM ALLT LAND 8. MAÍ



BORGARNES STYKKISHÓLMUR PATREKSFJÖRÐUR ÍSAFJÖRÐUR HVAMMSTANGI SIGLUFJÖRÐUR AKUREYRI VOPNAFJÖRÐUR EGILSSTAÐIR NESKAUPSTAÐUR REYÐARFJÖRÐUR HÖFN VESTMANNAEYJAR HVERAGERÐI REYKJANESBÆR REYKJAVÍK



### BRJÓSTABOLLUR MEÐ KAFFINU

Gómsæt leið til að styrkja lífsnauðsynlegar rannsóknir!

Landssamband bakarameistara stendur fyrir sölu á brjóstabollum í bakaríum um allt land dagana 6.-8. maí. Bjóddu upp á brjóstabollur alla mæðradagshelgina og láttu þannig gott af þér leiða, brjóstanna vegna.



### GÖNGUM ÖLL SAMAN Á MÆÐRADAGINN OG STYRKJUM GRUNNRANNSÓKNIR Á BRJÓSTAKRABBAMEINI!

Bolir, klútar, margnota innkaupapokar og annar varningur verður til sölu og söfnunarbaukar á lofti. Gengið verður á 16 stöðum á landinu.

**Allar göngurnar hefjast kl. 11. Á gongumsaman.is sérðu hvaðan lagt er í hann á hverjum stað.**

Göngum saman



Við þökkum af alhug auðsýnda samúð og vinarþel við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Svandísar Önnu Jónsdóttur**

hjúkrunarfræðings.

Sérstakar þakkir færum við læknum og öðru starfsfólki Landspítala háskólasjúkrahúss svo og hjúkrunarfræðingum Karitas fyrir frábæra umönnun í löngum og erfiðum veikindum hennar.

**Birgir Vigfússon**
**Ásta Margrét Birgisdóttir — Örn Viðar Skúlason**
**Vigfús Birgisson — María Theodóra Ólafsdóttir**
**Birgir Jón Birgisson — Gréta María Bergsdóttir**
**Linda Björg Birgisdóttir — Jón Vídalín Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, kveðjur og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru eiginkonu, móður, systur, mágkonu, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Hervarar Jónasdóttur**

Sérstakar þakkir færum við læknum og hjúkrunarfólki Landspítalans.

Guð geymi ykkur öll.

**Helgi Ágústsson**
**Jónas R. Helgason — Unnur Árnadóttir**
**Guðmundur B. Helgason — Helga Jóna Benediktsdóttir**
**Helgi Gunnar Helgason — Fríða Ingibjörg Pálsdóttir**
**Oddfríður S. Helgadóttir — Hjalti Daníelsson**
**Hallgrímur Jónasson — Guðbjörg Þorvaldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Erla Hrólfsdóttir**

Víghólastíg 10, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 29. apríl . Útförin fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 9. maí kl. 15.00.

**Helgi Jóhannesson**
**Edda Rósa Helgadóttir**
**Heiðveig Helgadóttir — Tómas Ragnarsson**
**Helgi Viðar Helgason — Marion Walser**
**Sigurður Helgason — Heidi Greenfield**
**Smári Helgason — Helinda Loh Akbar**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




*Hinsti vilji*

Hver er vilji þinn varðandi skipulag og fyrirkomulag útfarar, þ.e. hinsti vilji. Við bjóðum þér til samtals um það sem er þér mikilvægast við lífslok þín. Viljayfirlýsing þín verður eftirlifendum mikilvægt leiðarljós. Samtalið og varðveisla upplýsinga er þér að kostnaðarlausu.

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Útfarar- og lögfræðiþjónusta
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



**„Það verður gaman að hittast og gleðjast saman," segir Valgeir sem heldur afmælisfagnað í Iðnó á morgun.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Þýddi leikrit eftir Pinter og setur upp afmælissýningu

## Valgeir Skagfjörð, leikari og tónlistarmaður, bregst við sextugsafmæli sínu með stæl.

„Mér finnst algert rugl að ég sé að verða sextugur," segir Valgeir Skagfjörð leikari sem samkvæmt kirkjubókum á sextugsafmæli á morgun. „Mér líður ekki þannig og þegar ég lít í spegil finnst mér ég heldur ekki líta þannig út. En það sýnir vonandi bara að mér finnist gaman að lifa."

Valgeir er fjöllistamaður og kveðst vera að gera allan fjandann. „Ég er alltaf að starfa í mínum fögum, er að búa til músík, kenna og skrifa leikrit og handrit. Svo tók ég mig til og ákvað að halda upp á afmælið mitt með þeim hætti að bjóða afmælisgestunum í leikús svo ég æfði upp leikrit og úthlutaði sjálfum mér aðalhlutverkinu! Ætla bara að leika fyrir mannskapinn niðri í Iðnó."

Bara þessi eina sýning er fyrirhuguð að sögn Valgeirs sem er búinn að leggja talsverða vinnu í hana. „Í stað þess að gefa mér afmælisgjöf leggja gestirnir bara í púkk upp í kostnaðinn," segir hann glaðlega.

> **Ég er ekkert að kvelja fólk of lengi. Það verður að komast í tertuna og aðrar veitingar. Svo verður líka alls konar upptroðelsi, býst ég við.**

Skyldi hann hafa samið leikritið sjálfur? „Nei, það er eftir Harold Pinter en ég gerði nýja þýðingu á því á íslensku til að gera það að mínu. Ég kalla það Einn að lokum sem getur bæði þýtt einn drykk að lokum og einnig eru fleiri merkingar."

Hann er ekki einn á sviðinu. „Ég fæ lánaða tvo pilta úr leiklistardeild Listaháskólans. Þeir eru skólafélagar yngstu dóttur minnar sem hóf nám þar síðasta haust," segir Valgeir sem á fjórar dætur, þær verða allar hjá honum á afmælinu. „Ein þeirra kemur frá New York, hún er búin með leiklistarnám. Svo er dóttursonur minn í slíku námi í Kaupmannahöfn, svo hún er lífseig baktería þessi leiklist," segir hann.

Sýningin er stutt, kannski 30-40 mínútur að sögn Valgeirs. „Ég er ekkert að kvelja fólk of lengi. Það verður að komast í tertuna og aðrar veitingar. Svo verður líka alls konar upptroðelsi, býst ég við."

Valgeir kveðst hafa byrjað að læra á píanó sjö ára. „Tónlistin er í blóðinu og kemur úr báðum áttum," útskýrir hann. Leiklistina nam hann í Leiklistarskóla Íslands á sínum tíma og auk þess er hann menntaður framhaldsskólakennari og markþjálfi. Hann hlakkar til morgundagsins. „Það verður gaman að hittast og gleðjast með afkomendum, vinum og ættingjum. Suma þeirra sem ég er blóðskyldur hef ég ekki séð í mörg ár og mun sjaldnar en marga af vinum mínum, en svo stendur einhvers staðar að blóð sé þykkara en vatn." **gun@frettabladid.is**



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts elskulegs bróður okkar, mágs og frænda,

**Ásgeirs Valdemarssonar**

Tjarnarlundi 6a.

**Baldvin Valdemarsson — Magnea Steingrímsdóttir**
**Soffía Valdemarsdóttir — Eyþór Gunnþórsson**
**Páll Helgi Valdemarsson — Bjarnfríður Jónudóttir**
**Björn Valdemarsson — Berglind Rafnsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir, amma og langamma,

**Sigríður Júlíusdóttir**

Eyrarflöt 4, Akranesi,

lést þriðjudaginn 3. maí á Landspítalanum. Útför auglýst síðar.

**Arnfinnur Scheving Arnfinnsson**
**Margrét Arnfinnsdóttir**
**Maren Lind Másdóttir — Gunnar Harðarson**
**Helena Másdóttir — Ársæll Ottó Björnsson**
**og barnabarnabörn.**



**Hofsós er austan vatna.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Drangey, Málmey, dalir og afdalir

Árbók Ferðafélags Íslands árið 2016 er komin út. Hún fjallar um Skagafjörð austan Vatna – Frá Hjaltadal að Úlfsdölum. Með henni lýkur þriggja binda umfjöllun Skagfirðingsins Páls Sigurðssonar, prófessors og fyrrvernaid forseta Ferðafélagsins, um Skagafjörð.

Páll tvinnar saman landlýsingar og sögu héraðsins líkt og tíðkast hefur í fyrri árbókum félagsins. Af nógu er að taka: hrikalegt landslag Tröllaskagans og óteljandi dalir og afdalir; djásnin Drangey, Málmey og Þórðarhöfði; stórmerkilegt mannlíf og menning, ekki síst tengd biskups- og háskólasetrinu að Hólum í Hjaltadal, Vesturfarasafninu á Hofsósi og Listasetrinu Bæ. Þjóðlegur fróðleikur og þjóðsögur skipa líka háan sess.

Bókin er 254 blaðsíður. Um 220 ljósmyndir og yfir 20 uppdrættir og töflur bæta fræðslugildi hennar.

Ritstjóri árbókarinnar er Gísli Már Gíslason, og ritnefnd skipa auk hans Eiríkur Þormóðsson og Guðrún Kvaran. **– gun**


Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Við andlát ástvinar
Nærgætni, hlýja og virðing
Áratuga reynsla við útfararþjónustu




Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Guðrún Alfreðsdóttir**

lést þann 17. apríl síðastliðinn. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigurdór Steinar Eggertsson**
**Alfreð Sturla Böðvarsson**
**Steinunn Böðvarsdóttir**
**Soffía Böðvarsdóttir**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**Yngva Hreins Jóhannssonar**
málarameistara,
Hólastekk 3.

**Eliane Hommersand Þorláksdóttir**
**Eva Yngvadóttir** **Sigurjón Sigurjónsson**
**Jóhann Yngvason**
**Jakob Yngvason** **Erla G. Sigurðardóttir**
**Lárus Yngvason** **Dröfn Gunnarsdóttir**
**og barnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýju vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**Sævars Arnar Guðmundssonar**
Hörðukór 1, Kópavogi.

**Hildur Gunnarsdóttir**
**Hlíf Sævarsdóttir** **Ægir Ólafsson**
**Atli Örn Sævarsson** **Olga Kristrún Ingólfsdóttir**
**og barnabörn.**



Okkar ástkæri

**Sölvi Þór Þorvaldsson**
Ásvöllum 11, Grindavík,

lést 21. apríl síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Kristín Kristjánsdóttir, synir hins látna og fjölskyldur þeirra.**



Ástkær sonur okkar, bróðir og faðir,

**Viktor Geir Valmundsson**
Norðurgötu 47, Akureyri,

lést 26. apríl. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 12. maí kl. 13.30. Þeim sem vildu minnast hans er bent á SÁÁ, Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann.

**Valmundur Einarsson** **Elsa Pálmey Pálmadóttir**
**Pálmi Rafn Eiríksson**
**Einar Karl Valmundsson**
**Halla Valey Valmundsdóttir**
**Elsa Bjarney Viktorsdóttir**
**Sigurgeir Bessi Viktorsson**



Okkar ástkæri

**Sigurður Sigfússon**
Skarðsbraut 15, Akranesi,

andaðist á Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili, mánudaginn 2. maí.

Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 10. maí kl. 13.

**Sigríður Sigurðardóttir** **Björn B. Þórhallsson**
**Ragnheiður Sigurðardóttir** **Sigurður Stefánsson**
**Halldór Sigurðsson** **Ása Helgadóttir**
**Guðrún Sigurðardóttir** **Hinrik Gunnarsson**
**Lóa Sigurðardóttir**
**Þórey Þórðardóttir**
**og afabörn.**



Þökkum af alhug öllum þeim sem sýndu okkur kærleik og hlýju við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Víðis Páls Þorgrímssonar**
kaupmanns,
Hólahjalla 8, Kópavogi.

**Jóhanna Haraldsdóttir**
**Haraldur Þór Víðisson** **Guðrún Antonsdóttir**
**Haukur Víðisson** **Ragnheiður Bjarnadóttir**
**Ingibjörg M. Víðisdóttir** **Þórður Þorvaldsson**
**Björn Víðisson** **Anna Linda Guðmundsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Árni Ágúst Gunnarsson**
viðskiptafræðingur,

verður jarðsunginn frá Garðakirkju þriðjudaginn 10. maí kl. 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Agnes Egilsdóttir**
**Gunnar Árnason** **Hlédís Sveinsdóttir**
**Anna Guðrún Árnadóttir**
**Finnur Sveinbjörnsson** **Dagný Halldórsdóttir**
**Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir** **Ólafur Þ. Stefánsson**



Elskuleg móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Málfríður Helga Jónsdóttir**
Hátúni 6,

lést á Vífilsstöðum þann 5. maí. Jarðsungið verður frá Fossvogskirkju þann 12. maí kl. 13.

**Freyr Bragason** **Halldóra Brynjarsdóttir**
**Jón Helgi Bragason** **Margrét Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær sonur okkar, bróðir og mágur,

**Axel Valdimar Erlingsson Bang**
Skjólbraut 1a,

lést á heimili sínu 1. maí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 11. maí kl 13.

Aðstandendur vilja koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem komu að umönnun Axels í veikindum hans.

**Dagný Karlsdóttir** **Erling Bang**
**Karl Erlingsson** **Doris Róbertsdóttir**
**Gunnar Erlingsson**



Ástkær faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Valdimar K. Jónsson**
prófessor emeritus,
Kirkjusandi 3,

lést á Landspítalanum 5. maí síðastliðinn. Útför verður frá Dómkirkjunni föstudaginn 13. maí kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á hjartadeild Landspítalans.

**Þyrí Valdimarsdóttir** **Eggert Eggertsson**
**Örn Valdimarsson** **Guðbjörg M. Sigtryggsdóttir**
**Vilborg Erla Valdimarsdóttir** **Sigurður Sigurðsson**
**Jón Rafn Valdimarsson** **Elín Rósa Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur og bróðir,

**Friðþjófur Bragason**
Bubbi,
Sléttahrauni 28,
Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 1. maí. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 10. maí kl. 13.00.

**Ellen Ásthildur Ragnarsdóttir**
**Róbert Friðþjófsson**
**Ragna Björg Friðþjófsdóttir** **Páll Eliasen**
**Bragi Friðþjófsson** **Svala Jónsdóttir**
**og systkini.**



Okkar ástkæri

**Sigurður Gíslason**
Hóli II, Bolungarvík,

lést mánudaginn 25. apríl. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 9. maí kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarsjóð Lionsklúbbs Bolungarvíkur, reikn.nr. 174-26-396, kt. 420675-0549.

**Erna Sigurðardóttir** **Sigurður Þórðarson**
**Gísli H. Sigurðsson**
**Hólmfríður Sigurðardóttir** **Björn E. Sigurðsson**
**Smári Sigurðsson**
**Sigurður Sigurðsson** **Hólmfríður Einarsdóttir**
**Guðný Sigurðardóttir** **Ásgeir Baldursson**
**Guðbjörg Jóhannsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



Ástkær eiginmaður minn og faðir,

**Hjörtur Jakobsson**
vörubílstjóri,
Hraunbæ 150,

sem lést á Landspítalanum Hringbraut þann 27. apríl, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju mánudaginn 9. maí klukkan 13.

**Auður Gunnarsdóttir**
**Ásta Rut Hjartardóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**1** Svið barnabókahetju í hundslíki – höfum það kjarna sögunnar (11)
**11** Vil að ber beri augljós leiði (10)
**12** Maður safnar fúasprekum og skrjóðum (11)
**13** Eldaði skordýr og skeleggan hrút (10)
**14** Bláskel og bleyða leita helstu leiða (7)
**15** Saga menn símanna? Er það ekki eitthvað rugl? (8)
**16** Allar nema margþættar, þær eru ekki í styrkleikaflokkum (11)
**17** Hræðir mig þá hávaxið mjög (10)
**18** Sýtir línan þrátt fyrir brenglaða sýn hans á kúnst (10)
**23** Hér stendur siglan í stefni Friðþjófs fleys Nansens (11)
**28** Egndir tind og annan, ef hvassir voru (10)
**30** Hinn skurðlati bullukollur tættist í frumeindir (9)
**32** Elska Ástríks-dótið þótt ófullkomið sé (12)
**33** Tuð er þetta húsbóndi, segir Tobbi með hundsrómnum (9)
**34** Hugrökk stjarna meðal þeirra sem kjarkaðastar eru (10)
**35** Áttu druslu sem passar þessum vesalingi? (11)
**37** Leita einnar sem skynjar skjótt hvað hún nemur fljótt (10)
**40** Capone átti firma í Kópavogi sem lifði á loftinu og landanum (10)
**41** Síðastur í röðinni þá kvöldmatur er á borðum (11)
**42** Fengsæll hefur fengið mátt að nýju (9)

**LÓÐRÉTT**

**1** Hörfa, enda svo drukkin að útúr flóir (9)
**2** Nýt söngs skynfæra og forms þeirra (9)
**3** Standast systrasynir slíka prófraun? (9)
**4** Hinn gengna frægð hins kyrra mikilfengleika (9)
**5** Æðurinn í ofninum var kollan í sekknum (9)
**6** Krambóla heldur engum kiðum nema órugluð sé (8)
**7** Víkur þá sögu að ákveðnum Brimarhólsmönnum og kosti þeirra (10)
**8** Geng í ömtum, endanna á milli (10)
**9** Það mun líka ganga upp sem fæstu svipar til (10)
**10** Þessi gaur hefur svo mikið aðdráttarafl að allt snýst um hann (10)
**19** Eigandi stórveldis er liggur að sínum sæ (12)
**20** Spila á helíkon en látast vera súsafónar (12)
**21** Hviklyndur sækir í Jarðarjötunn (9)
**22** Hér segir af för Arnar til gremjuminna fólks (9)
**24** Legg umframeyri í bónusbein (7)
**25** Dögunarsmjörlíki má jafna við lýsingarljós (11)
**26** Heimta matarskammt meistara tíundarinnar (11)
**27** Ætli hann telji hæla með hjálpartæki stærðfræðingsins? (11)
**29** Dönsum með hundum (7)
**31** Tökum prjón og stöldrum hjá stöfunum mjóu (8)
**36** Skjátur Ödda voru með því bilaðra (5)
**38** Leiðsla út í hólma hinnar mýkstu kollu (4)
**39** Hnýta hesta til að hossast á (4)





Lausnarorð síðustu viku var
**JÓMFRÚAREYJAR**

FORLAGIÐ

### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni **Blóð í snjónum** eftir Jo Nesbø frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ásgeir Jónsson, Garðabæ.**




### LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist helgarskemmtun sem enn er stunduð þótt eflaust fari það minnkandi. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 12. maí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „7. maí“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.







# Þrautir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### Niður á marga punkta

Sveit JE Skjanna varð Íslandsmeistari í sveitakeppni. Fyrst var spiluð riðlakeppni 12 sveita í úrslitum og síðasta keppnisdaginn var keppt um titilinn á meðal fjögurra efstu sveita. Sveitir JE Skjanna, Kviku, Grant Thornton og Skinney Þinganess háðu baráttu um titilinn í fjögurra sveita úrslitum. Baráttan um efsta sætið stóð fyrst og fremst milli sveita JE Skjanna og Kviku þar sem fyrrnefnda sveitin hafði sigur með töluverðum yfirburðum. Sveitir JE Skjanna og Grant Thornton mættust í annarri umferð fjögurra efstu sveita. Sveit JE Skjanna lagði grunninn að Íslandsmeistaratitlinum með góðum sigri á Grant Thornton í þeim leik, 18:55-1:45. Í 12. spili í leiknum voru spiluð 3 grönd í NS á öllum borðunum. Á milli handa NS eru 28 punktar sem alla jafna dugar vel í 3 grönd. Samt sem áður fór sá samningur niður á 3 borðum af 4. Norður var gjafari og enginn á hættu:

**Norður**
♠ 65
♥ ÁG9
♦ ÁD64
♣ KG62

**Austur**
♠ K74
♥ K10432
♦ 105
♣ Á104

**Suður**
♠ 1082
♥ D87
♦ 983
♣ 9873

**Suður**
♠ ÁDG93
♥ 65
♦ KG72
♣ D5

Snorri Karlsson sat í norður. Hann og spilafélagi hans (Karl Sigurhjartarson) eru með 12-14 punkta styrkleika á grandopnun. Þess vegna opnaði hann á tígli. Karl sagði 1♠, Snorri eitt grand (15-17), Karl geimkrafði með 2♦, Snorri sagði 2 grönd sem neita 4♥ og 3♠. Karl lyfti þeim samningi í 3 grönd. Hrólfur, í austur, valdi gott útspil, hjartasjöu og Oddur setti kónginn sem fékk að eiga slaginn. Hann hélt áfram hjartasókninni sem Snorri gaf tvisvar áður en hann drap á hjartaás. Hann svínaði þá spaða og vörnin tók 4 slagi á hjarta, spaðakóng og laufás. Spilið féll í samanburðinum en á hinu borðinu í leiknum, var spilið spilað í suður og útspilið hjartaþristur.

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Hannes Hlífar Stefánsson (2.581) átti leik gegn sænska skákmanninum Jonas Lundvik (2.204) á Hasselbacken-mótinu í Svíþjóð.

**18. Hd7! Rb4** (18. ... Dxd7 19. Rxf6+ Kg7 20. Rxd7) **19. Hxe7 Bxe7 20. Db1** og hvítur vann nokkru síðar. Hannes hefur byrjað vel á mótinu og var með 5 vinninga eftir 6 umferðir.
**www.skak.is:** Hasselbacken-mótinu lýkur um helgina.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | | | | 6 | 7 | |
| 3 | 4 | 5 | | 7 | | | 9 | |
| | | 8 | | 2 | 3 | 1 | | |
| 4 | 2 | | 1 | | 5 | | | |
| 5 | | 7 | | | | 3 | | |
| | | | | 8 | | | | 4 |
| 1 | | | 4 | 3 | | 7 | 5 | |
| 7 | | 4 | | | 8 | 2 | 1 | |
| | | | | | 2 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 4 | | | 8 | 6 | |
| 4 | | 2 | 9 | | 8 | | 3 | |
| | 8 | | | | 7 | | | |
| | | 1 | 6 | | | | 5 | |
| 5 | 4 | | | | 9 | | | |
| | | | | 1 | | | 7 | 6 |
| | 6 | | 3 | 9 | | 5 | | |
| | | | | 2 | | | 9 | |
| | | 3 | | | | 1 | 8 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | 9 | | | |
| | | 8 | 4 | 6 | | | | |
| | 7 | | 2 | | | 4 | | |
| | | | | 4 | | 8 | | 1 |
| 8 | | 5 | | | | 7 | 4 | |
| 2 | | | | 1 | | 3 | | |
| 9 | | | 7 | | | | | 8 |
| 5 | | 4 | | | | | 9 | |
| | | | 3 | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.
Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 3 | 7 | 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 |
| 6 | 8 | 4 | 7 | 1 | 5 | 9 | 2 | 3 |
| 9 | 5 | 2 | 3 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 |
| 5 | 2 | 8 | 4 | 6 | 3 | 1 | 9 | 7 |
| 7 | 4 | 6 | 9 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 |
| 3 | 9 | 1 | 8 | 2 | 7 | 5 | 6 | 4 |
| 2 | 6 | 5 | 1 | 3 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 7 | 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 1 | 2 |
| 8 | 1 | 3 | 2 | 7 | 9 | 4 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 6 | 2 | 1 | 8 | 7 | 5 | 9 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 9 | 4 | 1 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 2 | 5 | 6 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 8 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 2 | 1 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 8 | 2 | 1 | 4 | 6 | 3 |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 9 | 7 | 8 |
| 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 4 | 2 |
| 4 | 9 | 5 | 7 | 3 | 2 | 6 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 7 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 1 | 5 | 2 | 8 | 6 | 4 | 3 | 9 |
| 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 |
| 3 | 4 | 1 | 6 | 2 | 5 | 9 | 7 | 8 |
| 9 | 5 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 6 | 3 |
| 2 | 6 | 8 | 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 4 |
| 1 | 3 | 4 | 8 | 6 | 2 | 5 | 9 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 |
| 6 | 7 | 2 | 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 1 |



# ALLT FYRIR BOLTANN Í INTERSPORT!

ÁFRAM ÍSLAND!




BARNASTÆRÐIR
10.990

FULLORÐINSSTÆRÐIR
11.990

**ERREA** KSÍ AÐALTREYJA
Aðaltreyja íslenska landsliðsins í knattspyrnu. Barna- og fullorðins-stærðir.




FRÁBÆRT VERÐ!
3.990

**ADIDAS** EM BOLTINN
Fótbolti. Stærðir: 3-4-5.




5.990

**HUMMEL** SIRIUS
Fótboltabuxur.




3.490

**SKLZ** STAR-KICK
Solo trainer. Æfingabelti til að æfa spörkin.




7.990

**SKLZ** MINI GOAL
Lítur út eins og alvöru fótboltamark, nema miklu minna. 5"svampbolti fylgir með. Gert úr endingargóðu efni. Stærð: 56 x 40 x 40.5 cm.




2.490

**REUSCH** REPULSE JR
Markmannshanskar. Gott grip. Riflás við úlnlið svo hanskinn passar vel. Barnastærðir.



2.290

**NIKE** GK JR MATCH
Markmannshanskar. Gott grip. Riflás við úlnlið svo hanskinn passar vel. Barnastærðir.



2.990

**PUMA** KA BIG CAT
Fótbolti. Stærðir: 3-4-5.




5.990

**PUMA** EVOPOWER 3.3
Legghlífar. Barnastærðir.

PUMA




**PUMA** EVOSPEED 5.4 FG
Fótboltaskór. Hentugir fyrir leikmenn á öllum stigum. Barnastærðir.

6.990

**INTERSPORT AKUREYRI** / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
**INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA** / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 17. SUN. 13 - 17.
**INTERSPORT SELFOSSI** / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®




**139** kr. stk.

**Bónus Kornbrauð**
500 g




**198** kr. stk.

**Bónus Rúgbrauðskubbur**
400 g




**1.259** kr. kg

**Brauðostur,** 26%
Verð áður 1.495 kr. kg

NÝBAKAÐ!



**198** kr. stk.

**Bónus Ostaslaufa**
120 g

NÝBAKAÐ!



**298** kr. 6 stk.

**Bónus Smáhringir**
Bleikir, 6 stk.

NÝBAKAÐ!



**298** kr. 9 stk.

**Bónus Smáhringir**
Með súkkulaði, 9 stk.

# LÁGT VERÐ ALLA DAGA




**95** kr. 200 g

**ES Steiktur Laukur**
200 g




**32**stk í kassa

Aðeins **38**kr stykkið

**1.198** kr. ks.

**Prince Polo**
32x35 g í kassa




**98** kr. 145 g

**Maryland Kex**
145 g, 4 tegundir




**1,35**kg

**359** kr. 1,35 kg

**Heinz Tómatsósa**
1,35 kg

Í LAUSU



**198** kr. kg

**Appelsínur**
Í lausu, Marokkó




**1.398** kr. 500 g

**Bláber,** fersk, 500 g




**359** kr. 125 g

**Lambhaga Spínat**
125 g




**198** kr. 350 g

**Bónus Hrásalat**
350 g

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

100% Íslenskt ungnautakjöt

4stk 80 g

579 kr. 2x140 g

549 kr. 2x120 g

598 kr. 4x80 g

**Íslandsnaut Ungnautahamborgarar**
2x140 g, 2x120 g eða 4x80 g

998 kr. kg

**Bónus Grísabógsneiðar**
Kryddaðar, ferskar

Foreldað Aðeins að hita

Ali Spareribs

998 kr. kg

**Ali Spareribs**
Foreldað, ferskt

# SPARAÐU MEÐ BÓNUS

## GOTT Á GRILLIÐ

1.298 kr. kg

**Bónus Grísakótilettur**
Með beini, kryddaðar

1.998 kr. kg

**Íslandslamb**
**Lambalærissneiðar**
Kryddlegnar, blandaðar, ferskar

2.598 kr. kg

**Íslandslamb**
**Lambalærissneiðar**
Kryddlegnar, 1.flokkur, ferskar

2.598 kr. kg

**Íslandslamb**
**Lambakótilettur**
Kryddlegnar, ferskar

259 kr. 270 ml

**Bónus Grillsósa**
270 ml, 2 teg.

4stk bakkar

198 kr. 4 stk.

**Heima Grillbakkar**
4 stk.

298 kr. stk.

**Grillbursti**
Þríhyrndur

159 kr. 450 g

**Dujardin Maísstönglar**
Frosnir, 450 g, 2 stk. í pk.

359 kr. 750 g

**Aviko Rösti kartöflur**
Frosnar, 750 g

300kr. verðlækkun

998 kr. pk.

**Bónus Réttir**
5 teg. - Verð áður 1.298 kr.

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

## Konráð og félagar á ferð og flugi 198

Bragi Halldórsson

„Heyrðu, heyrðu,“ sagði Kata. „Þessar myndir eru ekki eins!“

Það er rétt, á neðri myndina vantar fimm hluti. Getur þú séð hvaða hlutir það eru?





## Gátur

1. Því meira sem hann fær, því gráðugri verður hann og þegar hann hefur hámað allt í sig, deyr hann. Hver er þetta?
2. Hvernig getur vel skóaður maður vaðið í hnédjúpu vatni án þess að skórnir vökni?
3. Hvað stendur opið á næturnar og er fullt af mannakjöti á daginn?
4. Hver er það sem sýnir á sér nýtt andlit, en hefur þó ekkert andlit sjálfur?
5. Getur þú stafað þurrt gras með þremur bókstöfum?
6. Höfuð mitt er í jörðinni, en blöðin í loftinu.
7. Hvað er það sem hefur verið til allt frá sköpun heimsins, en er þó ekki meira en fjögurra vikna gamalt?

Svör: 1. Eldurinn. 2. Með því að halda á skónum. 3. Skórnir. 4. Spegillinn. 5. Hey. 6. Kartaflan. 7. Tunglið.


**ÞREYTT Á ÞVÍ AÐ BYRJA ALLA DAGA Á AÐ FARÐA YFIR HÁRÆÐASLITIÐ!**

**ÞAÐ ER HÆGT AÐ FJARLÆGJA HÁRÆÐASKEMMDIRNAR**




**PANTAÐU FRÍAN TÍMA**
Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA
893-0098

Snyrtistofan Hafblik

Ármúla 21, 2. hæð • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com




„Ég vil verða bókahöfundur sem fer í þáttinn hjá Gísla Marteini eins og var í jólaþættinum hans,“ segir Dagur dæmalausi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Skrifar bók um strák sem ferðast milli brandara

Hann **Dagur Ernisson** æfir sig í að gera töfrabrögð og fást við uppfinningar eins og draugavatn og kraftaverkavél.

Hann Dagur Ernisson, sem verður sex ára 17. maí, á heima á Egilsstöðum. Hann hefur sett tvö myndbönd inn á netið sem Dagur dæmalausi.

**Hvað er best við að búa á Egilsstöðum, Dagur?** Það besta er að ég á hund þar. Svo fer ég stundum út í sveit, þá hjálpa ég afa að gefa kindunum, fer í traktor og klifra á heyrúllum.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?** Að fara í leikskólann minn að leika við bestu vini mína og að gera uppfinningar. Ég er líka oft að föndra, teikna, skoða vísindabækur og gera tilraunir með alls konar.

**Ertu dálítill galdramaður?** Já, ég hef verið að æfa mig að gera töfrabrögð en ég er líka uppfinningamaður. Hef til dæmis búið til draugavatn, kraftaverkavél og bangsasleða. Ég teikna hugmyndirnar mínar og mamma hjálpar mér að skrifa þegar ég bý til sögur.



MYND/RAKEL

**Ef þú skrifar bók, um hvað verður hún?** Ég er að skrifa bók sem er um uppfinningastrák sem býr til brandara-tímavél. Strákurinn ferðast á milli brandara og sér þá gerast.

**Hvað langar þig að gera í framtíðinni?** Það er rosalega margt! Þegar ég byrja í skóla í haust langar mig að vera í leikriti og læra á hljóðfæri. Mig langar að læra meira um risaeðlur og líka klára bókina mína svo aðrir krakkar geti lesið hana. Ég vil verða bókahöfundur sem fer í þáttinn hjá Gísla Marteini eins og var í jólaþættinum hans, það er uppáhalds fullorðins þátturinn minn. Ég ætla líka að gera fleiri Youtube-myndbönd og sýna alls konar hugmyndir sem ég fæ og geri. Það eru svo margar Youtube-rásir á ensku, ég vil búa til íslenska krakkarás.

## Listaverkið




**Bjarki Hrafn Sveinsson** fimm ára sendi þessa mynd sem sýnir fyrirbæri í geimnum.

VIÐ MINNKUM VERSLUNINA

# RÝMINGAR SALA

ALLT AÐ **40%** AFSLÁTTUR AF FATNAÐI, BÚSÁHÖLDUM OG LEIKFÖNGUM.

AÐEINS Í SMÁRALIND, EINGÖNGU ÞESSA HELGI!

Gildir 6.-8. maí.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Minnkandi norðanátt og léttir smám saman til í dag, en stöku skúrir eða él við norðausturströndina fram eftir degi. Einnig stöku skúrir sunnanlands síðdegis. Heldur hlýnandi veður.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 20° | Osló 19° | Stokkhólmur 22° | Gautaborg 23° | Helsinki 16° | Þórshöfn 9° | Nuuk 3° |
| London 24° | Amsterdam 25° | París 23° | Berlín 22° | Madríd 15° | Brussel 24° | Róm 21° |
| Boston 8° | New York 11° | Orlando 18° | Moskva 20° | Singapúr 27° | Tókýó 19° | Sydney 18° |

## Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| **06.34** | **00.29** |
| 4.19 m | 0,6m |
| **18.56** | **12.46** |
| 4.42m | 0.12m |
| **Akureyri** | |
| **10:54** | **04:44** |
| 1.51m | 0.15m |
| **23:14** | **16.56** |
| 1.65m | 0.17m |
| **Ísafjörður** | |
| **08:29** | **02:34** |
| 2.14m | 0.15m |
| **20.51** | **14:51** |
| 2.33m | 0.23m |

## Tunglstaða

Nýtt tungl
0%

Sólarupprás:
04.37

Sólarlag:
22.12

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 5° ↘2 | 7° →4 | 7° →2 | 8° →3 | 7° ↘3 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 2° ↗9 | 3° ↗14 | 4° ↗10 | 4° →12 | 5° ↗8 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 2° ↖2 | 4° ↗9 | 4° →7 | 4° →12 | 5° →3 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 2° ↖1 | 5° ↗2 | 6° →7 | 6° ↑4 | 6° ↘2 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 5° ←3 | 9° ↖2 | 9° ↘9 | 11° ↘9 | 11° ↖5 |




## Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



markhönnun ehf

# netto



-27%

SS LAMBALUNDIR, FROSNAR

**3.868**

ÁÐUR 5.298 KR/KG



-20%

FERSKT, LAMBA PRIME

**3.454**

ÁÐUR 4.318 KR/KG



-25%

FERSKT, NAUTAPIPARSTEIK

**3.725**

ÁÐUR 4.966 KR/KG



-50%

APPELSÍNUR - SPÆNSKAR
SÉRSTAKLEGA SAFARÍKAR

**129**

ÁÐUR 258 KR/KG



-34%

KJARNAFÆÐI FOLALDAKJÖT
SALTAÐ EÐA REYKT

**791**

ÁÐUR 1.198 KR/KG




-20%

LÍFRÆNN 215 KR/PK

LÍFRÆNN 215 KR/PK

PFANNER SAFAR - 1 L
MIKIÐ ÚRVAL

**199**

ÁÐUR 249 KR/PK




GÖTEBORGS REMI - 100 G - 236 KR/PK
GÖTEBORGS CONDIS - 180 G - 237 KR/PK
GÖTEBORGS BALLERINA - 190 G - 205 KR/PK

**www.netto.is | Tilboðin gilda 4. – 8. maí 2016**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Glerártorg · Hrísalundur · Húsavík · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Aukaverkanir af tilverunni

**BÆKUR**

**Aukaverkanir**
★★★☆☆

**Ólafur Haukur Símonarson**

**Sögur útgáfa**
**Kápa og umbrot:** Guðjón Ingi Hauksson
**187 blaðsíður**
**Prentun:** Prentsmiðjan Oddi

Njáll er 48 ára heimilislæknir sem er orðinn leiður á öllu. Hann er vanmáttugur gagnvart sjúklingunum sínum og getur hvorki sinnt þeim sem skyldi né sýnt þeim áhuga, börnin hans á unglingsaldri eru ókunnugt fólk sem hann sér stundum á matmálstímum, konan hans er önnum kafinn listamaður sem hefur mun meiri ástríðu fyrir starfi sínu en hjónabandi þeirra og aldraðir foreldrar hans eru uppteknir af eigin lífi og uppgjörum. Hann gegnir skyldum sínum við allt þetta fólk en ekki mikið meira og finnur tómleikann aukast dag frá degi. Njáll er að mörgu leyti dæmigerð staðalmynd af íslenskum karlmanni á miðjum aldri (en hugarástandi þeirra og vandamálum hafa verið gerð nokkuð góð skil undanfarið, bæði í kvikmyndum og bókum) sem vaknar upp einn góðan veðurdag í lífi sem hann valdi sér eða valdist á hann og finnur ekki neitt í því sem ætti að færa honum gleði. Breytingar sem hann hefur hvorki vald yfir né vilja til að takast á við hrista upp í kyrrstöðunni, fyrr en varir er hann kominn inn í atburðarás sem hann ræður ekkert við og við sjáum hvernig líf hans hefur í raun verið að liðast sundur í mörg ár, hvernig atburðir úr bernsku sem aldrei er talað um hafa áhrif alla ævi og hvernig aukaverkanirnar af því að vera manneskja með öllum þeim tilfinningum og átökum sem því fylgja hafa áhrif og afleiðingar, þrátt fyrir allt sem fólk gerir til að reyna að sleppa því að horfast í augu við þær.




Þetta er saga af Íslandi í dag, venjulegu fólki sem á við venjuleg vandamál að etja. Fólkið er kannski stundum of venjulegt, nálgast það að vera staðalmyndir og má þar nefna konu Njáls, leikhússkáldið Hildi, og drykkfellda æskuvininn Jolla. Sálfræðingurinn sem kemur eins og frelsandi engill inn í líf Njáls er eiginlega frekar ógnvekjandi þegar upp er staðið og fer svo langt út yfir starfssvið sitt að það hlýtur að vera í andstöðu við einhverjar reglur um slík samskipti en það má líka líta á samband þeirra sem myndhverfingu um það kraftaverk sem getur gerst í lífi þess sem leitar sér aðstoðar í vanlíðan sinni frekar en að láta bugast.

Því þessi bók er hvatning til fólks til að leita sér hjálpar frekar en að fá hjartaáfall eða fyrirfara sér þegar heimurinn virðist vera orðinn ómögulegur staður og öll sund lokuð.

Bókin fjallar líka um nauðsynlegar og oft sársaukafullar breytingar, þegar eitthvað hefur liðið undir lok en þrjóskast við að halda áfram í óþökk allra og hvað það er nauðsynlegt stundum að sleppa takinu, leyfa lífinu að fara sína leið og sjá hvaða gjafir það hefur í för með sér.

Ólafur Haukur Símonarson er landsþekktur höfundur leikrita, ljóða og skáldverka og kann flestum betur að skrifa skemmtilegan texta sem rennur áreynslulaust eins og vatn inn í lesandann. Þessi bók er hin ágætasta afþreying og efnistökin vekja til umhugsunar um hvað það er að vera manneskja og hvað það er sem fólk raunverulega þarf þegar öllu er á botninn hvolft.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Ljúflæsileg saga um það að vera manneskja, með öllum aukaverkununum sem það hefur í för með sér.



**Þrír af fjórum stjórnendum kóranna sem fram koma, þau Hákon Leifsson, Arnhildur Valgarðsdóttir og Julian Hewlett.** MYND/GUÐSTEINN

# Gerólík verk en mynda fallega heild

**Fjórir kórar taka höndum saman og flytja kórverk í Grafarvogskirkju í dag, ásamt félögum úr Sinfó og söngkonunum Kristínu R. Sigurðardóttur og Sigríði Ósk Kristjánsdóttur.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það er dálítið sérstakt að smala kórum saman til að halda stórtónleika, við höfum ekki verið mikið í því en það er skemmtilegt. Þetta gæti verið liður í samstarfi sókna, ég held að hún Arnhildur Valgarðsdóttir, organisti í Fella- og Hólakirkju, hafi átt frumkvæði að því. Hún kom líka með Óperukór Mosfellsbæjar inn í þetta, Julian Hewlett stjórnar honum, og fjórði kórinn er Vox populi, sem Hilmar Örn Agnarsson stjórnar,“ segir Hákon Leifsson, stjórnandi kórs Grafarvogskirkju. Hann lýkur lofsorði á söngkonur tvær sem sjá um einsönginn á tónleikunum, Kristínu R. Sigurðardóttur og Sigríði Ósk Kristjánsdóttur. „Kristín er með afar fallega rödd og hefur allt í þetta og sama er að segja um Sigríði Ósk, hún er alveg dásamleg.“

Það eru þrjú verk sem kórarnir flytja og Hákon segir þau öll mjög áheyrileg. „Kórverkin eru gerólík en mynda fallega heild,“ segir hann og lýsir þeim nánar. „Eitt þeirra er sálumessa eftir breska tónskáldið John Rutter, hann er svona hluti af elítunni í Bretlandi og samdi þessa sálumessu árið 1985. Hún er undurfögur enda hefur hún heillað áheyrendur hvarvetna. Hún er söngvæn og líka mjög aðgengileg fyrir fólk að hlusta á ef það kann að meta klassíska tónlist á annað borð.“

Annað glæsiverk tónlistarsögunnar sem kórarnir flytja er hin fræga Gloria eftir Antonio Vivaldi sem var samin á barokktímanum snemma á átjándu öld. „Það er bjart yfir þeirri tónlist, enda verkið samið til dýrðar guði,“ segir Hákon og nefnir þriðja verkið: „Það er Amore Mio eftir Julian M. Hewlett kórstjórnanda, sönglagaflokkur á ítölsku í fjórum þáttum, fluttur af Kristínu R. Sigurðardóttur og sönghópnum Boudoir.“

**ÞAÐ ER BJART YFIR ÞEIRRI TÓNLIST, ENDA VERKIÐ SAMIÐ TIL DÝRÐAR GUÐI.**

Hákon tekur fram að félagar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands leiki undir ásamt Arnhildi og konsertmeistari sé Auður Hafsteinsdóttir.

Tónleikarnir hefjast klukkan 16 í dag og miðaverð er 3.500 krónur.

**gun@frettabladid.is**






## Skrjáfar í nýjum degi

Bjarni Bernharður Bjarnason opnar málverkasýningu í Borgarbókasafninu/Menningarhúsi, Gerðubergi, í dag klukkan 14. Hún nefnist: Það skrjáfar í nýjum degi.

Efnistökin í málverkum Bjarna Bernharðs spanna vítt svið en hafa þó öll í sér þræði abstraktsjónar. Verk hans eru tilfinningarík og kröftug og tærleiki litanna nýtur sín í afmörkuðum litaflötum.

Honum hefur tekist að finna sjálfan sig í málverkinu og bera verkin sterk persónueinkenni.

**– gun**

# Skrepptu í dalinn í sumar

„Guðrún frá Lundi var sögukona af guðs náð.“

DAGNÝ KRISTJÁNSDÓTTIR, PRÓFESSOR Í ÍSLENSKUM BÓKMENNTUM VIÐ HÍ




***„Engum sem farið hefur um Hrútadal dylst það að hann er með fegurstu sveitum landsins.“***



Dalalíf er einn vinsælasti sagnabálkur Íslandssögunnar. Fyrsta bindið kom út árið 1946 og var Guðrún áratugum saman sá íslenski rithöfundur sem var mest lesinn. Nú koma fyrstu tvær bækurnar út á ný í glæsilegum búningi.

*70 ára afmæli*

*www.forlagid.is* | *Bókabúð Forlagsins* | *Fiskislóð 39*



FORVITNILEG, LITRÍK OG ÖGRANDI LEIKHÚSVEISLA!
Njála
„Eitt það stórkostlegasta sem sést hefur á íslensku leiksviði í áraraðir eða tugi"
FL - Harmageddon
„Gæsahúðin fylgdi mér orðlausum og gapandi frá upphafi til enda sýningarinnar"
AV - DV
"Höfundar Njálu eru fundnir"
AV - DV
„Hvílík veisla fyrir augu, eyru og jafnvel nef."
SA - tmm.is
„Fersk og frumleg"
MK - Víðsjá
„þessi sýning er afrek svo full er hún af hugmyndum, hrífandi lausnum, leik og danssigrum."
MK - Víðsjá
„Fólk á að sjá þetta því þetta er einstakur viðburður"
GSE - Kastljós
TAKK FYRIR FRÁB
UPPSELT ÚT LEIKÁRIÐ, SÝNINGAR
Fim 29/9 kl. 20
Mið 5/10 kl. 20
Mið 12/10 kl. 20
PANTAÐU ÞÉR LJÚFFENGAR VEITINGAR
TIL AÐ NJÓTA FYRIR SÝNINGU EÐA Í HLÉI.
Njáluhátíð hefst klukkan 18 fyrir allar sýningar
TAKMARKAÐUR SÝNINGAFJÖLDI
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
ODDI
[ íd ] Íslenski dansflokkurinn




ÆRAR VIÐTÖKUR!

HAUSTSINS FARA Í SÖLU Í DAG

Fös 9/9 kl. 20
Lau 10/9 kl. 20
Sun 11/9 kl. 20
Fös 15/9 kl. 20
Lau 16/9 kl. 20
Sun 17/9 kl. 20

PANTAÐU ÞÉR MAMMA MIA MÁLTÍÐ TIL AÐ NJÓTA FYRIR SÝNINGU EÐA Í HLÉI.

Borgarleikhúsið opnar klukkan 18 fyrir allar sýningar

UPPSELT Á YFIR 80 SÝNINGAR

ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!

Íslandsbanki

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ


MERKJAVÖRU
MARKAÐUR
NORTH 4.000 kr
Duo Shou 4.000 kr
VANS 6.000 kr
4.000 kr
ecco 9.000 kr
adidas 10.000 kr
Duo Shou 4.000 kr
NÝTT
Rushour 4.000 kr
CONVERSE 8.000 kr
CONVERSE 8.000 kr
adidas 13.000 kr
VANS 6.000 kr
hummel 6.000 kr
4.000 kr
ecco 10.000 kr
10.000 kr
SIXMIX 5.000 kr
13.000 kr
4.000 kr
NÝTT
Bio Comfort 6.000 kr
VIOX 3.000 kr
3.000 kr
VIOX 3.000 kr
ecco 5.000 kr
LOKADAGAR!
HÚSIÐ
OPNAR
kl. 11⁰⁰
— opið til kl. 18 —
Toppskórinn
SMÁRATORGI
( við hliðina á Toys 'R' Us )

# DAGSKRÁ

# Laugardagur






## STÖÐ 2

07.00 Strumparnir
07.25 Waybuloo
07.45 Mæja býfluga
07.55 Víkingurinn Viggó
08.10 Tommi og Jenni
08.30 Með afa
08.40 Hvellur keppnisbíll
08.50 Óskastund með Skoppu og Skítlu
09.00 Latibær
09.10 Stóri og litli
09.25 Grettir
09.40 Gulla og grænjaxlarnir
09.50 Teen Titans Go!
10.15 Beware the Batman
10.40 Ellen
11.20 Ellen
12.00 Bold and the Beautiful
12.20 Bold and the Beautiful
12.40 Bold and the Beautiful
13.00 Bold and the Beautiful
13.25 Atvinnumennirnir okkar
14.05 Britain's Got Talent
15.05 Mr Selfridge
15.55 Mike & Molly
16.20 Óbyggðirnar kalla
16.45 Á uppleið
17.10 Sjáðu
17.40 ET Weekend
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.53 Sportpakkinn
19.05 Lottó
19.10 The Simpsons
19.40 Two and a Half Men
20.00 American Graffiti
Frábær gamanmynd frá árinu 1973 sem fjallar um tvo menntaskólastráka sem fara út á lífið daginn áður en alvara háskólanámsins tekur við. Sögusviðið er Bandaríkin árið 1962 þegar rokk og ról, fallegar stelpur og kappakstur á götum úti er efst í huga ungra pilta. Myndin var tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna og vakti athygli á hæfileikum George Lucas, höfundar Stjörnustríðsmyndanna.
21.55 Inherent Vice
00.20 Nightingale
01.45 Hours
03.20 Blackthorn
05.00 Trip to Italy

## SPORT

07.00 UEFA Champions League
08.45 Meistaradeildarmörkin
09.15 NBA
11.05 Premier League
11.35 Premier League
13.50 UEFA Europa League
15.30 Pepsi-deildin
18.10 Evrópudeildarmörkin
18.40 Ítalski boltinn
21.00 NBA
00.00 UFC
00.50 UFC Now
01.40 Premier League

## SPORT 2

07.15 IAAF Diamond League
09.15 1. deildin
10.55 PL Match Pack
11.25 Enska 1. deildin
13.50 Premier League
16.20 Premier League
18.30 Premier League
20.10 NBA
22.00 Premier League
23.40 Pepsi deildin
01.25 Þýski boltinn

## GOLFSTÖÐIN

09.10 Inside the PGA Tour
09.35 Wells Fargo Championship
12.35 Golfing World
13.25 Commercialbank Qatar Masters
16.35 Inside the PGA Tour
17.00 Wells Fargo Championship
20.00 Wells Fargo Championship
23.00 Golfing World

## STÖÐ 3

13.50 Premier League
17.45 Masterchef USA
18.25 Baby Daddy
18.50 Last Man Standing
19.15 Top 20 Funniest
20.00 Britain's Got Talent
21.05 Supernatural
21.50 Sons of Anarchy
22.45 Bob's Burgers
23.05 American Dad
23.30 Out There
23.50 South Park
00.15 Britain's Got Talent
01.15 Supernatural
01.55 Sons of Anarchy
02.50 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 Áfram Diego, áfram!
07.24 Svampur Sveinsson
07.49 Rasmus Klumpur og félagar
07.55 UKI
08.00 Brunabílarnir
08.25 Latibær
08.48 Hvellur keppnisbíll
09.00 Ævintýri Tinna
09.25 Kalli á þakinu
09.47 Mæja býfluga
10.00 Dóra könnuður
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.47 Víkingurinn Viggó
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveinsson
11.49 Rasmus Klumpur og félagar
11.55 UKI
12.00 Brunabílarnir
12.22 Latibær
12.45 Hvellur keppnisbíll
13.00 Ævintýri Tinna
13.23 Kalli á þakinu
13.45 Mæja býfluga
14.00 Dóra könnuður
14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
14.45 Víkingurinn Viggó
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveinsson
15.49 Rasmus Klumpur og félagar
15.55 UKI
16.00 Brunabílarnir
16.22 Latibær
16.45 Hvellur keppnisbíll
17.00 Ævintýri Tinna
17.23 Kalli á þakinu
17.45 Mæja býfluga
18.00 Dóra könnuður
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
18.45 Víkingurinn Viggó
19.00 Litla stóra Pandan



11.24 Svampur Sveinsson

## GULLSTÖÐIN

18.15 Raising Hope
18.40 2 Broke Girls
19.25 Cougar Town
19.50 Sælkeraferðin
20.10 Stelpurnar
20.35 The Mentalist
21.20 Longmire
22.05 Boardwalk Empire
23.05 Friends
23.25 Sælkeraferðin
23.45 Stelpurnar
00.05 The Mentalist
00.50 Longmire
01.30 Boardwalk Empire
02.30 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

08.20 Inside Llewyn Davis
10.05 42
12.10 Blended
14.10 Another Happy Day
16.10 Inside Llewyn Davis
17.55 42
20.00 Blended
22.00 Fast & Furious 6
Hasarmynd frá árinu 2013 þar sem Vin Diesel, Paul Walker og fleiri fara á kostum.
00.10 Seventh Son
01.55 Fast & Furious 6
06.50 Angels & Demons

## RÚV

07.00 KrakkaRÚV
07.01 Kioka
07.08 Kalli og Lóa
07.20 Róbert Bangsi
07.30 Nellý og Nóra
07.37 Dóta læknir
08.00 Póló
08.07 Kata og Mummi
08.18 Kúlugúbbarnir
08.39 Músahús Mikka
09.03 Litli prinsinn
09.27 Skógargengið
09.38 Uss-Uss!
09.49 Hrói Höttur
10.00 Undraveröld Gúnda
10.10 Jessie
10.30 Bækur og staðir
10.35 Útsvar
11.40 Í garðinum Gurrý
12.10 Menningin
12.35 Baráttan er líf mitt. Nelson Mandela
13.20 Sætt og gott
13.40 Paradísarfuglar
14.35 Íslensku björgunarsveitirnar
15.20 Leiðin til Frakklands
15.50 Grótta - Stjarnan
17.45 Táknmálsfréttir
17.55 KrakkaRÚV
17.56 Háværa ljónið Urri
18.05 Krakkafréttir vikunnar
18.25 Íþróttaafrek Íslendinga
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Alla leið
21.05 Mapp og Lucia
22.00 An Accidental Soldier
23.35 Milk
01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
10.35 Dr. Phil
11.15 Dr. Phil
11.55 The Tonight Show with Jimmy Fallon
12.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon
13.15 The Tonight Show with Jimmy Fallon
13.55 The Voice
15.25 Survivor
16.10 My Kitchen Rules
16.55 Top Gear
17.45 Black-ish
18.10 Saga Evrópumótsins
19.05 Difficult People
19.30 Life Unexpected
20.15 The Voice
21.00 Blue Crush
22.45 The Raven
00.35 Mama
02.15 Law & Order. UK
03.00 CSI
03.45 The Late Late Show with James Corden
04.25 The Late Late Show with James Corden
05.05 Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

I'll Meet You at Midnight

Living Next Door to Alice

Stumblin' In




If You Think You Know How to Love Me

Don't Play Your Rock 'n' Roll to Me

Lay Back in the Arms of Someone



21:25
**RAPP Í REYKJAVÍK**
Stórskemmtilegir þættir þar sem fjallað verður um ferskustu straumana í tónlistarmenningu Íslendinga. Dóri DNA ræðir við fjölda tónlistarmanna og reynir að kryfja þessa endurlífgun rappsenunnar á Íslandi.

SKEMMTILEGUR
SUNNUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

19:35
**BRITAIN'S GOT TALENT**
Frábær skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna. Dómarar í keppninni eru þau Simon Cowell, David Walliams, Amanda Holden og Alesha Dixon.



20:35
**MR. SELFRIDGE**
Fjórða þáttaserían um auðmanninn Harry Selfridge, stofnanda stórverslunarinnar Selfridges en hann byggði veldi sitt á róstursömum tímum í Bretlandi.



22:00
**BANSHEE**
Lucas Hood er sleppt úr varðhaldinu og er ekki lengur ákærður fyrir morðið á Rebeccu. En vandræði hans eru alls ekki á enda.




22:50
**SHAMELESS**
Bráðskemmtilegir þættir um skrautlega fjölskyldu og þar er fjölskyldulífið allt annað en venjulegt.



22:00
**INDEPENDENCE DAY**
Verur utan úr geimnum sitja um jarðarbúa og þeir verða að snúast til varnar. Hér er á ferðinni hörkuspennandi stórmynd sem fékk meðal annars Óskarsverðlaun fyrir tæknibrellur.



20:25
**BOB'S BURGERS**
Skemmtileg teiknimyndasería um mann sem rekur hamborgarastað og skrautlega fjölskyldu hans.




©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.30** Waybuloo
**07.50** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Hvellur keppnisbíll
**08.10** Tommi og Jenni
**08.30** Með afa
**08.40** Kormákur
**08.50** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**09.15** Ævintýraferðin
**09.30** Ben 10
**09.55** Ninja-skjaldbökurnar
**10.20** Ellen
**12.10** Nágrannar
**12.50** Nágrannar
**13.15** Lóa Pind. Battlað í borginniR-úmeníu.
**14.00** Lögreglan
**14.25** Bestu lög Björgvins
**16.00** Grand Designs. House of the Year
**16.50** 60 mínútur
**17.35** Eyjan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.53** Sportpakkinn
**19.10** Stelpurnar Stelpurnar sprenghlægilegu eru snúnar aftur í þriðja sinn og hafa aldrei verið fyndnari. Nýir og skemmtilegir leikarar hafa slegist í hópinn, þar á meðal hin frábæra Helga Braga. Stelpurnar hafa þrívegis unnið til Edduverðlauna og eru ómissandi skemmtun fyrir alla sem kunna að meta ekta, íslenskan húmor.
**19.10** Stelpurnar
**19.35** Britain's Got Talent
**20.35** Mr Selfridge
**21.25** Rapp í Reykjavík Glænýir þættir þar sem fjallað verður um ferskustu straumana í tónlistarmenningu Íslendinga. Dóri DNA ræðir við Reykjavíkurdætur, Blaz Roca, Úlf Úlf, Shades of Reykjavík, Tiny, Gísla Pálma, Cell7, Bent, Emmsjé Gauta, Kött Grá Pjé, Herrra Hnetusmjör auk ótal annarra.
**22.00** Banshee
**22.50** Shameless
**23.45** 60 mínútur
**00.30** Vice 4
**01.00** Game Of Thrones
**02.00** Outlander Bretaveldi.
**02.50** Gotham
**03.40** Death Row Stories
**04.25** The X-Files. I Want to Believe

## SPORT

**07.00** Premier League
**08.45** Pepsí deildin
**12.20** Premier League
**14.50** Premier League
**17.10** NBA
**18.00** UFC Live Events
**21.00** Wayne Rooney Film
**22.00** Pepsímörkin
**23.35** Pepsí deildin
**01.20** Pepsí deildin

## SPORT 2

**07.00** Premier League
**08.45** Ítalski boltinn
**10.25** Ítalski boltinn
**12.45** NBA
**13.10** Premier League
**14.50** Premier League
**17.05** Premier League
**18.45** Pepsí deildin
**21.15** Premier League
**22.55** Spænski boltinn
**00.35** Spænski boltinn

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Wells Fargo Championship
**13.10** Golfing World
**14.00** Valero Texas Open
**17.00** Wells Fargo Championship
**22.00** Champions Tour
**22.55** PGA Tour

## STÖÐ 3

**16.10** One Born Every Minute
**17.00** Community
**17.40** First Dates
**20.00** American Dad
**21.20** South Park
**21.45** The Originals
**22.30** American Dad
**22.50** Bob's Burgers
**23.10** Out There
**23.35** South Park
**00.00** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Ævintýri Tinna
**07.25** Kalli á þakinu
**07.47** Mæja býfluga
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Víkingurinn Viggó
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Rasmus Klumpur og félagar
**09.55** UKI
**10.00** Brunabílarnir
**10.25** Latibær
**10.48** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Ævintýri Tinna
**11.23** Kalli á þakinu
**11.45** Mæja býfluga
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.45** Víkingurinn Viggó
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Rasmus Klumpur og félagar
**13.55** UKI
**14.00** Brunabílarnir
**14.22** Latibær
**14.45** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Ævintýri Tinna
**15.23** Kalli á þakinu
**15.45** Mæja býfluga
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.45** Víkingurinn Viggó
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Rasmus Klumpur og félagar
**17.55** UKI
**18.00** Brunabílarnir
**18.22** Latibær
**18.45** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Furðufuglar



**Dóra könnuður kl. 08.00, 12.00 og 16.00**

## GULLSTÖÐIN

**18.15** Raising Hope
**18.40** 2 Broke Girls
**19.00** Friends
**19.25** Cougar Town
**19.50** Viltu vinna milljón?
**20.55** Um land allt
**21.25** Um land allt
**21.55** Fókus
**23.05** The Lottery
**23.45** Friends
**00.10** Viltu vinna milljón?
**01.15** Um land allt
**01.45** Um land allt
**02.15** Fókus
**02.35** Twenty Four
**03.20** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**09.10** Garfield. A Tail of Two Kitties
**10.30** The Armstrong Lie
**12.35** Inside Job
**14.25** Angels & Demons
**16.45** Garfield. A Tail of Two Kitties
**18.05** The Armstrong Lie
**20.10** Inside Job Heimildarmyndin Inside Job fjallar ítarlega um efnahagshrunið 2008 sem var versta niðursveifla í efnahagskerfi heimsins síðan í kreppunni miklu á þriðja áratug síðustu aldar. Myndin er unnin upp úr rannsóknum og viðtölum við aðila í lykilstöðum í fjármálaheiminum, stjórnmálum, fjölmiðlum og háskólasamfélaginu í Bandaríkjunum, Íslandi, Englandi, Frakklandi, Singapore og Kína. Sögumaður er Matt Damon.
**22.00** Independence Day Sagan hefst á venjulegum sumardegi. Allt í einu dregur fyrir sólu. Óhugnanlegur skuggi færist yfir jörðina og spurningunni um líf á öðrum hnöttum hefur verið svarað. Í einni andrá er lífi alls mannkyns umturnað. Verur utan úr geimnum sitja um jarðarbúa og þeir verða að snúast til varnar.
**00.25** Conviction
**02.15** Killing Them Softly
**03.55** Independence Day

## RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**10.10** Bækur og staðir
**10.15** Alla leið
**11.30** Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps
**11.45** Dýrleg vinátta
**12.40** Attenborough og Björk - Eðli tónlistar
**13.30** Hreint hjarta
**14.35** Afmælistónleikar ASÍ
**15.43** Á sömu torfu
**15.50** Haukar - Afturelding
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** KrakkaRÚV
**18.00** Stundin okkar
**18.25** Basl er búskapur
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** Landinn
**20.15** Eurovisionfararnir
**20.45** Eyðibýli
**21.25** Svikamylla
**00.05** Útvarpsfréttir

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**10.35** Dr. Phil
**11.15** Dr. Phil
**11.55** Dr. Phil
**12.35** The Tonight Show
**13.15** The Tonight Show
**13.55** The Voice
**14.40** Vexed
**15.30** Growing Up Fisher
**15.50** Philly
**16.35** Reign
**17.20** Parenthood
**18.05** Stjörnurnar á EM 2016
**18.35** Leiðin á EM 2016
**19.05** Parks & Recreation
**19.25** Top Gear. The Races
**20.15** Scorpion
**21.00** Law & Order. Special Victims Unit
**22.30** American Crime
**23.15** The Walking Dead
**00.00** Hawaii Five-0
**00.45** Limitless
**01.30** Law & Order. Special Victims Unit
**02.15** The Family
**03.00** American Crime
**03.45** The Walking Dead
**04.30** The Late Late Show
**05.10** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


THERMOBALL™
POWERED BY PRIMALOFT®
EINN JAKKI FYRIR ALLAR AÐSTÆÐUR
Léttur og lipur. Fáanlegur bæði með og án hettu.
Hin byltingarkennda Thermoball einangrun er aðeins í North Face fötum.
Fáanlegur með bæði herra- og dömusniði.
Thermoball einangrun sem veitir einangrun sambærilega náttúrulegum dúni.
Helst hlýr þótt hann blotni, þökk sé Thermoball einangruninni.
Pakkast saman í eigin vasa. Þú trúir því ekki hversu fyrirferðarlítill hann verður fyrr en þú sérð það.
TILBOÐSVERÐ MEÐ AFSLÆTTI 23.992.-
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ TNF ÚT MÁNUDAG
THE NORTH FACE
NEVER STOP EXPLORING
NORTH FACE HEITIR EFTIR KÖLDUSTU HLIÐ FJALLS OG SEGIR ÞAÐ SITT UM GÆÐI FATNAÐARINS, SEM ER HANNAÐUR TIL AÐ VERJA ÞIG FYRIR HVERS KYNS VEÐRI.
ÚTILÍF
síðan 1974
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
ÁRNASYNIR

# LÁGT VERÐ ALLA DAGA

SÍÐAN 1962






málning
Viðarskoli 1l.
**1.665**kr.
86333010

málning
Viðarskoli 2,5l.
**3.965**kr.
86333025

Sadolin
BIO-CLEAN 1l.
**1.965**kr.
89819910

Sadolin
BIO-CLEAN 5l.
**3.995**kr.
89819950




**Kjörvari 14** 4l. glær.
**5.295**kr.
86332040-9040




**Kjörvari 12** 4l. pallaolía.
**4.995**kr.
86363040-3540

## FURA, GRÆN, ALHEFLUÐ OG GAGNVARIN

ÞÚ FÆRÐ EFNI Í PALLA OG SKJÓLVEGGI Í BYKO

*4,5 m og styttra.

| | | |
|---|---|---|
| AB-gagnvarin 22x95 mm. | Vnr. 0058254 | 185 kr./lm* |
| AB-gagnvarin 22x120 mm. | Vnr. 0058255 | 247 kr./lm |
| AB-gagnvarin 27x95 mm. | Vnr. 0058324 | 215 kr./lm* |
| AB-gagnvarin, 27x145 mm. | Vnr. 0058326 | 295 kr./lm* |
| AB-gagnvarin 45x95 mm. | Vnr. 0058504 | 295 kr./lm* |
| AB-gagnvarin 45x145 mm. | Vnr. 0058506 | 485 kr./lm* |
| A-gagnvarin 95x95 mm. | Vnr. 0059954 | 715 kr./lm* |

PANTAÐU RÁÐGJÖF VIÐ

## GARÐA-HÖNNUN

Í sumar mun Björn Jóhannsson, landslagsarkitekt, veita viðskiptavinum ráðgjöf vegna framkvæmda í garðinum.

### HÁLFTÍMA RÁÐGJÖF KOSTAR

## 4.995KR.

Sú upphæð nýtist sem inneign þegar keypt er efni í garðinn í BYKO.

Skráning á netfangið gudrunhalla@byko.is eða í síma **5154144.**



3D MYNDIR AF GARÐINUM

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til 9. maí.



**Kartöfluútsæði** premier, gullauga, rauðar 5kg.
**1.195**kr.
55095117/18/19



**Sensilite** vettlingar, S/M/L/XL
**695**kr.
93955108-111



**Strákústur** með skafti, 40 cm breiður
**795**kr.
68583100 -
Almennt verð: 995kr.



**Sorppokar** 25stk. 750x1200mm.
**965**kr.
53521026



**Helluburstí** og skafa
**795**kr.
41119848
Almennt verð: 995kr.

Einhell
**GC-RT 1440 M** jarðvegstætari, 1400 W, vinnubreidd 40 cm, vinnudýpt 200 mm
**24.995**kr.
74830087





Á sérstöku mæðradagsverði!
PHOENIX
EKKI GLEYMA BLÓMUNUM!
Tilboð -20%
Götureiðhjól 26",6 gíra með brettum, bögglabera og körfu
23.755kr.
49620201 - Almennt verð: 29.695kr.
20% AFSLÁTTUR AF GARÐ-VERKFÆRUM
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GARÐAÁBURÐI
TURBO KALK
GARÐAFOSFAT
KALKKORN
BLÁ
Frábært verð!
Garðhúsgögn, borð og tveir stólar, grátt.
5.000kr.
41622161
HELGAR-TILBOÐ
GRILLPRO gasgrill 7,3kW, 2 brennarar.
24.995kr.
50657522
Almennt verð: 32.995 kr.
SONAX
20% AFSLÁTTUR AF SONAX OG ULTRAGLOZZ UM HELGINA
UltraGlozz Superpolish
BOSCH
Málningarsprauta, 280 W, hægt að mála allt að 5 m² á 12 mín. Málningartankur er 0,6 l.
16.995kr.
74867055
Rafhlöðuborvél, 14,4 V, 2 lithium rafhlöður
27.995kr.
74864116
Hjólsög, 1050 W, blaðstærð 160 mm
18.795kr.
74862054
Borvél 500-RE, 500 W, 13 mm sjálfherðandi patróna
9.895kr.
74860500
Bandslípivél PBS 75 A, 710W, 350 sn/mín
21.795kr.
74861075
Multisög PMF 190 E aukahlutir fylgja
16.795kr.
74862195
Slípirokkur, 850W, 125mm
14.895kr.
74861008
Gróðurmold, 40 l.
985kr.
55097032
Flúðamold, 20 l.
695kr.
55097014
Sáðmold, 6 l.
395kr.
55097054
Blossom
PLANTEJORD
40 L
flúðamold
Flúða Sáðmold
Mold
AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN



## NOKKRAR GÓÐAR Í REYKJAVÍK OG NÁGRENNI

- Esjan
- Heiðmörk
- Elliðaárdalur
- Viðey
- Hengilssvæðið
- Búrfellsgjá
- Öskjuhlíð
- Elliðavatn

# Gengið af göflunum allar helgar í sumar

Við fyrsta lóukvak hendast allir upp úr sófunum og upp í hlíðar. Bílaplan Esjunnar er þéttskipað allan sólarhringinn. Enn eru þó einhverjar sófakartöflur eftir sem dauðlangar að bætast í hópinn. Hér eru nokkur góð ráð fyrir þær frá þaulreyndum fjallageitum.









## GÓÐIR SKÓR ERU FJÁRFESTING Í GÖNGUGLEÐI

**Hugrún Halldórsdóttir** dagskrárgerðarkona



**Uppáhalds;** „Að ganga á Snæfellsjökul á bjartri sumarnóttu er eitt það magnaðasta sem ég hef gert á ævinni. Ég fór í mína fyrstu ferð á jökulinn síðasta sumar, í kringum sumarsólstöður og það þurfti nánast að draga mig niður. Mér fannst ég vera á annarri plánetu og get ekki beðið eftir að fara aftur, sem verður vonandi síðar í þessum mánuði.

Ætli ég hafi ekki farið að ganga á fjöll um fimm ára aldurinn. Ég á samt ekki flekklausan feril að baki þar sem ég fékk vænan skammt af unglingaveikinni og var svo illa haldin að ég faldi mig í miðri Esjugöngu með skólanum til að komast hjá því að ganga upp á topp. Ég óx sem betur fer upp úr því og fór aftur af stað um tvítugt.

Góðir gönguskór eru númer eitt, tvö og þrjú. Þeir geta verið dýrir en þeir endast lengi og mér finnst það í raun fjárfesting í göngugleðinni. En það er líklega fátt sem dregur jafn mikið úr manni og sárir fætur. Annars er drífandi göngufélagi gríðarlega mikilvægur. Ég er sjálf svolítil B-manneskja og myndi örugglega liggja oftar í leti ef ég ætti mína ekki að. Þeir sem eru að leita geta til dæmis skellt sér í göngu með hópnum Veseni og vergangi sem er öllum opinn og auðfundinn á Facebook. Svo finnst mér alltaf mikilvægt að þjóta ekki milli staða. Göngur eru frábær líkamsrækt en ekki síður góðar fyrir andlegu hliðina. Þá þarf að staldra svolítið við, njóta náttúrunnar og hreina fjallaloftsins í góðum félagsskap hefur leyst margar flækjurnar í kollinum á mér.“

**Ráð Hugrúnar**

- Góðir gönguskór
- Drífandi göngufélagi
- Gott að vera í gönguklúbbi
- Ekki æða áfram milli staða
- Njóta náttúrunnar

## NOKKRAR HUGMYNDIR AÐ LÉTTU NESTI



- Rúsínur
- Hnetur
- Súkkulaði
- Harðfiskur
- Bananar
- Sviðasulta
- Drekka nóg af vatni. Um að gera að nota það sem finnst í náttúrunni.
- Heitt kakó
- Kex
- Flatkökur eða gróft brauð

## HAMINGJAN HEFST Á EINU SKREFI

**Friðrika Hjördís Geirsdóttir**, dagskrárgerðarkona og útivistarfíkill



„Ég elska fjallgöngur og væri helst til í að vera með bakpoka á fjöllum alla daga, eða allavega flesta. Það er eitthvað töfrandi við að sigrast á fjalli. Ég er uppalin undir Esjunni og byrjaði frekar snemma að lesa fjöll og ganga á þau, en byrjaði svo sem ekki fyrir alvöru fyrr en eftir að ég eignaðist börnin mín. Síðan hef ég ekki getað hætt.“

**Uppáhaldsgönguleiðin:** „Ég á mér margar uppáhalds, en Esjan á alveg heima í þeim hópi. Hún er svo margbreytileg. Annars er ég mjög hrifin af Vestfjörðum og svo svæðinu kringum Landmannalaugar. Skemmtilegast þykir mér samt að ganga jökla, ég er dálítið jöklasjúk.

Öllu máli skiptir að byrja smátt og vera vel búinn. Góðir skór skipta höfuðmáli. Þegar færið er gott á fjöllunum í kringum Reykjavík finnst mér best að fara í utanvegahlaupaskóm en fer svo í stífari skó þegar ég fer í jöklaferðir. Góður fatnaður er lykilatriði og mér finnst best að klæða mig í nokkur lög svo hægt sé að fækka fötum þegar á líður eða hlaða á sig ef veðrið versnar. Svo er nauðsynlegt að vera búinn að kynna sér gönguleiðina vel áður en farið er af stað og láta alltaf vita af sér. Maður veit aldrei hvað getur komið upp á. En ráð númer eitt er að byrja. Hamingjan hefst á einu skrefi.“

**Ráð Rikku:**

- Að láta vaða og byrja
- Góðir skór
- Klæða sig í lögum
- Kynna sér gönguleiðina vel
- Láta vita af ferðum sínum

## Í SPARIBUXUM AF PABBA MEÐ SNÆRI UM SIG MIÐJAN

**Einar Skúlason** hefur verið áhugamaður um sögutengda útivist í fjölmörg ár og stofnaði gönguklúbbinn Vesen og vergang árið 2011.



**Uppáhaldsgönguleið:** „Þetta er erfið spurning en Víknaslóðir í Borgarfirði eystri er magnað svæði. Ég hef farið nokkrum sinnum, man ekki hve oft. Maður getur nefnilega alltaf farið nýjar leiðir.“

*Hvenær byrjaðir þú að stunda sportið?*

„Ég byrjaði að ganga með ömmu, þá fimm ára gamall. Aðallega í Hvalfirði og í fjörunum og svo færði ég mig aðeins upp í fjall. Smátt og smátt fór ég svo að komast hærra en hún og þá fór ég mikið einn sem unglingur. Þegar strákarnir mínir urðu eldri fórum við að fara mikið saman og í fyrra tókum við Laugaveginn og Fimmvörðuháls til dæmis.“

**Ætla aldrei að fylla út í buxurnar**

„Mér finnst aðalmálið að byrja ekki of skart og ætla sér ekki um of. Fólk verður að hafa vaðið fyrir neðan sig. Góðir skór skipta eiginlega mestu máli og menn geta alveg verið í því sem til er heima, það þarf ekki að dressa sig upp í nýjasta nýtt úr útivistarbúðunum. Fínt að finna gamlar ullarpeysur uppi í skáp. Sjálfur gekk ég lengi í jakkafatabuxum af pabba. Svona buxur eru oft úr ullarblöndu. Þessar voru dálítið útvíðar, en þá gyrðir maður bara sokkana yfir. Ég notaði svo snæri til að halda þeim uppi, mittið var alltof vítt. Markmiðið er að ná aldrei að fylla út í þær.“

**Varist og gerið**

- Ekki byrja of skart
- Góðir skór skipta öllu
- Óþarfi að húrra sér út í næstu útvistarbúð og splæsa í heildress, nota það sem til er í skápunum
- Forðast bómullarföt
- Skilja gallabuxurnar eftir heima
- Drekka vökva
- Hafa með sér nasl, hnetur og súkkulaði, harðfisku, sviðasultu
- Ekki fara út í óbyggðir í einhverja megrunarferð. Eitt epli er ekki nóg.

**Kjöraðstæður:** Hægviðri.
**Slæmar aðstæður:** Rok og rigning.


SÝNING UM HELGINA
Ferðumst innanlands í nýju hjólhýsi frá Hobby, Adria eða Fendt.
Opið laugardag og sunnudag
frá klukkan 12 til 16.
GÆÐI - GLÆSILEIKI - GOTT VERÐ
Hobby
ADRIA
Adora
VÍKUR
V · E · R · K
VÍKURVERK EHF • VÍKURHVARF 6 • 203 KÓPAVOGUR • SÍMI 557 7720 • WWW.VIKURVERK.IS

# Trendið
## Samfestingar komnir aftur í tísku



Samfestingar eða heilgallar af ýmsum gerðum fyrir bæði stelpur og stráka hafa verið í áberandi á tískupöllunum undanfarið. Það er óhætt að segja að þægilegri og einfaldari flík er varla hægt að finna.



Jean Paul Gaultier



Valentino



Wunderkind



MSGM



Chanel



Rodarte. NORDICPHOTOS/GETTY


HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY




**Málstofa um efnisfræði og nýtingu jarðhita, miðvikudaginn 11. maí í HR, stofu M105**
Málstofan er liður í eflingu efnisfræði og efnisverkfræði sem fræðigreina hér á landi.
Hún er sú síðasta í röð fjögurra málstofa sem fjalla um: lífstoðefni, ál, efni sem notuð eru við orkuumbreytingu og áskoranir á sviði jarðhita.
Málstofan er haldin í samvinnu við Háskóla Íslands.

## Dagskrá:

**13:00 Materials Selection Challenges for Geothermal Energy Projects**
Keith Lichti, Principal Consultant Asset Management, Quest Integrity Group

**13:30 Geothermal Operations and Material Science**
Einar Ásbjörnsson, lektor við tækni- og verkfræðideild HR

**13:55 Corrosion Testing in Gas-Separation, Station at Hellisheidi Geothermal Power Plant in Iceland**
Sigrún Nanna Karlsdóttir, dósent við iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði og tölvunarfræðideild HÍ

**14:20 Pipe Materials for Geothermal Power Plants**
Geir Þórólfsson, yfirverkfræðingur hjá HS Orku

**14:45 Kaffihlé**

**15:00 Technical Challenges for Further Development of the Superheated Geothermal System in Krafla**
Sigurður H. Markússon, verkefnastjóri hjá Landsvirkjun

**15:25 Material Challenges for High Temperature Geothermal Wells. A Short Description of Two New European Projects on Geothermal Wells.**
Ingólfur Örn Þorbjörnsson, deildarstjóri jarðhitaverkfræði hjá Íslenskum orkurannsóknum (ÍSOR)

**15:50 Wear of Geothermal Turbine**
Sæmundur Guðlaugsson, tæknistjóri vélbúnaðar hjá ON

**16:15 Structural Modeling of Casings in High Temperature Geothermal Wells**
Gunnar Skúlason Kaldal, verkfræðingur hjá ÍSOR/HÍ

**16:40 Role of Surface Material Property and Fluid Flow Characteristics in Silica Deposition**
Vijay Chauhan, doktorsnemi við HR

**Fundarstjóri:** Guðrún Sævarsdóttir, forseti tækni- og verkfræðideildar HR

**Málstofan er öllum opin og aðgangur er ókeypis.**
Nánar á hr.is

Fundaröð um efnisverkfræði er styrkt af samfélagssjóði Alcoa.

ALCOA FOUNDATION



STÓRI BARNAVÖRUMARKAÐURINN
7. - 8. maí SALASKÓLA
Kl. 12 - 17 VERSÖLUM 5, KÓPAVOGI

Íslensk framleiðsla í bland við innfluttar vörur allt nýtt og ónotað fyrir barnið.

Slefsmekkir, húfur, kerrur, bílstólar bílstólapokar, margnota tíðarvörur, taubleyjur, leikföng og barnaföt.

Fullt af tilboðum og góð stemming.

ATH ! Ekki eru allar verslanir með posa

# SPORTS DIRECT.com

**NÝ SENDING Í HVERRI VIKU**

DC HERRA STUTTERMABOLUR



FLEIRI GERÐIR FÁANLEGAR

MEGA VALUE **3.590 KR.**

VANS ATWOOD BARNA SKÓR



MEGA VALUE **6.990 KR.**

NO FEAR BARNA BUXUR



MEGA VALUE **3.990 KR.**

LONSDALE HERRA BÓMULLAR STUTTBUXUR



MEGA VALUE **3.590 KR.**

ADIDAS DÖMU STUTTERMABOLUR



MEGA VALUE **3.590 KR.**

AIR WALK BARNA SKÓR



FÁANLEGIR Í FLEIRI GERÐUM

MEGA VALUE **5.990 KR.**

AIR WALK HERRA KVARTBUXUR



EINNIG FÁANLEGAR Á DÖMUR

MEGA VALUE **4.990 KR.**

FIRETRAP BARNA STUTTERMABOLIR



MEGA VALUE **2.190 KR.**

ADIDAS BARNA SKÓR



MEGA VALUE **5.590 KR.**

ADIDAS HERRA STUTTBUXUR



2 FYRIR 7.990 KR. **4.990 KR.**

LONSDALE HERRA SKÓR



MEGA VALUE **6.790 KR.**

EVERLAST DÖMU JOGGINGBUXUR



MEGA VALUE **3.190 KR.**

GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST. BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTAR- OG PRENTVILLUR.

SPORTS DIRECT.COM

Skógarlind 2

*Opnunartími*
*Mán-mið: 10-19*
*Fim: 10-21*
*Fös: 10-20*
*Lau-Sun: 10-18*

LONSDALE LONDON · karrimor · PUMA · Slazenger · adidas




Hin **Fullkomna** Gjöf

*Gildir í verslunum Sportsdirect.com á íslandi!*



## Lífið í vikunni

01.05.16-
07.05.16

### ARON CAN Á KORTIÐ



Tónlistarmaðurinn Aron Can Gultekin vakti töluverða athygli í vikunni þegar hann gaf út sitt fyrsta mixtape og tvö tónlistarmyndbönd við lögin Enginn mórall og Grunaður.

### FER BARA EINHVERN VEGINN

Íslenski Eurovision-hópurinn er sem stendur í Svíþjóð en Greta Salóme tekur þátt fyrir hönd Íslands í forkeppninni þann 10. maí. „Þetta er bara svolítið þannig að keppnin fer bara einhvern veginn, sama hvað allar spár segja,“ sagði Greta í viðtali við Fréttablaðið síðastliðinn þriðjudag.



### Á RÁÐSTEFNU Á VEGUM FACEBOOK



Þórunn Antonía, stofnandi Facebook-hópsins Góða systir, skellti sér til Kaliforníu á dögunum í boði Facebook. Þar úti talaði Þórunn á ráðstefnunni Mom 2.0 ásamt tveimur konum sem einnig hafa stofnað áhugaverða Facebook-hópa.

### HÓPUR ÁHUGAFÓLKS UM SURVIVOR



Raunveruleikaþáttinn Survivor ættu flestir að þekkja en sem stendur er 32. sería af þættinum í sýningu. Hópur Íslendinga fylgist vikulega með þættinum og spjallar saman á sérlegri Facebooksíðu sem stofnuð var fyrir áhugafólk um þáttinn.






Selma skellir sér í hlutverk Donnu í fjarveru Jóhönnu Vigdísar og segir það bæði vera stressandi og spennandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Þetta er náttúrulega bara klikkun

**Selma Björnsdóttir** hleypur í skarðið í vikutíma fyrir Jóhönnu Vigdísi Arnardóttur í sýningunni Mamma Mia! Selma er aðdáandi ABBA og kunni því flest lögin en hefur þurft að læra íslensku textana.

„Það er náttúrulega bara klikkun,“ segir Selma Björnsdóttir hlæjandi þegar hún er spurð að því hvernig það sé að hoppa inn í sýningu þar sem blandað er saman leiklist, dansi og söng. Selma mun leika aðalhlutverkið í sýningunni Mamma Mia! í Borgarleikhúsinu í vikutíma. Aðalleikkona sýningarinnar, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, heldur utan og hleypur Selma því í skarðið. „Ég hef nú hoppað inn í sýningar áður þannig að ég ákvað bara að gera þetta. Ég er náttúrulega líka gamall ABBA-aðdáandi og er mikið að syngja lögin með Regínu vinkonu minni á árshátíðum og svona. Þannig að ég er ekki ókunnug þessum lögum en það var vissulega áskorun að læra þetta allt á íslensku.“

Jóhanna Vigdís leikur aðalhlutverk sýningarinnar, Donnu, sem flestir ættu að hafa séð stórleikonuna Meryl Streep túlka í samnefndri kvikmynd sem kom út árið 2008. Sjálf var Selma hrifin af kvikmyndinni og tekur fram að Streep hafi verið í miklu uppáhaldi hjá henni og á Selma að sjálfsögðu nokkur uppáhalds ABBA-lög. „The Winner Takes It All og svo My Love, My Life sem er kannski ekki þeirra þekktasta lag en það er eitt af mínum uppáhalds. Síðan finnst mér Gimme! Gimme! Gimme! alveg hrikalega flott.“

**ÉG FÉKK BARA UPPTÖKU AF SÝNINGUNNI OG ER BÚIN AÐ LIGGJA VIÐ TÖLVUSKJÁINN HEIMA OG MEÐ HANDRITIÐ.**

Þó að Selma ætti að teljast þaulvön því að syngja hina ýmsu smelli sveitarinnar og með allar laglínurnar á kristaltæru þá er sýningin á íslensku og textar laganna þýddir yfir á hið ástkæra og ylhýra. „Ég setti mér það markmið fyrir mánuði að læra einn lagatexta á dag. Það er nú ekki vanþörf á því þar sem Hansa er með einhver níu sólónúmer og dúetta,“ segir hún létt í bragði og segir að fyrir sér liggi það beinast við að byrja þar. „Mér fannst gáfulegast að byrja á lögunum því svo þarf að bæta hreyfingunum ofan í þau og þá þarf maður að kunna lögin ofsalega vel. Þannig ég byrjaði á því að fókusera á þessa íslensku lagatexta, svo hreyfingarnar og svo tók ég senurnar.

Ég fékk bara upptöku af sýningunni og er búin að liggja við tölvuskjáinn heima og með handritið. Svo er ég búin að vera dugleg við það að koma á sýningar og bæði horfa úti í sal og svo elta Hönsu baksviðs til þess að læra á ferðalagið hennar þar.“

Hún segir bæði spennu og stress fylgja því að stíga á svið og tækla Donnu en Selma mun leysa Jóhönnu af í næstu viku á meðan sú síðarnefnda er stödd erlendis. Annað kvöld er fyrsta kvöldið sem hún stígur á svið í sýningunni. „Það er eins og ég segi, þetta er pínu klikkun en svo er þetta líka gaman og það er spenna í þessu öllu saman. Það er eitthvert svona adrenalínkikk sem er skemmtilegt,“ segir hún rétt áður en hún hleypur inn á æfingu. **gydaloa@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


BÚMM! NELSON ER MÆTTUR Á DOMINO'S
Á sunnudaginn berst Gunnar Nelson við rússneska harðhausinn Albert Tumenov. Af þessu tilefni setti okkar maður **saman sína eigin Domino's-pizzu** sem er nú komin á matseðilinn okkar. Þú verður að prófa, Nelson á eftir að ná taki á þér!
NELSON
*Pepperoni, skinka, beikonkurl, ananas, jalapeño, laukur, sveppir, svartur pipar og hvítlaukur.*
*Á matseðli 4.–8. maí*
SÍMI 58 12345 • DOMINO'S APP • WWW.DOMINOS.IS
Domino's




**Verð frá 4.990.000 kr.**

**Volkswagen Passat GTE, sjálfskiptur með 218 hestafla bensín- og rafmótor. Drægni allt að 50 km á rafmagni. Frítt í gjaldskyld bílastæði í allt að 90 mínútur.**
Staðalbúnaður meðal annars: Leðurklætt aðgerðastýri með skiptingu í flipa, Alcantara sæti með rafmagnsstillanlegum bakstuðningi, hiti í framsætum, lyklalaus ræsing, LED lýsing í innanrými, Bluetooth búnaður fyrir síma og tónlist, margmiðlunartæki með 6,5" litaskjá, geislaspilari, SD, AUX, USB, regnskynjari, viðvörunarkerfi ökumanns, "Hill assist" sjálfvirk handbremsa, 7 loftpúðar, hraðastillir, nálgunarvarar að aftan og framan, bakkmyndavél, litað gler í afturrúðum, rafmagnsopnun á afturhlera, LED aðal- og dagljósabúnaður, 17" Montpellier álfelgur.

**www.volkswagen.is** | **HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is




**Við frumsýnum nýjan Passat GTE í dag milli kl. 12 og 16.** Komdu og sjáðu þennan öfluga tengiltvinnbíl sem gengur bæði fyrir rafmagni og bensíni. Sjaldan hefur jafn umhverfisvænn og ástríðufullur fjölskyldubíll sameinast í eins glæsilegum bíl og Passat GTE. Taktu fjölskylduna með og fagnaðu Volkswagen deginum með okkur. Sirkus Íslands, veltibíllinn og ís frá Valdísi verða líka á staðnum. Hlökkum til að sjá þig!

Volkswagen

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Óttars Guðmundssonar




## Auðvitað skipta áföll máli

Viðtal við mig í þessu blaði fyrir nokkru var túlkað á þann veg að ég væri andvígur allri umræðu um áföll. Svo er alls ekki. Ég hef um langt skeið velt fyrir mér áhrifum áfalla á þroskasögu fólks og ber mikla virðingu fyrir öllum þeim sem hjálpa einstaklingum að vinna með gamlar og erfiðar minningar.

Hallgerður langbrók var lengi talin mesta flagð Íslandssögunnar. Hún var í óhamingjusömu hjónabandi með Gunnari Hámundarsyni sem endaði illa. Þegar saga hennar er skoðuð nánar kemur í ljós lítil telpa sem er misnotuð kynferðislega af Þjóstólfi, fóstra sínum; manni, sem faðir hennar, Höskuldur, felur uppeldi hennar. Hún fær bæði höfnunarkennd og sektarkennd, verður vör um sig og lærir að treysta engum nema sjálfri sér. Skapferli hennar verður sveiflukennt og einkennist af ofsareiði eða mikilli kátínu. Þegar Gunnar gengur í lið með óvinum hennar fyllist hún óöryggi og bregst við af mikilli heift. Kannski má skýra alla ógæfu Hallgerðar út frá þessari misnotkun sem mótaði persónuleika hennar og líf.

Hallgerður langbrók hefði átt að hitta einhvern góðan viðmælanda og tala um glæpi Þjóstólfs og svik föður síns. Það hefði getað afstýrt miklum hörmungum í hennar lífi og margra annarra. Hún hefði kannski áttað sig á því að hún var þolandi en ekki gerandi í þessum mikla harmleik sem sem snerist í kringum hana sjálfa. Ég hef hitt margar manneskjur eins og Hallgerði sem burðast með skjóðu fulla af sekt og skömm gegnum lífið. Það skiptir miklu máli að ræða gamla atburði og sjá þá í nýju ljósi.

Mér þykir leitt hversu margir misskildu orð mín og biðst afsökunar hafi ég sært einhvern með ógætilegu tali. Það var ekki ætlunin.








